Með athugasemdum SFF 24.11.2020

Í vinnslu – 3. nóvember 2020

150. löggjafarþing 2020–2021.
Þingskjal x — x. mál.
Stjórnarfrumvarp.

Frumvarp til laga

um greiðsluþjónustu

Frá fjármála- og efnahagsráðherra.

I. KAFLI
Gildissvið og orðskýringar.
1. gr.
Gildissvið.

Lög þessi gilda um greiðsluþjónustu sem veitt er hér á landi.

Ákvæði IV.-VII. kafla gilda um greiðslur í gjaldmiðli aðildarríkis ef bæði greiðsluþjónustuveitandi greiðanda og greiðsluþjónustuveitandi viðtakanda greiðslu eru staðsettir í aðildarríki, eða ef einungis einn greiðsluþjónustuveitandi kemur að framkvæmd greiðslunnar og hann er staddur í aðildarríki.

Ákvæði IV. kafla, að undanskildum b-lið 1. mgr. 50. gr., e-lið 2. tölul. 54. gr. og a-lið 58. gr og V.-VII. kafla, að undanskildum 87.-91. gr., gilda um greiðslur sem framkvæmdar eru á Evrópska efnahagssvæðinu og í gjaldmiðli sem er ekki gjaldmiðill aðildarríkis ef bæði greiðsluþjónustuveitandi greiðanda og greiðsluþjónustuveitandi viðtakanda greiðslu eru staðsettir í aðildarríki, eða ef einungis einn greiðsluþjónustuveitandi kemur að framkvæmd greiðslu og er staðsettur í aðildarríki.

Ákvæði IV. kafla að undanskildum b-lið 1. mgr. 50. gr., e-lið 2. tölul. 54. gr., g-lið 5. tölul. 54. gr. og a-lið 58. gr. og V.-VII. kafla að undaskildum 3. mgr. og 4. mgr. 64. gr., 82. gr., 83. gr., 1. mgr. 89. gr., 94. gr. og 97. gr., gilda um greiðslur í öllum gjaldmiðlum þar sem annar greiðsluþjónustuveitandinn er staðsettur í aðildarríki og um er að ræða greiðslur sem eru framkvæmdar innan Evrópska efnahagssvæðisins.

Þrátt fyrir 4. mgr. þá gilda ákvæði 88. – 92. gr. í V.-VII. kafla aðeins um eftirfarandi greiðslur:

a. greiðslur í evrum,
b. greiðslur í íslenskum krónum innan Íslands,
c. greiðslur sem fela aðeins í sér einn gjaldmiðilsumreikning milli evru og íslenskrar krónu að því tilskildu að gjaldmiðilsumreikningurinn fari fram á Íslandi og, þegar um er að ræða greiðslur yfir landamæri, að þær fari fram í evrum,
d. aðrar greiðslur innan aðildarríkjanna, nema um annað hafi verið samið; þetta á þó ekki við um 92. gr. sem er ófrávíkjanleg.

2. gr.

Lög þessi gilda ekki um:

1. Greiðslur sem fara einvörðungu fram í reiðufé beint frá greiðanda til viðtakanda greiðslu millilíðalaust.

2. Greiðslur frá greiðanda til viðtakanda greiðslu fyrir milligöngu umboðsmanns sem hefur leyfi samkvæmt samningi til að semja um eða ganga frá sölu eða kaupum á vörum eða þjónustu fyrir hönd greiðanda eingöngu eða viðtakanda greiðslu eingöngu.

3. Flutning í atvinnuskyni á seðlum og mynt, þ.m.t. söfnun þeirra, meðhöndlun og afhending.

4. Greiðslur sem felast í söfnun á reiðufé og afhendingu, sem er ekki í atvinnuskyni, innan ramma starfsemi sem er ekki í hagnaðar- eða góðgerðaskyni.

5. Þjónustu þar sem viðtakandi greiðslu lætur greiðanda í té reiðufé sem hluta af greiðslu í kjölfar skýrrar beiðni notanda greiðsluþjónustu rétt áður en framkvæmd greiðslunnar fer fram með greiðslu, til kaupa á vörum og þjónustu.

6. Gjaldeyrisviðskipti í reiðufé þar sem fjármunir eru ekki geymdir á greiðslureikningi.

7. Greiðslur á fjármunum sem byggjast á tékkum, ferðatékkum, víxlum, úttektarseðlum eða póstávísunum á pappír.

8. Greiðslur sem fara fram í greiðslu- eða verðbréfauppgjörskerfi milli uppgjörsaðila, miðlægra mótaðila, greiðslujöfnunarstöðva og/eða seðlabanka og annarra aðila að kerfinu og greiðsluþjónustuveitenda, sbr. þó 36. gr.

9. Greiðslur sem tengjast umsýslu verðbréfa, þ.m.t. arðgreiðslur og aðrar tekjur, svo sem vegna innlausnar eða sölu, sem aðilar þeir er um getur í 8. tölul. eða fjármálafyrirtæki með leyfi til að stunda viðskipti og þjónustu með fjármálagerninga samkvæmt lögum um verðbréfaviðskipti eða sjóðir um sameiginlega fjárfestingu, s.s. verðbréfa-, fjárfestinga- og fagfjárfestasjóðir annast.

10. Stoðþjónustu tækniþjónustufyrirtækja við greiðsluþjónustu sem felur ekki í sér að þau hafi nokkurn tíma eignarhald á þeim fjármunum sem millifæra skal, þ.m.t. úrvinnsla og geymsla gagna, þjónusta við verndun trúnaðarupplýsinga og friðhelgi einkalífs, sannvottun gagna og eininga, þjónustuveita upplýsingatækni- og samskiptanets, útvegun og viðhald skjástöðva og búnaðar fyrir greiðsluþjónustu, að undanskilinni greiðsluvirkjun og reikningsupplýsingaþjónustu.

11. Greiðslumiðla sem einungis er hægt að nota til kaupa á vörum eða þjónustu á athafnasvæði útgefanda, eða á athafnasvæði nets þjónustuveitenda samkvæmt viðskiptasamningi hvers þeirra um sig við útgefanda greiðslumiðilsins, sbr. þó 2. mgr. 39. gr.

12. Greiðslumiðla sem einungis er hægt að nota til kaupa á afmörkuðu úrvali vöru og þjónustu, sbr. þó 2. og 3. mgr. 39. gr.

13. Greiðslumiðla sem aðeins eru gjaldgengir í einu aðildarríki, sem lagðir eru fram að ósk fyrirtækis eða opinbers aðila og falla undir reglur landsbundins eða svæðisbundins opinbers yfirvalds í tilteknum félagslegum eða skattalegum tilgangi í því skyni að kaupa tilteknar vörur eða þjónustu af birgjum sem hafa gert viðskiptasamning við útgefandann.

14. Greiðslur sem framkvæmdar eru af veitanda fjarskiptanets eða veitanda viðbótarþjónustu við fjarskiptaþjónustu til handa áskrifanda að fjarskiptanetsþjónustunni eða viðbótarþjónustunni:

1. Fyrir kaup á stafrænu efni og talþjónustu, án tillits til búnaðarins sem notaður er til að kaupa eða nota stafrænt efni, og skuldfærðar eru á reikning áskrifanda eða
2. framkvæmdar fyrir milligöngu rafræns búnaðar og skuldfærðar á reikning áskrifanda vegna framlaga til góðgerðarstarfsemi eða fyrir kaup á miðum og
3. að því tilskildu að fjárhæð hverrar stakrar greiðslu sem um getur í 1. og 2. tölulið sé ekki hærri en jafngildi 50 evrur í íslenskum krónum miðað við opinbert viðmiðunargengi (kaupgengi) eins og það er skráð hverju sinni og samanlögð fjárhæð greiðslna sérhvers áskrifanda sé ekki hærri en 300 evrur á mánuði í íslenskum krónum miðað við opinbert

viðmiðunargengi (kaupgengi) eins og það er skráð hverju sinni eða ef áskrifandi greiðir fyrirfram inn á reikning sinn hjá veitanda fjarskiptanets eða fjarskiptaþjónustu og samanlögð fjárhæð greiðslna ekki hærri en 300 evrur á mánuði í íslenskum krónum miðað við opinbert viðmiðunargengi (kaupgengi) eins og það er skráð hverju sinni.

15. Greiðslur sem fara milli greiðsluþjónustuveitenda, umboðsaðila þeirra eða útibúa fyrir þeirra eigin reikning.

16. Framkvæmdar greiðslur og tengd þjónusta milli móður- og dótturfélags eða milli dótturfélaga sama móðurfélags fyrir milligöngu greiðsluþjónustuveitanda sem tilheyrir sömu samstæðu.

17. Þjónustu sem rekstraraðilar hraðbanka veita í tengslum við úttekt reiðufjár í hraðbanka fyrir hönd eins eða fleiri kortaútgefenda þegar rekstraraðili er ekki aðili að þeim rammasamningi sem gildir um þann viðskiptavin, sem tekur peninga út af greiðslureikningi með aðstoð hraðbankans, að því tilskildu að þessir rekstraraðilar reki ekki neina þá greiðsluþjónustu aðra sem tilgreind er í 22. tölul. 3. gr. Þó skal veita viðskiptavininum upplýsingarnar um öll úttektargjöld sem um getur í 49. gr., 51. gr., 52. gr. og 61. gr. áður en úttekt er framkvæmd, sem og á kvittun fyrir reiðufénu við lok færslunnar eftir úttekt.

3. gr.
Orðskýringar

Í lögum þessum merkir:

1. *Aðildarríki:* Ríki sem er aðili að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið.
2. *Beingreiðsla:* Greiðsluþjónusta við skuldfærslu á greiðslureikning greiðanda ef viðtakandi greiðslu á frumkvæði að greiðslu á grundvelli samþykkis greiðanda, sem hann veitir viðtakanda greiðslu, til greiðsluþjónustuveitanda viðtakanda greiðslu eða til eigin greiðsluþjónustuveitanda greiðanda.
3. *Eiginfjárgrunnur*: Eiginfjárgrunnur eins og hann er skilgreindur í 1. mgr. 84. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki þar sem a.m.k. 75% af eiginfjárþætti 1 er í formi almenns eigin fjár þáttar 1 eins og um getur í 84. gr. a. sömu laga og þáttur 2 er jafn eða minni en einn þriðji af almennu eigin fé þáttar 1.
4. *Fjargreiðsla:* Greiðsla sem stofnað er til fyrir milligöngu Netsins eða með búnaði sem mögulegt er að nota til fjarskipta.
5. *Fjarsamskiptamiðill:* Aðferð sem nota má til að gera greiðsluþjónustusamning milli greiðsluþjónustuveitanda og notanda greiðsluþjónustu án þess að aðilar séu viðstaddir samtímis í eigin persónu.
6. *Fjarskiptanet:* Fjarskiptanet eins og það er skilgreint í lögum um fjarskipti.
7. *Fjarskiptaþjónusta:* Fjarskiptaþjónusta eins og hún er skilgreind í lögum um fjarskipti.
8. *Fjármunir:* Peningaseðlar og mynt, inneign á reikningum eða rafeyrir samkvæmt skilgreiningu í 5. tölul. 4. gr. laga nr. 17/2013, um útgáfu og meðferð rafeyris.
9. *Færsluhirðing greiðslna:* Greiðsluþjónusta sem veitt er af greiðsluþjónustuveitanda sem gerir samning við viðtakanda greiðslu um móttöku og vinnslu greiðslna, sem hefur í för með sér yfirfærslu fjármuna til viðtakanda greiðslu.
10. *Gildisdagur:* Viðmiðunartími sem greiðsluþjónustuveitendur nota til að reikna vexti af fjármunum sem eru skuldfærðir af eða eignfærðir á greiðslureikning.
11. *Gistiaðildarríki:* Annað aðildarríki en heimaaðildarríkið þar sem greiðsluþjónustuveitandi hefur umboðsaðila og/eða útibú og veitir greiðsluþjónustu.

12. Greiðandi: Einstaklingur eða lögaðili sem á greiðslureikning og heimilar greiðslufyrirmæli tengd greiðslureikningnum eða, þegar engum greiðslureikningi er fyrir að fara, einstaklingur eða lögaðili sem gefur greiðslufyrirmæli.
13. *Greiðsla:* Aðgerð sem greiðandi eða einhver fyrir hans hönd eða viðtakandi greiðslu fyrir hönd greiðanda á frumkvæði að með því að leggja inn, millifæra eða taka út fjármuni, án tillits til þess hvort einhverjar skuldbindingar milli greiðanda og viðtakanda greiðslu liggja til grundvallar.
14. *Greiðslufyrirmæli:* Fyrirmæli greiðanda eða viðtakanda greiðslu til greiðsluþjónustuveitanda um framkvæmd greiðslu.
15. *Greiðslukerfi:* Kerfi til að yfirfæra fjármuni með formlegu og stöðluðu fyrirkomulagi og sameiginlegum reglum um meðferð, greiðslujöfnun og/eða uppgjör greiðslna.
16. *Greiðslumiðill:* Persónubundinn búnaður og/eða aðferðir sem notandi greiðsluþjónustu og greiðsluþjónustuveitandi koma sér saman um og notaður er til að gefa greiðslufyrirmæli.
17. *Greiðslureikningur:* Reikningur á nafni eins eða fleiri notenda greiðsluþjónustu sem er notaðir við framkvæmd greiðslu.
18. *Greiðslustofnun:* Lögaðili sem fengið hefur starfsleyfi til starfrækslu greiðsluþjónustu samkvæmt lögum þessu hér á landi eða í öðru ríki á Evrópska efnahagssvæðinu.
19. *Greiðsluvirkjandi*: Greiðsluþjónustuveitandi sem stundar greiðsluþjónustu skv. g.-lið 22. tölul. 3. gr.
20. *Greiðsluvirkjun:* Þjónusta sem felst í að setja af stað greiðslufyrirmæli að beiðni notanda greiðsluþjónustu að því er varðar greiðslureikning sem vistaður er hjá öðrum greiðsluþjónustuveitanda.
21. *Greiðsluvörumerki:* Hvers konar efnislegt eða rafrænt nafn, heiti, merki, tákn, eða samsetning þeirra, sem getur tilgreint innan hvaða greiðslukortakerfis kortatengdar greiðslur eru framkvæmdar.
22. *Greiðsluþjónusta:*
    a. Þjónusta sem gerir kleift að leggja reiðufé inn á greiðslureikning ásamt öllum aðgerðum sem nauðsynlegar eru til rekstrar greiðslureiknings.
    b. Þjónusta sem gerir kleift að taka reiðufé út af greiðslureikningi ásamt öllum aðgerðum sem nauðsynlegar eru vegna rekstrar greiðslureiknings.
    c. Framkvæmd greiðslna, þ.m.t. millifærslur fjármuna á og af greiðslureikningi hjá greiðsluþjónustuveitanda notanda eða hjá öðrum greiðsluþjónustuveitanda:
        1. framkvæmd beingreiðslna, þ.m.t. einstakra beingreiðslna,
        2. framkvæmd greiðslna með greiðslukorti eða sambærilegum búnaði,
        3. framkvæmd millifærslu fjármuna, þ.m.t. boðgreiðslna.
    d. Framkvæmd greiðslna ef fjármunir eru tryggðir með lánalínu fyrir notanda greiðsluþjónustu:
        4. framkvæmd beingreiðslna, þ.m.t. einstakra beingreiðslna,
        5. framkvæmd greiðslna með greiðslukorti eða sambærilegum búnaði,
        6. framkvæmd millifærslu fjármuna, þ.m.t. boðgreiðslna.
    e. Útgáfa greiðslumiðla og/eða færsluhirðing greiðslna.
    f. Peningasending.
    g. Greiðsluvirkjun.
    h. Reikningsupplýsingaþjónusta.
23. *Greiðsluþjónustuveitandi:* Fjármálafyrirtæki með starfsleyfi til móttöku innlána eða annarra

endurgreiðanlegra fjármuna frá almenningi og veitingar útlána fyrir eigin reikning, þ.m.t. útibú þeirra, eins og þau eru skilgreind í 12. tölulið 1. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, ef slík útibú eru á Evrópska efnahagssvæðinu, hvort sem aðalskrifstofur þessara útibúa eru innan Evrópska efnahagssvæðisins, eða í samræmi við 47. gr,. tilskipunar 2013/36/ESB og landslög, utan Evrópska efnahagssvæðisins.

b. Rafeyrisfyrirtæki í samræmi við lög nr. 17/2013, um útgáfu og meðferð rafeyris, þ.m.t. útibú þeirra, í samræmi við 34. gr. þeirra laga, ef slík útibú eru staðsett innan Evrópska efnahagssvæðsins og aðalskrifstofur þeirra eru staðsettar utan Evrópska efnahagssvæðisins að því marki sem greiðsluþjónustan sem þessi útibú veita er í tengslum við útgáfu rafeyris.
c. Póstgíróstofnun, sem hefur rétt skv. landslögum til að veita greiðsluþjónustu.
d. Greiðslustofnun
e. Seðlabanki Evrópu (ECB) og seðlabankar ríkja á Evrópska efnahagssvæðinu þegar þeir eru ekki í hlutverki stjórnvalds peningamála.
f. Stjórnvöld ef greiðsluþjónusta tengist ekki hlutverki þeirra sem slíkra.
g. Greiðslustofnun með takmarkað starfsleyfi.
h. Lögaðili eða einstaklingur sem hefur fengið undanþágu skv. 35. gr.

24. *Greiðsluþjónustuveitandi sem veitir reikningsþjónustu*: Greiðsluþjónustuveitandi sem býður og viðheldur greiðslureikning fyrir greiðanda.
25. *Heimaaðildarríki:* Annað hvort aðildarríkið þar sem skráð skrifstofa greiðsluþjónustuveitanda er, eða ef greiðsluþjónustuveitandi hefur enga skráða skrifstofu, aðildarríkið þar sem hann er með aðalskrifstofu.
26. *Kortasamstarf/Fjölmerking:* Þegar tvö eða fleiri greiðsluvörumerki eða greiðsluleiðir sama vörumerkis eru á sama greiðslumiðlinum.
27. *Millifærsla fjármuna:* Greiðsluþjónusta við eignfærslu á reikning viðtakanda greiðslu, með greiðslu eða röð greiðslna af greiðslureikningi greiðanda, framkvæmd af greiðsluþjónustuveitandanum sem geymir reikning greiðanda, á grundvelli fyrirmæla hans.
28. *Neytandi:* Einstaklingur sem í samningum um greiðsluþjónustu kemur fram í öðrum tilgangi en vegna starfs síns eða atvinnurekstrar.
29. *Notandi greiðsluþjónustu:* Einstaklingur eða lögaðili sem nýtir sér greiðsluþjónustu, sem greiðandi, viðtakandi eða hvort tveggja.
30. *Peningasending:* Greiðsluþjónusta þar sem tekið er við fjármunum frá greiðanda, án þess að stofnaðir hafi verið greiðslureikningar í nafni greiðanda eða viðtakanda greiðslu, í þeim eina tilgangi að senda samsvarandi fjárhæð til viðtakanda greiðslu eða til annars greiðsluþjónustuveitanda fyrir hönd viðtakanda greiðslu og/eða þegar tekið er við fjármunum fyrir hönd viðtakanda greiðslu og þeir afhentir honum til ráðstöfunar.
31. *Persónubundin öryggisskilríki:* Persónubundnir þættir sem greiðsluþjónustuveitandinn afhendir notanda greiðsluþjónustu í tilgangi sannvottunar.
32. *Rammasamningur:* Samningur um greiðsluþjónustu þar sem kveðið er á um framkvæmd einstakra greiðslna og röð greiðslna í framtíðinni og sem kann að fela í sér skyldu til stofnunar greiðslureiknings og skilmála þar um.

33. *Reikningsupplýsingaþjónusta*: Beinlínuþjónusta sem veitir samsteyptar upplýsingar um einn eða fleiri greiðslureikninga sem notandi greiðsluþjónustu á hjá öðrum greiðsluþjónustuveitanda eða hjá fleiri en einum greiðsluþjónustuveitanda.
34. *Reikningsupplýsingaþjónustuveitandi:* Greiðsluþjónustuveitandi sem stundar greiðsluþjónustu skv. h.–lið 22. tölul. 3. gr.
35. *Samstæða:* Samstæða eins og hún er skilgreind í 33. tölul., 2. gr. laga, um ársreikninga nr. 3/2006, eða fyrirtæki eins og þau eru skilgreind í 4.–7. gr. framseldrar reglugerðar ESB nr. 241/2014, sem tengjast hvert öðru með sambandi sem um getur í 1. mgr. 10. gr. eða 6. eða 7. mgr. 113. gr. reglugerðar ESB nr. 575/2013 sem innleidd var með reglugerð um varfærniskröfur vegna starfsemi fjármálafyrirtækja nr. 233/2017.
36. *Sannvottun:* Aðferð sem gerir greiðsluþjónustuveitanda kleift að sannreyna deili á notanda greiðsluþjónustu eða notkun tiltekins greiðslumiðils, þ.m.t. notkun á persónubundnum öryggisskilríkjum notandans.
37. *Sérstakt kennimerki:* Samsetning bókstafa, tölustafa eða tákna sem greiðsluþjónustuveitandinn úthlutar viðkomandi notanda greiðsluþjónustu og sem notandi greiðsluþjónustu skal tilgreina til að unnt sé að staðfesta ótvírætt deili á öðrum notanda greiðsluþjónustu og/eða númer greiðslureiknings þess notanda greiðsluþjónustu vegna greiðslu.
38. *Smágreiðslumiðill:* Greiðslumiðill sem rammasamningur kveður á um að einstakar greiðslur með fari ekki yfir jafnvirði 30 evra í íslenskum krónum miðað við opinbert viðmiðunargengi (kaupgengi) eins og það er skráð hverju sinni eða hefur annaðhvort útgjaldaþak sem nemur jafnvirði 150 evra í íslenskum krónum miðað við opinbert viðmiðunargengi (kaupgengi) eins og það er skráð hverju sinni eða geymir fjármuni sem fara aldrei yfir jafnvirði 150 evra í íslenskum krónum miðað við opinbert viðmiðunargengi (kaupgengi) eins og það er skráð hverju sinni.
39. *Stafrænt efni:* Vara eða þjónusta sem er veitt í stafrænu formi, notkun hennar eða neysla takmörkuð við tæknibúnað og sem felur ekki á neinn hátt í sér notkun eða neyslu á efnislegri vöru eða þjónustu.
40. *Sterk sannvottun viðskiptavinar:* Sannvottun á grundvelli notkunar tveggja eða fleiri þátta sem flokkast sem þekking (eitthvað sem notandinn einn veit), umráð (eitthvað sem notandinn einn hefur umráð yfir) og eðlislægni (eitthvað sem notandinn er) sem eru óháðir, þannig að brot á einum þætti hefur ekki áhrif á áreiðanleika hinna þáttanna, og er hönnuð til að vernda trúnað sannvottunargagnanna.
41. *Umboðsaðili:* Einstaklingur eða lögaðili sem kemur fram fyrir hönd greiðslustofnunar við veitingu greiðsluþjónustu.
42. *Útgáfa greiðslumiðla*: Greiðsluþjónusta sem veitt er af greiðsluþjónustuveitanda sem gerir samning um að veita greiðanda greiðslumiðil til að setja af stað og vinna greiðslur greiðandans.
43. *Útgefandi kortatengds greiðslumiðils:* Greiðsluþjónustuveitandi sem gefur út kortatengdan greiðslumiðil sem notaður er til að setja af stað greiðslu út af greiðslureikningi hjá greiðsluþjónustuveitanda notanda greiðsluþjónustu sem veitir reikningsþjónustu.
44. *Útibú:* Starfsstöð önnur en aðalskrifstofa sem er hluti af greiðslustofnun án þess að teljast sjálfstæður lögaðili og framkvæmir beint nokkrar eða allar greiðslur sem fylgja rekstri greiðslustofnunar. Allar starfsstöðvar greiðslustofnunar í einu og sama aðildarríkinu á Evrópska efnahagssvæðinu skulu teljast eitt útibú ef aðalskrifstofa greiðslustofnunarinnar er í öðru ríki á Evrópska efnahagssvæðinu.

45. *Varanlegur miðill:* Sérhver miðill sem gerir notanda greiðsluþjónustu kleift að geyma upplýsingar, sem beint er til hans persónulega, á þann hátt að þær séu aðgengilegar til samanburðar síðar og eins lengi og nægir miðað við tilgang upplýsinganna, og gerir kleift að afrita upplýsingarnar, sem þar eru geymdar, óbreyttar.
46. *Viðkvæm greiðslugögn:* Gögn, þ.m.t. persónubundin öryggisskilríki, sem unnt er að nota í sviksamlegum tilgangi. Að því er varðar starfsemi greiðsluvirkjenda og reikningsupplýsingaþjónustuveitenda teljast nafn reikningseiganda og reikningsnúmer ekki vera viðkvæm greiðslugögn.
47. *Viðmiðunargengi:* Gengið sem er notað til grundvallar útreikningi við gjaldeyrisviðskipti og liggur frammi hjá greiðsluþjónustuveitanda eða er komið á framfæri í gögnum sem eru aðgengileg öllum.
48. *Viðmiðunarvextir:* Vextir sem notaðir eru til grundvallar útreikningi á vöxtum sem skal nota og fengnir eru úr gögnum sem eru opinber og báðir aðilar að greiðsluþjónustusamningi geta sannreynt.
49. *Viðskiptadagur:* Dagur þegar greiðsluþjónustuveitandi greiðanda eða viðtakanda greiðslu, sem koma að framkvæmd greiðslu, er opinn og starfar eftir því sem þörf fyrir framkvæmd greiðslu krefur.
50. *Viðtakandi greiðslu:* Einstaklingur eða lögaðili sem er fyrirhugaður viðtakandi fjármuna sem hafa verið viðfang greiðslu.

II. KAFLI
Greiðslustofnanir.

A. Umsókn.

4. gr.
Umsókn um starfsleyfi sem greiðslustofnun.

Umsókn um starfsleyfi skal berast Fjármálaeftirlitinu. Hún skal vera skrifleg og ítarleg til að gera Fjármálaeftirlitinu kleift að ganga úr skugga um að kröfur 6. gr.–8. gr., 11. gr.-12. gr., og 16. gr.–19. gr. séu uppfylltar. Að lágmarki skal eftirfarandi koma fram í umsókn:

1. Gögn til staðfestingar á því að umsækjandi sé lögaðili og að höfuðstöðvar og einnig a.m.k. hluti af greiðsluþjónustustarfsemi sé framkvæmd hérlendis, sbr. 6. gr.
2. Lýsing á núverandi og fyrirhugaðri starfsemi umsækjanda og tilgreining á hvaða tegund/ir greiðsluþjónustu umsækjandi ætlar að veita og ef hann ætlar að vera í annarri starfsemi, skv. 16. gr.
3. Viðskipta- og rekstraráætlun fyrir a.m.k. þrjú fyrstu rekstrarárin sem sýnir fram á að umsækjandinn geti staðið fyrir ábyrgum rekstri ásamt síðast endurskoðuðum ársreikning, ef honum er til að dreifa.
4. Upplýsingar um starfsskipulag umsækjanda, þ.m.t. hvort fyrirhugað sé að veita þjónustu, opna útibú eða nota umboðsmenn í starfsemi félagsins, sbr. 17. gr., hvort um útvistun sé að ræða, sbr. 18. gr., hvort um verði að ræða þátttöku í innlendu eða alþjóðlegu greiðslukerfi.
5. Upplýsingar um hvort fyrirhugað sé að veita þjónustu yfir landamæri með eða án stofnunar útibús eða fyrir milligöngu umboðsaðila, sbr. 23. gr.–26. gr.
6. Gögn til staðfestingar á því að umsækjandi hafi yfir að ráða því stofnframlagi sem krafist er skv. 7. gr.
7. Upplýsingar sem gerir unnt að meta hvort stjórnarmenn og stjórnendur uppfylli kröfur um hæfi skv. 11. gr.

8. Upplýsingar um deili á einstaklingum sem eiga hlutdeild í umsækjanda, beint eða óbeint, virka eignarhlutdeild í umsækjanda í skilningi VI. kafla laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002, stærð eignarhlutdeildar þeirra og gögn um hæfni þeirra með hliðsjón af nauðsyn þess að tryggja trausta og varfærna stjórn greiðslustofnunar, sbr. 5. gr.
9. Upplýsingar um hvernig varðveislu fjármuna verði háttað í samræmi við 10. gr.
10. Lýsing á verkferli sem fylgja skal til að hafa eftirlit með, meðhöndla og fylgja eftir rekstrar- eða öryggisfráviki og kvörtunum viðskiptavina að því er varðar öryggisatriði, þ.m.t. fyrirkomulag tilkynninga um atvik sem varðar tilkynningarskyldu greiðslustofnunar til Fjármálaeftirlitsins, skv. 101. gr.
11. Lýsing á innra skipulagi umsækjanda, þ.m.t. innri eftirlitsferlum, aðferðir við stjórnun, áhættustýringu og reikningsskilum, sem sýnir að stjórnarhættir, eftirlitskerfi og verkferlar séu viðeigandi miðað við umfang starfseminnar og séu traustir og fullnægjandi.
12. Að því er varðar umsækjanda sem fellur undir lög um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka nr. 140/2018, lýsingu á innra eftirlitskerfi sem verður komið á fót til að farið sé að kröfum laga nr. 140/2018.
13. Lýsing á verklagi/verkferli til að skrá, vakta, rekja og takmarka aðgang að viðkvæmum greiðslugögnum og hvernig 21. gr. verði uppfyllt.
14. Lýsing á fyrirkomulagi rekstrarsamfellu sem inniheldur skýra tilgreiningu á mikilvægri starfsemi, skilvirka viðbragðsáætlun og ferli til að kanna reglulega og endurskoða hversu fullnægjandi og skilvirkar áætlanirnar eru.
15. Lýsing á meginreglum og skilgreiningum sem beitt er við söfnun á tölfræðilegum gögnum um árangur, færslur og svik.
16. Öryggisstefna og lýsing á öryggiskerfi umsækjanda sem skal innihalda ítarlegt áhættumat í tengslum við greiðsluþjónustu, lýsing á eftirlitsaðgerðum sem gripið er til í því skyni að vernda notendur greiðsluþjónustu með fullnægjandi hætti fyrir tilgreindri áhættu, s.s. svikum, ólöglegri notkun viðkvæmra gagna og persónuupplýsinga. Sérstaklega skal tilgreina hvernig eftirlitsaðgerðir tryggja öflugt tæknilegt öryggi og persónuvernd, þ.m.t. fyrir hugbúnað- og upplýsingatæknikerfi sem umsækjandinn eða útvistunaraðili sem hann útvistar starfsemi sína að öllu leyti eða hluta til, notar. Eftirlitsaðgerðirnar skulu einnig taka til öryggisráðstafana sem mælt er fyrir um í 100. gr.
17. Upplýsingar um ytri endurskoðanda, sbr. 15. gr.
18. Staðfesting á því að umsækjandi hafi tryggingu, skv. 3. mgr. 12. gr. sé hann að sækja um starfsleyfi sem greiðsluvirkjandi eða reikningsupplýsingaþjónustuveitandi.

Upplýsingar sem getið er um í 5. tölul. og 10.-12. tölul. skulu jafnframt fela í sér lýsingu á því fyrirkomulagi sem umsækjandinn hefur innleitt til að geta gert allar þær ráðstafanir sem raunhæfar teljast til að vernda hagsmuni notenda greiðsluþjónustu hans og tryggja samfelldni og áreiðanleika við framkvæmd greiðsluþjónustunnar.

Seðlabanka Íslands er heimilt að setja nánari reglur um þær upplýsingar sem greina þarf í umsókn, svo og nauðsynleg fylgigögn, til þess að umsóknin teljist fullnægjandi.

Greiðslustofnun sem fengið hefur starfsleyfi skv. 12. gr. skal tilkynna Fjármálaeftirlitinu án tafar um allar breytingar á áður veittum upplýsingum skv. 1. mgr. í tengslum við umsókn og veitingu starfsleyfis.

B. Virkur eignarhlutur, stofnun og fjárhagsgrundvöllur.

5. gr.

Virkur eignarhlutur.

Aðili sem hyggst eignast, einn sér eða í samstarfi við aðra, virkan eignarhlut í greiðslustofnun í skilningi laga um fjármálafyrirtæki skal tilkynna Fjármálaeftirlitinu fyrirfram um áform sín. Hið sama á við hyggist aðili, einn sér eða í samstarfi við aðra, auka svo við eignarhlut sinn að virkur eignarhlutur fari yfir 20%, 30% eða 50% eða nemi svo stórum hluta að greiðslustofnun verði talið dótturfyrirtæki hans.

Ákvæði 1. mgr. gildir einnig um eiganda virks eignarhlutar sem hyggst draga svo úr hlutafjár- eða stofnfjáreign sinni eða atkvæðisrétti að hann eigi ekki virkan eignarhlut. Í tilkynningu skal koma fram hver eignarhlutur hans muni verða. Fari eignarhluturinn niður fyrir 20%, 30% eða 50% eða svo mikið að greiðslustofnunin hættir að vera dótturfyrirtæki hlutaðeigandi skal það einnig tilkynnt. Sama á við ef hlutfallslegur eignarhlutur eða atkvæðisréttur rýrnar vegna hlutafjár- eða stofnfjáraukningar.

Ákvæði VI. kafla laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, gilda um meðferð virkra eignarhluta í greiðslustofnunum og mat á hæfi virks eiganda eftir því sem við á. Fjármálaeftirlitið skal setja nánari viðmið um þær upplýsingar sem greina þarf í tilkynningu.

6. gr.

Rekstrarform og höfuðstöðvar greiðslustofnunar.

Aðilar, aðrir en þeir sem taldir eru upp í a.-c.-lið og e.-g.-lið 23. tölul. 3. gr., auk 35. gr., er hyggjast veita greiðsluþjónustu skulu afla sér starfsleyfis sem greiðslustofnun áður en greiðsluþjónusta hefst.

Greiðslustofnun sem fengið hefur starfsleyfi skv. 12. gr skal vera lögaðili, hafa höfuðstöðvar sínar hérlendis og framkvæma a.m.k. hluta af greiðsluþjónustustarfsemi sinni hérlendis.

7. gr.

Stofnframlag.

Stofnframlag greiðslustofnunar skal á hverjum tíma taka mið af þeirri greiðsluþjónustu skv. 22 tölul. 3. gr. sem greiðslustofnun veitir.

Stofnframlag greiðslustofnunar skal á hverjum tíma nema að lágmarki:

a. jafnvirði 20.000 evra í íslenskum krónum miðað við opinbert viðmiðunargengi (kaupgengi) eins og það er skráð hverju sinni ef greiðslustofnun veitir einungis greiðsluþjónustu skv. f.-lið, 22. tölul. 3. gr.,

b. jafnvirði 50.000 evra í íslenskum krónum miðað við opinbert viðmiðunargengi (kaupgengi) eins og það er skráð hverju sinni ef greiðslustofnun veitir greiðsluþjónustu skv. g.-lið, 22. tölul. 3. gr.,

c. jafnvirði 125.000 evra í íslenskum krónum miðað við opinbert viðmiðunargengi (kaupgengi) eins og það er skráð hverju sinni ef greiðslustofnun veitir greiðsluþjónustu skv. a.-e.-liðar 22. tölul. 3. gr.

Stofnframlag greiðslustofnunar skal samsett úr þeim liðum sem taldir eru upp í 1. mgr. 84. gr. a. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki.

8. gr.

Eiginfjárgrunnur.

Eiginfjárgrunnur greiðslustofnunar má á hverjum tíma eigi nema lægri fjárhæð en kveðið er á um í 7.gr. eða 9. gr., hvor fjárhæðin sem er hærri.

Greiðslustofnun sem tilheyrir samstæðu þar sem í er önnur greiðslustofnun, fjármálafyrirtæki, rekstraraðili sérhæfðs sjóðs eða vátryggingafélag er einungis heimilt að telja eiginfjárliði einu sinni til eiginfjárgrunns. Það sama á við ef greiðslustofnun stundar aðra starfsemi en veitingu greiðsluþjónustu skv. 22. tölul. 3. gr.

Ef skilyrði 7. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 eru uppfyllt er heimilt að undanþiggja greiðslustofnun 9. gr. falli hún undir eftirlit á samstæðugrunni með móðurfélagi samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki.

9. gr.

Útreikningur eiginfjárgrunns greiðslustofnunar.

Eiginfjárgrunnur greiðslustofnunar skal ávallt reiknaður í samræmi við eina af aðferðunum þremur sem greinir í 2.–5. mgr. samkvæmt ákvörðun Fjármálaeftirlitsins. Þetta á þó ekki við um greiðslustofnun sem einungis veitir greiðsluþjónustu skv. g.–lið, 22. tölul. 3. gr. eða h.–lið 22. tölul. 3. gr. eða báðum umræddum stafliðum 22. tölul. 3. gr.

Aðferð A: Eiginfjárgrunnur greiðslustofnunar skal nema að minnsta kosti 10% af föstum rekstrarkostnaði síðastliðinna tólf mánaða. Fjármálaeftirlitið getur breytt þessari ákvörðun verði verulegar breytingar á rekstri greiðslustofnunar á milli ára. Hafi greiðslustofnun starfað skemur en eitt rekstrarár þegar útreikningur eiginfjárgrunns fer fram skal eiginfjárgrunnur hennar nema að minnsta kosti 10% af samsvarandi föstum rekstrarkostnaði sem gert er ráð fyrir í rekstraráætlun, nema Fjármálaeftirlitið krefjist þess að þeirri áætlun sé breytt.

Aðferð B: Eiginfjárgrunnur greiðslustofnunar skal nema að minnsta kosti samanlagðri fjárhæð eftirfarandi liða margfaldaðri með kvarðastuðlinum k, sem skilgreindur er í 5. mgr., þar sem greiðslumagn (GM) samanstendur af einum tólfta af heildarfjárhæð greiðslna síðustu tólf mánuðina:

a. 4,0% af GM sem nemur allt að jafnvirði 5 milljóna evra í íslenskum krónum miðað við opinbert viðmiðunargengi (kaupgengi) eins og það er skráð hverju sinni;

b. 2,5% af GM sem nemur jafnvirði 5 milljóna evra og allt að jafnvirði 10 milljóna evra í íslenskum krónum miðað við opinbert viðmiðunargengi (kaupgengi) eins og það er skráð hverju sinni;

c. 1% af GM sem nemur jafnvirði 10 milljóna evra og allt að jafnvirði 100 milljóna evra í íslenskum krónum miðað við opinbert viðmiðunargengi (kaupgengi) eins og það er skráð hverju sinni;

d. 0,5% af GM sem nemur jafnvirði 100 milljóna evra og allt að jafnvirði 250 milljóna evra í íslenskum krónum miðað við opinbert viðmiðunargengi (kaupgengi) eins og það er skráð hverju sinni og

e. 0,25% af GM umfram jafnvirði 250 milljóna evra í íslenskum krónum miðað við opinbert viðmiðunargengi (kaupgengi) eins og það er skráð hverju sinni.

Aðferð C: Fjárhæð eiginfjárgrunns greiðslustofnunar skal vera að minnsta kosti viðeigandi vísir sem skilgreindur er í a- og b-liðum, margfaldaður með margfeldisstuðlinum sem skilgreindur er í c-lið og með kvarðastuðlinum k sem skilgreindur er í 5. mgr.:

a. Viðeigandi vísir er samtala eftirfarandi liða:

1. vaxtatekna,
2. vaxtakostnaðar,
3. fenginna umboðslauna og þóknana, og
4. annarra rekstrartekna.

b. Hver liður skal tekinn með í samtöluna með plús- eða mínusmerki. Ekki má nota óreglulega tekjuliði í útreikningi á viðeigandi vísum. Útgjöld vegna útvistunar á þjónustu hjá þriðja aðila geta minnkað viðeigandi vísi ef félagið sem stofnar til útgjaldanna er eftirlitsskyldur aðili samkvæmt lögum þessum. Viðeigandi vísir er reiknaður á grundvelli síðasta reikningsárs. Viðeigandi vísir skal reiknaður yfir síðasta reikningsár. Eigi að síður skal eiginfjárgrunnur, sem reiknaður er í samræmi við aðferð C, ekki vera undir 80% af meðaltali þriggja undanfarinna reikningsára fyrir viðeigandi vísi. Ef endurskoðaðar tölur liggja ekki fyrir má nota eigið mat greiðslustofnunarinnar.

c. Margföldunarstuðullinn skal vera:

1. 10% af þeim hluta viðeigandi vísis sem nemur allt að jafnvirði 2,5 milljóna evra í íslenskum krónum miðað við opinbert viðmiðunargengi (kaupgengi) eins og það er skráð hverju sinni;

2. 8% af þeim hluta viðeigandi vísis sem nemur jafnvirði 2,5 milljóna evra og allt að jafnvirði 5 milljóna evra íslenskum krónum miðað við opinbert viðmiðunargengi (kaupgengi) eins og það er skráð hverju sinni;

3. 6% af þeim hluta viðeigandi vísis sem nemur jafnvirði 5 milljóna evra og allt að jafnvirði 25 milljóna evra í íslenskum krónum miðað við opinbert viðmiðunargengi (kaupgengi) eins og það er skráð hverju sinni;

4. 3% af þeim hluta viðeigandi vísis sem nemur jafnvirði 25 milljóna evra og allt að jafnvirði 50 milljóna evra í íslenskum krónum miðað við opinbert viðmiðunargengi (kaupgengi) eins og það er skráð hverju sinni;

5. 1,5% af þeim hluta viðeigandi vísis umfram jafnvirði 50 milljóna evra í íslenskum krónum miðað við opinbert viðmiðunargengi (kaupgengi) eins og það er skráð hverju sinni.

Kvarðastuðullinn k, sem nota skal í aðferðum B og C, sbr. 3. og 4. mgr., skal vera:

a. 0,5 ef greiðslustofnunin stundar aðeins greiðsluþjónustu skv. f.- lið 22. tölul. 3. gr.; b. 1 ef greiðslustofnun stundar greiðsluþjónustu skv. a.–e.- liðar 22. tölul. 3. gr.

Fjármálaeftirlitið getur á grundvelli mats á áhættustýringarferlum, gagnagrunni yfir tapsáhættu og innra eftirlitskerfi greiðslustofnunar gert kröfu um að eiginfjárgrunnur greiðslustofnunar sé allt að 20% hærri en fjárhæðin sem stafar af beitingu aðferðarinnar sem valin er í samræmi við 1. mgr. Á sama grundvelli getur Fjármálaeftirlitið heimilað að fjárhæð eiginfjárgrunns greiðslustofnunar sé allt að 20% lægri en fjárhæðin sem leiðir af beitingu þeirrar aðferðar sem valin er í samræmi við 1. mgr.

C. Varðveisla fjármuna.

10. gr.

Varðveisla fjármuna.

Greiðslustofnun sem veitir greiðsluþjónustu samkvæmt a.-f.-lið 22. tölul. 3. gr. skal varðveita tryggilega fjármuni sem mótteknir hafa verið frá notendum greiðsluþjónustu eða frá öðrum greiðsluþjónustuveitendum vegna framkvæmdar greiðslu og halda þeim skýrt aðgreindum frá fjármunum í eigu greiðslustofnunar og fjármunum í eigu annarra en notenda greiðsluþjónustu. Fjármunir teljast tryggilega varðveittir ef þeir eru geymdir á innlánsreikningi hjá fjármálafyrirtæki eða ef fjárfest er með þeim í öruggum, seljanlegum og áhættulitlum eignum.

Fjármunir skv. 1. mgr. skulu teljast sértökukröfur í þrotabú greiðsluþjónustuveitanda komi til gjaldþrots. Um rétthæð þeirra fer skv. 109. gr. laga nr. 21/1991, um gjaldþrotaskipti o.fl., enda sýni eigandi fjármuna fram á eignarrétt sinn að þeim.

Seðlabanki Íslands setur nánari reglur um tryggilega varðveislu fjármuna samkvæmt þessari grein.

D. Hæfi.

11. gr.

Hæfi stjórnarmanna og framkvæmdastjóra greiðslustofnunar og stjórnarhættir.

Um hæfi stjórnarmanna, framkvæmdastjóra og annarra stjórnenda samkvæmt skipulagi greiðslustofnunar gilda 52. gr. og 52. gr. a. laga um fjármálafyrirtæki eftir því sem við á.

Greiðslustofnun skal tilkynna Fjármálaeftirlitinu um skipan og síðari breytingar á stjórn fyrirtækis og framkvæmdastjórn og skulu tilkynningunni fylgja fullnægjandi upplýsingar til að hægt sé að meta hvort skilyrðum 1. mgr. sé fullnægt.

E. Starfsleyfi.

12. gr.

Starfsleyfisskilyrði. Tilkynning um veitingu eða synjun starfsleyfis.

Skráning skal staðfest eða starfsleyfi skal veitt ef umsækjandi uppfyllir í umsókn sinni og meðfylgjandi gögnum, skv. 4. gr., að mati Fjármálaeftirlitsins, skilyrði 4. gr. og sýnir fram á að skipulag í fyrirhuguðum rekstri greiðsluþjónustu sé skýrt, fullnægjandi verklagsreglur séu til staðar er þjóni markmiðum um traustan og varfærinn rekstur og að starfsemin hafi á að skipa fullnægjandi innra eftirlitskerfi að því er varðar aðferðir við stjórnun, fyrirkomulag áhættustýringar og reikningsskil. Seðlabanka Íslands er heimilt að setja nánari reglur um efni 1. málsl. Um efni reglnanna er rétt að hafa til hliðsjónar ákvæði 17. gr. laga um fjármálafyrirtæki eftir því sem við á.

Þær kröfur sem gerðar eru til umsækjanda skv. 1. mgr. skulu vera í samræmi við eðli og umfang þeirrar greiðsluþjónustu sem fyrirhugað er að veita og verður umsækjandi að uppfylla þær á hverjum tíma með því að aðlaga skipulag, verklagsreglur og annað skv. 1. mgr. í samræmi við umfang rekstrar.

Umsækjandi um starfsleyfi fyrir greiðsluvirkjun, skv. g.–lið 22. tölul. 3. gr. skal hafa starfsábyrgðartryggingu sem nær yfir svæðið þar sem hann hyggst bjóða greiðsluþjónustu, eða aðra sambærilega tryggingu til að geta mætt bótaábyrgð sem stofnast getur til í samræmi við 79., 94., 95. og 97. gr.

Umsækjandi um skráningu til að veita reikningsupplýsingaþjónustu, skv. h.–lið 22. tölul. 3. gr. skal hafa starfsábyrgðartryggingu sem nær yfir svæðið þar sem hann hyggst bjóða þjónustu, eða aðra sambærilega tryggingu til að mæta bótaábyrgð gagnvart greiðsluþjónustuveitanda sem veitir reikningsþjónustu eða notanda greiðsluþjónustu, sem leiðir af óheimiluðum eða sviksamlegum aðgangi að, eða óheimilaðri eða sviksamlegri notkun á, upplýsingum um greiðslureikninga.

Við mat á umsókn um starfsleyfi er Fjármálaeftirlitinu heimilt að leita ráðgjafar annarra viðeigandi opinberra yfirvalda.

Fjármálaeftirlitið getur gert kröfu um stofnun sérstakrar einingar fyrir rekstur greiðsluþjónustu skv. 22. tölul. 3. gr. ef greiðslustofnun sinnir annarri starfsemi samhliða veitingu greiðsluþjónustu og sá hluti rekstrarins hefur áhrif á fjárhagslegan styrk greiðslustofnunar eða torveldar eftirlit með henni.

Fjármálaeftirlitið skal synja um veitingu starfsleyfis ef það telur hluthafa eða eigendur virkra eignarhluta ekki hæfa með tilliti til traustrar og varfærinnar stjórnunar greiðslustofnunar.

Commented [JBG1]: Sjá athugasemd við greinargerð.

Commented [JBG2]: Það mætti taka fram með skýrari hætti í lagatextanum að reikningsupplýsingaþjónustuveitandi sækir um skráningu en aðrir um starfsleyfi

Starfsleyfi skal ekki veitt ef náin tengsl greiðslustofnunar við einstaklinga eða lögaðila hindra eftirlit með starfseminni af hálfu Fjármálaeftirlitsins. Hið sama á við ef lög eða reglur, sem gilda um slíka tengda aðila, hindra eftirlit. Með nánum tengslum er í lögum þessum átt við náin tengsl í skilningi laga um fjármálafyrirtæki. Enn fremur skal starfsleyfi ekki veitt ef lög og stjórnsýslufyrirmæli þriðja lands, sem gilda um einn eða fleiri einstaklinga eða lögaðila, sem greiðslustofnunin hefur náin tengsl við, eða vandkvæði tengd framkvæmd þeirra koma í veg fyrir að Fjármálaeftirlitið geti sinnt eftirlitshlutverki sínu.

Fullnægi umsókn um starfsleyfi skilyrðum laga þessara að mati Fjármálaeftirlitsins veitir það starfsleyfi. Starfsleyfið gildir í öllum aðildarríkjum innan Evrópska efnahagssvæðisins og gerir hlutaðeigandi greiðslustofnun kleift að veita greiðsluþjónustuna sem fellur undir starfsleyfið alls staðar innan Evrópska efnahagssvæðisins að fullnægðum skilyrðum 23. gr.–25. gr. laganna. Að öðrum kosti skal Fjármálaeftirlitið synja um starfsleyfi með rökstuddum hætti.

Ákvörðun Fjármálaeftirlitsins um veitingu eða synjun starfsleyfis skal tilkynnt umsækjanda eigi síðar en þremur mánuðum eftir að fullbúin umsókn barst.

13. gr.

Afturköllun starfsleyfis.

Fjármálaeftirlitið getur afturkallað starfsleyfi greiðslustofnunar í heild eða að hluta ef:

a. greiðslustofnun nýtir ekki starfsleyfið innan 12 mánaða frá því að það var veitt, afsalar sér ótvírætt leyfinu eða hættir starfsemi í meira en sex mánuði samfellt;,

b. starfsleyfis hefur verið aflað á grundvelli rangra upplýsinga eða á annan óeðlilegan hátt;

c. greiðslustofnun uppfyllir ekki lengur skilyrði fyrir leyfisveitingu eða upplýsir Fjármálaeftirlitið ekki um umfangsmikla þróun hvað það varðar,;

d. áframhaldandi rekstur greiðsluþjónustu af hálfu greiðslustofnunar ógnar stöðugleika eða trausti á greiðslukerfi,;

e. starfsemi greiðslustofnunar fellur undir annað ákvæði í landslögum sem kveður á um afturköllun leyfis; eða

f. greiðslustofnun brýtur að öðru leyti alvarlega eða ítrekað gegn lögum þessum eða reglum settum samkvæmt þeim.

Áður en til afturköllunar kemur skv. 1. mgr. skal greiðslustofnun veittur hæfilegur frestur til úrbóta ef unnt er að koma úrbótum við að mati Fjármálaeftirlitsins. Þetta á þó ekki við um a.-lið 1. mgr.

Afturköllun á starfsleyfi greiðslustofnunar skal tilkynnt stjórn þess og rökstudd skriflega. Fjármálaeftirlitið skal birta tilkynninguna í Lögbirtingablaði og auglýsa í fjölmiðlum. Auk þess skal tilkynning enn fremur send lögbærum eftirlitsaðilum í þeim ríkjum þar sem hlutaðeigandi greiðslustofnun starfrækir útibú eða veitir greiðsluþjónustu fyrir milligöngu umboðsaðila.

Fjármálaeftirlitið skal ennfremur uppfæra skrár yfir greiðslustofnanir sem um getur í 14. gr. laganna og birta þar opinberlega afturköllun á starfsleyfi.

14. gr.

Skrá yfir greiðslustofnanir

Fjármálaeftirlitið heldur opinbera skrá yfir greiðslustofnanir samkvæmt lögum þessum. Í skránni skal tilgreina helstu upplýsingar um greiðslustofnanir, svo sem um starfsheimildir, afturköllun starfsheimilda og, ef við á, um umboðsaðila og útibú. Færa skal útibú erlendrar greiðslustofnunar hérlendis í skrá aðildarríkis. Stofnanir sem samkvæmt sérlöggjöf hafa

heimild til að veita greiðsluþjónustu skuli einnig færðar í skrá Fjármálaeftirlitsins. Auk þess skal tilgreina, og aðgreina frá aðilum í 1. mgr., þá einstaklinga og lögaðila sem njóta undanþágu í samræmi við 34. og 35. gr. og, ef við á, útibús og umboðsaðila þeirra og sé undanþágan þeirra felld niður.

Almenningur skal hafa aðgang að skrá Fjármálaeftirlitsins yfir greiðslustofnanir á vefsíðu Seðlabanka Íslands og skal hún uppfærð þegar í stað ef breytingar verða.

Fjármálaeftirlitið skal án tafar tilkynna Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni (e. European Banking Authority) um hverjar upplýsingar sem það færir í sína skrá yfir greiðslustofnanir. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin (e. European Banking Authority) þróar, starfrækir og viðheldur rafrænni miðlægri skrá um skráningu greiðslustofnana í hverju aðildarríki á Evrópska efnahagssvæðinu sem er aðgengileg öllum. Fjármálaeftirlitið er ábyrgt gagnvart Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni fyrir því að upplýsingar sem það hefur í sinni skrá séu á hverjum tíma réttar.

F. Reikningsskil og endurskoðun.

15. gr.

Reikningsskil og lögboðin endurskoðun.

Reikningsár greiðslustofnunar er almanaksárið. Greiðslustofnun skal leggja fram aðskilin reikningsskil fyrir annars vegar greiðsluþjónustu og hins vegar fyrir aðra starfsemi sem hún hefur heimild til að annast, skv. 1. mgr. 16. gr.

Ákvæði laga um fjármálafyrirtæki, eða eftir atvikum laga um ársreikninga, gilda að öðru leyti um bókhald, endurskoðun og tilkynningarskyldu endurskoðenda greiðslustofnana til Fjármálaeftirlitsins.

Seðlabanka Íslands er heimilt að setja reglur um ársreikninga greiðslustofnana.

G. Starfsheimildir.

16. gr.

Önnur starfsemi.

Greiðslustofnun er heimilt að stunda eftirfarandi starfsemi auk greiðsluþjónustu:

a. Rekstur nátengdrar stoðþjónustu s.s. að tryggja framkvæmd greiðslna, gjaldeyrisviðskipti, fjárvörslu og geymslu og vinnslu gagna.
b. Að starfrækja greiðslukerfi.
c. Aðra starfsemi en veitingu greiðsluþjónustu, í samræmi við aðra gildandi löggjöf.

Greiðslustofnun er heimilt að halda greiðslureikninga sem skal einungis nota við framkvæmd greiðslna.

Fjármunir sem greiðslustofnun móttekur frá notendum greiðsluþjónustu, vegna veitingar greiðsluþjónustu, teljast ekki innlán, endurgreiðanlegir fjármunir frá almenningi eða rafeyrir.

Í tengslum við veitingu greiðsluþjónustu skv. d.–lið 22. tölul. 3. gr. eða e.-lið 22. tölul. 3. gr. má greiðslustofnun veita lán ef eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

a. Lánveitingin er hliðarstarfsemi og er einungis veitt í tengslum við framkvæmd greiðslu;
b. Endurgreiðslutími lánveitingar yfir landamæri skal ekki vera lengri en 12 mánuðir;
c. Lánveitingin er ekki fjármögnuð með fjármunum sem mótteknir eru eða varðveittir vegna framkvæmdar greiðslu; og
d. Eiginfjárgrunnur stofnunarinnar uppfyllir kröfur laga þessara og er að mati Fjármálaeftirlitsins fullnægjandi með tilliti til heildarlánveitinga.

Fjármálaeftirlitinu er heimilt að setja nánari reglur um lánveitingar greiðslustofnunar.

Greiðslustofnun er óheimilt að stunda innlánsstarfsemi eða taka við endurgreiðanlegum fjármunum frá almenningi í skilningi laga um fjármálafyrirtæki.

Fjármálaeftirlitið getur bannað greiðslustofnun að hluta til eða öllu leyti að stunda starfsemi samkvæmt þessari grein. Um slíkt bann gilda ákvæði 1. og 2. mgr. 13. gr.

H. Veiting greiðsluþjónustu innanlands í gegnum umboðsaðila eða með stofnun útibús.

17. gr.

Veiting greiðsluþjónustu í gegnum umboðsaðila eða með stofnun útibús.

Greiðslustofnun sem hyggst veita greiðsluþjónustu fyrir milligöngu umboðsaðila skal tilkynna það Fjármálaeftirlitinu fyrirfram. Tilkynningunni skulu fylgja upplýsingar um nafn og heimilisfang umboðsaðilans og lýsing á innra eftirlitskerfi hans sem m.a. skal uppfylla kröfur laga um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka og uppfæra án tafar ef verulegar breytingar verða á þeim frá því að upphafleg tilkynning var send. Tilkynningunni skulu einnig fylgja nauðsynlegar upplýsingar og gögn til að sýna fram á deili á stjórnendum umboðsaðilans og í þeim tilvikum þegar þeir eru ekki greiðsluþjónustuveitendur, gögn um að þeir séu hæfir, upplýsingar um greiðsluþjónustu sem umboðsaðilinn hefur umboð til að veita og auðkenni umboðsaðilans, sé því til að dreifa.

Fjármálaeftirlitið skráir umboðsaðila í skrá skv. 14. gr., að fengnum upplýsingum skv. 1. mgr. innan tveggja mánaða frá viðtöku upplýsinganna og sendir samhliða greiðslustofnun upplýsingar um það. Telji Fjármálaeftirlitið vafa leika á að upplýsingarnar séu réttar skal það grípa til aðgerða til að sannreyna þær. Fjármálaeftirlitið synjar um skráningu á umboðsaðila í skrá yfir greiðslustofnanir ef það er mat þess að ósannað teljist að upplýsingar skv. 1. mgr. séu réttar. Ef Fjármálaeftirlitið metur upplýsingarnar ófullnægjandi eða rangar er því heimilt að hafna skráningu. Í því tilviki að Fjármálaeftirlitið hafi annað hvort synjað um skráningu eða hafnað skráningu þá skal greiðslustofnun upplýst um það án tafar og er henni óheimilt að notast við hlutaðeigandi umboðsaðila frá þeim tíma.

Greiðslustofnun er heimilt að veita greiðsluþjónustu í gegnum umboðsaðila sem aðhefst fyrir hönd hennar eftir að Fjármálaeftirlitið hefur fært hann í skrá skv. 14. gr.

Greiðslustofnun skal sjá til þess að umboðsaðilar eða útibú sem veita greiðsluþjónustu fyrir hennar hönd upplýsi notendur þjónustu um þá staðreynd.

Greiðslustofnun skal án tafar tilkynna Fjármálaeftirlitinu um breytingar varðandi breytingar á umboðsmönnum, þar með talið viðbótarumboðsmönnum, og skal við það fylgt málsmeðferð skv. 2.– 4. mgr.

Ef greiðslustofnun óskar eftir því að veita greiðsluþjónustu í öðru aðildarríki í gegnum umboðsaðila fer um slíkt skv. 25. gr.

I. Útvistun.

18. gr.

Útvistun rekstrarþátta greiðsluþjónustu

Greiðslustofnun sem hyggst útvista rekstrarþætti greiðsluþjónustu skal tilkynna Fjármálaeftirlitinu fyrirfram um það.

Útvistun mikilvægra rekstrarþátta, þar með talið rekstur upplýsingakerfa, er óheimil ef hún dregur umtalsvert úr gæðum innra eftirlits greiðslustofnunar og torveldar eftirlit með framkvæmd laga þessara. Rekstrarþáttur telst mikilvægur ef ágalli eða brestur í framkvæmd

hans hefur umtalsverð neikvæð áhrif á getu greiðslustofnunar til að uppfylla þær kröfur sem liggja til grundvallar starfsleyfi hennar eða skyldur samkvæmt lögunum, fjárhagslega afkomu greiðslustofnunar eða traustleika eða samfellda veitingu greiðsluþjónustunnar.

Þegar greiðslustofnun útvistar mikilvægum rekstrarþætti verður hún að uppfylla eftirfarandi skilyrði:

1. Útvistunin má ekki leiða til þess að ábyrgð stjórnenda verði framseld til útvistunaraðila.
2. Skyldur og samband greiðslustofnunar gagnvart notendum greiðsluþjónustu hennar samkvæmt lögum þessu breytist ekki.
3. Að geta haldið skilyrðin sem eru forsendan fyrir starfsleyfi hennar sem greiðslustofnun.
4. Hvorki skal breyta eða fella brott einhver þeirra skilyrða sem liggja til grundvallar starfsleyfi greiðslustofnunar.

Seðlabanka Íslands er heimilt að setja nánari reglur um hvernig greiðslustofnun er heimilt að standa að útvistun mikilvægra rekstrarþátta.

Greiðslustofnun skal án tafar tilkynna Fjármálaeftirlitinu um allar breytingar ~~varðandi breytingar~~ á því til hvaða aðila hún útvistar starfsemi og skal við það fylgt málsmeðferð skv. 2.– 4. mgr. 17. gr. laganna.

J. Góðir viðskiptahættir, þagnarskylda og bótaábyrgð.

19. gr.

Góðir viðskiptahættir og þagnarskylda.

Greiðslustofnun skal viðhafa eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti og venjur. Seðlabanki Íslands setur reglur um hvað teljist eðlilegir og heilbrigðir viðskiptahættir og venjur.

Um þagnarskyldu stjórnarmanna greiðslustofnunar, framkvæmdastjóra, endurskoðenda, starfsmanna og hverra þeirra sem taka að sér verk í þágu fyrirtækisins fer samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki.

20. gr.

Bótaábyrgð

Greiðslustofnun ber skaðabótaábyrgð vegna tjóns sem rakið verður til athafna starfsmanna hennar, umboðsaðila, útibúa og þeirra aðila sem rekstrarþáttum greiðsluþjónustu hefur verið útvistað til.

Greiðslustofnun sem reiðir sig á þriðja aðila til að annast tiltekna rekstrarþætti skal gera viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að farið sé að lögum þessum.

K. Varðveisla gagna.

21. gr.

Varðveisla gagna.

Greiðslustofnun ber að varðveita öll viðeigandi gögn er varða þennan kafla að lágmarki í fimm ár.

L. Eftirlit með starfsemi greiðslustofnana.

22. gr.

Eftirlit með starfsemi greiðslustofnunar.

Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með starfsemi greiðslustofnana, þ.m.t. umboðsaðilum, útibúum og útvistun rekstrarþátta greiðsluþjónustu, sem falla undir ákvæði II. kafla, nema annað leiði af lögum eða alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að.

Fjármálaeftirlitið hefur m.a. heimild til að:

a) krefjast þess að greiðslustofnun leggi fram allar upplýsingar sem þörf er á til að unnt sé að hafa eftirlit með því að lögum og reglum sé fylgt. Skal Fjármálaeftirlitið tilgreina tilganginn að baki beiðninni og gefa tiltekinn skilafrest;
b) framkvæma skoðun á staðnum þar sem greiðslustofnun, umboðsaðili eða útibú er til húsa og veitt er greiðsluþjónusta, sem greiðslustofnun ber ábyrgð á, eða þar sem útvistunaraðili er til húsa;
c) gefa út fyrirmæli, leiðbeiningar og bindandi stjórnsýslufyrirmæli;
d) stöðva tímabundið starfsleyfi eða afturkalla það skv. 13. gr.;
e) beita heimildum sem því eru fengnar í lögum um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

Fjármálaeftirlitið skal sérstaklega grípa til ráðstafana sem lýst er í 2. mgr. til að tryggja nægilegt eigið fé greiðslustofnunar til greiðsluþjónustustarfsemi, einkum ef sú starfsemi greiðslustofnunar sem ekki er greiðsluþjónusta rýrir eða er líkleg til að rýra trausta fjárhagsstöðu hennar.

M. Veiting þjónustu yfir landamæri með eða án stofnunar útibús eða í gegnum umboðsaðila.

23. gr.

Starfsemi greiðslustofnana erlendis án stofnunar útibús eða umboðsaðila.

Hyggist greiðslustofnun veita þjónustu samkvæmt lögum þessum í öðru aðildarríki án stofnunar útibús eða umboðsaðila skal tilkynna Fjármálaeftirlitinu um það fyrir fram. Í tilkynningu skal koma fram heiti og heimilisfang fyrirtækis, leyfisnúmer greiðslustofnunar ef því er að skipta, hvaða aðildarríki á í hlut og í hverju fyrirhuguð greiðsluþjónusta sé fólgin. Einnig skal koma fram í tilkynningunni hvort greiðslustofnun hyggist útvista rekstrarþætti greiðsluþjónustu til þriðja aðila í aðildarríkinu sem í hlut á. Innan mánaðar frá viðtöku slíkrar tilkynningar skal Fjármálaeftirlitið áframsenda lögbærum yfirvöldum í hlutaðeigandi aðildarríki upplýsingarnar ásamt staðfestingu á því að sú þjónusta sem veita á falli undir starfsleyfi fyrirtækis.

Fjármálaeftirlitið skal innan þriggja mánaða frá viðtöku upplýsinga sem um getur í 1. mgr. tilkynna lögbærum yfirvöldum í gistiaðildarríki og greiðslustofnun ákvörðun sína. Þegar ákvörðun Fjármálaeftirlits er jákvæð eru upplýsingar um greiðslustofnunina samhliða færðar í skrá yfir greiðsluþjónustuveitendur skv. 14. gr.

24. gr.

Starfsemi greiðslustofnana erlendis með stofnun útibús.

Hyggist greiðslustofnun veita þjónustu samkvæmt lögum þessum í öðru aðildarríki með stofnun útibús skal tilkynna Fjármálaeftirlitinu um það fyrirfram. Í tilkynningu skal koma fram hvaða aðildarríki á í hlut, í hverju fyrirhuguð greiðsluþjónusta sé fólgin, heiti og heimilisfang fyrirtækis, leyfisnúmer greiðslustofnunar ef því er að skipta, nöfn þeirra sem ábyrgir eru fyrir stjórn útibúsins, þau ríki sem útibúið hyggst veita greiðsluþjónustu í og skipulag þess þ.m.t. lýsing á innra eftirlitskerfi, verkferlum, áhættustýringu, reikningsskilum og viðskiptaáætlun fyrir fyrstu þrjú fjárhagsárin. Einnig skal koma fram í tilkynningunni hvort greiðslustofnun

hyggist útvista rekstrarþætti greiðsluþjónustu til þriðja aðila í gistiaðildarríkinu. Innan mánaðar frá viðtöku slíkrar tilkynningar skal Fjármálaeftirlitið áframsenda lögbærum yfirvöldum í gilstiaðildarríki upplýsingarnar ásamt staðfestingu á því að sú þjónusta sem veita á falli undir starfsleyfi fyrirtækisins.

Fjármálaeftirlitið skal innan þriggja mánaða frá viðtöku upplýsinga sem um getur í 1. mgr. tilkynna lögbærum yfirvöldum í gistiaðildarríki og greiðslustofnun ákvörðun sína. Þegar ákvörðun Fjármálaeftirlitsins er jákvæð eru upplýsingar um greiðslustofnunina samhliða uppfærðar í skrá yfir greiðsluþjónustuveitendur skv. 14. gr. Útibúið getur þá hafið starfsemi sína í viðkomandi gistiaðildarríki.

Berist Fjármálaeftirlitinu tilkynning frá lögbærum yfirvöldum í fyrirhuguðu gistiaðildarríki greiðslustofnunar vegna stofnunar útibús, um að þau hafi gilda ástæðu til að ætla að stofnun útibúsins geti aukið hættu á peningaþvætti eða fjármögnun hryðjuverka skal Fjármálaeftirlitið hafna því að færa upplýsingar um útibúið í skrá skv. 14. gr. frumvarpsins eða afturkalla skráningu hafi hún þegar farið fram.

Berist ekki svar frá lögbærum yfirvöldum til Fjármálaeftirlitsins eða að Fjármálaeftirlitið telur að lögbær yfirvöld í hinu aðildarríkinu hafi við mat sitt ekki gaumgæft upplýsingar réttilega og komist að rangri niðurstöðu í mati sínu getur Fjármálaeftirlitið vísað erindi þess efnis til Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar eða Eftirlitsstofnunar EFTA, eftir því sem við á, í samræmi við 19. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010 sem innleidd var með 3. gr. laga um evrópskt eftirlitskerfi á fjármálamarkaði nr. 24/2017. Á meðan skal Fjármálaeftirlitið fresta ákvörðunum sínum þar til niðurstaða liggur fyrir.

Greiðslustofnun skal tilkynna Fjármálaeftirlitinu um daginn sem hún hefur starfsemi sína fyrir milligöngu útibúsins.

Greiðslustofnun skal tilkynna Fjármálaeftirlitinu, án ótilhlýðilegrar tafar, um allar verulegar breytingar varðandi upplýsingar sem sendar eru skv. 1. mgr., þ.m.t. viðbótar útibú eða þriðju aðila sem útvistað er til í aðildarríkinu sem í hlut á. Beita skal málsmeðferð sem fram kemur í 3. og 4. mgr.

Greiðslustofnun skal sjá til þess að útibú sem veitir greiðsluþjónustu fyrir hennar hönd upplýsi notendur þjónustu um þá staðreynd.

25. gr.

Veiting þjónustu erlendis í gegnum umboðsaðila.

Greiðslustofnun sem óskar eftir að veita greiðsluþjónustu í öðru aðildarríki, fyrir milligöngu umboðsaðila sem staðsettur er í öðru aðildarríki, skal tilkynna Fjármálaeftirlitinu um það fyrirfram. Í tilkynningu skal koma fram heiti og heimilisfang fyrirtækis, leyfisnúmer greiðslustofnunar ef því ber að skipta, hvaða aðildarríki á í hlut og í hverju fyrirhuguð greiðsluþjónusta sé fólgin. Tilkynningunni skulu fylgja upplýsingar um nafn og heimilisfang umboðsaðilans og lýsing á innra eftirlitskerfi hans sem m.a. skal uppfylla kröfur laga um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka, og uppfæra án tafar ef verulegar breytingar verða á þeim frá því að upphafleg tilkynning var send. Tilkynningunni skulu einnig fylgja nauðsynlegar upplýsingar og gögn til að sýna fram á deili á stjórnendum umboðsaðilans og í þeim tilvikum að þeir séu ekki greiðsluþjónustuveitendur, gögn um að þeir uppfylli hæfiskröfur 3. mgr. 5. gr., upplýsingar um greiðsluþjónustu sem umboðsaðilinn hefur umboð til að veita og auðkenni umboðsaðilans, sé því til að dreifa. Að endingu skal koma fram í tilkynningunni hvort greiðslustofnun hyggist útvista rekstrarþætti greiðsluþjónustu til þriðja aðila í gistiaðildarríkinu. Innan mánaðar frá viðtöku slíkrar tilkynningar skal Fjármálaeftirlitið

senda lögbærum yfirvöldum í gistiaðildarríki upplýsingar skv. 1. mgr. auk staðfestingar um að þjónusta sem veita á falli undir starfsleyfi fyrirtækis ásamt beiðni um umsögn.

Fjármálaeftirlitið skal innan þriggja mánaða frá viðtöku upplýsinga sem um getur í 1. mgr. tilkynna greiðslustofnun ákvörðun sína. Þegar ákvörðun Fjármálaeftirlitsins er jákvæð eru upplýsingar um greiðslustofnunina samhliða uppfærðar í skrá yfir greiðsluþjónustuveitendur skv. 14. gr. Umboðsaðilinn getur þá hafið starfsemi sína í viðkomandi gistiaðildarríki.

Berist Fjármálaeftirlitinu tilkynning frá lögbærum yfirvöldum í fyrirhuguðu gistiaðildarríki greiðslustofnunar vegna veitingar greiðsluþjónustu fyrir milligöngu umboðsaðila, sem hafa gilda ástæðu til að ætla að tilnefning umboðsaðila geti aukið hættu á peningaþvætti eða fjármögnun hryðjuverka skal Fjármálaeftirlitið hafna því að færa upplýsingar um umboðsaðilann í skrá skv. 14. gr. eða afturkalla skráningu hafi hún þegar farið fram.

Berist ekki svar frá lögbærum yfirvöldum til Fjármálaeftirlitsins eða að það telur að lögbær yfirvöld í hinu aðildarríkinu hafi við mat sitt ekki gaumgæft upplýsingar réttilega og komist að rangri niðurstöðu í mati sínu getur Fjármálaeftirlitið vísað erindi þess efnis til Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar eða Eftirlitsstofnunar EFTA, eftir því sem við á, í samræmi við 19. gr. reglugerðar ESB nr. 1093/2010 sem innleidd var með 3. gr. laga um evrópskt eftirlitskerfi á fjármálamarkaði nr. 24/2017. Á meðan skal Fjármálaeftirlitið fresta ákvörðunum sínum þar til niðurstaða liggur fyrir.

Greiðslustofnun skal tilkynna Fjármálaeftirlitinu um daginn sem hún hefur starfsemi sína fyrir milligöngu umboðsaðila.

Greiðslustofnun skal tilkynna Fjármálaeftirlitinu, án ótilhlýðilegrar tafar, um allar verulegar breytingar varðandi upplýsingar sem sendar eru skv. 1. mgr., þ.m.t. viðbótar umboðsaðila eða þriðju aðila sem útvistað er til í aðildarríkinu sem í hlut á. Beita skal málsmeðferð sem fram kemur í 3. og 4. mgr.

Greiðslustofnun skal sjá til þess að umboðsaðili sem veitir greiðsluþjónustu fyrir hennar hönd upplýsi notendur greiðsluþjónustu um þá staðreynd.

26. gr.

Starfsemi utan Evrópska efnahagssvæðisins.

Hyggist greiðslustofnun veita þjónustu samkvæmt lögum þessum í ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins skal tilkynna Fjármálaeftirlitinu um það fyrirfram. Í tilkynningu skal koma fram heiti og heimilisfang fyrirtækis, hvaða ríki á í hlut og í hverju fyrirhuguð þjónusta sé fólgin, auk annarra upplýsinga sem Fjármálaeftirlitið telur nauðsynlegar þar að lútandi.

Fjármálaeftirlitið getur bannað starfsemi skv. 1. mgr. ef það hefur réttmæta ástæðu til að ætla að stjórnun eða fjárhagsstaða hlutaðeigandi greiðslustofnunar sé ekki nægilega traust. Fyrirtækinu skal tilkynnt afstaða Fjármálaeftirlitsins svo fljótt sem auðið er.

27. gr.

Þjónusta greiðslustofnunar með starfsleyfi á EES svæðinu hérlendis án stofnunar útibús eða fyrir milligöngu umboðsaðila.

Greiðslustofnun, sem hefur staðfestu og starfsleyfi í öðru ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins, er heimilt að veita greiðsluþjónustu samkvæmt lögum þessum hér á landi án stofnunar útibús.

Greiðslustofnun, sem hefur staðfestu og starfsleyfi í öðru ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins, er heimilt að veita þjónustu hér á landi eftir að tilkynning sem uppfyllir sömu skilyrði og koma fram í 1. mgr. 23. gr. hefur borist Fjármálaeftirlitinu frá lögbæru

yfirvaldi aðildarríkis. Tilkynningin skal vera yfirfarin af Fjármálaeftirlitinu innan þess mánaðar tíma sem því er gefinn til þess og í kjölfarið hefur lögbært yfirvald í heimaaðildarríki greiðslustofnunar samþykkt veitingu umbeðinnar greiðsluþjónustu yfir landamæri og samhliða uppfært skrá í heimaaðildarríki sambærilega þeirri og lýst er í 14. gr.

28. gr.

Þjónusta greiðslustofnunar með starfsleyfi á EES svæðinu hérlendis með stofnun útibús eða fyrir milligöngu umboðsaðila hérlendis

Greiðslustofnun, sem hefur staðfestu og starfsleyfi í öðru ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins, er heimilt að veita greiðsluþjónustu samkvæmt lögum þessum hér á landi með stofnun útibús eða fyrir milligöngu umboðsaðila.

Greiðslustofnun, sem hefur staðfestu og starfsleyfi í öðru ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins, er heimilt að veita greiðsluþjónustu hér á landi þegar tilkynning sem uppfyllir sömu skilyrði og koma fram í 1. mgr. 24. gr. hefur borist Fjármálaeftirlitinu frá lögbæru yfirvaldi aðildarríkis. Tilkynningin skal vera yfirfarin af Fjármálaeftirlitinu innan þess mánaðar tíma sem því er gefinn til þess. Í kjölfarið samþykkir eða synjar lögbært yfirvald í heimaaðildarríki greiðslustofnunar um stofnun útibús eða veitingu umbeðinnar greiðsluþjónustu fyrir milligöngu umboðsaðila á Íslandi og samhliða uppfærir skrá í heimaaðildarríki sambærilega þeirri og lýst er í 14. gr.

Hafi Fjármálaeftirlitið gilda ástæðu til að ætla að stofnun útibús eða veiting greiðsluþjónustu fyrir milligöngu umboðsaðila geti aukið hættu á peningaþvætti eða fjármögnun hryðjuverka skal Fjármálaeftirlitið tilkynna lögbærum yfirvöldum heimaaðildarríkis um það. Ákveði lögbær yfirvöld heimaaðildarríkis að hafna eða afturkalla skráningu í framhaldi af slíkri tilkynningu er viðkomandi útibúi ekki heimilt að veita greiðsluþjónustu hér á landi frá þeim tíma.

Ef lögbær yfirvöld í heimaaðildarríki taka ekki tillit til athugasemda Fjármálaeftirlitsins og veita greiðslustofnun heimild til stofnunar útibús eða veitingu greiðsluþjónustu á Íslandi fyrir milligöngu umboðsaðila getur Fjármálaeftirlitið borið þá ákvörðun undir Evrópsku bankaeftirlitsstofnunina, eða Eftirlitsstofnun EFTA, eftir því sem við á, í samræmi við 19. gr. reglugerðar nr. 1093/2010/ESB sem innleidd var með 3. gr. laga um evrópskt eftirlitskerfi nr. 24/2017. Á meðan skal Fjármálaeftirlitið fresta ákvörðunum sínum þar til niðurstaða liggur fyrir.

Greiðslustofnun, sem hefur staðfestu og starfsleyfi í öðru ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins skal sjá til þess að útibú eða umboðsaðili sem veitir greiðsluþjónustu fyrir hennar hönd upplýsi notendur þjónustu um þá staðreynd.

29. gr.

Stofnun útibús eða þjónusta veitt fyrir milligöngu umboðsaðila hérlendis af hálfu stofnunar utan EES.

Fjármálaeftirlitið getur heimilað stofnun, sem veitir greiðsluþjónustu, með staðfestu í ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins að opna útibú eða veita þjónustu fyrir milligöngu innlends umboðsaðila hér á landi. Skilyrði fyrir veitingu slíks leyfis er að stofnunin hafi leyfi til að stunda starfsemi í heimaríki sínu hliðstæða þeirri sem það hyggst stunda hér á landi, að sú starfsemi sé háð sambærilegu eftirliti í heimaríkinu og að gerður hafi verið samstarfssamningur á milli Fjármálaeftirlitsins og lögbærra yfirvalda í því ríki.

N. Eftirlit með veitingu þjónustu yfir landamæri með eða án stofnunar útibús eða í gegnum umboðsaðila.

30. gr.

Eftirlit gistiaðildarríkis með greiðslustofnunum sem veita þjónustu yfir landamæri með stofnun útibús eða fyrir milligöngu umboðsaðila.

Fjármálaeftirlitið skal hafa samstarf við lögbær yfirvöld í gistiaðildarríki um framkvæmd eftirlits með lögum þessum vegna starfsemi umboðsaðila og útibúa greiðslustofnunar, sem eru staðsett í gistiaðildarríki. Skal Fjármálaeftirlitið tilkynna lögbærum yfirvöldum í gistiaðildarríki þegar það hyggst framkvæma skoðun á umboðsaðila eða útibúi í gistiaðildarríki. Fjármálaeftirlitinu er heimilt að fela lögbærum yfirvöldum í gistiaðildarríki framkvæmd skoðunar á staðnum hjá umboðsaðila eða útibúi sem staðsett er í því ríki.

Lögbær yfirvöld í gistiaðildarríki geta krafist þess að greiðslustofnanir, sem hafa umboðsaðila eða útibú á yfirráðasvæði þess, gefi þeim skýrslu með reglulegu millibili um starfsemina á yfirráðasvæði þeirra. Krefjast skal slíkra skýrslna í upplýsingaskyni eða í tölfræðilegum tilgangi, að því marki sem umboðsaðilarnir og útibúin stunda greiðsluþjónustustarfsemi á grundvelli 24. og 25. gr., til að fylgjast með því að farið sé að ákvæðum laga gistiaðildarríkis sem eru samsvarandi IV.-VII. kafla.

Komist lögbær yfirvöld í gistiaðildarríki eftir að hafa lagt mat á upplýsingar skv. 2. mgr. að raun um að greiðslustofnun með starfsleyfi frá Fjármálaeftirlitinu, sem hefur umboðsaðila eða útibú á yfirráðasvæði þeirra, fari ekki að reglum II. og III. kafla eða IV.-VII. kafla, munu þau án ótilhlýðilegrar tafar upplýsa Fjármálaeftirlitið um það. Fjármálaeftirlitið skal, eftir að hafa lagt mat á upplýsingarnar sem það fær samkvæmt þessari grein, án ótilhlýðlegrar tafar, gera allar viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að hlutaðeigandi greiðslustofnun fari að settum reglum. Fjármálaeftirlitið skal jafnframt tilkynna lögbæru yfirvaldi í gistiaðildarríkinu og lögbærum yfirvöldum í öðrum hlutaðeigandi gistiaðildarríkjum tafarlaust um þessar ráðstafanir.

Fjármálaeftirlitið skal að ósk lögbærra yfirvalda í gistiaðildarríki eða að eigin frumkvæði veita þeim viðeigandi upplýsingar, einkum þegar um er að ræða brot eða grun um brot umboðsaðila eða útibús og hvort greiðslustofnunin uppfyllir skilyrði 2. mgr. 7. gr.

31. gr.

Eftirlit með greiðslustofnunum með starfsleyfi á EES svæðinu sem veita þjónustu hérlendis með stofnun útibús eða í gegnum umboðsaðila.

Fjármálaeftirlitið getur krafist þess að greiðslustofnun sem hefur útibú eða umboðsaðila hérlendis gefi skýrslu með reglulegu millibili um starfsemi þeirra hérlendis. Krefjast skal slíkra skýrslna í upplýsingaskyni eða í tölfræðilegum tilgangi, að því marki sem umboðsaðilarnir og útibúin stunda greiðsluþjónustustarfsemi á grundvelli 27. og 28. gr., til að fylgjast með því að farið sé að ákvæðum IV.-VII. kafla þessara laga.

Ef Fjármálaeftirlitið kemst að raun um að greiðslustofnun sem veitir greiðsluþjónustu fyrir milligöngu umboðsaðila eða í gegnum útibú hérlendis fari ekki að ákvæðum II.-VII. kafla, skal það upplýsa lögbært yfirvald í heimaaðildarríki um það án tafar.

Að sama skapi getur Fjármálaeftirlitið í því tilviki að nauðsynlegt reynist vegna neyðarástands að grípa til tafarlausra aðgerða til að taka á alvarlegri ógn gegn sameiginlegum hagsmunum notenda greiðsluþjónustu hérlendis gert varúðarráðstafanir samhliða samstarfi við lögbær yfirvöld í aðildarríki greiðslustofnunar og fram að ráðstöfunum þeirra yfirvalda. Hér skiptir ekki máli hvort neyðarástandið skapaðist vegna útibú hérlendis, fyrir milligöngu

umboðsaðila hérlendis eða vegna greiðsluþjónustu sem greiðslustofnun með starfsleyfi frá EES svæðinu veldur með veitingu greiðsluþjónustunnar til Íslands. Varúðarráðstafanirnar skulu vera viðeigandi og í réttu hlutfalli við þann tilgang þeirra að verjast alvarlegri ógn gegn sameiginlegum hagsmunum notenda greiðsluþjónustu hérlendis. Þær mega ekki leiða til þess að notendur greiðsluþjónustunnar hérlendis fyrir milligöngu umboðsaðila, í gegnum útibú erlendrar greiðslustofnunar eða vegna veitingar greiðsluþjónustu yfir landamæri án hvorutveggja, njóti betri meðferðar en notendur greiðsluþjónustu í öðrum ríkjum Evrópska efnahagssvæðisins. Auk þess skulu varúðarráðstafanirnar vera tímabundnar og þeim hætt þegar tekið hefur verið á þeirri alvarlegu ógn sem greind er, þ.m.t. með hjálp eða í samvinnu við lögbær yfirvöld í aðildarríki greiðslustofnunar sem í hlut á eða Evrópsku bankaeftirlitsstofnunina eða Eftirlitsstofnun EFTA, eftir því sem við á, sbr. 19. gr. reglugerðar nr. (ESB) 1093/2010 sem innleidd var með 3. gr. laga um evrópskt eftirlitskerfi nr. 24/2017.

Ef það samrýmist neyðarástandinu sem ríkir skal Fjármálaeftirlitið upplýsa lögbær yfirvöld í aðildarríkjum sem í hlut eiga, Eftirlitsstofnun EFTA og Evrópsku bankaeftirlitsstofnunina fyrirfram og án ástæðulausrar tafar um varúðarráðstafanirnar sem gripið er til skv. 3. mgr. þessarar greinar og um rökstuðning fyrir þeim.

Telji Fjármálaeftirlitið að lögbær yfirvöld í heimaaðildarríki greiðslustofnunar sýni athafnaleysi með því að grípa ekki til þeirra ráðstafana sem það hafi viðurkennt að nauðsynlegt þurfi að grípa til, hafni samstarfi og eða láti undir höfuð leggjast að bregðast við neyðarástandinu eða fram hafi komið afstaða þess um að ekki sé viðurkennt að fyrir hendi sé neyðarástand getur Fjármálaeftirlitið leitað aðstoðar Eftirlitsstofnunar EFTA og Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar vegna þeirrar afstöðu og leitað lausnar þess ágreinings. Á meðan skal Fjármálaeftirlitið fresta ákvörðunum sínum þar til niðurstaða liggur fyrir.

32. gr.

Samstarf og upplýsingaskipti við erlendar stofnanir vegna eftirlits.

Fjármálaeftirlitið skal, eftir því sem við á, viðhafa samstarf við eftirlitsstofnanir í aðildarríkjum, Seðlabanka Evrópu, seðlabanka aðildarríkjanna, Evrópsku bankaeftirlitsstofnunina og Eftirlitsstofnun EFTA og önnur viðeigandi eftirlitsstjórnvöld í tengslum við framkvæmd eftirlits með greiðsluþjónustuveitendum.

Fjármálaeftirlitið skal að ósk eftirlitsstofnana í aðildarríkjum, Seðlabanka Evrópu, seðlabanka aðildarríkja og ef við á, annarra opinberra yfirvalda sem eru ábyrg fyrir eftirliti með greiðslu- og uppgjörskerfum, Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar í hlutverki sínu við að stuðla að samræmdri og samfelldri eftirlitsráðstöfun eins og um getur í lögum um evrópskt eftirlitskerfi á fjármálamarkaði, auk Eftirlitsstofnunar EFTA, veita viðeigandi upplýsingar um greiðsluþjónustuveitendur sem fengið hafa starfsleyfi samkvæmt lögum þessum. Að sama skapi skal Fjármálaeftirlitið að ósk annarra lögbærra yfirvalda sem tilnefnd eru samkvæmt lögum sem gilda um greiðsluþjónustuveitendur, s.s. lögum um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka veita viðeigandi upplýsingar um greiðslustofnanir sem fengið hafa starfsleyfi samkvæmt lögum þessum. Upplýsingagjöf Fjármálaeftirlitsins fer eftir ákvæðum 14. gr. laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

33. gr.

Tilnefning miðlægs tengiliðar greiðslustofnunar með starfsleyfi á EES svæðinu sem veitir greiðsluþjónustu fyrir milligöngu umboðsaðila.

Greiðslustofnun sem starfar á Íslandi í gegnum umboðsaðila skal tilnefna miðlægan tengilið til Fjármálaeftirlitsins. Fjármálaeftirlitið hefur samband við miðlægan tengilið m.a. til að fá upplýsingar og skýrslugjöf til að sinna eftirliti samkvæmt þessum lögum.

O. Undanþágur frá skilyrðum greiðslustofnunar.

34. gr.

Greiðslustofnun með takmarkað starfsleyfi.

Greiðslustofnun sem uppfyllir skilyrði skv. 2. mgr. er heimilt að veita greiðsluþjónustu skv. a.–f.-liðum 22. tölul. 3. gr. á grundvelli takmarkaðs starfsleyfis.

Mánaðarlegt meðaltal heildarfjárhæðar greiðslna næstliðinna 12 mánaða sem greiðslustofnun með takmarkað starfsleyfi hefur framkvæmt má að hámarki nema jafnvirði 1 milljónar evra í íslenskum krónum miðað við opinbert viðmiðunargengi (kaupgengi) eins og það er skráð hverju sinni. Fari mánaðarlegt meðaltal heildarfjárhæðar greiðslna næstliðinna 12 mánaða yfir jafnvirði 1 milljóna evra í íslenskum krónum miðað við opinbert viðmiðunargengi (kaupgengi) fellur undanþágan niður. Sendi greiðslustofnun með takmarkað starfsleyfi þá fullbúna umsókn um starfsleyfi sem greiðslustofnun innan 30 daga frá niðurfellingu síns takmarkaða leyfis má hún starfa áfram á meðan Fjármálaeftirlitið afgreiðir umsóknina.

Ákvæði þessa kafla gilda um greiðslustofnun með takmarkað starfsleyfi, að undanskildum ákvæðum 7. gr., 8. gr., 9. gr., 9. mgr. 12. gr., 4. mgr. 16. gr., 23. gr.–28. gr.

Seðlabanka Íslands er heimilt að setja nánari reglur um skilyrði fyrir veitingu takmarkaðs starfsleyfis.

35. gr.

Reikningsupplýsingaþjónustuveitendur

Ákvæði 4.–21. gr. og 3. mgr. 22. gr. gilda ekki um reikningsupplýsingaþjónustuveitanda sem aðeins veitir þá þjónustu, sbr. h-lið, 22. tölul. 3. gr., með þeirri undantekningu að ákvæði 1.-4. tölul., 10.-11. tölul., 13.-14. tölul. og 16. tölul. 4. gr., 4. mgr. 12. gr., 1.–3. mgr. og 1. málsl. 4. mgr. 14. gr., 2. málsl. 4. mgr. 14. gr. og 22.–33. gr. gilda.

Farið skal með reikningsupplýsingaþjónustuveitanda sem um getur í 1. mgr. sem greiðslustofnun en þó eiga ákvæði IV.-VII. kafla ekki við um þá að undanskildum 43. gr., 49. gr., og 54. gr., eftir atvikum og 70.-72. gr. og 100.-102. gr.

III. KAFLI

Almenn ákvæði um greiðsluþjónustuveitendur.

36. gr.

Þátttaka í greiðslukerfum.

Greiðsluþjónustuveitendum, hvort heldur skráðir eða með starfsleyfi, sem eru lögaðilar skal vera heimilt að gerast þátttakendur í greiðslukerfi í samræmi við 2. og 3. mgr., sbr. þó 4. mgr.

Reglur um þátttöku í greiðslukerfum skulu vera hlutlægar, án mismununar og hóflegar. Þær mega ekki hamla aðgangi meira en nauðsynlegt er til að verjast tiltekinni áhættu, svo sem uppgjörsáhættu, rekstraráhættu eða viðskiptaáhættu, og vernda fjárhags- og rekstrarlegan stöðugleika greiðslukerfisins.

Í greiðslukerfum skulu ekki gerðar kröfur til greiðsluþjónustuveitenda, notenda greiðsluþjónustu eða annarra greiðslukerfa sem:

a. takmarka virka þátttöku þeirra í öðrum greiðslukerfum,

b. mismuna greiðsluþjónustuveitendum hvort heldur þeir eru skráðir eða með starfsleyfi, að því er varðar réttindi, skyldu eða heimildir þátttakenda, eða

c. setja takmarkanir á grundvelli félagaréttarlegrar stöðu.

Ákvæði 1.–3. mgr. gilda ekki um:

a. greiðslukerfi sem viðurkennd hafa verið og hafa verið tilkynnt til Eftirlitsstofnunar EFTA í samræmi við lög nr. 90/1999, um öryggi greiðslufyrirmæla í greiðslukerfum og verðbréfauppgjörskerfum,

b. greiðslukerfi þar sem þátttaka einskorðast við greiðsluþjónustuveitendur sem tilheyra tiltekinni samstæðu.

Ef þátttakandi í greiðslukerfi skv. a.-lið 4. mgr. leyfir greiðsluþjónustuveitanda sem ekki er þátttakandi í greiðslukerfinu, hvort heldur sem um ræðir skráðan greiðsluþjónustuveitanda eða með starfsleyfi, að gefa greiðslufyrirmæli fyrir milligöngu kerfisins skal þátttakandinn veita öðrum skráðum greiðsluþjónustuveitendum eða þeim sem eru með starfsleyfi sama tækifæri á hlutlægan, hóflegan hátt og án mismununar í samræmi við 2. mgr.

Í því tilviki að þátttakandi í greiðslukerfi skv. a.–lið 4. mgr. synjar beiðni greiðsluþjónustuveitanda um að fá að gefa greiðslufyrirmæli fyrir milligöngu kerfisins skal hann upplýsa greiðsluþjónustuveitandann um allar ástæður fyrir synjun.

Commented [JBG3]: Reikningsupplýsingaþjónustuveitendur (með skráningu) eru eina tegund greiðslustofnana sem geta starfað einungis á grundvelli skráningar (ekki starfsleyfis). Þótt það segi í 35. gr. tilskipunarinnar má spyrja af hverju gert er ráð fyrir að reikningsupplýsingaþjónustuveitendur geti gefið greiðslufyrirmæli.

37. gr.

Aðgangur að reikningum hjá lánastofnun.

Lánastofnanir og viðskiptabankar skulu veita greiðslustofnunum aðgang að þeirra greiðslureikningaþjónustu á hlutlægan hátt, án mismununar og í samræmi við það lögmæta markmið sem greiðslustofnun stefnir að. Aðgangur skal vera nógu víðtækur til að gera greiðslustofnunum kleift að veita greiðsluþjónustu á óhindraðan og skilvirkan hátt.

Synji lánastofnun eða viðskiptabanki greiðslustofnun um umbeðinn aðgang, sbr. 1. mgr., skal sá sem synjar tilkynna Fjármálaeftirlitinu og upplýsa um helstur ástæður synjunar.

Fjármálaeftirlitinu er heimilt að setja nánari reglur um tilkynningu, skv. 2. mgr.

38. gr.

Greiðslumiðlar með takmörkuð afnot.

Einstaklingum og lögaðilum sem eru hvorki greiðsluþjónustuveitendur né ótvírætt falla utan gildissviðs laga þessara samkvæmt 2. gr. er óheimilt að veita greiðsluþjónustu.

Þjónustuveitandi sem býður þjónustu sem tilgreind er í 11.–12. tölul. 2. gr. og heildarfjárhæð greiðslna sem hafa verið framkvæmdar á næstliðnum 12 mánuðum er meiri en 1 milljón evra, skal senda eftirfarandi til Fjármálaeftirlitsins:

a. Lýsingu á þjónustunni sem boðin er til viðskiptavina.

b. Tilvísun til hvaða undanþágu samkvæmt 11.– 12. tölul. 2. gr. þjónustan heyrir undir.

Fjármálaeftirlitið tekur á grundvelli þessara upplýsinga ~~tekur~~ rökstudda ákvörðun með vísan til 11.–12. tölul. 2. gr. um hvort starfsemin telst vera afmarkað þjónustukerfi og tilkynnir þjónustuveitandanum. Falli starfsemin ekki undir undanþáguna ~~mun~~ getur Fjármálaeftirlitið bannað frekari starfsemi en sendi þjónustuveitandinn fullbúna umsókn um starfsleyfi sem greiðslustofnun innan 30 daga frá dagsetningu bannsins má þjónustuveitandinn halda starfseminni áfram á meðan Fjármálaeftirlitið afgreiðir umsóknina.

39. gr.

Veitandi fjarskiptanets eða veitandi viðbótarþjónustu við fjarskiptaþjónustu.

Þjónustuveitandi sem býður þjónustu sem lýst er í 14. tölul. 2. gr. skal senda eftirfarandi til Fjármálaeftirlitsins:

a. Lýsingu á þjónustunni sem boðin er til viðskiptavina.
b. Nákvæma lýsingu á því hvernig þjónustuveitandinn hefur eftirlit með að þjónustan ~~hans~~ uppfylli á hverjum tíma skilyrði 14. tölul. 2. gr.
c. Árlegt álit úttektaraðila, sem staðfestir að starfsemin sé í samræmi við 14. tölul. 2. gr. Á grundvelli þessara upplýsinga metur Fjármálaeftirlitið hvort starfsemin fellur undir undanþágu 14. tölul. 2. gr. Falli starfsemin ekki undir undanþáguna ~~mun~~ skal Fjármálaeftirlitið banna frekari starfsemi, en sendi þjónustuveitandinn fullbúna umsókn um starfsleyfi sem greiðslustofnun innan 30 daga frá dagsetningu bannsins má þjónustuveitandinn halda starfseminni áfram á meðan Fjármálaeftirlitið afgreiðir umsóknina.

Áður en þjónustuveitandi býður þjónustuna í fyrsta sinn skal hann senda Fjármálaeftirlitinu upplýsingar skv. a.- og b.-lið 1. mgr.

40. gr.

Heimild til að vísa ákvörðun eða aðgerðaleysi Fjármálaeftirlitsins til dómstóla.

Vilji greiðsluþjónustuveitandi eða þjónustuveitandi skv. 39. gr. ekki una ákvörðun eða aðgerðaleysi. Fjármálaeftirlitsins samkvæmt þessum lögum eða stjórnvaldsfyrirmælum sem byggja á þeim getur hann vísað henni til dómstóla, sbr. 18. gr. laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi nr. 87/1998.

Commented [JBG4]: Sjá 2. tl. 25. gr. tilskipunarinnar

IV. KAFLI
Gagnsæi skilmála og upplýsingagjöf við veitingu greiðsluþjónustu.

A. Almenn ákvæði

41. gr.

Gildissvið kaflans.

Ákvæði þessa IV. kafla gilda um stakar greiðslur, rammasamninga og greiðslur sem falla undir þá.

Víkja má frá ákvæðum þessa IV. kafla með samningi, í heild eða að hluta, þegar notandi greiðsluþjónustu er ekki neytandi.

Ákvæði 47. gr.-52. gr. gilda aðeins um gagnsæi skilmála og upplýsingagjöf við veitingu greiðsluþjónustu þegar um ræðir stakar greiðslur sem ekki falla undir rammasamninga.

Ákvæði 53.gr.-60. gr. gilda aðeins um gagnsæi skilmála og upplýsingagjöf við veitingu greiðsluþjónustu þegar um ræðir greiðslur sem falla undir rammasamninga.

Í þeim tilvikum að önnur lög geri ríkari kröfur til upplýsingagjafar vegna lánveitingu til neytenda þá gilda ákvæði þeirra laga að því leyti.

Ef lög nr. 33/2005, um fjarsölu á fjármálaþjónustu, eiga einnig við víkja eftirtalin ákvæði II. kafla þeirra laga, um upplýsingaskyldu gagnvart neytanda áður en hann er bundinn af fjarsölusamningi eða tilboði, fyrir ákvæðum 48. gr., 49. gr., 53. gr. og 54. gr.: 5. gr., 1. og 3. tölul. 6. gr., 3.–4. og 6.–7. tölul. 7. gr. og 1. tölul. 8. gr.

42. gr.

Gjaldtaka vegna upplýsingagjafar.

Greiðsluþjónustuveitandi skal ekki krefja notanda greiðsluþjónustu um gjald fyrir upplýsingar sem veittar eru samkvæmt kafla þessum.

Semja má um gjaldtöku fyrir veitingu viðbótarupplýsinga, tíðari upplýsingagjöf eða veitingu upplýsinga með öðrum hætti en tilgreindur er í rammasamningi, að því tilskildu að það sé að beiðni notanda greiðsluþjónustunnar og að gjaldtakan sé viðeigandi og í samræmi við raunkostnað.

43. gr.

Sönnunarbyrði greiðsluþjónustuveitanda.

Greiðsluþjónustuveitandi ber sönnunarbyrði fyrir því að hann hafi uppfyllt kröfur um upplýsingagjöf sem fram koma í þessum kafla.

44. gr.

Undanþágur frá kröfum um upplýsingagjöf vegna smágreiðslumiðla.

Greiðsluþjónustuveitandi getur í samningi um smágreiðslumiðil við notanda greiðsluþjónustu vikið frá 53. gr., 54. gr., 56. gr.-58. gr. og 60. gr. og einungis veitt greiðanda upplýsingar um helstu einkenni greiðsluþjónustunnar líkt og kemur fram í 2. og 3. mgr.

Greiðsluþjónustuveitandinn s5kal þrátt fyrir 53. gr.–54. gr. og 58. gr. aðeins veita greiðanda upplýsingar um helstu einkenni greiðsluþjónustunnar, þ.m.t. um notkun greiðslumiðla, bótaábyrgð, gjöld og um aðrar viðeigandi upplýsingar, sem þörf er á til að taka upplýsta ákvörðun. Greiðsluþjónustuveitandinn skal veita leiðbeiningar um hvar öðrum upplýsingum og skilmálum, sem tilgreind eru í 54. gr. er komið á framfæri á auðveldan og aðgengilegan hátt.

Greiðsluþjónustuveitanda er heimilt að semja um við notanda greiðsluþjónustu að ~~honum~~ sér sé ekki skylt að leggja til breytingar á skilmálum rammasamnings eins og kveðið er á um í 1. mgr. 53. gr.

Greiðsluþjónustuveitanda er heimilt að semja við notanda greiðsluþjónustu um að víkja frá 59. gr. og 60. gr. tilskipunarinnar eftir að greiðsla hefur farið fram og af þeim sökum er honum einungis skylt að veita eftirfarandi upplýsingar: tilvísun sem gera notanda greiðsluþjónustu kleift að bera kennsl á greiðsluna, fjárhæð hennar, gjöld, og/eða þegar um er að ræða nokkrar sams konar greiðslur til sama viðtakanda, upplýsingar um heildarfjárhæð og gjöld vegna þessara greiðslna. Í tilviki greiðslumiðils með nafnleynd eða ef greiðsluþjónustuveitandinn er að öðru leyti ekki tæknilega í stakk búinn til að veita upplýsingarnar þá er greiðsluþjónustuveitandanum ekki skylt að veita þær upplýsingar.

45. gr.

Gjaldmiðill og umreikningur gjaldmiðils

Greiðslur skulu vera í þeim gjaldmiðli sem aðilar hafa komið sér saman um.

Ef boðinn er gjaldmiðilsumreikningur áður en greiðsla á sér stað og ef sú þjónusta er boðin í hraðabanka, á sölustað eða af hálfu viðtakanda greiðslu skal sá aðili sem býður greiðanda þjónustuna veita honum allar upplýsingar um gjöld og það gengi sem nota á við umreikning greiðslunnar. Greiðandi skal samþykkja þjónustu við umreikning gjaldmiðils á þeim grundvelli.

46. gr.

Upplýsingar um viðbótargjald eða afslátt.

Ef viðtakandi greiðslu býður lækkun vegna notkunar tiltekins greiðslumiðils, umfram aðra greiðslumiðla, skal hann tilkynna greiðanda um það áður en greiðslan er framkvæmd.

Ef greiðsluþjónustuveitandi eða annar aðili að greiðslunni krefst gjalds vegna notkunar tiltekins greiðslumiðils skal hann tilkynna notanda greiðsluþjónustu um það áður en greiðslan er framkvæmd.

Greiðandinn þarf einungis að greiða gjöldin sem um getur í 1. og 2. mgr. ef upplýst var um heildarfjárhæð þeirra áður en greiðslan var framkvæmd.

B. Stakar greiðslur sem ekki falla undir rammasamninga.

47. gr.

Sérákvæði um greiðslufyrirmæli vegna stakrar greiðslu sem send er með greiðslumiðli sem fellur undir rammasamning.

Þegar greiðslufyrirmæli vegna stakrar greiðslu eru send með greiðslumiðli sem fellur undir rammasamning er greiðsluþjónustuveitandi ekki skuldbundinn til að veita eða koma á framfæri upplýsingum sem notandi greiðsluþjónustu hefur þegar fengið á grundvelli rammasamnings við annan greiðsluþjónustuveitanda eða sem honum verða veittar í samræmi við slíkan rammasamning.

48. gr.

Almenn upplýsingagjöf áður en samningur eða tilboð vegna stakra greiðslna verður bindandi fyrir notanda greiðsluþjónustu.

Áður en samningur eða tilboð vegna stakra greiðslna verður bindandi fyrir notanda greiðsluþjónustu skal greiðsluþjónustuveitandi koma upplýsingum og skilmálum skv. 49. gr. á framfæri við notandann á aðgengilegan hátt.

Upplýsingar og skilmálar skulu lagðir fram á pappír eða öðrum varanlegum miðli ef notandi greiðsluþjónustu óskar þess.

Framsetning upplýsinga og skilmála skal vera með skýrum og auðskiljanlegum hætti, á íslensku eða hverju því tungumáli öðru sem aðilar koma sér saman um.

Ef þjónustusamningur hefur verið gerður um stakar greiðslur að beiðni notanda greiðsluþjónustu fyrir tilstilli fjarsamskiptamiðils sem ekki gerir greiðsluþjónustuveitanda kleift að fara að 1.–3. mgr. skal greiðsluþjónustuveitandinn uppfylla skyldur sínar samkvæmt þeim ákvæðum þegar í stað eftir að greiðsla hefur verið framkvæmd.

Skyldu til upplýsingagjafar skv. 1.–3. mgr. má einnig uppfylla með því að leggja fram afrit af drögum að þjónustusamningi um staka greiðslu eða drögum að greiðslufyrirmælum sem geyma þær upplýsingar og skilmála sem komið skal á framfæri við notandann samkvæmt lögum þessum.

49. gr.

Upplýsingar og skilmálar um þjónustu í tengslum við stakar greiðslur.

Eftirfarandi upplýsingar og skilmálar skulu afhentir eða hafðir aðgengilegir fyrir notendur greiðsluþjónustu:

a. lýsing á upplýsingunum eða því sérstaka kennimerki sem notandi greiðsluþjónustu þarf að gefa upp til að greiðslufyrirmæli verði framkvæmd á réttan hátt,

b. hámarkstími sem framkvæmd greiðsluþjónustunnar má taka,

c. öll gjöld sem notanda greiðsluþjónustu ber að greiða greiðsluþjónustuveitanda og, ef við á, sundurliðun fjárhæða slíkra gjalda,

d. ef við á, raunverulegt gengi eða viðmiðunargengi sem gilda skal um greiðslu,

e. ef við á, viðeigandi upplýsingar og skilmálar sem tilgreindir eru í 54. gr.

Greiðsluvirkjendur skulu gera eftirfarandi upplýsingar aðgengilegar greiðanda með skýrum og ítarlegum hætti áður en greiðsla er sett af stað:

a. heiti greiðsluvirkjandans, heimilisfang aðalskrifstofu hans auk útibús og umboðsaðila hérlendis ef því er til að dreifa, aðrar samskiptaupplýsingar, þ.m.t. netfang, sem viðeigandi er í boðskiptum við greiðsluvirkjandann og,
b. samskiptaupplýsingar Fjármálaeftirlitsins.

Eftir atvikum skal öðrum viðeigandi upplýsingum og skilmálum, sem tilgreind eru í 54. gr., komið á framfæri við notanda greiðsluþjónustunnar á auðveldan og aðgengilegan hátt.

50. gr.

Upplýsingaskylda greiðsluvirkjanda gagnvart greiðanda, viðtakanda greiðslu og greiðsluþjónustuveitanda sem veitir reikningsþjónustu, eftir að gefin hafa verið greiðslufyrirmæli.

Eftirfarandi upplýsingar skal greiðsluvirkjandi afhenda eða gera greiðanda eða, eftir atvikum, viðtakanda greiðslu aðgengilegar þegar í stað eftir að greiðslufyrirmæli hafa verið sett af stað fyrir milligöngu hans:

a. staðfestingu á að greiðslufyrirmæli hafi tekist hjá greiðsluþjónustuveitanda sem veitir reikningsþjónustu,
b. tilvísun sem gerir greiðanda og viðtakanda greiðslu kleift að bera kennsl á greiðsluna og, ef það á við, viðtakanda greiðslu kleift að bera kennsl á greiðandann og þær upplýsingar sem sendar eru með greiðslunni,
c. fjárhæð greiðslunnar,
d. fjárhæð gjalda sem greiða skal greiðsluvirkjanda fyrir greiðsluna, og sundurliðun þeirra.

Auk þess skal greiðsluvirkjandinn til viðbótar við að gera upplýsingar skv. 1. mgr. aðgengilegar greiðandanum og, eftir atvikum, viðtakanda greiðslu, gera tilvísun í greiðsluna aðgengilega greiðsluþjónustuveitanda sem veitir greiðanda reikningsþjónustu.

51. gr.

Upplýsingagjöf gagnvart greiðanda eftir viðtöku greiðslufyrirmæla um staka greiðslu.

Eftirfarandi upplýsingar skal greiðsluþjónustuveitandi afhenda eða gera greiðanda aðgengilegar, vegna eigin þjónustu, með þeim hætti sem kveðið er á um í 1.–3. mgr. 48. gr. þegar í stað eftir viðtöku greiðslufyrirmæla:

a. tilvísun sem gerir greiðanda kleift að bera kennsl á greiðslu og, ef við á, upplýsingar sem varða viðtakanda greiðslu,
b. fjárhæð greiðslu í þeim gjaldmiðli sem kveðið er á um í greiðslufyrirmælunum,
c. fjárhæð gjalda sem greiðanda ber að greiða vegna framkvæmdar greiðslu og, ef við á, sundurliðun fjárhæða slíkra gjalda,
d. ef við á, gengið sem greiðsluþjónustuveitandi notar í greiðslunni eða tilvísun til þess ef um ræðir annað gengi en það sem kveðið er á um í samræmi við d-lið 1. mgr. 49. gr., svo og fjárhæð greiðslu eftir gjaldmiðilsumreikning og
e. dagsetningu viðtöku greiðslufyrirmælanna.

52. gr.

Upplýsingagjöf gagnvart viðtakanda greiðslu eftir framkvæmd stakrar greiðslu.

Eftirfarandi upplýsingar skal greiðsluþjónustuveitandi viðtakanda greiðslu afhenda eða gera viðtakandanum aðgengilegar, vegna eigin þjónustu, með þeim hætti sem kveðið er á um

í 1.–3. mgr. 48. gr., þegar í stað eftir að greiðsla hefur verið framkvæmd:

a. tilvísun sem gerir viðtakanda greiðslu kleift að bera kennsl á greiðsluna og, ef við á, greiðanda, svo og þær upplýsingar sem kunna að hafa verið sendar með greiðslunni,

b. fjárhæð greiðslu í þeim gjaldmiðli sem fjármunirnir sem viðtakandi greiðslu fær til ráðstöfunar eru í,

c. fjárhæð gjalda sem viðtakanda hennar ber að greiða vegna framkvæmdar greiðslu og, ef við á, sundurliðun fjárhæða slíkra gjalda,

d. ef við á, gengið sem greiðsluþjónustuveitandi viðtakanda notar í greiðslunni og fjárhæð greiðslu áður en gjaldmiðilsumreikningur fór fram og

e. gildisdag eignfærslu.

C. Greiðslur sem falla undir rammasamninga.

53. gr.

Almenn upplýsingagjöf áður en samningur eða tilboð vegna greiðslna sem falla undir rammasamninga verður bindandi fyrir notanda greiðsluþjónustu.

Áður en rammasamningur eða tilboð um greiðsluþjónustu verður bindandi fyrir notanda greiðsluþjónustu skal greiðsluþjónustuveitandi afhenda notanda upplýsingar og skilmála skv. 52. gr. á pappír eða öðrum varanlegum miðli.

Framsetning upplýsinga og skilmála skal vera með skýrum og auðskiljanlegum hætti, á íslensku eða á hverju því tungumáli öðru sem aðilar koma sér saman um.

Ef rammasamningur hefur verið gerður að beiðni notanda greiðsluþjónustu fyrir tilstilli fjarsamskiptamiðils sem ekki gerir greiðsluþjónustuveitanda kleift að fara að 1. og 2. mgr. skal greiðsluþjónustuveitandinn uppfylla skyldur sínar samkvæmt þeim ákvæðum þegar í stað að lokinni gerð rammasamnings.

Skyldu til upplýsingagjafar skv. 1. og 2 . mgr. má einnig uppfylla með því að leggja fram afrit af drögum að rammasamningi sem geyma upplýsingar og skilmála skv. 54. gr.

54. gr.

Upplýsingar og skilmálar um þjónustu í tengslum við greiðslur sem falla undir rammasamninga.

Eftirfarandi upplýsingar og skilmálar skulu afhentir notendum greiðsluþjónustu:

1. Að því er varðar greiðsluþjónustuveitandann:

a. heiti, heimilisfang höfuðstöðva og viðeigandi póstföng, svo og sambærilegar upplýsingar um umboðsaðila og útibú ef við á, og

b. hvaða lögbær eftirlitsaðili fer með eftirlit með starfsemi hans og, eftir því sem við kann að eiga, upplýsingar um viðeigandi opinbera skrá um starfsleyfi greiðsluþjónustuveitanda og skráningarnúmer eða jafngilda aðferð til auðkenningar í þeirri skrá.

2. Að því er varðar notkun greiðsluþjónustunnar:

a. lýsing á þjónustunni sem um ræðir,

b. lýsing á upplýsingunum eða því sérstaka kennimerki sem notandi greiðsluþjónustu skal leggja fram til að greiðslufyrirmæli verði sett af stað eða framkvæmd á réttan hátt,

c. hvernig og á hvaða formi samþykki skal veitt til að gefa greiðslufyrirmæli eða fyrir framkvæmd greiðslu og afturköllun slíks samþykkis í samræmi við 64. gr. og 86. gr.

d. við hvaða tímamark viðtaka greiðslufyrirmæla miðast, sbr. 84. gr., svo og um skilgreindan lokunartíma greiðsluþjónustuveitanda, ef við á,

e. hámarksframkvæmdatími greiðsluþjónustu, og

f. hvort mögulegt sé að ákvarða útgjaldaþak vegna greiðslna sem framkvæmdar eru með greiðslumiðli í samræmi við 1. mgr. 74. gr.

g. upplýsingar um réttindi notanda greiðsluþjónustu, skv. 8. gr. reglugerðar (ESB) 2015/751, um milligjöld fyrir kortatengdar greiðslur, sem var lögfest með samnefndum lögum nr. 31/2019, ef um er að ræða greiðslur sem eru tengdar kortum sem falla undir kortasamstarf.

3. Að því er varðar gjaldtöku, vexti og gengi:

a. öll gjöld sem notanda greiðsluþjónustu ber að greiða greiðsluþjónustuveitanda, þ.m.t. þau sem tengjast því með hvaða hætti og hversu oft upplýsingar eru veittar eða gerðar aðgengilegar samkvæmt lögum þessum og með sundurliðuðum fjárhæðum ef við á,

b. vextir og gengi, ef við á; ef notast skal við viðmiðunarvexti og viðmiðunargengi skulu notanda afhentar upplýsingar um aðferðina sem nota skal við vaxtaútreikning og viðeigandi dagsetningar og vísitölu eða grunn til að ákvarða viðmiðunarvexti eða viðmiðunargengi; og

c. reglur um breytingar á viðmiðunarvöxtum eða viðmiðunargengi, þ.m.t. gildistíma slíkra breytinga, skv. 2. mgr. 56. gr., ef við á.

4. Að því er varðar boðleiðir og samskipti:

a. umsamdar samskiptaaðferðir vegna sendingar upplýsinga eða tilkynninga samkvæmt lögum þessum, þ.m.t. að því er varðar tæknilegar kröfur til búnaðar og hugbúnaðar notanda greiðsluþjónustu,

b. háttur og tíðni miðlunar upplýsinga samkvæmt lögum þessum,

c. tungumál rammasamnings og boðskipta meðan á samningssambandi stendur, og

d. réttur notanda greiðsluþjónustu til að fá afhenta skilmála rammasamnings og upplýsingar og skilmála í samræmi við 55. gr.

5. Að því er varðar varúðarráðstafanir og ábyrgð:

a. lýsing á þeim ráðstöfunum sem notanda greiðsluþjónustu ber að grípa til í því skyni að tryggja örugga varðveislu greiðslumiðils, ef við á, svo og hvernig staðið skuli að tilkynningu til greiðsluþjónustuveitanda skv. 3. mgr. 73. gr.,

b. upplýsingar um hvaða örugga ferli greiðsluþjónustuveitandi notar til að tilkynna notanda greiðsluþjónustu ef um er að ræða grun um eða eiginleg svik eða öryggisógn,

c. skilyrði áskilnaðar greiðsluþjónustuveitanda til stöðvunar á notkun greiðslumiðils í samræmi við 74. gr., ef um það er samið,

d. bótaábyrgð greiðanda skv. 80. gr. þ.m.t. upplýsingar um fjárhæðarmörk,

e. hvernig og innan hvaða tímamarka notanda greiðsluþjónustu ber að tilkynna greiðsluþjónustuveitanda um óheimilaða greiðslu sem hefur verið sett af stað eða hefur verið framkvæmd á rangan hátt eða rangt framkvæmda greiðslu skv. 77. gr. auk upplýsinga um ábyrgð greiðsluþjónustuveitanda skv. 79. gr.

f. hvernig notandi greiðsluþjónustu skal tilkynna greiðsluþjónustuveitandanum um óheimilaða greiðslu sem hefur verið sett af stað eða hefur verið framkvæmd á rangan hátt og frest sem hann hefur til þess í samræmi við 79. gr. sem og ábyrgð greiðsluþjónustuveitandans á óheimiluðum greiðslum í samræmi við 94. gr.

g. skilyrði fyrir endurgreiðslu skv. 82. gr. og 82. gr.

6. Að því er varðar breytingar og uppsögn rammasamnings:

a. ef um það er samið, að notandi greiðsluþjónustu teljist hafa samþykkt breytingar á skilmálum rammasamnings skv. 56. gr. nema notandi greiðsluþjónustu tilkynni greiðsluþjónustuveitandanum að hann samþykki þær ekki áður en breytingarnar öðlast gildi,

b. gildistími rammasamningsins,

c. réttur notanda greiðsluþjónustu til uppsagnar rammasamnings og öðrum samningum sem tengjast uppsögn, skv. 1. mgr. 56. gr. og 57. gr.

7. Að því er varðar úrlausn ágreiningsmála:
a. hvaða lög gilda um rammasamninginn,
b. hvaða kosti notandi greiðsluþjónustu á skv. 103.-105. gr. þessara um úrlausn ágreiningsmála utan dómstóla og meðferð bótamála.

55. gr.

Upplýsingar og skilmálar rammasamnings skulu ávallt aðgengilegir notanda greiðsluþjónustu.

Hvenær sem er, meðan á samningssambandi stendur, getur notandi greiðsluþjónustu óskað eftir og skal þá fá afhenta skilmála rammasamnings ásamt þeim upplýsingum og skilmálum sem tilgreind eru í 54. gr. á pappír eða öðrum varanlegum miðli. Greiðsluþjónustuveitandi getur uppfyllt skyldur sínar samkvæmt framangreindu með því að upplýsa notanda greiðsluþjónustunnar um það hvar gögnin og upplýsingarnar er að finna á vefsíðu sinni.

56. gr.

Breytingar á skilmálum rammasamnings.

Greiðsluþjónustuveitandi skal leggja tillögur að breytingum á rammasamningi, sem og á upplýsingum og skilmálum skv. 54. gr. fyrir notanda greiðsluþjónustu með þeim hætti sem kveðið er á um í 1. og 2. mgr. 53. gr. eigi síðar en tveimur mánuðum fyrir fyrirhugaðan gildistökudag breytinganna. Notandi greiðsluþjónustunnar getur annað hvort samþykkt breytingarnar eða synjað þeim fyrir fyrirhugaðan gildistökudag þeirra. Ef um það hefur verið samið, sbr. a-lið 6. tölul. 54. gr., skal greiðsluþjónustuveitandi tilkynna notanda greiðsluþjónustu að hann teljist hafa samþykkt slíkar breytingar tilkynni hann ekki um annað fyrir fyrirhugaðan gildistökudag. Notanda greiðsluþjónustu er heimilt að segja rammasamningi upp þegar í stað án sérstakrar gjaldtöku áður en fyrirhugaðar breytingar öðlast gildi og skal greiðsluþjónustuveitandi jafnframt upplýsa notandann um það.

Breytingar á vöxtum eða gengi taka gildi þegar í stað og án viðvörunar ef samið hefur verið um slíkt í rammasamningi og breytingarnar byggjast á viðmiðunarvöxtum eða viðmiðunargengi sem samið hefur verið um í samræmi við b.- og c.-lið 3. tölul. 54. gr. Tilkynna skal notanda greiðsluþjónustu um allar breytingar á vöxtum eins fljótt og kostur er með þeim hætti sem kveðið er á um í 1. og 2. mgr. 53. gr. nema aðilar hafi komið sér saman um að slíkar upplýsingar skuli veittar eða gerðar aðgengilegar með tilteknum tíðleika eða á tiltekinn hátt. Þó má breyta vöxtum eða gengi án tilkynningar ef slíkar breytingar eru notanda greiðsluþjónustu í hag.

Breytingar á vöxtum eða gengi sem notað er í greiðslum skulu framkvæmdar og reiknaðar á hlutlausan hátt þannig að notendum greiðsluþjónustu sé ekki mismunað.

57. gr.

Uppsögn rammasamnings.

Notanda greiðsluþjónustu er heimilt að segja rammasamningi upp hvenær sem er, nema samið hafi verið um uppsagnarfrest. Slíkur uppsagnarfrestur skal ekki vera lengri en einn mánuður.

Uppsögn rammasamnings með föstum samningstíma eða með ótilteknum samningstíma skal vera notanda greiðsluþjónustu að kostnaðarlausu.

Greiðsluþjónustuveitanda er heimilt að segja rammasamningi með ótilteknum samningstíma upp með að minnsta kosti tveggja mánaða uppsagnarfresti. Notanda greiðsluþjónustu skal tilkynnt um uppsögnina með þeim hætti sem greinir í 1. og 2. mgr. 53. gr.

Greiðsluþjónstuveitandi getur í rammasamningi jafnframt áskilið sér rétt til að segja upp rammasamningi eða tilteknum viðskiptum eða þjónustu á grundvelli rammasamnings, fyrirvaralaust og með einhliða tilkynningu til viðskiptavinar ef rökstuddur grunur er um að viðskiptavinur hafi brotið lög, reglur eða skilmála greiðsluþjónustuveitandans, ef rökstuddur grunur er um að viðskiptavinur eða þriðji aðili honum tengdur hafi misnotað eða muni misnota viðskiptasambandið, ef viðskiptin teljast að mati greiðsluþjónustuveitandans fela í sér hættu á peningaþvætti eða fjármögnun hryðjuverka eða ef viðskiptasambandið getur að mati greiðsluþjónustuveitandans skaðað orðspor hans verulega.

Ef samið hefur verið um reglubundnar greiðslur á samningstímanum, fyrir greiðsluþjónustu samkvæmt rammasamningi, skal hlutfallslega tekið tillit til gildistíma uppsagnar við innheimtu greiðslna eftir uppsögn samnings. Ef gjöld vegna greiðsluþjónustu samkvæmt rammasamningi eru greidd fyrirfram skulu þau endurgreidd notanda hlutfallslega, með tilliti til gildistíma uppsagnar.

58. gr.

Upplýsingagjöf áður en kemur til framkvæmdar einstakra greiðslna sem falla undir rammasamning.

Samhliða beiðni greiðanda um að setja af stað tiltekna greiðslu sem fellur undir rammasamning skal greiðsluþjónustuveitandi veita skýrar upplýsingar um öll eftirfarandi atriði:

a. hámarkstíma sem framkvæmd greiðslu má taka,
b. þau gjöld sem greiðanda ber að greiða vegna hennar, og
c. ef við á, skal sundurliða fjárhæðir gjalda.

59. gr.

Upplýsingagjöf gagnvart greiðanda um einstakar greiðslur sem falla undir rammasamning.

Greiðsluþjónustuveitandi skal tafarlaust veita greiðanda eftirfarandi upplýsingar með þeim hætti sem kveðið er á um í 1. og 2. mgr. 53. gr. eftir að fjárhæð einstakrar greiðslu sem fellur undir rammasamning er skuldfærð af reikningi greiðanda eða, ef greiðandi notar ekki greiðslureikning, eftir viðtöku greiðslufyrirmæla:

a. tilvísun sem gerir greiðanda kleift að bera kennsl á hverja greiðslu og, ef við á, upplýsingar sem varða viðtakanda greiðslu,

b. fjárhæð greiðslu í þeim gjaldmiðli sem skuldfærð er á greiðslureikning greiðanda eða í þeim gjaldmiðli sem er notaður í greiðslufyrirmælunum,

c. fjárhæð gjalda vegna greiðslu og, ef við á, sundurliðun fjárhæða slíkra gjalda, svo og upplýsingar um vexti sem greiðanda ber að greiða,

d. það gengi sem greiðsluþjónustuveitandi greiðanda notar við framkvæmd greiðslu og fjárhæð greiðslu eftir gjaldmiðilsumreikning, ef við á, og

e. um gildisdag skuldfærslu eða dagsetningu viðtöku greiðslufyrirmælanna.

Í rammasamningi skal kveða á um að upplýsingar skv. 1. mgr. skuli veittar eða gerðar aðgengilegar reglulega, að minnsta kosti einu sinni í mánuði, án endurgjalds, með hætti sem gerir greiðanda kleift að geyma eða kalla upplýsingarnar fram óbreyttar.

60. gr.

Upplýsingagjöf gagnvart viðtakanda um einstakar greiðslur sem falla undir rammasamning.

Greiðsluþjónustuveitandi skal tafarlaust veita viðtakanda greiðslu eftirfarandi upplýsingar með þeim hætti sem kveðið er á um í 1. og 2. mgr. 53. gr. eftir framkvæmd einstakrar greiðslu sem fellur undir rammasamning:

a. tilvísun sem gerir viðtakandanum kleift að bera kennsl á greiðslu og greiðanda, svo og aðrar upplýsingar sem kunna að hafa verið sendar með greiðslunni,

b. fjárhæð greiðslu í þeim gjaldmiðli sem eignfærður er á greiðslureikning viðtakanda,

c. fjárhæð gjalda vegna greiðslu og, ef við á, sundurliðun fjárhæða slíkra gjalda, svo og upplýsingar um vexti sem viðtakanda ber að greiða,

d. það gengi sem greiðsluþjónustuveitandi viðtakanda notar við framkvæmd greiðslu og fjárhæð greiðslu áður en gjaldmiðilsumreikningur fór fram, ef við á, og

e. um gildisdag eignfærslu.

Heimilt er að kveða á um það í rammasamningi að upplýsingar skv. 1. mgr. skuli veittar eða gerðar aðgengilegar reglulega, að minnsta kosti einu sinni í mánuði, án endurgjalds, með hætti sem gerir viðtakanda greiðslu kleift að geyma eða kalla upplýsingarnar fram óbreyttar.

V. KAFLI.
Réttindi og skyldur í tengslum við veitingu og notkun greiðsluþjónustu.

A. Almenn ákvæði

61. gr.
Gildissvið kaflans.

Ef notandi greiðsluþjónustu er ekki neytandi geta notandi greiðsluþjónustu og greiðsluþjónustuveitandinn komið sér saman um að 1.-2. mgr. 62. gr., 3. mgr. 64. gr., 78. gr., 80. gr., 82.-83. gr., 86. gr. og 94. gr. skuli ekki gilda í heild eða að hluta til. Notandi greiðsluþjónustu og greiðsluþjónustuveitandinn geta einnig komið sér saman um önnur tímamörk en þau sem mælt er fyrir um í 77. gr.

Í þeim tilvikum að lög um neytendalán nr. 33/2013 eða önnur löggjöf kveða á um önnur skilyrði fyrir lánveitingu til neytenda en greinir í þessum lögum þá ganga þau framar þessum lögum.

62. gr.
Gjaldtaka.

Greiðsluþjónustuveitanda er óheimilt að innheimta gjald af notanda greiðsluþjónustu vegna upplýsinga sem skylt er að veita skv. V.-VII. kafla eða vegna leiðréttingaráðstafana eða fyrirbyggjandi ráðstafana samkvæmt þessum V.-VII. kafla nema kveðið sé á um annað í 1. mgr. 85. gr., 5. mgr. 86. gr. og 2. mgr. 93. gr. laganna.

Notandi greiðsluþjónustu og greiðsluþjónustuveitandinn skulu semja sín í milli um þessi gjöld og skulu þau vera viðeigandi og í samræmi við raunverulegan kostnað greiðsluþjónustuveitandans.

Viðtakandi greiðslu skal greiða gjöld sem greiðsluþjónustuveitandi hans leggur á þegar greiðslan á sér stað innan Evrópska efnahagssvæðisins og greiðsluþjónustuveitandi viðtakanda greiðslu er eini greiðsluþjónustuveitandi greiðslunnar eða bæði greiðsluþjónustuveitandi viðtakanda greiðslu og greiðanda eru innan Evrópska efnahagssvæðisins.

Greiðandi skal greiða gjöldin sem greiðsluþjónustuveitandi hans leggur á þegar greiðslan á sér stað innan Evrópska efnahagssvæðisins og greiðsluþjónustuveitandi greiðanda er eini greiðsluþjónustuveitandi greiðslunnar eða bæði greiðsluþjónustuveitandi greiðanda og viðtakanda eru innan Evrópska efnahagssvæðisins.

Viðtakanda greiðslu er óheimilt að krefjast gjalds af greiðanda vegna notkunar tiltekins greiðslumiðils umfram aðra. Honum er þó heimilt að bjóða greiðanda afslátt eða stýra greiðanda með öðrum hætti að notkun tiltekins greiðslumiðils.

63. gr.
Undanþágur og frávik vegna smágreiðslumiðla.

Greiðsluþjónustuveitandi getur í rammasamningi um smágreiðslumiðil við notanda greiðsluþjónustu vikið frá:

a. 3. mgr. 75. gr., 4. mgr. 76. gr. og 6. mgr. 80. gr. ef ekki er unnt að stöðva notkun greiðslumiðilsins eða koma í veg fyrir frekari notkun hans,
b. 78. gr., 79. gr. og 1.-4. mgr. og 6. mgr. 80. gr. ef greiðslumiðill er notaður undir nafnleynd eða greiðsluþjónustuveitandinn er ekki í stakk búin, af öðrum ástæðum sem eru órjúfanlegur hluti greiðslumiðilsins, til að sýna fram á að greiðslan hafi verið heimiluð,
c. 1.-2. mgr. 85. gr. um tilkynningarskyldu til notanda greiðsluþjónustu um synjun á greiðslufyrirmælum ef greinilegt er af málavöxtum að þau hafi ekki verið framkvæmd.

Greiðsluþjónustuveitandi getur einnig í rammasamningi um smágreiðslumiðil við notanda greiðsluþjónustu samið um að greiðandi geti ekki, þrátt fyrir 86. gr., afturkallað greiðslufyrirmæli eftir að hafa sent greiðslufyrirmæli eða veitt samþykki sitt fyrir framkvæmd greiðslunnar til viðtakanda greiðslu og að þrátt fyrir 89. og 90. gr. gildi önnur framkvæmdatímabil sem tilgreind eru þá í rammasamningnum.

B. Heimild fyrir greiðslu.

64. gr.

Samþykki fyrir greiðslu og afturköllun samþykkis.

Greiðsla telst því aðeins heimiluð að greiðandi hafi veitt samþykki fyrir framkvæmd hennar. Greiðandi getur heimilað greiðslu fyrir eða, ef greiðandi og greiðsluþjónustuveitandi hans hafa samið um það, eftir framkvæmd greiðslunnar.

Samþykki fyrir framkvæmd greiðslu eða röð greiðslna skal veitt á því formi sem greiðandi og greiðsluþjónustuveitandi hans koma sér saman um. Einnig má veita samþykki fyrir greiðslu fyrir milligöngu viðtakanda greiðslu eða greiðsluvirkjanda. Ef samþykki er ekki fyrir hendi telst greiðsla ekki hafa verið heimiluð.

Greiðandi getur afturkallað samþykki hvenær sem er, en þó ekki eftir að greiðslufyrirmæli teljast óafturkallanleg í skilningi 86. gr. Samþykki fyrir framkvæmd á röð greiðslna má einnig afturkalla og hefur það þau áhrif að greiðslur sem framkvæmdar eru eftir það tímamark teljast óheimilaðar.

Sú aðferð sem greiðandi skal nota við að veita samþykki skal vera samkomulagsatriði milli greiðanda og viðkomandi greiðsluþjónustuveitanda.

C. Útgefandi kortatengds greiðslumiðils.

65. gr.

Staðfesting á aðgengileika fjármagns.

Greiðsluþjónustuveitandi sem veitir reikningsþjónustu skal þegar í stað eftir að honum hefur borist beiðni frá útgefanda kortatengds greiðslumiðils staðfesta hvort fjárhæðin sem nauðsynleg er til að framkvæma kortatengda greiðslu sé aðgengileg á greiðslureikningi greiðandans, að því tilskildu að eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:

a. greiðslureikningur greiðandans er aðgengilegur á Netinu þegar beiðnin er sett fram,
b. greiðandinn hefur veitt greiðsluþjónustuveitandanum sem veitir reikningsþjónustu skýlaust samþykki til að svara beiðnum frá tilteknum greiðsluþjónustuveitanda um að staðfesta að fjárhæðin sem samsvarar tiltekinni kortatengdri greiðslu sé aðgengileg á greiðslureikningi greiðandans,
c. samþykkið, sem um getur í b-lið, hefur verið veitt áður en fyrsta beiðnin um staðfestingu er sett fram.

Útgefandi kortatengds greiðslumiðils getur óskað eftir staðfestingunni sem um getur í 1. mgr. ef öll eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

a. greiðandinn hefur veitt greiðsluþjónustuveitandanum skýlaust samþykki sitt til að biðja um staðfestinguna sem um getur í 1. mgr.,

b. greiðandinn hefur sett af stað kortatengdu greiðsluna fyrir umræddri fjárhæð með kortatengdum greiðslumiðli sem greiðsluþjónustuveitandinn gefur út,

c. útgefandi kortatengds greiðslumiðils auðkennir sig gagnvart greiðsluþjónustuveitandanum sem veitir reikningsþjónustu fyrir hverja beiðni um staðfestingu og með öruggum samskiptum við greiðsluþjónustuveitandann sem veitir reikningsþjónustu í samræmi við reglur Seðlabanka Íslands, sbr. 2. mgr. 117. gr.

Staðfestingin, sem um getur í 1. mgr., skal, í samræmi við lög um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, aðeins vera einfalt „já“ eða „nei“ og ekki koma fram á reikningsyfirliti og heimilar ekki greiðsluþjónustuveitandanum sem veitir reikningsþjónustu að frysta fjármuni á greiðslureikningi greiðandans. Hvorki skal geyma svarið né nota það í öðrum tilgangi en vegna framkvæmdar á kortatengdu greiðslunni.

Greiðandinn getur óskað eftir því að greiðsluþjónustuveitandinn sem veitir reikningsþjónustu sendi greiðandanum upplýsingar um deili á greiðsluþjónustuveitandanum og svarið sem gefið er.

Ákvæði 1. – 4. mgr. gilda ekki um greiðslur sem settar eru af stað með kortatengdum greiðslumiðlum sem varðveita rafeyri eins og hann er skilgreindur í lögum um útgáfu og meðferð rafeyris.

D. Greiðsluvirkjun og reikningsupplýsingaþjónusta.

66. gr.

Réttur til að nýta sér greiðsluvirkjun og reikningsupplýsingaþjónustu.

Greiðandi sem á greiðslureikning sem er aðgengilegur á Netinu á rétt á að nýta sér greiðsluvirkjun í samræmi við g-lið, 22. tölul., 3. gr. og reikningsupplýsingaþjónustu í samræmi við h-lið, 22. tölul. 3. gr.

Greiðsluþjónustuveitandi greiðandans sem veitir reikningsupplýsingaþjónustu getur ekki sett það sem skilyrði að samningssamband sé á milli hans annars vegar og greiðsluvirkjandans eða reikningsupplýsingaþjónustuveitandans hins vegar.

67. gr.

Skyldur greiðsluvirkjanda vegna veitingu greiðsluþjónustu.

Greiðsluvirkjandi verður að afla skýlauss samþykkis frá greiðanda í samræmi við b-lið 1. mgr. og a-lið 2. mgr. 65. gr. áður en hann getur sett af stað greiðslu.

Greiðsluvirkjandi skal í tengslum við veitingu þjónustu sinnar:

a. sjá til þess að persónubundin öryggisskilríki notanda greiðsluþjónustunnar séu ekki aðgengileg öðrum aðilum, að undanskildum notanda greiðsluþjónustunnar og útgefanda persónubundnu öryggisskilríkjanna og að greiðsluvirkjandinn sendi þau um öruggar og skilvirkar leiðir,

b. gera grein fyrir sér gagnvart greiðsluþjónustuveitandandum sem veitir greiðandanum reikningsþjónustu í hvert sinn sem greiðsla er sett af stað,

c. eiga í öruggum samskiptum við greiðsluþjónustuveitandann sem veitir reikningsþjónustu, greiðandann og viðtakanda greiðslunnar í samræmi reglur Seðlabanka Íslands, sbr. 2. mgr. 117. gr.

Greiðsluvirkjandi má aldrei geyma fjármuni greiðandans í tengslum við veitingu greiðsluvirkjunar og hvorki breyta fjárhæð, viðtakanda greiðslunnar né öðrum þáttum greiðslunnar.

68. gr.

Meðhöndlun upplýsinga og gagna sem greiðsluvirkjandi aflar í tengslum við að veita þjónustu sína.

Greiðsluvirkjandi má hvorki nota, nálgast né geyma gögn í öðrum tilgangi en til að veita greiðsluvirkjun sem greiðandinn óskar eftir.

Þrátt fyrir 1. mgr. má greiðsluvirkjandi aldrei geyma viðkvæm greiðslugögn notanda greiðsluþjónustunnar.

Aðrar upplýsingar sem fást við veitingu greiðsluvirkjunar má greiðsluvirkjandi einungis veita viðtakanda greiðslunnar og aðeins með skýlausu samþykki notanda greiðsluþjónustunnar.

69. gr.

Skyldur greiðsluþjónustuveitanda sem veitir reikningsþjónustu vegna aðgengileika upplýsinga, öruggra samskipta og framkvæmd greiðslufyrirmæla.

Greiðsluþjónustuveitandi sem veitir reikningsþjónustu skal þegar í stað eftir viðtöku greiðslufyrirmæla frá greiðsluvirkjanda, veita eða gera aðgengilegar allar upplýsingar um framkvæmd greiðslunnar og allar upplýsingar sem eru aðgengilegar honum að því er varðar framkvæmd greiðslunnar til greiðsluvirkjanda.

Greiðsluþjónustuveitandi sem veitir reikningsþjónustu skal eiga örugg samskipti við greiðsluvirkjendur í samræmi við reglur Seðlabanka Íslands, sbr. 2. mgr. 117. gr.

Greiðsluþjónustuveitandi sem veitir reikningsþjónustu má ekki mismuna greiðslufyrirmælum, sem send eru fyrir milligöngu greiðsluvirkjanda gagnvart greiðslufyrirmælum sem greiðandinn sendir beint, nema af hlutlægum ástæðum einkum með tilliti til tímasetningar, forgangs eða gjalda.

70. gr.

Skyldur reikningsupplýsingaþjónustuveitanda vegna veitingar reikningsupplýsingaþjónustu.

Reikningsupplýsingaþjónustuveitandi verður að afla skýlauss samþykkis frá notanda greiðsluþjónustunnar áður en hann veitir reikningsupplýsingaþjónustuna.

Reikningsupplýsingaþjónustuveitandi má aðeins nálgast upplýsingar frá tilnefndum greiðslureikningum og tengdum greiðslum.

Reikningsupplýsingaþjónustuveitandi skal við veitingu reikningsupplýsingaþjónustu:

a. tryggja að persónubundin öryggisskilríki notanda greiðsluþjónustunnar séu ekki aðgengileg öðrum aðilum, að undanskildum notanda og útgefanda persónubundnu öryggisskilríkjanna,
b. fyrir hverja boðskiptalotu, staðfesta hver hann er gagnvart greiðsluþjónustuveitendunum sem veita notanda greiðsluþjónustunnar reikningsþjónustu,
c. eiga í öruggum samskiptum við greiðsluþjónustuveitendurna sem veita notanda greiðsluþjónustunnar reikningsþjónustu og notanda greiðsluþjónustunnar.

Í reglum sem Seðlabanki Íslands setur skv. 2. mgr. 117. gr. verður nánar kveðið á um framkvæmd a.-c.-liðar 3. mgr.

71. gr.

Meðhöndlun gagna sem reikningsupplýsingaþjónustuveitandi aflar.

Reikningsupplýsingaþjónustuveitandi má hvorki nota, nálgast né geyma gögn í öðrum tilgangi en að annast reikningsupplýsingaþjónustu sem notandi greiðsluþjónustunnar óskar sérstaklega eftir, í samræmi við reglur um persónuvernd.

Þrátt fyrir 1. mgr. má reikningsupplýsingaþjónustuveitandi ekki óska eftir viðkvæmum greiðslugögnum sem tengjast greiðslureikningum.

72. gr.

Skyldur greiðsluþjónustuveitanda sem veitir reikningsþjónustu vegna öruggra samskipta og afgreiðslu beiðna um gögn.

Greiðsluþjónustuveitandi sem veitir reikningsþjónustu skal í tengslum við greiðslureikninga eiga í öruggum samskiptum við reikningsupplýsingaþjónustuveitendurna í samræmi við reglur Seðlabanka Íslands, sbr. 2. mgr. 117. gr.

Greiðsluþjónustuveitandi sem veitir reikningsþjónustu skal afgreiða beiðnir um gögn, sem sendar eru fyrir milligöngu reikningsupplýsingaþjónustuveitanda, án mismununar af öðrum ástæðum en hlutlægum.

73. gr.

Hvenær greiðsluþjónustuveitandi sem veitir reikningsþjónustu getur synjað um upplýsingar um og aðgang að greiðslureikningi.

Greiðsluþjónustuveitandi sem veitir reikningsþjónustu getur synjað reikningsupplýsingaþjónustuveitanda eða greiðsluvirkjanda um aðgang að greiðslureikningi ~~sökum þess að aðgangur hans er óheimill eða fenginn með sviksamlegum hætti.~~ á grundvelli málefnalegra réttlætingarástæðna sem varða óheimilan eða sviksamlegan aðgang að reikningnum, t.d. ef fyrir liggur staðfestur grunur um að greiðsluvirkjun sé framkvæmd með óheimilum eða sviksamlegum hætti, ef vísbendingar eru um að greiðsluvirkjandi eða reikningsupplýsingaþjónustuveitandi uppfylli ekki þær skyldur sem tilgreindar eru í 67. og 70. gr. eða ef líkur eru á að aðgangurinn stefni upplýsingaöryggi eða kerfisvirkni í hættu.

Synji greiðsluþjónustuveitandi sem veitir reikningsþjónustu reikningsupplýsingaþjónustuveitanda eða greiðsluvirkjanda aðgang að greiðslureikningi skal hann tilkynna greiðandanum þar um, áður en honum er synjað um aðgang og eigi síðar en strax í kjölfar synjunar auk ástæðna fyrir synjuninni á fyrirframsamþykktu formi. Tilkynningarskyldan fellur þó niður ef hún myndi tefla í tvísýnu metnu öryggi tengt greiðslureikningi eða lög kveði á um annað.

Greiðsluþjónustuveitandi sem veitir reikningsþjónustu skal veita aðgang að greiðslureikningnum þegar ástæðurnar fyrir synjuninni eiga ekki lengur við.

Í þeim tilvikum þegar greiðsluþjónustuveitandi sem veitir reikningsþjónustu synjar um aðgang, sbr. 1. mgr., skal hann þegar í stað skýra Fjármálaeftirlitinu frá synjuninni og ástæðum hennar. Upplýsingarnar skulu innihalda málsatvik og ástæður þess að grípa varð til aðgerða. Fjármálaeftirlitið skal meta tilvikið og grípa til viðeigandi aðgerða gerist þess þörf.

Seðlabanka Íslands er heimilt að setja nánari reglur um tilkynningu sem um getur í 4. mgr.

E. Framkvæmd greiðslu.

74. gr.

Takmarkanir á notkun greiðslumiðils.

Ef nota skal tiltekinn greiðslumiðil til að veita samþykki fyrir framkvæmd greiðslna geta greiðandi og greiðsluþjónustuveitandi greiðanda samið um útgjaldaþak vegna þeirra greiðslna sem framkvæmdar eru með honum.

Ef um það er samið í rammasamningi getur greiðsluþjónustuveitandinn áskilið sér rétt til að stöðva notkun greiðslumiðils af ástæðum sem rökstuddar eru á hlutlægan hátt með hliðsjón

af öryggi greiðslumiðilsins, grun um óheimila eða sviksamlega notkun greiðslumiðilsins eða, þegar um er að ræða greiðslumiðil sem lánsheimildir fylgja, verulega aukinni hættu á því að greiðandi kunni að vera ófær um að uppfylla greiðsluskyldu sína.

Greiðsluþjónustuveitandi skal tilkynna greiðanda um stöðvun notkunar greiðslumiðils og ástæður fyrir henni á umsaminn hátt svo fljótt sem auðið er, nema þess háttar tilkynning tefli í tvísýnu raunhæft metnu öryggi greiðslumiðilsins eða lög kveði á um annað. Ef mögulegt er skal uppfylla þessa tilkynningarskyldu áður en notkun greiðslumiðils er stöðvuð, en hún skal í síðasta lagi uppfyllt tafarlaust í kjölfar stöðvunar.

Greiðsluþjónustuveitandi skal opna fyrir notkun greiðslumiðils eða afhenda nýjan greiðslumiðil í hans stað þegar ástæður fyrir stöðvun notkunar eru ekki lengur fyrir hendi.

75. gr.

Skyldur notanda greiðsluþjónustu í tengslum við greiðslumiðil og persónubundin öryggisskilríki.

Notandi greiðsluþjónustu, sem á rétt á að nota greiðslumiðil, skal nota greiðslumiðilinn í samræmi við skilmála um útgáfu og notkun hans og skulu skilmálarnir vera hlutlægir, án mismununar og gæta meðalhófs.

Við viðtöku greiðslumiðils ber notandanum að gera nauðsynlegar varúðarráðstafanir til að tryggja öryggi persónubundinna öryggisskilríkja greiðslumiðilsins.

Notandi greiðsluþjónustu, sem á rétt á að nota greiðslumiðil, skal án óþarfa tafar tilkynna greiðsluþjónustuveitanda, eða öðrum sem hann tilnefnir, um það verði hann var við tap, þjófnað eða misnotkun á greiðslumiðli eða óheimila notkun hans.

76. gr.

Skyldur greiðsluþjónustuveitanda í tengslum við greiðslumiðil.

Greiðsluþjónustuveitandi sem gefur út greiðslumiðil skal tryggja að persónubundin öryggisskilríki greiðslumiðils séu ekki aðgengileg öðrum en þeim notanda greiðsluþjónustu sem á rétt á að nota greiðslumiðilinn, án þess að það hafi áhrif á þær skyldur notanda greiðsluþjónustu sem settar eru fram í 75. gr.

Greiðsluþjónustuveitandi skal ekki óumbeðinn senda notanda greiðsluþjónustu greiðslumiðil, nema nýr greiðslumiðill eigi að koma í stað annars sem notandinn hefur þegar fengið.

Greiðsluþjónustuveitandi ber alla áhættu af sendingu greiðslumiðils og hvers kyns persónubundinna öryggisskilríkja greiðslumiðils til greiðanda.

Greiðsluþjónustuveitandi skal tryggja að notanda greiðsluþjónustu sé kleift að koma tilkynningu skv. 3. mgr. 75. gr. á framfæri, hvenær sem er sólarhringsins endurgjaldslaust, og að óska eftir opnun fyrir notkun greiðslumiðils í samræmi við 4. mgr. 74. gr. Greiðsluþjónustuveitanda ber jafnframt að sjá til þess að í 18 mánuði frá því að notandi kemur tilkynningu skv. 3. mgr. 75. gr. á framfæri hafi notandinn úrræði til að sanna að hann hafi gefið út slíka tilkynningu. Greiðsluþjónustuveitandi má einungis taka gjald fyrir endurnýjunarkostnaði sem tengist greiðslumiðlinum með beinum hætti.

Greiðsluþjónustuveitandi skal koma í veg fyrir alla notkun greiðslumiðils þegar tilkynningu skv. 3. mgr. 75. gr. hefur verið komið á framfæri.

77. gr.

Tilkynning um óheimilaða eða ranglega framkvæmda greiðslu og leiðréttingu á henni.

Notandi greiðsluþjónustu skal tilkynna greiðsluþjónustuveitanda um það án óþarfa tafar verði hann var við óheimilaða eða ranglega framkvæmda greiðslu sem gefur tilefni til kröfu um leiðréttingu samkvæmt ákvæðum laga þessara, þ.m.t. 94. gr., og eigi síðar en 13 mánuðum eftir dagsetningu skuldfærslu. Þetta á þó ekki við ef greiðsluþjónustuveitandi veitti notanda greiðsluþjónustunnar ekki, eða hafði aðgengilegar fyrir hann, upplýsingar um greiðsluna í samræmi við ákvæði IV. kafla.

Ef greiðsluvirkjandi á hlut að máli skal notandi greiðsluþjónustunnar fá leiðréttingu frá greiðsluþjónustuveitanda sem veitir reikningsþjónustu skv. 1. mgr. þessarar greinar að teknu tilliti til 2. og 3. mgr. 79. gr. og 1. mgr. 94. gr.

78. gr.

Sannvottun vegna framkvæmdar greiðslu.

Ef notandi greiðsluþjónustu neitar að hafa heimilað framkvæmd greiðslu eða heldur því fram að greiðsla hafi ekki verið réttilega framkvæmd skal greiðsluþjónustuveitandi hans sanna að sannvottun vegna framkvæmdar greiðslu hafi átt sér stað, að framkvæmd greiðslu hafi verið nákvæmlega skráð og færð í reikningshald og að tæknileg bilun hafi ekki haft áhrif á hana eða á henni sé einhver annar ágalli.

Ef greiðslan er sett af stað fyrir milligöngu greiðsluvirkjanda skal hann bera sönnunarbyrðina um að sannvottun vegna framkvæmdar greiðslu hafi átt sér stað, að framkvæmd greiðslu hafi verið rétt skráð og að tæknileg bilun hafi ekki haft áhrif á hana eða á henni sé einhver ágalli.

Ef notandi greiðsluþjónustu neitar að hafa heimilað framkvæmda greiðslu fer það eftir atvikum hvort notkun greiðslumiðils sem greiðsluþjónustuveitandinn skráir, eða greiðsluvirkjandinn, eftir því sem við á, dugi ein og sér til sönnunar á því að greiðandi hafi annaðhvort heimilað greiðsluna eða hann hafi með sviksamlegum hætti, að yfirlögðu ráði eða af stórfelldu gáleysi látið hjá líða að uppfylla eina eða fleiri af skyldunum skv. 75. gr. Greiðsluþjónustuveitandinn, eða, greiðsluvirkjandinn, eftir því sem við á, skal leggja fram sönnunargögn til að sýna fram á svik eða vítavert gáleysi af hálfu notanda greiðsluþjónustunnar.

Commented [JBG5]: Ath hér er bæði notað orðalagið stórfellt gáleysi og vítavert gáleysi. Er það sami hluturinn? Bæta mætti umfjöllun í greinargerð um stórfellt gáleysi og hvaða hegðun mætta fella undir stórfellt gáleysi í skilningi lagagreinarinnar. Við erum vön að vinna með stórkostlegt gáleysi í skaðabótarétti og refsirétti en hér erum við að tala um greiðslur og þar spilar rík neytendavernd á móti þessu mati.

79. gr.

Bótaábyrgð greiðsluþjónustuveitanda þegar um ræðir óheimilaða greiðslu.

Ef notandi greiðsluþjónustu heldur því fram að greiðsla sé óheimil, skal greiðsluþjónustuveitandi greiðanda, að uppfylltum skilyrðum 77. gr., endurgreiða greiðanda þegar í stað fjárhæð óheimiluðu greiðslunnar og eigi síðar en við lok næsta virka dags frá því að hann uppgötvaði hana eða hefur fengið tilkynningu um hana. Greiðsluþjónustuveitandi greiðandans skal koma greiðslureikningnum sem skuldfærður er í þá stöðu sem hann hefði verið ef óheimilaða greiðslan hefði ekki átt sér stað. Þetta skal einnig tryggja að gildisdagur eignfærslunnar að því er varðar greiðslureikning greiðandans sé ekki síðar en dagurinn þegar fjárhæðin var skuldfærð. Hafi greiðsluþjónustuveitandi greiðanda grun um svik getur hann neitað endurgreiðslu og skal tilkynna um grun sinn til Fjármálaeftirlitsins.

Ef greiðslufyrirmæli eru sett af stað fyrir milligöngu greiðsluvirkjanda skal greiðsluþjónustuveitandinn sem veitir reikningsþjónustu endurgreiða þegar í stað fjárhæð óheimiluðu greiðslunnar og eigi síðar en við lok næsta virka dags og, eftir atvikum, koma greiðslureikningnum sem skuldfærður er í þá stöðu sem hann hefði verið ef óheimilaða greiðslan hefði ekki átt sér stað.

Ef greiðsluvirkjandinn ber ábyrgð á óheimilaðri greiðslu skal hann þegar í stað bæta greiðsluþjónustuveitandanum sem veitir reikningsþjónustu, að beiðni hans, upp tapið sem hann verður fyrir eða fjárhæðirnar sem hann hefur greitt vegna endurgreiðslu til greiðandans, þ.m.t. fjárhæð óheimiluðu greiðslunnar. Í samræmi við 2. mgr. 78. gr. skal greiðsluvirkjandinn bera sönnunarbyrðina um að sannvottun vegna framkvæmdar greiðslu hafi átt sér stað, að framkvæmd greiðslu hafi verið rétt skráð og að tæknileg bilun hafi ekki haft áhrif á hana eða á henni sé einhver ágalli.

Ákvarða má greiðanda frekari bætur ef lög sem gilda um samninginn sem gerður er á milli greiðandans og greiðsluþjónustuveitandans eða samninginn sem gerður er á milli greiðandans og greiðsluvirkjanda ef við á, kveða á um slíkt.

Ákvæði þetta gildir um rafeyri í skilningi laga um útgáfu og meðferð rafeyris, nema greiðsluþjónustuveitandi greiðanda hafi ekki getu til að frysta greiðslureikning eða loka greiðslumiðli.

Seðlabanka Íslands er heimilt að setja reglur um form tilkynningar vegna gruns greiðsluþjónustuveitanda um svik.

80. gr.

~~Bótaá~~Á byrgð greiðanda þegar um ræðir óheimilaða greiðslu.

Þrátt fyrir 79. gr. skal greiðandi bera tap vegna óheimilaðra greiðslna sem nemur allt að jafnvirði 50 evra í íslenskum krónum miðað við opinbert viðmiðunargengi (kaupgengi) eins og það er skráð hverju sinni sem rekja má til notkunar á týndum eða stolnum greiðslumiðli eða stafar af óréttmætri nýtingu greiðslumiðils.

Ákvæði 1. mgr. gilda ekki ef:

a. greiðanda gat ekki orðið ljóst tap á eða þjófnaður greiðslumiðilsins eða óréttmæta nýtingu hans fyrir greiðslu og hann hefur ekki sýnt af sér sviksamlega háttsemi eða,
b. tap greiðanda á greiðslumiðlinum stafaði af aðgerðum eða aðgerðaleysi starfsmanns, greiðsluþjónustuveitandanda, umboðsaðila eða útvistunaraðila hans.

Greiðandi skal bera allt tjón sem rekja má til óheimilaðra greiðslna ef hann hefur stofnað til þeirra með sviksamlegum hætti eða látið ógert að uppfylla eina eða fleiri af skyldum sínum skv. 75. gr. af ásetningi eða af stórfelldu gáleysi. Þegar þetta á við gildir ekki hámarksfjárhæðin sem um getur í 1. mgr

Þegar háttsemi greiðanda hefur hvorki verið með sviksamlegum hætti né hann af ásetningi látið ógert að uppfylla skyldur sínar skv. 75. gr. skal tekið tillit til eðlis persónubundinna öryggisskilríkja greiðslumiðils og aðstæðna þegar hann týndist, honum var stolið eða hann nýttur með óréttmætum hætti við ákvörðun fjárhæðar þeirrar sem greiðanda verður gert að bera sjálfur skv. 1. og 3. mgr.

Ef greiðsluþjónustuveitandi greiðanda krefst ekki sterkrar sannvottunar viðskiptavinar skal greiðandinn ekki bera neitt fjárhagstjón nema greiðandinn hafi sýnt af sér sviksamlega háttsemi. Ef viðtakandi greiðslu eða greiðsluþjónustuveitandi viðtakanda greiðslu samþykkir ekki sterka sannvottun skal hann endurgreiða fjárhagslegt tjón sem það veldur greiðsluþjónustuveitanda greiðanda.

Greiðandi skal ekki bera tjón sem hlýst af notkun á greiðslumiðli sem týnist, er stolið eða nýttur með óréttmætum hætti eftir tímamark tilkynningar skv. 3. mgr. 75. gr. Þetta á þó ekki við ef greiðandi hefur sýnt af sér sviksamlega háttsemi.

Greiðandi skal ekki bera tjón sem hlýst af notkun greiðslumiðils ef greiðsluþjónustuveitandi hefur ekki gert viðeigandi ráðstafanir samkvæmt lögum þessum
vegna tilkynningarskyldu um greiðslumiðil sem hefur týnst, verið stolið eða notaður með

óréttmætum hætti, eins og krafist er skv. 4. mgr. 76. gr. Þetta á þó ekki við ef greiðandi hefur sýnt af sér sviksamlega háttsemi.

Ákvæði þetta gildir um rafeyri í skilningi laga um útgáfu og meðferð rafeyris, nema greiðsluþjónustuveitandi greiðanda hafi ekki getu til að frysta greiðslureikning eða loka greiðslumiðli.

81. gr.

Greiðsla þegar fjárhæð greiðslu er ekki þekkt fyrirfram.

Þegar greiðsla er sett af stað af eða fyrir milligöngu viðtakanda greiðslu í tengslum við kortatengda greiðslu og nákvæm fjárhæð er ekki þekkt á þeirri stundu sem greiðandinn veitir samþykki sitt fyrir framkvæmd greiðslunnar getur greiðsluþjónustuveitandi greiðandans aðeins fryst fjármuni á greiðslureikningi greiðandans ef greiðandinn hefur veitt samþykki fyrir nákvæmlega þeirri fjárhæð sem fyrirhugað er að frysta.

Greiðsluþjónustuveitandi greiðandans skal afhenda fjármunina sem frystir hafa verið á greiðslureikningi greiðandans skv. 1. mgr. án ótilhlýðilegrar tafar eftir viðtöku upplýsinganna um nákvæma fjárhæð greiðslunnar og eigi síðar en strax eftir viðtöku greiðslufyrirmælanna.

82. gr.

Endurgreiðslur á greiðslum sem viðtakandi greiðslu setur af stað/ eða hefur milligöngu um.

Greiðandi á rétt á endurgreiðslu frá greiðsluþjónustuveitanda sínum vegna heimilaðrar greiðslu, sem viðtakandi greiðslu hefur sett af stað eða hefur milligöngu um og greiðslan hefur þegar verið framkvæmd, ef eftirfarandi skilyrðum er fullnægt:

a. fjárhæð greiðslunnar var ekki nákvæmlega tilgreind í heimildinni þegar hún var veitt,
b. fjárhæð greiðslunnar var hærri en svo að greiðandi gæti með sanngjörnum hætti gert ráð fyrir þeirri fjárhæð miðað við útgjaldamynstur hans til þessa, skilmála í rammasamningi og málsatvik að öðru leyti.

Að beiðni greiðsluþjónustuveitanda skal greiðandi leggja fram gögn og færa fram sönnur fyrir að skilyrði a- og b- liðar 1. mgr. teljist uppfyllt.

Af því er varðar b-lið 1. mgr. getur greiðandi þó ekki byggt kröfu um endurgreiðslu á gengisástæðum ef beitt var viðmiðunargengi sem hann samdi um við greiðsluþjónustuveitanda í samræmi við d-lið 1. mgr. 49. gr. og b-lið 3. töluliðar 54. gr.

Endurgreiðsla tekur til allrar fjárhæðar greiðslunnar sem framkvæmd var. Gildisdagur eignfærslunnar að því er varðar greiðslureikning greiðandans skal ekki vera síðar en dagurinn þegar fjárhæðin var skuldfærð.

Greiðandi hefur til viðbótar við réttindin sem um getur í 1.–3. mgr., skilyrðislausan rétt til endurgreiðslu innan þeirra tímamarka sem mælt er fyrir um í 83. gr. vegna beingreiðslna sem um getur í 1. gr. reglugerðar (ESB) nr. 260/2012, um að koma á tæknilegum og viðskiptalegum kröfum fyrir millifærslur fjármuna og beingreiðslur í evrum, sem innleidd er með lögum um greiðslur yfir landamæri í evrum nr. 78/2014.

Heimilt er að semja um það í rammasamningi um greiðsluþjónustu að greiðandi eigi ekki rétt á endurgreiðslu ef hann hefur veitt samþykki sitt fyrir framkvæmd greiðslu beint til greiðsluþjónustuveitanda og, ef við á, greiðsluþjónustuveitandi eða viðtakandi greiðslu veitti upplýsingar um greiðslur í framtíðinni eða kom þeim á framfæri við greiðanda á umsaminn hátt að minnsta kosti fjórum vikum fyrir gjalddaga.

Að því er varðar beingreiðslur í íslenskum krónum er heimilt að semja um það í rammasamningi um greiðsluþjónustu að greiðandi eigi rétt á endurgreiðslu frá

greiðsluþjónustuveitanda í samræmi við beingreiðslukerfi hans, jafnvel þótt skilyrði fyrir endurgreiðslu skv. 1. mgr. séu ekki uppfyllt.

83. gr.

Meðferð beiðna um endurgreiðslu vegna greiðslna sem viðtakandi greiðslu setur af stað eða hefur milligöngu um.

Greiðandi skal óska eftir endurgreiðslu í samræmi við 82. gr. á heimilaðri greiðslu sem er sett af stað fyrir milligöngu viðtakanda greiðslu innan átta vikna frá þeim degi þegar fjármunir voru skuldfærðir.

Greiðsluþjónustuveitandi skal innan tíu viðskiptadaga frá móttöku skv. 1. mgr. annaðhvort endurgreiða að fullu fjárhæð greiðslunnar eða rökstyðja synjun um endurgreiðslu og tilgreina þá aðila sem greiðandi getur vísað málinu til í samræmi við 103.-105. gr. ef hann sættir sig ekki við rökstuðning fyrir synjuninni.

Réttur greiðsluþjónustuveitandans samkvæmt 2. mgr. til að synja um endurgreiðslu gildir ekki í því tilviki sem sett er fram í 7. mgr. 82. gr.

84. gr.

Viðtaka greiðslufyrirmæla.

Viðtökutími greiðslufyrirmæla er sá tími þegar greiðslufyrirmæli berast greiðsluþjónustuveitanda. Ekki skal skuldfæra af reikningi greiðandans fyrr en tekið hefur verið við greiðslufyrirmælunum. Ef viðtökutíminn er ekki á viðskiptadegi að því er varðar greiðsluþjónustuveitanda greiðanda skal litið svo á að tekið hafi verið við greiðslufyrirmælunum næsta virka dag á eftir. Greiðsluþjónustuveitandi getur fastsett lokunartíma nálægt lokum virks dags og skulu greiðslufyrirmæli, sem hann tekur við eftir það, teljast vera móttekin næsta viðskiptadag á eftir.

Ef notandi greiðsluþjónustu sem gefur greiðslufyrirmæli og greiðsluþjónustuveitandi hans semja um að framkvæmd greiðslufyrirmæla skuli hefjast á tilgreindum degi, við lok tiltekins tímabils eða þann dag þegar greiðandi hefur lagt inn fjármuni til ráðstöfunar greiðsluþjónustuveitanda hans telst viðtökutíminn, í skilningi 81. gr., vera dagurinn sem samið var um. Ef dagurinn sem samið var um er ekki viðskiptadagur, að því er varðar greiðsluþjónustuveitandann, skal litið svo á að tekið hafi verið við greiðslufyrirmælunum næsta viðskiptadag á eftir.

85. gr.

Synjun um framkvæmd greiðslufyrirmæla.

Ef greiðsluþjónustuveitandi neitar að framkvæma greiðslufyrirmæli eða setja af stað greiðslu skal tilkynna notanda greiðsluþjónustunnar um synjunina og, ef unnt er, ástæður fyrir henni og málsmeðferð við mögulega leiðréttingu á þeim atvikum sem valda neituninni. Þetta á þó ekki við ef lög kveða á um annað.

Greiðsluþjónustuveitandinn skal koma á framfæri tilkynningu skv. 1. mgr. á umsaminn hátt við fyrsta tækifæri og eigi síðar en innan þess frests sem greinir í 89. gr. Í rammasamningi um greiðsluþjónustu má kveða á um að greiðsluþjónustuveitanda sé heimilt að taka sanngjarnt gjald fyrir þess háttar synjun, enda sé synjun um framkvæmd greiðslufyrirmæla eða að setja af stað greiðslu í samræmi við lög og rökstudd á hlutlægan hátt.

Ef öll skilyrðin sem fram koma í rammasamningi greiðanda eru uppfyllt er greiðsluþjónustuveitandi sem veitir greiðanda reikningsþjónustu óheimilt að neita að framkvæma heimiluð greiðslufyrirmæli án tillits til þess hvort greiðandi setur af stað

greiðslufyrirmælin, þ.m.t. fyrir milligöngu greiðsluvirkjanda, eða viðtakandi greiðslu setur þau af stað eða hefur um þau milligöngu. Þetta á þó ekki við ef lög kveða á um annað.

Af því er varðar 89. gr. og 94. gr. skal líta á greiðslufyrirmæli, sem synjað hefur verið um framkvæmd á, eins og ekki hafi verið tekið við þeim.

86. gr.

Afturköllun greiðslufyrirmæla.

Notandi greiðsluþjónustu getur ekki afturkallað greiðslufyrirmæli þegar greiðsluþjónustuveitandi greiðanda hefur tekið við þeim, nema 2.–6. mgr. eigi við.

Ef greiðsluvirkjandi setur af stað greiðslu eða ef viðtakandi greiðslu setur af stað eða hefur milligöngu um greiðslu getur greiðandi ekki afturkallað greiðslufyrirmæli eftir að hann hefur veitt greiðsluvirkjanda samþykki sitt fyrir því að setja af stað greiðsluna eða að greiðslan til viðtakanda greiðslu skuli framkvæmd.

Þrátt fyrir 2. mgr. getur greiðandi afturkallað greiðslufyrirmæli þegar um beingreiðslu er að ræða í síðasta lagi í lok síðasta viðskiptadags fyrir umsaminn skuldfærsludag fjárins.

Ef notandi greiðsluþjónustu sem gefur greiðslufyrirmæli og greiðsluþjónustuveitandi hans semja um að framkvæmd greiðslufyrirmæla skuli hefjast á tilgreindum degi, við lok tiltekins tímabils eða þann dag þegar greiðandi hefur lagt inn fjármuni til ráðstöfunar greiðsluþjónustuveitanda hans, sbr. 2. mgr. 84. gr., getur notandi greiðsluþjónustu afturkallað greiðslufyrirmæli í síðasta lagi við lok síðasta viðskiptadags fyrir umsaminn dag.

Eftir tímamörkin sem tilgreind eru í 1.–4. mgr. er aðeins unnt að afturkalla greiðslufyrirmæli ef notandi greiðsluþjónustu og greiðsluþjónustuveitandi hafa samið um það. Í því tilviki sem um getur í 2. og 3. mgr. skal samþykki viðtakanda greiðslu jafnframt liggja fyrir. Ef um það er samið í rammasamningi getur greiðsluþjónustuveitandi krafist gjalds vegna afturköllunar greiðslufyrirmæla samkvæmt þessari málsgrein.

87. gr.

Fjárhæð greiðslu.

Greiðsluþjónustuveitendur og milliliðir þeirra skulu millifæra alla fjárhæð greiðslu óskerta. Gjöld skulu ekki dregin frá millifærðri fjárhæð.

Viðtakandi greiðslu og greiðsluþjónustuveitandi hans geta þó samið um að gjöld greiðsluþjónustuveitandans vegna greiðsluþjónustu verði dregin frá millifærðri fjárhæð áður en hún er eignfærð á viðtakanda greiðslu. Þegar þetta á við er öll fjárhæð greiðslunnar aðskilin frá gjöldunum í þeim upplýsingum sem viðtakanda greiðslu eru veittar.

Ef einhver önnur gjöld en þau sem um getur í 2. mgr. eru dregin frá millifærðri fjárhæð skal greiðsluþjónustuveitandi greiðanda sjá til þess að viðtakandi greiðslu fái alla fjárhæð greiðslunnar sem greiðandi setur af stað. Í tilvikum þar sem viðtakandi greiðslu setur af stað greiðslu eða hefur milligöngu um greiðslu skal greiðsluþjónustuveitandi hans tryggja að viðtakandinn fái óskerta fjárhæð greiðslunnar.

F. Framkvæmdatími greiðslu og gildisdagur.

88. gr.

Gildissvið F-þáttar.

Um gildissvið 88.– 92. gr. fer samkvæmt 5. mgr. 1. gr.

89. gr.

Greiðsla á greiðslureikning.

Frá viðtökutíma skv. 84. gr. skal greiðsluþjónustuveitandi greiðanda tryggja að fjárhæð greiðslu sé eignfærð á reikning greiðsluþjónustuveitanda viðtakanda greiðslu og í síðasta lagi í lok næsta viðskiptadags. Þennan frest má þó framlengja um einn viðskiptadag fyrir greiðslur sem eru á pappírsgrundvelli.

Greiðsluþjónustuveitandi viðtakanda skal eftir viðtöku fjármuna setja gildisdag á greiðsluna og tryggja að fjárhæð hennar sé viðtakanda greiðslu til ráðstöfunar á greiðslureikningi hans í samræmi við 92. gr., nema samningsaðilar tiltaki annan tímafrest.

Að því er varðar greiðslur sem viðtakandi greiðslu setur af stað eða hefur milligöngu um skal greiðsluþjónustuveitandi viðtakanda senda greiðslufyrirmæli til greiðsluþjónustuveitanda greiðanda innan þess uppgjörsfrests sem viðtakandinn og greiðsluþjónustuveitandi hans hafa komið sér saman um. Þegar um ræðir beingreiðslur skulu greiðslufyrirmælin send á umsömdum gjalddaga.

90. gr.

Aðstæður þegar viðtakandi greiðslu er ekki með greiðslureikning hjá greiðsluþjónustuveitanda.

Ef viðtakandi greiðslu er ekki með greiðslureikning hjá greiðsluþjónustuveitanda skal greiðsluþjónustuveitandinn sem tekur við fjármununum fyrir viðtakandann hafa þá aðgengilega til ráðstöfunar fyrir viðtakandann innan þess frests sem tilgreindur er í 89. gr.

91. gr.

Reiðufé lagt inn á greiðslureikning.

Ef notandi greiðsluþjónustu leggur reiðufé inn á greiðslureikning hjá greiðsluþjónustuveitanda í gjaldmiðli greiðslureikningsins skal greiðsluþjónustuveitandinn tryggja að fjárhæðin sé til ráðstöfunar og gildisdagsett tafarlaust eftir viðtöku fjármunanna.

92. gr.

Gildisdagur og fjármunir til ráðstöfunar.

Gildisdagur eignfærslu á greiðslureikning viðtakanda greiðslu telst vera eigi síðar en þann viðskiptadag þegar fjárhæð greiðslunnar er eignfærð á reikning greiðsluþjónustuveitanda viðtakanda greiðslu.

Greiðsluþjónustuveitandi viðtakanda greiðslu skal tryggja að fjárhæð greiðslunnar sé viðtakanda greiðslu til ráðstöfunar þegar í stað eftir að fjárhæðin er eignfærð á reikning greiðsluþjónustuveitanda viðtakanda greiðslu að því tilskildu að:

a) það á sér ekki stað umreikningur gjaldmiðils eða
b) umreikningur gjaldmiðils milli evru og gjaldmiðils aðildarríkis eða milli gjaldmiðla tveggja aðildarríkja.

Sama skylda á einnig við þrátt fyrir að greiðsluþjónustuveitandi viðtakanda greiðslu og greiðanda sé hinn sami.

Gildisdagur skuldfærslu á greiðslureikning greiðanda telst vera eigi fyrr en sá tímapunktur þegar fjárhæð greiðslunnar er skuldfærð á greiðslureikning greiðanda hjá greiðsluþjónustuveitanda.

G. Bótaábyrgð og meðferð persónuupplýsinga.

93. gr.

Sérstakt kennimerki er rangt.

Ef greiðslufyrirmæli eru framkvæmd í samræmi við sérstakt kennimerki skulu þau teljast hafa verið rétt framkvæmd að því er varðar þann viðtakanda greiðslu sem er tilgreindur með því sérstaka kennimerki.

Ef notandi greiðsluþjónustu leggur fram sérstakt kennimerki sem er rangt er greiðsluþjónustuveitandi ekki ábyrgur skv. 94. gr. hafi framkvæmd greiðslu ekki átt sér stað eða hún hafi verið gölluð.

Greiðsluþjónustuveitandi greiðanda skal leitast við að endurheimta fjármunina sem greiðsla fól í sér og í því skyni hafa samband við greiðsluþjónustuveitanda viðtakanda greiðslu og óska eftir öllum viðeigandi upplýsingum vegna innheimtu fjármunanna sem hann býr yfir og ber greiðsluþjónustuveitanda að vera samvinnuþýður. Takist greiðsluþjónustuveitanda greiðanda ekki að endurheimta fjármunina ber honum að afhenda greiðanda allar upplýsingar sem hann hefur tiltækar og skipta greiðandann máli til að hann geti haft upp réttarkröfu til að endurheimta fjármunina berist skrifleg beiðni þessa efnis frá greiðanda. Semja má um gjaldtöku vegna slíkra ráðstafana greiðsluþjónustuveitanda greiðanda í rammasamningi.

Ef notandi greiðsluþjónustu hefur veitt upplýsingar til viðbótar þeim sem hann þarf að gefa upp, sbr. a-lið 1. mgr. 49. gr. eða b-lið 2. tölul. 54. gr. skal greiðsluþjónustuveitandinn aðeins vera bótaskyldur vegna framkvæmdar greiðslunnar í samræmi við sérstaka kennimerkið sem notandi greiðsluþjónustunnar leggur fram.

94. gr.

Bótaábyrgð greiðsluþjónustuveitanda þegar framkvæmd greiðslu á sér ekki stað eða er gölluð og greiðslufyrirmæli eru gefin millilíðalaust.

Ef greiðandi gefur greiðslufyrirmæli millilíðalaust skal greiðsluþjónustuveitandi hans, með fyrirvara um 77. gr., 2. og 3. mgr. 93. gr. og 98. gr. bera ábyrgð á því gagnvart greiðanda að greiðsla verði framkvæmd réttilega. Þetta á þó ekki við ef greiðsluþjónustuveitandi greiðanda getur sannað fyrir greiðanda og, ef við á, greiðsluþjónustuveitanda viðtakanda greiðslu, að greiðsluþjónustuveitandi viðtakanda greiðslu hafi tekið við greiðslu í samræmi við 1. mgr. 89. gr. en í því tilviki verður greiðsluþjónustuveitandi viðtakanda greiðslu ábyrgur fyrir réttri framkvæmd greiðslunnar.

Ef greiðsluþjónustuveitandi greiðanda er ábyrgur samkvæmt 1. mgr. skal hann án óþarfa tafar endurgreiða greiðanda fjárhæð óframkvæmdrar eða gallaðrar greiðslu og, ef við á, færa skuldfærðan greiðslureikning í þá stöðu sem hann hefði verið ef gallaða greiðslan hefði ekki átt sér stað. Gildisdagur eignfærslunnar að því er varðar greiðslureikning greiðandans skal ekki vera síðar en dagurinn þegar fjárhæðin var skuldfærð.

Ef greiðsluþjónustuveitandi viðtakanda greiðslu er ábyrgur samkvæmt 1. mgr. skal hann tafarlaust setja fjárhæð greiðslunnar til ráðstöfunar viðtakanda greiðslu og, ef við á, eignfæra samsvarandi fjárhæð á greiðslureikning viðtakanda greiðslu. Gildisdagur eignfærslunnar að því er varðar greiðslureikning viðtakanda greiðslu skal ekki vera síðar en dagurinn sem hefði verið gildisdagur ef greiðslan hefði verið framkvæmd rétt í samræmi við 92. gr.

Ef greiðsla er framkvæmd of seint skal greiðsluþjónustuveitandi viðtakanda greiðslu tryggja, að fenginni skriflegri beiðni greiðsluþjónustuveitanda greiðanda, sem kemur fram fyrir hönd greiðanda, að gildisdagur eignfærslu á greiðslureikning viðtakanda greiðslu verði þann dag sem greiðslan hefði átt að vera framkvæmd réttilega.

Sé greiðsla óframkvæmd eða hún gölluð eftir að greiðandi hefur gefið greiðslufyrirmæli skal greiðsluþjónustuveitandi greiðanda, komi fram beiðni þar um frá greiðanda og án tillits

til þess hver ber ábyrgð, gera ráðstafanir tafarlaust til að rekja greiðsluna og tilkynna greiðanda um niðurstöðuna. Þetta skal vera greiðandanum að kostnaðarlausu.

Ef viðtakandi greiðslu gefur greiðslufyrirmæli eða hefur milligöngu um það skal greiðsluþjónustuveitandi hans, með fyrirvara um 77. gr., 2. og 3. mgr. 93. gr. og 98. gr., vera ábyrgur gagnvart viðtakanda greiðslu að greiðslufyrirmæli verði réttilega send greiðsluþjónustuveitanda greiðanda í samræmi við 3. mgr. 89. gr. Skulu greiðslufyrirmælin send greiðsluþjónustuveitanda greiðanda tafarlaust, eða eftir atvikum, endursend tafarlaust. Hafi greiðsluþjónustuveitandi viðtakanda sent greiðslufyrirmælin of seint skal hann þó sjá til þess að gildisdagur fjárhæðarinnar á greiðslureikningi viðtakanda sé hinn sami og hefði greiðslan verið framkvæmd rétt. Á sama hátt er greiðsluþjónustuveitandi viðtakanda greiðslu, ábyrgur gagnvart viðtakanda greiðslu fyrir að greiðslan sé meðhöndluð í samræmi við skv. 92. gr. Skal fjárhæð greiðslunnar vera viðtakanda greiðslu til ráðstöfunar þegar í stað eftir að fjárhæðin hefur verið eignfærð á reikning greiðsluþjónustuveitanda viðtakandans. Gildisdagur fjárhæðarinnar á greiðslureikningi viðtakanda greiðslu skal ekki vera síðar en ef greiðslan hefði verið framkvæmd rétt.

Ef um er að ræða óframkvæmda greiðslu eða gallaða framkvæmd greiðslu, sem greiðsluþjónustuveitandi viðtakanda greiðslu ber ekki ábyrgð á skv. 5. og 6. mgr., skal greiðsluþjónustuveitandi greiðanda vera ábyrgur gagnvart greiðanda. Skal hann án óþarfa tafar, endurgreiða greiðanda fjárhæð óframkvæmdrar eða gallaðrar greiðslu og, ef við á, færa skuldfærðan greiðslureikning í þá stöðu sem hann hefði verið ef gallaða greiðslan hefði ekki átt sér stað. Gildisdagur eignfærslunnar á greiðslureikningi greiðandans skal ekki vera síðar en dagurinn sem fjárhæðin var skuldfærð. Þetta á þó ekki við ef greiðsluþjónustuveitandi greiðanda færir sönnur á að greiðsluþjónustuveitandi viðtakanda hafi eigi að síður fengið fjárhæð greiðslunnar. Þá fellur það greiðsluþjónustuveitanda viðtakanda í skaut að setja gildisdag fjárhæðarinnar á greiðslureikning viðtakanda greiðslu eigi síðar en þann dag hefði hún verið framkvæmd rétt.

Hafi viðtakandi greiðslu gefið greiðslufyrirmæli eða haft milligöngu um þau, en framkvæmd greiðslu á sér ekki stað eða er gölluð, skal greiðsluþjónustuveitandi hans að framkominni beiðni þar um frá viðtakanda greiðslu rekja greiðsluna og tilkynna viðtakanda um niðurstöðuna, án tillits til þess hver ber ábyrgð. Þetta skal vera án endurgjalds fyrir viðtakanda greiðslu.

Greiðsluþjónustuveitandi er ábyrgur gagnvart notanda greiðsluþjónustu að því er varðar gjöld og vexti sem kunna að falla á notandann sem afleiðing af óframkvæmdri eða gallaðri greiðslu, þ.m.t. of seinni greiðslu, sbr. 1.–9. mgr.

95. gr.

Bótaábyrgð þegar greiðandi gefur greiðslufyrirmæli fyrir milligöngu greiðsluvirkjanda og framkvæmd greiðslu á sér ekki stað eða er gölluð.

Ef greiðandi gefur greiðslufyrirmæli fyrir milligöngu greiðsluvirkjanda skal greiðsluþjónustuveitandi sem veitir reikningsþjónustu, með fyrirvara um 77. gr. og 2. og 3. mgr. 93. gr., endurgreiða greiðanda fjárhæð óframkvæmdrar eða gallaðrar greiðslu og, eftir atvikum, færa skuldfærðan greiðslureikning í þá stöðu sem hann hefði verið ef gallaða greiðslan hefði ekki farið fram.

Greiðsluvirkjandi ber sönnunarbyrðina fyrir því að greiðsluþjónustuveitandinn sem veitir reikningsþjónustu, hafi tekið við greiðslufyrirmælunum í samræmi við 84. gr. og, að því marki sem hlutverk greiðsluvirkjanda nær til, að greiðslan hafi verið heimiluð, rétt skráð og að

tæknileg bilun eða annar ágalli hafi ekki haft þau áhrif að greiðslan hafi verið gölluð, hún hafi ekki verið framkvæmd eða framkvæmd of seint.

Takist greiðsluvirkjanda ekki að færa sönnur á þau atriði sem nefnd eru í 2. mgr. ber hann ábyrgð á að greiðsla hafi verið gölluð, hún ekki framkvæmd eða framkvæmd of seint. Að framkominni beiðni greiðsluþjónustuveitanda sem veitir reikningsþjónustu skal greiðsluvirkjandinn þegar í stað bæta honum tapið sem hann varð fyrir sem telst a.m.k. fjárhæðin sem hann hefur greitt í endurgreiðslu til greiðandans.

96. gr.

Frekari fébætur.

Ákvarða má frekari fébætur, til viðbótar við það sem kveðið er á um í 93.–95. gr., í samræmi við lög og samning notanda greiðsluþjónustu og greiðsluþjónustuveitanda hans.

97. gr.

Endurkröfuréttur.

Ef ábyrgð greiðsluþjónustuveitanda skv. 79. gr. og 94. gr. má rekja til annars greiðsluþjónustuveitanda eða milliliðar skal sá greiðsluþjónustuveitandi eða milliliður bæta fyrri greiðsluþjónustuveitanda allt tjón, sem hann hefur orðið fyrir, eða fjárhæðir sem hann hefur þurft að greiða á grundvelli 79. gr. og 94. gr. Þetta á einnig við í því tilviki þegar einhver af greiðsluþjónustuveitendunum hefur ekki framfylgt kröfu um sterka sannvottun af hálfu viðskiptavina.

Ákvarða má frekari fébætur í samræmi við lög og samninga milli greiðsluþjónustuveitenda og/eða milliliða.

98. gr.

Óeðlilegar og ófyrirsjáanlegar aðstæður.

Ekki er hægt að leggja á bótaábyrgð samkvæmt skv. 64. gr.– 97. gr. í þeim tilvikum þegar um er að ræða óeðlilegar eða ófyrirsjáanlegar aðstæður sem sá aðili, sem ber fyrir sig þessar aðstæður, hefur engin áhrif á og hefði ekki getað afstýrt þrátt fyrir tilraunir til þess. Sama gildir um tjón sem aðrar lagaskyldur sem greiðsluþjónustuveitandi er undirorpinn kunna að valda.

VI. KAFLI

Persónuvernd, öryggismál og sterk sannvottun

99. gr.

Meðferð persónuupplýsinga.

Vinnsla og meðferð persónuupplýsinga er heimil af hálfu greiðslukerfa og greiðsluþjónustuveitenda þegar það er nauðsynlegt til að koma í veg fyrir, rannsaka og greina greiðslusvik. Um meðferð persónuupplýsinga fer samkvæmt lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga og lögum um vinnslu persónuupplýsinga í löggæslutilgangi.

Greiðsluþjónustuveitendur skulu aðeins afla, vinna og viðhalda nauðsynlegum persónuupplýsingum til að geta veitt greiðsluþjónustu að fengnu skýlausu samþykki notanda greiðsluþjónustunnar.

100. gr.

Eftirlitskerfi rekstrar- og öryggisáhættu.

Greiðsluþjónustuveitandi verður að koma á og viðhalda:

1. áhættumiðuðum ferlum og eftirlitskerfi til að stýra rekstrar- og öryggisáhættu, í tengslum við greiðsluþjónustuna sem hann veitir,
2. skilvirkri atvikastjórnun, sem m.a. hefur að geyma greiningu og flokkun alvarlegra rekstrar- eða öryggisfrávika,
3. fullnægjandi öryggisráðstöfunum til að vernda trúnað og heilleika persónubundinna öryggisskilríkja notenda greiðsluþjónustunnar í samræmi við reglur sem Seðlabanki Íslands, sbr. 2. mgr. 117. gr.

Greiðsluþjónustuveitandi skal a.m.k. árlega veita Fjármálaeftirlitinu uppfært og ítarlegt mat á rekstrar- og öryggisáhættu í tengslum við greiðsluþjónustu þá sem hann veitir og lýsingu á þeim varúðarráðstöfunum og eftirlitsaðgerðum sem hann hefur innleitt til að bregðast við áhættunni.

Seðlabanki Íslands setur nánari reglur um framkvæmd ákvæðisins.

101. gr.

Viðbrögð við alvarlegum rekstrar- eða öryggisfrávikum.

Greiðsluþjónustuveitandi skal án ástæðulausrar tafar tilkynna Fjármálaeftirlitinu um alvarlegt rekstrar-eða öryggisfrávik.

Hafi atvikið áhrif eða geti haft áhrif á fjárhagslega hagsmuni notenda greiðsluþjónustunnar verður greiðsluþjónustuveitandinn tafarlaust að upplýsa þá um atvikið og allar ráðstafanir sem hafa verið gerðar, og sem þeir sjálfir geta gripið til, til að draga úr skaðlegum áhrifum þess.

Við viðtöku tilkynningarinnar sem um getur í 1. mgr. skal Fjármálaeftirlitið, eftir því sem við á, gera allar ráðstafanir til að vernda brýnasta öryggi fjármálakerfisins. Auk þess skal Fjármálaeftirlitið, án ástæðulausrar tafar, veita Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni og Seðlabanka Evrópu viðeigandi upplýsingar um atvikið. Fjármálaeftirlitið skal, eftir að hafa metið mikilvægi atviksins fyrir önnur viðkomandi stjórnvöld, tilkynna þeim til samræmis við það.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin og Seðlabanki Evrópu skulu, í samstarfi við Fjármálaeftirlitið, meta mikilvægi atviksins fyrir önnur viðkomandi yfirvöld innan Evrópska efnahagssvæðisins og tilkynna þeim til samræmis við það. Seðlabanki Evrópu skal tilkynna aðilum seðlabankakerfis Evrópu og seðlabönkum EFTA ríkjanna um málefni sem varða greiðslukerfið.

Þegar Fjármálaeftirlitið er ekki viðtakandi tilkynningar skv. 1. mgr. en fær sambærilega tilkynningu og getið er um í 4. mgr. ber Fjármálaeftirlitinu, eftir því sem við á, að gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að vernda brýnasta öryggi fjármálakerfisins.

Greiðsluþjónustuveitandi skal a.m.k. árlega veita Fjármálaeftirlitinu tölfræðiupplýsingar um svik í tengslum við þá greiðslumiðla sem greiðsluþjónustuveitandinn meðhöndlar. Fjármálaeftirlitið skal veita Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni og Seðlabanka Evrópu slík gögn á samanteknu formi.

102. gr.

Sterk sannvottun.

Greiðsluþjónustuveitandi skal krefjast sterkrar sannvottunar hjá greiðanda þegar hann

a. vill fá aðgang að greiðslureikningi sínum á Netinu,
b. gefur fyrirmæli um rafræna greiðslu,
c. framkvæmir aðgerð fyrir milligöngu boðleiðar úr fjarlægð sem gæti haft í för með sér hættu á greiðslusvikum eða annars konar misnotkun.

Þegar greiðandi gefur fyrirmæli um rafræna greiðslu eins og um getur í b-lið 1. mgr. skal greiðsluþjónustuveitandi krefjast sterkrar sannvottunar sem felur í sér þætti sem tengja greiðsluna með virkum hætti við tiltekna fjárhæð og tiltekinn viðtakanda greiðslu í tilviki rafrænna fjargreiðslna.

Ákvæði 2. mgr. 102. gr. og 3. tölul. 1. mgr. 100. gr. á einnig við þegar greiðsla er sett af stað fyrir milligöngu greiðsluvirkjanda. Þá eiga ákvæði 1. mgr. 102. gr. og 3. tölul. 1. mgr. 100. gr. við þegar óskað er eftir upplýsingum fyrir milligöngu reikningsupplýsingaþjónustuveitanda.

Greiðsluþjónustuveitandi sem veitir reikningsþjónustu skal gera greiðsluvirkjanda og reikningsupplýsingaþjónustuveitanda kleift að treysta á sannvottunarferlið sem hann veitir notanda greiðsluþjónustu í samræmi við 1. mgr. 102. gr. og 3. tölul. 1. mgr. 100. gr. og ef greiðsluvirkjandi á í hlut þá í samræmi við 1. mgr. 102. gr. og 3. tölul. 1. mgr. og 2. mgr. 100. gr.

VII. KAFLI
Eftirlit, réttarúrræði og viðurlög.

103. gr.
Eftirlit.

Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með framkvæmd laga þessara að því er varðar eftirlitsskylda aðila samkvæmt lögum nr. 87/1998, um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með starfsemi greiðslustofnana sem hafa fengið starfsleyfi, skv. II. kafla þessara laga, þ.m.t. umboðsaðilum, útibúum og útvistun rekstrarþátta greiðsluþjónustu, skv. 22. gr., 23. gr., 24. gr., 25. gr. og 26. gr. laganna.

Fjármálaeftirlitið sem lögbært yfirvald í gistiaðildarríki hefur eftirlit með umboðsaðilum og útibúum erlendra greiðslustofnana hérlendis, sbr. 28. gr. og 31. gr. laganna. Auk þess hefur Fjármálaeftirlitið eftirlit með veitingu greiðsluþjónustu hérlendis í útibúum og fyrir milligöngu hérlends umboðsaðila stofnunar, með staðfestu í ríki utan Evrópska efnahagsvæðisins, skv. 29. gr. vegna stofnana frá þriðju ríki.

Um eftirlit Fjármálaeftirlitsins fer að öðru leyti samkvæmt ákvæðum laga þessara og laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

104. gr.
Úrlausn kvartana hjá greiðsluþjónustuveitanda.

Greiðsluþjónustuveitandi skal hafa fyrir hendi sérstaka málsmeðferð til að greiða úr kvörtunum notenda greiðsluþjónustu um réttindi og skyldur sem leiða af IV.-VII. kafla laganna. Skal málsmeðferðin vera skilvirk. Greiðsluþjónustuveitandi skal beita sömu málsmeðferð vegna kvartana notenda greiðsluþjónustunnar í öllum aðildarríkjum þar sem hann býður fram greiðsluþjónustu. Notendum greiðsluþjónustunnar skulu vera aðgengilegar upplýsingar um málsmeðferð kvartana á tungumáli viðkomandi aðildarríkis eða á öðru tungumáli ef greiðsluþjónustuveitandi og notandi semja um slíkt.

Seðlabanki Íslands skal setja frekari reglur um málsmeðferð kvartana til greiðsluþjónustuveitanda svo sem um svarfresti sem má að jafnaði ekki vera lengri en 15 virkir dagar, tafir við afgreiðslu kvörtunar og upplýsingagjöf.

105. gr.
Úrskurðarnefnd.

Notendur greiðsluþjónustu geta skotið ágreiningi sínum gagnvart greiðsluþjónustuveitendum og tilnefndum fulltrúum þeirra s.s. umboðsmönnum, um réttindi og skyldur, sem leiða af VI.-VII. kafla laganna, til úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki, sbr. 19. gr. a í lögum nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki. Greiðslustofnunum er skylt að eiga aðild að úrskurðarnefndinni um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Commented [JBG6]: Bent er á að fram er komið frumvarp í samráðsgátt þar sem lagt til að úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki verði ekki lengur lögbundin. Nefndin verður þó áfram starfandi. Umorða þarf greinina með tilliti til þessara áforma löggjafans.

106. gr.

Skylda greiðsluþjónustuveitenda og Fjármálaeftirlitsins til að upplýsa neytendur um rétt sinn.

Fjármálaeftirlitið skal gera rafrænan bækling Framkvæmdastjórnar Evrópu, sem setur með skýrum og auðskiljanlegum hætti fram réttindi neytenda samkvæmt tilskipun (ESB) 2015/2366 um greiðsluþjónustu á innri markaðnum og tengdri löggjöf á Evrópska efnahagssvæðinu, tiltækan á aðgengilegan hátt á vefsíðu Seðlabanka Íslands.

Greiðsluþjónustuveitendur skulu sjá til þess að rafrænn bæklingur, skv. 1. mgr., sé gerður tiltækur á auðveldan hátt á vefsíðum þeirra, ef þær eru til, og á pappírsformi í útibúum þeirra, hjá umboðsaðilum og hjá einingum sem þeir útvista starfsemi sinni til. Greiðsluþjónustuveitendur mega ekki innheimta gjald af viðskiptavinum sínum fyrir að veita upplýsingarnar.

Að því er varðar einstaklinga með fötlun skal beita ákvæðum 1. og 2. mgr. á viðeigandi hátt, sem gerir kleift að gera upplýsingar tiltækar á aðgengilegan hátt.

107. gr.

Stjórnvaldssektir.

Fjármálaeftirlitið getur lagt stjórnvaldssektir á hvern þann sem brýtur gegn eftirtöldum ákvæðum laga þessara og, eftir atvikum, reglum settum á grundvelli þeirra:

1. 1. mgr. 38. gr. um einkarétt greiðsluþjónustuveitenda til veitingar greiðsluþjónustu hérlendis.
3. 1. mgr. 6. gr. um að starfsleyfisskyld starfsemi skuli ekki stunduð án starfsleyfis.
4. 1. og 2. mgr. 5. gr. um virkan eignarhlut.
5. 7. gr. um stofnframlag.
6. 8. og 9. gr. um eiginfjárgrunn greiðslustofnunar og útreikning eiginfjárgrunns greiðslustofnunar.
7. 19. gr. um góða viðskiptahætti og þagnarskyldu.
8. 10. gr. um varðveislu fjármuna.
9. 4. og 6. mgr. 16. gr. um aðra starfsemi.
10. 11. gr. um hæfi stjórnarmanna, framkvæmdastjóra og annarra stjórnenda.
11. 15. gr. um reikningsskil og lögboðna endurskoðun.
12. 1. og 3.-5. mgr. 17. gr. um veitingu greiðsluþjónustu í gegnum umboðsaðila eða með stofnun útibús.
13. 1.- 3. mgr. og 5. mgr. 18. gr. um útvistun.
14. 1. mgr. 23. gr. um starfsemi greiðslustofnana erlendis án stofnunar útisbús.
15. 1. mgr. og 5.-7. mgr. 24. gr. um starfsemi greiðslustofnana erlendis með stofnun útibús.
16. 1. mgr. og 5.-7. mgr. 25. gr. um veitingu þjónustu erlendis í gegnum umboðsaðila.
17. 1. mgr. 26. gr. um starfsemi utan Evrópska efnahagssvæðisins.

18. 1. mgr. 29. gr. um stofnun útibús eða þjónusta veitt fyrir milligöngu umboðsaðila hérlendis af hálfu greiðslustofnunar utan EES.
19. 2. mgr. 20. gr. um skyldu til að tryggja að þriðji aðili, sem falið hefur verið að annast tiltekna rekstrarþætti, geri viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að farið sé að lögum þessum.
20. 21. gr. um varðveislu gagna.
21. 34. gr. um starfsemi greiðslustofnunar með takmarkað starfsleyfi.
22. 2. mgr. 38. gr. um skyldu til að senda Fjármálaeftirlitinu upplýsingar um heildarfjárhæð greiðslna vegna greiðslumiðla með takmörkuð afnot.
23. 1. og 5. mgr. 62. gr., um gjaldtöku.
24. 45. gr. um gjaldmiðil og umreikning gjaldmiðils.
25. 1. og 2. mgr. 46. gr. um upplýsingar um viðbótargjald eða afslátt.
26. 1.-4. mgr. 48. gr. um upplýsingagjöf áður en samningur eða tilboð vegna stakra greiðslna verður bindandi fyrir notanda greiðsluþjónustu.
27. 49. gr. um upplýsingar og skilmála um þjónustu í tengslum við stakar greiðslur.
28. 50. gr. um upplýsingar fyrir greiðandann, viðtakanda greiðslu og greiðsluþjónustuveitanda sem veitir reikningsþjónustu, eftir að gefin hafa verið greiðslufyrirmæli.
29. 51. gr. um upplýsingagjöf gagnvart greiðanda eftir viðtöku greiðslufyrirmæla um staka greiðslu.
30. 52. gr. um upplýsingagjöf gagnvart viðtakanda greiðslu eftir framkvæmd stakrar greiðslu.
31. 1.-3. mgr. 53. gr. um upplýsingagjöf áður en samningur eða tilboð vegna greiðslna sem falla undir rammasamning verður bindandi fyrir notanda greiðsluþjónustu.
32. 54. gr. um upplýsingar og skilmála um þjónustu í tengslum við greiðslur sem falla undir rammasamninga.
33. 55. gr. um aðgengilegar upplýsingar og skilmála rammasamnings.
34. 56. gr. um breytingar á skilmálum rammasamnings.
35. 57. gr. um uppsögn rammasamnings.
36. 58. gr. um upplýsingagjöf áður en kemur til framkvæmdar einstakra greiðslna sem falla undir rammasamning.
37. 59. gr. um upplýsingagjöf gagnvart greiðanda um einstakar greiðslur sem falla undir rammasamning.
38. 60. gr. um upplýsingagjöf gagnvart viðtakanda um einstakar greiðslur sem falla undir rammasamning.
39. 62. gr. um gjaldtöku.
40. 1., 3. og 4. mgr. 65. gr. um staðfestingu á aðgengileika fjármagns.
41. 2. mgr. 66. gr. um rétt greiðanda til að nýta sér greiðsluvirkjun og reikningsupplýsingaþjónustu.
42. 67. gr. um skyldur greiðsluvirkjanda vegna veitingu greiðsluþjónustu.
43. 68. gr. um skyldur greiðsluvirkjanda vegna gagna sem hann aflar í tengslum við að veita þjónustu.
44. 69. gr. um skyldur greiðsluþjónustuveitanda sem veitir reikningsþjónustu vegna aðgengileika upplýsinga, öruggra samskipta og framkvæmd greiðslufyrirmæla.
45. 70. gr. um skyldur reikningsupplýsingaþjónustuveitanda vegna veitingar reikningsupplýsingaþjónustu.
46. 71. gr. um meðhöndlun gagna sem reikningsupplýsingaþjónustuveitandi aflar.

47. 72. gr. um skyldur greiðsluþjónustuveitanda sem veitir reikningsþjónustu vegna öruggra samskipta og beiðna um gögn.
48. 2.-4. mgr. 73. gr. um hvenær greiðsluþjónustuveitandi reikningsþjónustu getur synjað um upplýsingar um og aðgang að greiðslureikningi.
49. 3.-4. mgr. 74. gr. um takmarkanir á notkun greiðslumiðils.
50. 2. mgr. 81. gr. um heimildir greiðsluþjónustuveitanda til að frysta fjármuni á greiðslureikningi þegar fjárhæð greiðslu er ekki þekkt fyrirfram.
51. 1.-3. mgr. 85. gr. um synjun um framkvæmd greiðslufyrirmæla.
52. 3.-4. mgr. 86. gr. um afturköllun greiðslufyrirmæla.
53. 87. gr. um fjárhæð greiðslu.
54. 89.-92. gr. um framkvæmdatíma greiðslu og gildisdag.
55. 94. gr. um bótaábyrgð greiðsluþjónustuveitanda þegar framkvæmd greiðslu á sér ekki stað eða er gölluð og greiðslufyrirmæli gefin milliliðalaust.
56. 1. og 2. mgr. 100. gr. um eftirlitskerfi rekstrar- og öryggisáhættu.
57. 1. og 2. mgr. 101. gr. um viðbrögð við alvarlegum rekstrar-eða öryggisfrávikum.
58. 102. gr. um sterka sannvottun.

Sektir sem lagðar eru á einstaklinga geta numið frá 100 þús. kr. til 65 millj. kr. Sektir sem lagðar eru á lögaðila geta numið frá 500 þús. kr. til 800 millj. kr. en geta þó verið hærri eða allt að 10% af heildarveltu samkvæmt síðasta samþykkta ársreikningi lögaðilans eða 10% af síðasta samþykkta samstæðureikningi ef lögaðili er hluti af samstæðu.

Við ákvörðun sekta samkvæmt ákvæði þessu skal m.a. tekið tillit til allra atvika sem máli skipta, þ.m.t. eftirfarandi:

a. alvarleika brots,
b. hvað brotið hefur staðið lengi,
c. ábyrgðar hins brotlega
d. fjárhagsstöðu hins brotlega, sér í lagi með hliðsjón af heildarársveltu lögaðila eða árstekjum einstaklings.
e. ávinnings af broti eða taps sem forðað er með broti
f. hvort brot hafi leitt til taps fyrir þriðja aðila
g. hvers konar mögulegra kerfislegra áhrifa brotsins
h. samstarfsvilja hins brotlega
i. fyrri brota og hvort um ítrekað brot er að ræða.
j. ráðstafana sem hinn brotlegi grípur til að koma í veg fyrir að brotið verði endurtekið.

Þrátt fyrir 2. mgr. er heimilt að ákvarða lögaðila eða einstaklingi stjórnvaldssekt sem nemur allt að tvöfaldri þeirri fjárhæð sem fjárhagslegur ávinningur af brotinu nemur eða tapi sem er forðað með broti.

Ákvarðanir um stjórnvaldssektir eru aðfararhæfar. Sektir renna í ríkissjóð að frádregnum kostnaði við innheimtuna. Séu stjórnvaldssektir ekki greiddar innan mánaðar frá ákvörðun Fjármálaeftirlitsins skal greiða dráttarvexti af fjárhæð sektarinnar. Um ákvörðun og útreikning dráttarvaxta fer eftir lögum um vexti og verðtryggingu.

108. gr.

Sátt.

Hafi aðili gerst brotlegur við ákvæði laga þessara, reglna eða reglugerða sem settar eru á grundvelli þeirra, eða ákvarðanir Fjármálaeftirlitsins á grundvelli þeirra er Fjármálaeftirlitinu heimilt að ljúka málinu með sátt með samþykki málsaðila, enda sé ekki um

að ræða meiri háttar brot sem refsiviðurlög liggi við. Sátt er bindandi fyrir málsaðila þegar hann hefur samþykkt og staðfest efni hennar með undirskrift sinni.

Seðlabanki Íslands setur reglur um framkvæmd greinarinnar.

109. gr.

Réttur grunaðs manns og saknæmi.

Í máli sem beinist að einstaklingi og lokið getur með álagningu stjórnvaldssekta eða kæru til lögreglu hefur maður, sem rökstuddur grunur leikur á að hafi gerst sekur um lögbrot, rétt til að neita að svara spurningum eða afhenda gögn eða muni nema hægt sé að útiloka að það geti haft þýðingu fyrir ákvörðun um brot hans. Fjármálaeftirlitið skal leiðbeina hinum grunaða um þennan rétt.

Stjórnsýsluviðurlögum verður beitt óháð því hvort lögbrot eru framin af ásetningi eða gáleysi.

110. gr.

Frestur til að leggja á stjórnsýsluviðurlög.

Heimild Fjármálaeftirlitsins til að leggja á stjórnsýsluviðurlög samkvæmt lögum þessum fellur niður þegar fimm ár eru liðin frá því að háttsemi lauk.

Frestur skv. 1. mgr. rofnar þegar Fjármálaeftirlitið tilkynnir aðila um rannsókn á meintu broti. Rof frests hefur réttaráhrif gagnvart öllum sem staðið hafa að brotinu.

111. gr.

Sektir eða fangelsi.

Það varðar sektum eða fangelsi allt að tveimur árum, liggi þyngri refsing ekki við broti samkvæmt öðrum lögum, að brjóta gegn eftirtöldum ákvæðum laga þessara og, eftir atvikum, reglum settum á grundvelli þeirra:

1. 1. mgr. 38. gr. um einkarétt greiðsluþjónustuveitenda til að veita greiðsluþjónustu.
2. 1. mgr. 6. gr. um að starfsleyfisskyld starfsemi skuli ekki stunduð án starfsleyfis.
3. 8. og 9. gr. um eiginfjárgrunn og útreikning eigin fjár.
4. 2. mgr. 19. gr. um þagnarskyldu.
5. 15. gr. um reikningsskil og lögboðna endurskoðun.

Þá varðar það sömu refsingu að gefa vísvitandi rangar eða villandi upplýsingar um hagi greiðsluþjónustuveitanda eða annað er hann varðar, opinberlega eða til Fjármálaeftirlitsins, annarra opinberra aðila eða notenda greiðsluþjónustu.

Brot gegn lögum þessum er varða sektum eða fangelsi varða refsingu hvort sem þau eru framin af ásetningi eða gáleysi.

Heimilt er að gera upptækan með dómi beinan eða óbeinan hagnað sem hlotist hefur af broti gegn ákvæðum laga þessara er varða sektum eða fangelsi.

Tilraun til brots eða hlutdeild í brotum samkvæmt lögum þessum er refsiverð eftir því sem segir í almennum hegningarlögum.

Gera má lögaðila sekt fyrir brot á lögum þessum og reglum settum á grundvelli þeirra óháð því hvort sök verði sönnuð á tiltekinn fyrirsvarsmann lögaðilans, starfsmann hans eða annan aðila sem starfar á hans vegum. Hafi fyrirsvarsmaður lögaðilans, starfsmaður hans eða annar á hans vegum með saknæmum hætti brotið gegn lögum þessum eða reglum settum á grundvelli þeirra í starfsemi lögaðilans má gera honum refsingu, auk þess að gera lögaðilanum sekt.

112. gr.

Kæra til lögreglu.

Brot gegn lögum þessum sæta aðeins rannsókn lögreglu að undangenginni kæru Fjármálaeftirlitsins.

Varði meint brot á lögum þessum bæði stjórnvaldssektum og refsingu metur Fjármálaeftirlitið hvort mál skuli kært til lögreglu eða því lokið með stjórnvaldsákvörðun hjá stofnuninni. Ef brot eru meiri háttar ber Fjármálaeftirlitinu að vísa þeim til lögreglu. Brot telst meiri háttar ef það lýtur að verulegum fjárhæðum og ef verknaður er framinn með sérstaklega vítaverðum hætti eða við aðstæður sem auka mjög á saknæmi brotsins. Jafnframt getur Fjármálaeftirlitið á hvaða stigi rannsóknar sem er vísað máli vegna brota á lögum þessum til rannsóknar lögreglu. Gæta skal samræmis við úrlausn sambærilegra mála.

Með kæru Fjármálaeftirlitsins skulu fylgja afrit þeirra gagna sem grunur um brot er studdur við. Ákvæði IV.–VII. kafla stjórnsýslulaga gilda ekki um ákvörðun Fjármálaeftirlitsins um að kæra mál til lögreglu.

Fjármálaeftirlitinu er heimilt að láta lögreglu og ákæruvaldi í té upplýsingar og gögn sem stofnunin hefur aflað og tengjast þeim brotum sem tilgreind eru í 2. mgr. Fjármálaeftirlitinu er heimilt að taka þátt í aðgerðum lögreglu sem varða rannsókn þeirra brota sem tilgreind eru í 7. mgr.

Lögreglu og ákæruvaldi er heimilt að láta Fjármálaeftirlitinu í té upplýsingar og gögn sem hún hefur aflað og tengjast þeim brotum sem tilgreind eru í 2. mgr. Lögreglu er heimilt að taka þátt í aðgerðum Fjármálaeftirlitsins sem varða rannsókn þeirra brota sem tilgreind eru í 2. mgr.

Telji ákærandi að ekki séu efni til málshöfðunar vegna ætlaðrar refsiverðrar háttsemi sem jafnframt varðar stjórnsýsluviðurlögum getur hann sent eða endursent málið til Fjármálaeftirlitsins til meðferðar og ákvörðunar.

113. gr.

Opinber birting stjórnsýsluviðurlaga.

Fjármálaeftirlitið skal án tafar birta á vefsíðu sinni sérhverja niðurstöðu um beitingu stjórnsýsluviðurlaga vegna brota á ákvæðum laganna í kjölfar tilkynningar til hins brotlega um ákvörðun Fjármálaeftirlitsins. Niðurstaða sem er birt skal að lágmarki innihalda upplýsingar um tegund og eðli brots og nafn hins brotlega.

Telji Fjármálaeftirlitið að opinber birting á nafni hins brotlega, annarra lögaðila eða einstaklinga sem koma fram í niðurstöðu Fjármálaeftirlitsins samræmist ekki meðalhófsreglu stjórnsýsluréttar eða að birting geti stofnað stöðugleika fjármálamarkaða í hættu eða skaðað yfirstandandi rannsókn getur Fjármálaeftirlitið:

1. frestað birtingu niðurstöðunnar þar til ástæður fyrir að birta hana ekki eru ekki lengur til staðar, eða
2. birt niðurstöðu án þess að nafngreina hinn brotlega eða aðra lögaðila eða einstaklinga sem koma fram í ákvörðun Fjármálaeftirlitsins.

Fjármálaeftirlitið getur ákveðið að birta ekki niðurstöðu ef eftirlitið telur að birting skv. 2. mgr. geti stofnað stöðugleika fjármálamarkaða í hættu eða skaðað yfirstandandi rannsókn.

Í tilviki nafnlausrar birtingar niðurstöðu skv. 2. tölul. 2. mgr. er Fjármálaeftirlitinu heimilt að birta nafn viðkomandi þegar ástæður fyrir nafnleynd eiga ekki lengur við.

Fjármálaeftirlitið skal birta upplýsingar á vefsíðu sinni ef höfðað er mál fyrir dómstólum til ógildingar á ákvörðun þess um beitingu viðurlaga vegna brota. Fjármálaeftirlitið skal enn fremur birta upplýsingar um lyktir málsins á hverju dómstigi. Afturkalli Fjármálaeftirlitið ákvörðun sína um beitingu viðurlaga skal stofnunin upplýsa um það á vefsíðu sinni.

Niðurstöður um beitingu stjórnsýsluviðurlaga vegna brota á ákvæðum laganna skulu birtar á vefsíðu Fjármálaeftirlitsins í að lágmarki fimm ár. Persónuupplýsingar sem koma fram í niðurstöðunum skulu ekki vera birtar lengur en málefnalegar ástæður kalla á það í samræmi við lög um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.

Fjármálaeftirlitið skal birta á vefsíðu sinni þá stefnu sem eftirlitið fylgir við framkvæmd birtingar samkvæmt þessari grein.

VIII. kafli.
Gildistaka, stjórnvaldsfyrirmæli, breyting á öðrum lögum o.fl.

114. gr.
Innleiðing.

Lög þessi fela í sér innleiðingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2366 frá 25. nóvember 2015 um greiðsluþjónustu á innri markaðnum, um breytingu á tilskipunum 2002/65/EB, 2009/110/EB og 2013/36/ESB og á reglugerð (ESB) nr. 1093/2010 og niðurfellingu á tilskipun 2007/64/EB eins og hún var tekin upp í samninginn um Evrópska efnahagssvæðið með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 165/2019 frá 14. júní 2019.

115. gr.
Gildistaka.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 2021. Falla þá jafnframt úr gildi lög um greiðsluþjónustu nr. 120/2011.

116. gr.
Lagaskil.

Greiðslustofnun sem hefur hlotið starfsleyfi á grundvelli laga um greiðsluþjónustu nr. 120/2011 skal fyrir 1. september 2021 leggja fram viðeigandi upplýsingar til Fjármálaeftirlitsins svo það geti metið hvort greiðslustofnun uppfylli þær kröfur sem mælt er fyrir um í II. og III. kafla. Ef þau skilyrði eru ekki uppfyllt ber Fjármálaeftirlitinu að greina greiðslustofnun frá hvort það ætli að afturkalla starfsleyfið eða til hvaða ráðstafana greiðslustofnun verði að grípa til að tryggt verði að hún fari að ákvæðum þessara laga.

Fjármálaeftirlitið skal veita greiðslustofnun sem uppfyllir kröfur II. og III. kafla sjálfkrafa starfsleyfi og færa hana í skrár yfir greiðslustofnanir skv. 14. gr.

Ef greiðslustofnun uppfyllir ekki kröfur II. og III. kafla fyrir 1. desember 2021 eftir að hafa verið veittur tími til að grípa til viðeigandi ráðstafana skal Fjármálaeftirlitið banna henni að veita greiðsluþjónustu í samræmi við 1. mgr. 38. gr.

Greiðslustofnun með takmarkað starfsleyfi með vísan til 27. gr. laga um greiðsluþjónustu nr. 120/2011 skal eigi síðar en 1. janúar 2022 hafa sótt um áframhaldandi takmarkað starfsleyfi eða starfsleyfi sem greiðslustofnun til Fjármálaeftirlitsins. Ef greiðslustofnunin uppfyllir ekki kröfur II. og III. kafla eða undanþágu 34. gr. fyrir 1. janúar 2022 skal Fjármálaeftirlitið banna henni að veita greiðsluþjónustu.

Þjónustuveitandi sem fyrir gildistöku laganna hefur boðið þjónustu sem lýst er í 14. tölul. 2. gr. og mun gera það áfram skal eigi síðar en 1. október 2021 senda Fjármálaeftirlitinu þær upplýsingar sem áskilið er í a- og b-lið 1. mgr. 39. gr.

Rafeyrisfyrirtæki sem hefur hlotið starfsleyfi á grundvelli laga um útgáfu og meðferð rafeyris skal fyrir 1. september 2021 leggja fram viðeigandi upplýsingar til Fjármálaeftirlitsins svo það geti metið hvort rafeyrisfyrirtæki uppfylli þær kröfur sem mælt er fyrir um í III. kafla

þeirra laga. Ef þau skilyrði eru ekki uppfyllt ber Fjármálaeftirlitinu að greina rafeyrisfyrirtæki frá hvort það ætli að afturkalla starfsleyfið eða til hvaða ráðstafana rafeyrisfyrirtæki verði að grípa til að tryggt verði að það fari að ákvæðum þeirra laga.

Fjármálaeftirlitið skal veita rafeyrisfyrirtæki sem uppfyllir kröfur III. kafla laga, um útgáfu og meðferð rafeyris, sjálfkrafa starfsleyfi og færa það í skrár yfir rafeyrisfyrirtæki.

Ef rafeyrisfyrirtæki uppfyllir ekki kröfur III. kafla laga, um útgáfu og meðferð rafeyris, fyrir 1. desember 2021 eftir að hafa verið veittur tími til að grípa til viðeigandi ráðstafana skal Fjármálaeftirlitið banna því að veita að veita þjónustu vegna útgáfu og meðferð rafeyris.

117. gr.

Reglugerðar- og regluheimildir.

Ráðherra er heimilt að setja reglugerð um nánari framkvæmd framkvæmd tilskipunar (ESB) 2015/2366, þar á meðal um:

1. Tæknilegar kröfur um þróun, rekstur og viðhald á rafrænu miðlægu skránni, sbr. 4. mgr. 14. gr. og um aðgengi að upplýsingum sem er að finna í henni. Tæknilegu kröfurnarnar skulu tryggja að aðeins Fjármálaeftirlitið og Evrópska bankaeftirlitsstofnunin geti gert breytingar á upplýsingunum.
2. Upplýsingaskipti og samvinnu milli Fjármálaeftirlitsins og lögbærra yfirvalda í heima- og gistiaðildarríki vegna greiðslustofnana sem starfa yfir landamæri.

Seðlabanka Íslands skal setja reglur um nánari framkvæmd tilskipunar (ESB) 2015/2366 um sterka sannvottun skv. 97. gr. hennar.

Seðlabanka Íslands er heimilt að setja reglur um nánari framkvæmd tilskipunar (ESB) 2015/2366 um tilnefningu miðlægs tengiliðar og hlutverk hans skv. 5. mgr. 29. gr. tilskipunarinnar.

118. gr.

Breytingar á öðrum lögum.

1. Lög um útgáfu og meðferð rafeyris nr. 17/2013:
   a. 9. gr. laganna orðast svo, ásamt fyrirsögn:

Rekstrarform og höfuðstöðvar rafeyrisfyrirtækis.

Rafeyrisfyrirtæki sem fengið hefur starfsleyfi skv. 15. eða 16. gr. laga þessara skal vera lögaðili, hafa höfuðstöðvar sínar hérlendis og framkvæma a.m.k. hluta af rafeyrisþjónustu sinni hérlendis.

   b. 17. gr. laganna orðast svo:

Fjármálaeftirlitið heldur opinbera skrá yfir rafeyrisfyrirtæki samkvæmt lögum þessum. Í skránni skal tilgreina helstu upplýsingar um rafeyrisfyrirtæki, svo sem um starfsheimildir, afturköllun starfsheimilda og, ef við á, um umboðsaðila og útibú. Færa skal útibú erlends rafeyrisfyrirtækis hérlendis í skrá aðildarríkis. Auk þess skal tilgreina, og aðgreina frá aðilum í 1. mgr., þá einstaklinga og lögaðila sem njóta undanþágu í 16. gr. og, ef við á, umboðsaðila þeirra og sé undanþágan þeirra felld niður.

Almenningur skal hafa aðgang að skrá Fjármálaeftirlitsins yfir rafeyrisfyrirtæki á vefsíðu Seðlabanka Íslands og skal hún uppfærð þegar í stað ef breytingar verða.

Fjármálaeftirlitið skal án tafar tilkynna Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni um hverjar upplýsingar sem það færir í sína skrá yfir rafeyrisfyrirtæki. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin

þróar, starfrækir og viðheldur rafrænni miðlægri skrá um skráningu rafeyrisfyrirtækja í hverju aðildarríki á Evrópska efnahagssvæðinu sem er aðgengileg öllum. Fjármálaeftirlitið er ábyrgt gagnvart Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni fyrir því að upplýsingar sem það hefur í sinni skrá séu á hverjum tíma réttar.

c. 18. gr. laganna orðast svo, ásamt fyrirsögn:

Umsókn um starfsleyfi sem rafeyrisfyrirtæki.

Umsókn um starfsleyfi skal berast Fjármálaeftirlitinu. Hún skal vera skrifleg og ítarleg til að gera Fjármálaeftirlitinu kleift að ganga úr skugga um að kröfur 9., 11. og 12. gr., 20. gr., 23. gr., 24. gr., 26. gr., og 38.-40. gr. séu uppfylltar. Að lágmarki skal eftirfarandi koma fram í umsókn:

1. Gögn til staðfestingar á því að umsækjandi sé lögaðili og að höfuðstöðvar og einnig a.m.k. hluti af starfsemi rafeyrisfyrirtækis sé framkvæmd hérlendis, sbr. 9. gr.
2. Lýsing á núverandi og fyrirhugaðri þjónustu umsækjanda vegna rafeyris og hvort umsækjandi ætli að vera í annarri starfsemi, skv. 24. gr.
3. Viðskipta- og rekstraráætlun fyrir a.m.k. þrjú fyrstu rekstrarárin sem sýnir fram á að umsækjandinn geti staðið fyrir ábyrgum rekstri ásamt síðast endurskoðuðum ársreikningi, ef honum er til að dreifa.
4. Upplýsingar um starfsskipulag umsækjanda, þ.m.t. hvort fyrirhugað sé að veita þjónustu, opna útibú eða nota umboðsmenn í starfsemi félagsins, sbr. 36.-37. gr., hvort um útvistun sé að ræða, sbr. 38. gr., hvort um verði að ræða þátttöku í innlendu eða alþjóðlegu greiðslukerfi.
5. Upplýsingar um hvort fyrirhugað sé að veita þjónustu yfir landamæri með eða án stofnunar útibús eða fyrir milligöngu umboðsaðila, sbr. 29. gr.–35. gr.
6. Gögn til staðfestingar á því að umsækjandi hafi yfir að ráða því stofnfé sem krafist er skv. 11 gr.
7. Upplýsingar sem gerir unnt að meta hvort stjórnarmenn og stjórnendur uppfylli kröfur um hæfi skv. 26. gr.
8. Upplýsingar um hvernig varðveislu fjármuna verði háttað í samræmi við 25. gr.
9. Lýsing á verkferli sem fylgja skal til að hafa eftirlit með, meðhöndla og fylgja eftir rekstrar- eða öryggisfráviki og kvörtunum viðskiptavina að því er varðar öryggisatriði.
10. Lýsing á innra skipulagi umsækjanda, þ.m.t. innri eftirlitsferlum, aðferðir við stjórnun, áhættustýringu og reikningsskilum, sem sýnir að stjórnarhættir, eftirlitskerfi og verkferlar séu viðeigandi miðað við umfang starfseminnar og séu traustir og fullnægjandi.
11. Að því er varðar umsækjanda sem fellur undir lög um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka nr. 140/2018, lýsingu á innra eftirlitskerfi sem verður komið á fót til að farið sé að kröfum laga nr. 140/2018.
12. Lýsing á hvernig 40. gr. um varðveislu gagna verði uppfyllt.
13. Lýsing á fyrirkomulagi rekstrarsamfellu sem inniheldur skýra tilgreiningu á mikilvægri starfsemi, skilvirka viðbragðsáætlun og ferli til að kanna reglulega og endurskoða hversu fullnægjandi og skilvirkar áætlanirnar eru.
14. Lýsing á meginreglum og skilgreiningum sem beitt er við söfnun á tölfræðilegum gögnum um árangur, færslur og svik.

15. Öryggisstefna og lýsing á öryggiskerfi umsækjanda sem skal innihalda ítarlegt áhættumat í tengslum við þjónustu við útgáfu eða meðferð rafeyris, lýsing á eftirlitsaðgerðum sem gripið er til í því skyni að vernda handhafa rafeyris með fullnægjandi hætti fyrir tilgreindri áhættu, s.s. svikum, ólöglegri notkun viðkvæmra gagna og persónuupplýsinga. Sérstaklega skal tilgreina hvernig eftirlitsaðgerðir tryggja öflugt tæknilegt öryggi og persónuvernd, þ.m.t. fyrir hugbúnað- og upplýsingatæknikerfi sem umsækjandinn eða útvistunaraðili sem hann útvistar starfsemi sína að öllu leyti eða hluta til, notar.
16. Upplýsingar um ytri endurskoðanda, sbr. 27. gr.

Upplýsingar sem getið er um í 5. tölul. og 10.- 12. tölul. skulu jafnframt fela í sér lýsingu á því fyrirkomulagi sem umsækjandinn hefur innleitt til að geta gert allar þær ráðstafanir sem raunhæfar teljast til að vernda hagsmuni handhafa rafeyris og tryggja samfelldni og áreiðanleika við framkvæmd þjónustunnar.

Fjármálaeftirlitið er heimilt að setja reglur um þær upplýsingar sem greina þarf í umsókn, svo og nauðsynleg fylgigögn, til þess að umsóknin teljist fullnægjandi.

Rafeyrisfyrirtæki sem fengið hefur starfsleyfi skv. 20. gr. skal tilkynna Fjármálaeftirlitinu án tafar um allar breytingar á áður veittum upplýsingum skv. 1. mgr. í tengslum við umsókn og veitingu starfsleyfis.

d. 20. gr. laganna orðist svo:

Starfsleyfi skal veitt ef umsækjandi uppfyllir í umsókn sinni og meðfylgjandi gögnum, að mati Fjármálaeftirlitsins, skilyrði 18. gr. og sýnir fram á að skipulag í fyrirhuguðum rekstri vegna útgáfu og meðferð rafeyris sé skýrt, fullnægjandi verklagsreglur séu til staðar er þjóni markmiðum um traustan og varfærinn rekstur og að starfsemin hafi á að skipa fullnægjandi innra eftirlitskerfi að því er varðar aðferðir við stjórnun, fyrirkomulag áhættustýringar og reikningsskil. Seðlabanka Íslands er heimilt að setja nánari reglur um efni 1. málsl. Um efni reglnanna er rétt að hafa til hliðsjónar ákvæði 17. gr. laga um fjármálafyrirtæki eftir því sem við á.

Þær kröfur sem gerðar eru til umsækjanda skv. 1. mgr. skulu vera í samræmi við eðli og umfang þeirrar þjónustu sem fyrirhugað er að veita og verður umsækjandi að uppfylla þær á hverjum tíma með því að aðlaga skipulag, verklagsreglur og annað skv. 1. mgr. í samræmi við umfang rekstrar.

Við mat á umsókn um starfsleyfi er Fjármálaeftirlitinu heimilt að leita ráðgjafar annarra viðeigandi opinberra yfirvalda.

Fjármálaeftirlitið getur gert kröfu um stofnun sérstakrar einingar fyrir rekstur þjónustu vegna útgáfu og meðferð rafeyris ef rafeyrisfyrirtæki sinnir annarri starfsemi samhliða veitingu þjónustu vegna útgáfu og meðferð rafeyris og sá hluti rekstrarins hefur áhrif á fjárhagslegan styrk rafeyrisfyrirtækis eða torveldar eftirlit með því.

Fjármálaeftirlitið skal synja um veitingu starfsleyfis ef það telur hluthafa eða eigendur virkra eignarhluta ekki hæfa með tilliti til traustrar og varfærinnar stjórnunar rafeyrisfyrirtækis.

Starfsleyfi skal ekki veitt ef náin tengsl rafeyrisfyrirtækis við einstaklinga eða lögaðila hindra eftirlit með starfseminni af hálfu Fjármálaeftirlitsins. Hið sama á við ef lög eða reglur, sem gilda um slíka tengda aðila, hindra eftirlit. Með nánum tengslum er í lögum þessum átt við náin tengsl í skilningi laga um fjármálafyrirtæki. Enn fremur skal starfsleyfi ekki veitt ef lög og stjórnsýslufyrirmæli þriðja lands, sem gilda um einn eða fleiri einstaklinga eða lögaðila,

sem rafeyrisfyrirtækið hefur náin tengsl við, eða vandkvæði tengd framkvæmd þeirra koma í veg fyrir að Fjármálaeftirlitið geti sinnt eftirlitshlutverki sínu.

e. 21. gr. laganna orðist svo:

Fullnægi umsókn um starfsleyfi skilyrðum laga þessara að mati Fjármálaeftirlitsins veitir það starfsleyfi. Að öðrum kosti skal Fjármálaeftirlitið synja um starfsleyfi með rökstuddum hætti. Starfsleyfið gildir í öllum aðildarríkjum innan Evrópska efnahagssvæðisins og gerir hlutaðeigandi rafeyrisfyrirtæki kleift að veita þjónustu sem fellur undir starfsleyfið alls staðar innan Evrópska efnahagssvæðisins að fullnægðum skilyrðum 29. gr.–31. gr. laganna. Ákvörðun Fjármálaeftirlitsins um veitingu eða synjun starfsleyfis skal tilkynnt umsækjanda eigi síðar en þremur mánuðum eftir að fullbúin umsókn barst.

f. Eftirfarandi breytingar verða á 22. gr. laganna:

1. Á eftir orðinu „leyfisveitingu“ í c-lið 1. mgr. kemur: eða upplýsir Fjármálaeftirlitið ekki um umfangsmikla þróun hvað það varðar,
2. Á eftir orðinu „stöðugleika“ í d-lið 1. mgr. kemur: eða trausti á greiðslukerfi,
3. Á eftir 3. mgr. kemur ný málsgrein svohljóðandi: Fjármálaeftirlitið skal ennfremur uppfæra skrár yfir rafeyrisfyrirtæki sem um getur í 17. gr. laganna og birta þar opinberlega afturköllun á starfsleyfi.

g. 27. gr. laganna orðast svo, ásamt fyrirsögn:

Reikningsskil og lögboðin endurskoðun.

Reikningsár rafeyrisfyrirtækis er almanaksárið. Rafeyrisfyrirtæki skal leggja fram aðskilin reikningsskil fyrir annars vegar þjónustu vegna útgáfu og meðferð rafeyris og hins vegar fyrir aðra starfsemi sem hún hefur heimild til að annast, skv. 1. mgr. 24. gr.

Ákvæði laga um fjármálafyrirtæki, eða eftir atvikum laga um ársreikninga, gilda að öðru leyti um bókhald, endurskoðun og tilkynningarskyldu endurskoðenda rafeyrisfyrirtækja til Fjármálaeftirlitsins.

Fjármálaeftirlitinu er heimilt að setja reglur um ársreikninga rafeyrisfyrirtækja.

h. 28. gr. orðast svo, ásamt fyrirsögn:

Eftirlit með starfsemi rafeyrisfyrirtækis.

Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með starfsemi rafeyrisfyrirtækja, þ.m.t. umboðsaðilum, útibúum og útvistun rekstrarþátta vegna útgáfu og meðferð rafeyris, nema annað leiði af lögum eða alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að.

Fjármálaeftirlitið hefur m.a. heimild til að:

a) krefjast þess að rafeyrisfyrirtæki leggi fram allar upplýsingar sem þörf er á til að unnt sé að hafa eftirlit með því að lögum og reglum sé fylgt. Skal Fjármálaeftirlitið tilgreina tilganginn að baki beiðninni og gefa tiltekinn skilafrest;

b) framkvæma skoðun á staðnum þar sem rafeyrisfyrirtæki, umboðsaðili eða útibú er til húsa og veitt er þjónusta, sem rafeyrisfyrirtæki ber ábyrgð á, eða þar sem útvistunaraðili er til húsa;

c) gefa út fyrirmæli, leiðbeiningar og bindandi stjórnsýslufyrirmæli;

d)stöðva tímabundið starfsleyfi eða afturkalla það skv. 20. gr.;
e)beita heimildum sem því eru fengnar í lögum um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

Fjármálaeftirlitið skal sérstaklega grípa til ráðstafana sem lýst er í 2. mgr. til að tryggja nægilegt eigið fé rafeyrisfyrirtækis til þjónustu vegna útgáfu og meðferð rafeyris, einkum ef sú starfsemi rafeyrisfyrirtækis sem ekki er útgáfa eða meðferð rafeyris rýrir eða er líkleg til að rýra trausta fjárhagsstöðu þess.

i. Eftirfarandi breytingar verða á 29. gr. laganna:

1. 2. málsl. 1. mgr. orðast svo: Í tilkynningu skal koma fram heiti og heimilisfang fyrirtækis, leyfisnúmer rafeyrisfyrirtækis, ef því ber að skipta, hvaða aðildarríki á í hlut og í hverju fyrirhuguð þjónusta sé fólgin.
2. Við 1. mgr. bætist nýr 3. málsl. svohljóðandi og breytast síðari málsliðir samkvæmt því: Einnig skal koma fram í tilkynningunni hvort rafeyrisfyrirtæki hyggist útvista rekstrarþætti vegna þjónustu við útgáfu og meðferð rafeyris til þriðja aðila í aðildarríkinu sem í hlut á.
3. 2. mgr. orðast svo: Fjármálaeftirlitið skal innan þriggja mánaða frá viðtöku upplýsinga sem um getur í 1. mgr. tilkynna lögbærum yfirvöldum í gistiaðildarríki og rafeyrisfyrirtæki ákvörðun sína. Þegar ákvörðun Fjármálaeftirlits er jákvæð eru upplýsingar um rafeyrisfyrirtækið samhliða færðar í skrá yfir rafeyrisfyrirtæki skv. 17. gr.
4. Fyrirsögn greinarinnar orðast svo: *Starfsemi rafeyrisfyrirtækja erlendis án stofnunar útibús.*

j. 30. gr. laganna orðist svo, ásamt fyrirsögn:

Starfsemi rafeyrisfyrirtækja erlendis með stofnun útibús.

Hyggist rafeyrisfyrirtæki veita þjónustu samkvæmt lögum þessum í öðru aðildarríki með stofnun útibús skal tilkynna Fjármálaeftirlitinu um það fyrirfram. Í tilkynningu skal koma fram hvaða aðildarríki á í hlut, í hverju fyrirhuguð þjónusta sé fólgin, heiti og heimilisfang fyrirtækis, leyfisnúmer rafeyrisfyrirtækis ef því er að skipta, nöfn þeirra sem ábyrgir eru fyrir stjórn útibúsins, þau ríki sem útibúið hyggst veita þjónustu í og skipulag þess þ.m.t. lýsing á innra eftirlitskerfi, verkferlum, áhættustýringu, reikningsskilum og viðskiptaáætlun fyrir fyrstu þrjú fjárhagsárin. Einnig skal koma fram í tilkynningunni hvort rafeyrisfyrirtæki hyggist útvista rekstrarþætti þjónustu vegna útgáfu og meðferðar rafeyris til þriðja aðila í gistiaðildarríkinu. Innan mánaðar frá viðtöku slíkrar tilkynningar skal Fjármálaeftirlitið áframsenda lögbærum yfirvöldum í gistiaðildarríki upplýsingarnar ásamt staðfestingu á því að sú þjónusta sem veita á falli undir starfsleyfi fyrirtækisins.

Fjármálaeftirlitið skal innan þriggja mánaða frá viðtöku upplýsinga sem um getur í 1. mgr. tilkynna lögbærum yfirvöldum í gistiaðildarríki og rafeyrisfyrirtæki ákvörðun sína. Þegar ákvörðun Fjármálaeftirlitsins er jákvæð eru upplýsingar um rafeyrisfyrirtækið samhliða uppfærðar í skrá yfir rafeyrisfyrirtæki skv. 17. gr. Útibúið getur þá hafið starfsemi sína í viðkomandi gistiaðildarríki.

Berist Fjármálaeftirlitinu tilkynning frá lögbærum yfirvöldum í fyrirhuguðu gistiaðildarríki rafeyrisfyrirtækis vegna stofnunar útibús, um að þau hafi gilda ástæðu til að ætla að stofnun útibúsins geti aukið hættu á peningaþvætti eða fjármögnun hryðjuverka skal

Fjármálaeftirlitið hafna því að færa upplýsingar um útibúið í skrá skv. 17. gr. eða afturkalla skráningu hafi hún þegar farið fram.

Berist ekki svar frá lögbærum yfirvöldum til Fjármálaeftirlitsins eða að Fjármálaeftirlitið telur að lögbær yfirvöld í hinu aðildarríkinu hafi við mat sitt ekki gaumgæft upplýsingar réttilega og komist að rangri niðurstöðu getur Fjármálaeftirlitið vísað erindi þess efnis til Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar eða Eftirlitsstofnunar EFTA, eftir því sem við á, í samræmi við 19. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010 sem innleidd var með 3. gr. laga um evrópskt eftirlitskerfi á fjármálamarkaði nr. 24/2017. Á meðan skal Fjármálaeftirlitið fresta ákvörðunum sínum þar til niðurstaða liggur fyrir.

Rafeyrisfyrirtæki skal tilkynna Fjármálaeftirlitinu um daginn sem það hefur starfsemi sína fyrir milligöngu útibúsins.

Rafeyrisfyrirtæki skal tilkynna Fjármálaeftirlitinu, án ótilhlýðilegrar tafar, um allar verulegar breytingar varðandi upplýsingar sem sendar eru skv. 1. mgr., þ.m.t. viðbótar útibú eða þriðju aðila sem útvistað er til í aðildarríkinu sem í hlut á. Beita skal málsmeðferð sem fram kemur í 3. og 4. mgr.

Rafeyrisfyrirtæki skal sjá til þess að útibú sem veitir þjónustu fyrir þess hönd upplýsi notendur um þá staðreynd.

k. 31. gr. laganna orðast svo:

Rafeyrisfyrirtæki sem óskar eftir því að dreifa rafeyri í öðru aðildarríki, fyrir milligöngu umboðsaðila, skal tilkynna Fjármálaeftirlitinu um það fyrirfram. Í tilkynningu skal koma fram heiti og heimilisfang fyrirtækis, leyfisnúmer rafeyrisfyrirtækis ef því ber að skipta, hvaða aðildarríki á í hlut og í hverju fyrirhuguð starfsemi sé fólgin. Tilkynningunni skulu fylgja upplýsingar um nafn og heimilisfang umboðsaðilans og lýsing á innra eftirlitskerfi hans sem m.a. skal uppfylla kröfur laga um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka, og uppfæra án tafar ef verulegar breytingar verða á þeim frá því að upphafleg tilkynning var send. Tilkynningunni skulu einnig fylgja nauðsynlegar upplýsingar og gögn til að sýna fram á deili á stjórnendum umboðsaðilans og í þeim tilvikum að þeir séu ekki rafeyrisfyrirtæki, gögn um að þeir uppfylli hæfiskröfur 3. mgr. 14. gr., upplýsingar um þjónustu sem umboðsaðilinn hefur umboð til að veita og auðkenni umboðsaðilans, sé því til að dreifa. Að endingu skal koma fram í tilkynningunni hvort rafeyrisfyrirtæki hyggist útvista rekstrarþætti þjónustunnar til þriðja aðila í gistiaðildarríkinu. Innan mánaðar frá viðtöku slíkrar tilkynningar skal Fjármálaeftirlitið senda lögbærum yfirvöldum í gistiaðildarríki upplýsingar skv. 1. mgr. auk staðfestingar á því að sú þjónusta sem veita á falli undir starfsleyfi fyrirtækis ásamt beiðni um umsögn.

Fjármálaeftirlitið skal innan þriggja mánaða frá viðtöku upplýsinga sem um getur í 1. mgr. tilkynna rafeyrisfyrirtæki ákvörðun sína. Þegar ákvörðun Fjármálaeftirlitsins er jákvæð eru upplýsingar um rafeyrisfyrirtækið samhliða uppfærðar í skrá yfir rafeyrisfyrirtæki skv. 17. gr. Umboðsaðilinn getur þá hafið starfsemi sína í viðkomandi gistiaðildarríki.

Berist Fjármálaeftirlitinu tilkynning frá lögbærum yfirvöldum í fyrirhuguðu gistiaðildarríki rafeyrisfyrirtækis vegna dreifingar rafeyris fyrir milligöngu umboðsaðila, sem hafa gilda ástæðu til að ætla að tilnefning umboðsaðila geti aukið hættu á peningaþvætti eða fjármögnun hryðjuverka skal Fjármálaeftirlitið hafna því að færa upplýsingar um umboðsaðilann í skrá skv. 17. gr. eða afturkalla skráningu hafi hún þegar farið fram.

Berist ekki svar frá lögbærum yfirvöldum til Fjármálaeftirlitsins eða að það telur að lögbær yfirvöld í hinu aðildarríkinu hafi við mat sitt ekki gaumgæft upplýsingar réttilega og komist

að rangri niðurstöðu í mati sínu getur Fjármálaeftirlitið vísað erindi þess efnis til Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar eða Eftirlitsstofnunar EFTA, eftir því sem við á, í samræmi við 19. gr. reglugerðar ESB nr. 1093/2010 sem innleidd var með 3. gr. laga um evrópskt eftirlitskerfi á fjármálamarkaði nr. 24/2017. Á meðan skal Fjármálaeftirlitið fresta ákvörðunum sínum þar til niðurstaða liggur fyrir.

Rafeyrisfyrirtæki skal tilkynna Fjármálaeftirlitinu um daginn sem hún hefur starfsemi sína fyrir milligöngu umboðsaðila.

Rafeyrisfyrirtæki skal tilkynna Fjármálaeftirlitinu, án ótilhlýðilegrar tafar, um allar verulegar breytingar varðandi upplýsingar sem sendar eru skv. 1. mgr., þ.m.t. viðbótar umboðsaðila eða þriðju aðila sem útvistað er til í aðildarríkinu sem í hlut á. Beita skal málsmeðferð sem fram kemur í 3. og 4. mgr.

Rafeyrisfyrirtæki ber ábyrgð á því að umboðsaðili upplýsi notendur þjónustu um að þjónustan sé veitt fyrir hönd erlends rafeyrisfyrirtækis.

Rafeyrisfyrirtæki sem starfar á Íslandi með því að dreifa rafeyri á Íslandi fyrir milligöngu umboðsaðila skal tilnefna miðlægan tengilið til Fjármálaeftirlitsins. Fjármálaeftirlitið hefur samband við aðaltengilið m.a. til að fá upplýsingar og skýrslugjöf til að sinna eftirliti samkvæmt þessum lögum.

l. 33. gr. laganna orðast svo, ásamt fyrirsögn:

Þjónusta rafeyrisfyrirtækis með starfsleyfi á EES svæðinu hérlendis án stofnunar útibús.

Rafeyrisfyrirtæki, sem hefur staðfestu og starfsleyfi í öðru ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins, er heimilt að veita þjónustu samkvæmt lögum þessum hér á landi án stofnunar útibús.

Rafeyrisfyrirtæki, sem hefur staðfestu og starfsleyfi í öðru ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins, er heimilt að veita þjónustu hér á landi eftir að tilkynning sem uppfyllir sömu skilyrði og koma fram í 1. mgr. 29. gr. hefur borist Fjármálaeftirlitinu frá lögbæru yfirvaldi aðildarríkis. Tilkynningin skal vera yfirfarin af Fjármálaeftirlitinu innan þess mánaðar tíma sem því er gefinn til þess og í kjölfarið hefur lögbært yfirvald í heimaaðildarríki rafeyrisfyrirtækis samþykkt veitingu umbeðinnar þjónustu yfir landamæri og samhliða uppfært skrá í heimaaðildarríki sambærilega þeirri og lýst er í 17. gr.

m. 34. gr. laganna orðast svo ásamt fyrirsögn:

Þjónusta rafeyrisfyrirtækis með starfsleyfi á EES svæðinu hérlendis með stofnun útibús.

Rafeyrisfyrirtæki, sem hefur staðfestu og starfsleyfi í öðru ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins, er heimilt að veita þjónustu samkvæmt lögum þessum hér á landi með stofnun útibús.

Rafeyrisfyrirtæki, sem hefur staðfestu og starfsleyfi í öðru ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins, skv. 1. mgr. er heimilt að veita þjónustu hér á landi þegar tilkynning sem uppfyllir sömu skilyrði og koma fram í 1. mgr. 30. gr. hefur borist Fjármálaeftirlitinu frá lögbæru yfirvaldi aðildarríkis. Tilkynningin skal vera yfirfarin af Fjármálaeftirlitinu innan þess mánaðar tíma sem því er gefinn til þess. Í kjölfarið samþykkir eða synjar lögbært yfirvald í heimaaðildarríki rafeyrisfyrirtækis um stofnun útibús á Íslandi og samhliða uppfærir skrá í heimaaðildarríki sambærilega þeirri og lýst er í 17. gr.

Hafi Fjármálaeftirlitið gilda ástæðu til að ætla að stofnun útibús geti aukið hættu á peningaþvætti eða fjármögnun hryðjuverka skal Fjármálaeftirlitið tilkynna lögbærum

yfirvöldum heimaaðildarríkis um það. Ákveði lögbær yfirvöld heimaaðildarríkis að hafna eða afturkalla skráningu í framhaldi af slíkri tilkynningu er viðkomandi útibúi ekki heimilt að veita þjónustu hér á landi frá þeim tíma.

Ef lögbær yfirvöld í heimaaðildarríki taka ekki tillit til athugasemda Fjármálaeftirlitsins og veita greiðslustofnun heimild til stofnunar útibús eða veitingu greiðsluþjónustu á Íslandi fyrir milligöngu umboðsaðila getur Fjármálaeftirlitið borið þá ákvörðun undir evrópsku bankaeftirlitsstofnunina, eða Eftirlitsstofnun EFTA, eftir því sem við á, í samræmi við 19. gr. reglugerðar nr. 1093/2010/ESB sem innleidd var með 3. gr. laga um evrópskt eftirlitskerfi nr. 24/2017. Á meðan skal Fjármálaeftirlitið fresta ákvörðunum sínum þar til niðurstaða liggur fyrir.

Útibú sem veitir þjónustu fyrir hönd erlends rafeyrisfyrirtækis skal upplýsa notendur þjónustu um þá staðreynd.

Ákvæði hlutafélagalaga varðandi útibú erlendra hlutafélaga eiga ekki við um útibú skv. 1. mgr.

n. 35. gr. laganna orðast svo, ásamt fyrirsögn:

Opnun útibús eða dreifing rafeyris fyrir milligöngu umboðsaðila af hálfu fyrirtækis utan EES.

Fjármálaeftirlitið getur heimilað fyrirtæki, sem gefur út rafeyri, með staðfestu í ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins að opna útibú eða dreifa rafeyri fyrir milligöngu innlends umboðsaðila hér á landi. Skilyrði fyrir veitingu slíks leyfis er að fyrirtækið hafi leyfi til að stunda starfsemi í heimaríki sínu hliðstæða þeirri sem það hyggst stunda hér á landi, að sú starfsemi sé háð sambærilegu eftirliti í heimaríkinu og að gerður hafi verið samstarfssamningur á milli Fjármálaeftirlitsins og lögbærra yfirvalda í því ríki.

o. Á eftir 35. gr. koma tvær nýjar greinar, ásamt fyrirsögn svohljóðandi, og breytist númeraröð annarra greina samkvæmt því:

a. (36. gr.)

Eftirlit gistiaðildarríkis með rafeyrisfyrirtækjum með starfsleyfi á EES svæðinu sem veita þjónustu yfir landamæri með stofnun útibús eða umboðsaðila.

Fjármálaeftirlitið skal hafa samstarf við lögbær yfirvöld í gistiaðildarríki um framkvæmd eftirlits með lögum þessum vegna starfsemi umboðsaðila og útibúa rafeyrisfyrirtækis, sem eru staðsett í gistiaðildarríki. Skal Fjármálaeftirlitið tilkynna lögbærum yfirvöldum í gistiaðildarríki þegar það hyggst framkvæma skoðun á umboðsaðila eða útibúi í gistiaðildarríki. Fjármálaeftirlitinu er heimilt að fela lögbærum yfirvöldum í gistiaðildarríki framkvæmd skoðunar á staðnum hjá umboðsaðila eða útibúi sem staðsett er í því ríki.

Komist lögbær yfirvöld í gistiaðildarríki að raun um að rafeyrisfyrirtæki með starfsleyfi frá Fjármálaeftirlitinu, sem hefur umboðsaðila eða útibú á yfirráðasvæði þeirra, fari ekki að reglum munu þau án ótilhlýðilegrar tafar upplýsa Fjármálaeftirlitið um það. Fjármálaeftirlitið skal, eftir að hafa lagt mat á upplýsingarnar sem það fær samkvæmt þessari grein, án ótilhlýðlegrar tafar, gera allar viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að hlutaðeigandi rafeyrisfyrirtæki fari að settum reglum. Fjármálaeftirlitið skal jafnframt tilkynna lögbæru yfirvaldi í gistiaðildarríkinu og lögbærum yfirvöldum í öðrum hlutaðeigandi gistiaðildarríkjum tafarlaust um þessar ráðstafanir.

Fjármálaeftirlitið skal að ósk lögbærra yfirvalda í gistiaðildarríki eða að eigin frumkvæði veita þeim viðeigandi upplýsingar, einkum þegar um er að ræða brot eða grun um brot umboðsaðila eða útibús og hvort rafeyrisfyrirtæki uppfylli skilyrði 9. gr. laganna.

b. (37. gr.)

Eftirlit með rafeyrisfyrirtækjum með starfsleyfi á EES svæðinu sem veita þjónustu hérlendis með stofnun útibús eða í gegnum umboðsaðila.

Ef Fjármálaeftirlitið kemst að raun um að rafeyrisfyrirtæki sem veitir þjónustu fyrir milligöngu umboðsaðila eða í gegnum útibú hérlendis fari ekki að ákvæðum III. kafla laganna, skal það upplýsa lögbært yfirvald í heimaaðildarríki um það án tafar.

Að sama skapi getur Fjármálaeftirlitið í því tilviki að nauðsynlegt reynist vegna neyðarástands að grípa til tafarlausra aðgerða til að taka á alvarlegri ógn gegn sameiginlegum hagsmunum handhafa rafeyris hérlendis gert varúðarráðstafanir samhliða samstarfi við lögbær yfirvöld í aðildarríki rafeyrisfyrirtækis og fram að ráðstöfunum þeirra yfirvalda. Hér skiptir ekki máli hvort neyðarástandið skapaðist vegna útibú hérlendis, fyrir milligöngu umboðsaðila hérlendis eða vegna þjónustu sem rafeyrisfyrirtæki með starfsleyfi frá EES svæðinu veldur. Varúðarráðstafanirnar skulu vera viðeigandi og í réttu hlutfalli við þann tilgang þeirra að verjast alvarlegri ógn gegn sameiginlegum hagsmunum handhafa rafeyris hérlendis. Þær mega ekki leiða til þess að handhafar rafeyris hérlendis fyrir milligöngu umboðsaðila eða í gegnum útibú erlends rafeyrisfyrirtækis njóti betri meðferðar en handhafar rafeyris í öðrum ríkjum Evrópska efnahagssvæðisins. Auk þess skulu varúðarráðstafanirnar vera tímabundnar og þeim hætt þegar tekið hefur verið á þeirri alvarlegu ógn sem greind er, þ.m.t. með hjálp eða í samvinnu við lögbær yfirvöld í aðildarríki rafeyrisfyrirtækis sem í hlut á eða Evrópsku bankaeftirlitsstofnunina eða Eftirlitsstofnunar EFTA, eftir því sem við á, í samræmi við 19. gr. reglugerðar ESB nr. 1093/2010 sem innleidd var með 3. gr. laga um evrópskt eftirlitskerfi á fjármálamarkaði nr. 24/2017.

Ef það samrýmist neyðarástandinu sem ríkir skal Fjármálaeftirlitið upplýsa lögbær yfirvöld í aðildarríkjum sem í hlut eiga, Eftirlitsstofnun EFTA og Evrópsku bankaeftirlitsstofnunina fyrirfram og án ástæðulausrar tafar um varúðarráðstafanirnar sem gripið er til skv. 2. mgr. þessarar greinar og um rökstuðning fyrir þeim.

Telji Fjármálaeftirlitið að lögbær yfirvöld í heimaaðildarríki rafeyrisfyrirtækis sýni athafnaleysi með því að grípa ekki til þeirra ráðstafana sem það hafi viðurkennt að nauðsynlegt sé að grípa til, hafni samstarfi og eða láti undir höfuð leggjast að bregðast við neyðarástandinu eða fram hafi komið afstaða þess um að ekki sé viðurkennt að fyrir hendi sé neyðarástand getur Fjármálaeftirlitið leitað aðstoðar Eftirlitsstofnunar EFTA og Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar vegna þeirrar afstöðu og leitað lausnar þess ágreinings. Á meðan skal Fjármálaeftirlitið fresta ákvörðunum sínum þar til niðurstaða liggur fyrir.

p. 36. gr. laganna orðist svo:

Rafeyrisfyrirtæki sem hyggst dreifa eða innleysa rafeyri fyrir milligöngu umboðsaðila skal tilkynna það Fjármálaeftirlitinu fyrirfram. Tilkynningunni skulu fylgja upplýsingar um nafn og heimilisfang umboðsaðilans og lýsing á innra eftirlitskerfi hans sem m.a. skal uppfylla kröfur laga um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka og uppfæra án tafar ef verulegar breytingar verða á þeim frá því að upphafleg tilkynning var send. Tilkynningunni skulu einnig fylgja nauðsynlegar upplýsingar og gögn til að sýna fram á deili á stjórnendum umboðsaðilans og í þeim tilvikum þegar þeir eru ekki rafeyrisfyrirtæki, gögn um að þeir séu

hæfir að mati Fjármálaeftirlitsins, upplýsingar um greiðsluþjónustu sem umboðsaðilinn hefur umboð til að veita og auðkenni umboðsaðilans, sé því til að dreifa.

Fjármálaeftirlitið skráir rafeyrisfyrirtæki í skrá skv. 17. gr., að fengnum upplýsingum skv. 1. mgr. innan tveggja mánaða frá viðtöku upplýsinganna og sendir samhliða rafeyrisfyrirtæki upplýsingar um það. Telji Fjármálaeftirlitið vafa leika á að upplýsingarnar séu réttar skal það grípa til aðgerða til að sannreyna þær. Fjármálaeftirlitið synjar um skráningu á umboðsaðila í skrá yfir rafeyrisfyrirtæki ef það er mat þess að ósannað teljist að upplýsingar skv. 1. mgr. séu réttar. Ef Fjármálaeftirlitið metur upplýsingarnar ófullnægjandi eða rangar er því heimilt að hafna skráningu. Í því tilviki að Fjármálaeftirlitið hafi annað hvort synjað um skráningu eða hafnað skráningu þá skal rafeyrisfyrirtækið upplýst um það án tafar og er því óheimilt að notast við hlutaðeigandi umboðsaðila til að dreifa og innleysa rafeyri frá þeim tíma.

Rafeyrisfyrirtæki er heimilt að dreifa rafeyri og innleysa hann í gegnum umboðsaðila sem aðhefst fyrir hönd þess eftir að Fjármálaeftirlitið hefur fært hann í skrá skv. 17. gr. Útgáfa rafeyris í gegnum umboðsaðila er óheimil.

Rafeyrisfyrirtæki skal sjá til þess að umboðsaðilar sem dreifa eða innleysa rafeyri fyrir þess hönd upplýsi handhafa rafeyris um þá staðreynd.

Rafeyrisfyrirtæki skal án tafar tilkynna Fjármálaeftirlitinu um breytingar varðandi breytingar á umboðsmönnum, þar með talið viðbótarumboðsmönnum, og skal við það fylgt málsmeðferð skv. 2. – 4. mgr.

Ef rafeyrisfyrirtæki óskar eftir því dreifa rafeyri í öðru aðildarríki í gegnum umboðsaðila fer um slíkt skv. 31. gr. laganna.

q. Eftirfarandi breytingar verða á 37. gr. laganna:

1. Í stað „23. gr. g.“ í 1. mgr. kemur: 17. gr.
2. Í stað „23. gr. b.“ í 2. mgr. kemur: 25. gr.

r. 38. gr. laganna orðast svo, ásamt fyrirsögn:

Útvistun rekstrarþátta.

Rafeyrisfyrirtæki sem hyggst útvista rekstrarþætti í starfsemi sinni skal tilkynna Fjármálaeftirlitinu fyrirfram um það.

Útvistun mikilvægra rekstrarþátta, þar með talið rekstur upplýsingakerfa, er óheimil ef hún dregur umtalsvert úr gæðum innra eftirlits rafeyrisfyrirtækis og torveldar eftirlit með framkvæmd laga þessara. Rekstrarþáttur telst mikilvægur ef ágalli eða brestur í framkvæmd hans hefur umtalsverð neikvæð áhrif á getu rafeyrisfyrirtækis til að uppfylla þær kröfur sem liggja til grundvallar starfsleyfi þess eða skyldur samkvæmt lögunum, fjárhagslega afkomu rafeyrisfyrirtækis eða traustleika eða samfelldni þjónustunnar sem um ræðir.

Þegar rafeyrisfyrirtæki útvistar mikilvægum rekstrarþætti verður það að uppfylla eftirfarandi skilyrði:

1. Útvistunin má ekki leiða til þess að ábyrgð stjórnenda verði framseld til útvistunaraðila.
2. Skyldur og samband rafeyrisfyrirtækis gagnvart handhöfum rafeyris samkvæmt lögum þessum breytist ekki.
3. Að geta haldið skilyrðin sem eru forsendan fyrir starfsleyfi þess sem rafeyrisfyrirtækis.

4. Hvorki skal breyta eða fella brott einhver þeirra skilyrða sem liggja til grundvallar starfsleyfi rafeyrisfyrirtækis.

Seðlabanka Íslands er heimilt að setja nánari reglur um hvernig rafeyrisfyrirtæki er heimilt að standa að útvistun mikilvægra rekstrarþátta.

s. Eftirfarandi breytingar verða á 41. gr.:

1. 2. mgr. orðast svo: Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með starfsemi rafeyrisfyrirtækja, þ.m.t. umboðsaðilum, útibúum og útvistun rekstrarþátta þjónustunnar, skv. 28. gr., 29. gr., 30. gr., 31. gr. og 32.. gr. laganna, nema annað leiði af lögum að alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að.
2. Við bætist ný málsgrein sem verður 3. mgr. og orðast svo: Fjármálaeftirlitið sem lögbært yfirvald í gistiaðildarríki hefur eftirlit með umboðsaðilum og útibúum erlendra rafeyrisfyrirtækja hérlendis, sbr. 34. gr. og 28. gr. laganna. Auk þess hefur Fjármálaeftirlitið eftirlit með veitingu þjónustu hérlendis í útibúum og fyrir milligöngu hérlends umboðsaðila fyrirtækis, með staðfestu í ríki utan Evrópska efnahagsvæðisins, skv. 35. gr. vegna stofnana frá þriðju ríki.

t. Eftirfarandi breytingar verða á 43. gr. laganna:

1. 17. tölul. 1. mgr. orðast svo: 1. mgr. 29. gr., 1., 5.-7. mgr. 30. gr., 1., 5.-7. mgr. 31. gr. og 6. mgr. 34. gr. um veitingu þjónustu yfir landamæri.
2. 18. tölul. 1. mgr. orðast svo: 1., 3.-5. mgr. 38. gr. og 39. gr. um veitingu þjónustu í gegnum umboðsaðila.
3. 19. tölul. 1. mgr. orðast svo: 1.-3. mgr. 40. gr. um útvistun rekstrarþátta.

2. Lög um evrópskt eftirlitskerfi á fjármálamarkaði nr. 24/2017, með síðari breytingum: Við 1. tölul. 3. gr. laganna bætist: með þeim breytingum sem leiðir af 112. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2366 frá 25. nóvember 2015 um greiðsluþjónustu á innri markaðnum, um breytingu á tilskipunum 2002/65/EB, 2009/110/EB og 2013/36/ESB og á reglugerð (ESB) nr. 1093/2010 og niðurfellingu á tilskipun 2007/64/EB, sem birt er í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. xx frá x. desember 2020, bls. x–y, með þeim aðlögunum sem leiðir af ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 165/2019 frá 14. júní 2019 sem birt er í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. x frá x. desember 2020, bls. 8–9.

G r e i n a r g e r ð .

1. Inngangur.

Frumvarp þetta er samið í fjármála- og efnahagsráðuneytinu í samráði við Seðlabanka Íslands.

2. Tilefni og nauðsyn lagasetningar.

Frumvarpið leggur til innleiðingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2366 um greiðsluþjónustu en hún fellir jafnframt úr gildi fyrri tilskipun 2007/64/EB (PSD1) um sama efni. Tilefni heildarendurskoðunar ESB á greiðsluþjónustutilskipun sinni er sú aukning sem orðið hefur á rafrænni greiðslumiðlun og verslun á netinu. Tilgangur tilskipunarinnar er

að efla innri markaðinn á sviði greiðsluþjónustu, auka samkeppni á því sviði, auka öryggi og hagræði fyrir neytendur og stuðla að tækniframþróun í Evrópu. Enn fremur að tryggja eftirlit með nýjum aðilum á markaði sem nú lúta margir engu eftirliti og tryggja upplýsingaöryggi.

Fyrri greiðsluþjónustutilskipun 2007/64/EB var innleidd í íslenskan rétt með lögum nr. 120/2011 um greiðsluþjónustu. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2366 var tekin upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 165/2019 þann 14. júní 2019. Því þykir tilefni til að endurskoða núgildandi greiðsluþjónustulög í heild sinni í þá veru að þau samræmist endurskoðaðri tilskipun.

Samkvæmt skuldbindingum Íslands samkvæmt EES-samningum ber Íslandi að innleiða þær gerðir sem teknar eru upp í samninginn í íslenskan rétt með fullnægjandi hætti. Með lögfestingu frumvarpsins verður tryggt að íslensk löggjöf um greiðsluþjónustu verði samræmd löggjöf á Evrópska efnahagssvæðinu um sama efni og að Ísland fullnægi skuldbindingum sínum samkvæmt EES-samningnum.

3. Meginefni frumvarpsins.

Í frumvarpinu er kveðið á um ný heildarlög um greiðsluþjónustu sem eru innleiðing tilskipunar (ESB) 2015/2366 sem er stundum nefnd önnur greiðsluþjónustutilskipun (hér eftir tilskipunin). Jafnframt eru lagðar til einstakar breytingar á lögum um útgáfu og meðferð rafeyris nr. 17/2013, sem einnig byggjast að hluta til á efni tilskipunarinnar. Heimildir til frávika frá efnisákvæðum tilskipunarinnar, við innleiðingu í landsrétt, eru takmarkaðar (e. full harmonisation). Sérstaklega er gerð grein fyrir valkvæðum ákvæðum í athugasemdum við einstök ákvæði frumvarpsins þegar það á við. Verði frumvarpið samþykkt mun tilskipunin verða innleidd að fullu.

3.1 Gildissvið og orðskýringar.

Ákvæði frumvarpsins gilda um greiðsluþjónustuveitendur en hugtakið er skilgreint í 12. tölul. 4. gr. frumvarpsins og tekur m.a. til fjármálafyrirtækja, rafeyrisfyrirtækja, greiðslustofnana, greiðslustofnana með takmarkað starfsleyfi, póstrekanda með rekstrarleyfi samkvæmt lögum um póstþjónustu, seðlabanka Evrópu (ECB) og seðlabanka ríkja á Evrópska efnahagssvæðinu þegar þeir eru ekki í hlutverki stjórnvalds peningamála og stjórnvalda ef greiðsluþjónusta tengist ekki hlutverki þeirra sem slíkra. Samkvæmt 1. gr. frumvarpsins tekur það til greiðsluþjónustu sem sömu aðilar veita hvort heldur um er að ræða greiðslur framkvæmdar hér á landi eða innan Evrópska efnahagssvæðsins og í gjaldmiðli aðildarríkis eða öðrum gjaldmiðli innan sama svæðis. Tiltekin ákvæði í IV. kafla frumvarpsins (*Gagnsæi skilmála og upplýsingagjöf við veitingu greiðsluþjónustu*) gilda einnig um greiðslur sem framkvæmdar eru innan Evrópska efnahagssvæðisins en í öðrum gjaldmiðli en eitthvert aðildarríkjanna og um þann hluta greiðslu sem framkvæmdur er innan Evrópska efnahagssvæðisins, óháð gjaldmiðli, þegar annar greiðsluþjónustuveitandinn er staðsettur í aðildarríki. Þær greiðslur kallast á ensku ,,one-leg“greiðslur. Greiðandi og viðtakandi greiðslu geta því verið staðsettir utan Evrópska efnahagssvæðisins en hluti greiðslunnar fer fram innan svæðisins því greiðsluþjónustuveitandi sem tekur þátt í framkvæmd greiðslunnar er staðsettur innan Evrópska efnahagssvæðisins. Breytingin á milli núgildandi laga og þessa frumvarps er því að gildissviðið hefur verið útvíkkað og nær ekki einungis til svokallaðra „one-leg“ greiðslna í evrum eða öðrum gjaldmiðlum innan EES svæðisins heldur til allra gjaldmiðla.

Tilskipunin kveður einnig á um undanþágur frá gildissviði sínu og eru þær innleiddar í 2. gr. frumvarpsins. Undanþágurnar ná m.a. til reiðufjár, greiðslna á fjármunum sem fara fram á pappír, s.s. tékkum og ferðatékkum, greiðslna sem fara fram í greiðslu- eða

verðbréfauppgjörskerfi milli uppgjörsaðila, miðlægra mótaðila, greiðslujöfnunarstöðva o.fl., og stoðþjónustu tækniþjónustufyrirtækja við greiðsluþjónustu. Auk þess undanþiggur frumvarpið greiðsluþjónustu í formi greiðslumiðla sem einungis er hægt að nota til kaupa á vörum eða þjónustu á athafnasvæði útgefanda, eða einungis hægt að nota til kaupa á afmörkuðu úrvali vöru og þjónustu. Að endingu eru greiðslur sem framkvæmdar eru af veitanda fjarskiptanetsþjónustu eða viðbótarþjónustu við fjarskiptanetsþjónustu að vissum skilyrðum uppfylltum undanþegnar gildissviði laganna. Hér er um að ræða stafrænt efni eða stafræn þjónusta sem er hvorttveggja framleidd og afhent í stafrænu formi auk þess sem notkun efnisins getur einungis átt sér stað með rafrænum hætti. Dæmi um þjónustu af þessum toga eru hringitónar, sérstök smáskilaboð, þátttaka í sjónvarps- og útvarpsútsendingum, s.s. með kosningu, þátttöku í keppnum og veitingu beinnar endurgjafar o.fl. Síðasttalda undanþágan er í núgildandi lögum talin til greiðsluþjónustu sem fellur undir gildissvið laganna og einungis greiðsluþjónustuveitendum er heimilt að veita, sbr. 7. tölul. 4. gr. núgildandi laga nr. 120/2011, um greiðsluþjónustu. Þrátt fyrir að veitendur fjarskiptaþjónustu eða viðbótarþjónustu við fjarskiptaþjónustu þurfi ekki lengur að sækja um leyfi til Fjármálaeftirlitsins og sæta eftirliti þess þá verða þeir eigi að síður að tilkynna Fjármálaeftirlitinu um starfsemi sína, sbr. 38. gr. frumvarpsins (*Veitandi fjarskiptaneta eða þjónusta til viðbótar við fjarskiptaþjónustu*). Með því móti getur Fjármálaeftirlitið haft eftirlit með því að þjónustan sem veitt er sé undanþegin samkvæmt þessum lögum. Slíkt tryggir einsleita túlkun á reglunum alls staðar á innri markaðnum. Auk þess er neytendavernd tryggð með því.

Í tilskipuninni eru mörg hugtök og flest þeirra voru einnig í 2007/64/EB eða svokallaðri fyrstu greiðsluþjónustutilskipun. Eigi að síður komu ný hugtök með tilskipuninni þar sem gildissvið hennar er útvíkkað frá fyrstu greiðsluþjónustutilskipuninni og því að ekki reyndust hugtökin í þeirri tilskipun vera innleidd með nægjanlegri samræmingu innan innri markaðarins. Í samræmi við að gildissvið tilskipunarinnar er útvíkkað líkt og fyrr greinir þá geymir tilskipunin ný hugtök sem eru innleidd í 3. gr. frumvarpsins svo sem greiðsluþjónustuveitandi sem veitir reikningsþjónustu (24. tölul. 3. gr.), reikningsupplýsingaþjónusta, (33. tölul. 3. gr.) reikningsupplýsingaþjónustuveitandi, (34. tölul. 3. gr.) greiðsluvirkjun (20. tölul. 3. gr.) og greiðsluvirkjandi (19. tölul. 3. gr.). Greiðsluþjónustuveitandi sem veitir reikningsþjónustu er skilgreindur sem greiðsluþjónustuveitandi sem býður og viðheldur greiðslureikningi fyrir greiðanda (24. tölul.
3. gr.). Oftast nær eru þeir bankar og í frumvarpinu er þeim bæði veitt réttindi og lagðar á þá skyldur gagnvart notendum greiðsluþjónustu, reikningsupplýsingaþjónustuveitendum og greiðsluvirkjendum. Bæði reikningsupplýsingaþjónustuveitendur og greiðsluvirkjendur verða að vera greiðslustofnun en eru ólíkir núverandi greiðsluþjónustuveitendum að því leyti að þeir reka ekki greiðslureikning sem greiðandi nýtir sér til að framkvæma greiðslu eða sækja sér upplýsingar um. Sökum þessara nýju tegunda greiðslustofnana varð auk þess nauðsynlegt að gera kröfu um persónubundin öryggisskilríki (31. tölul. 3. gr.) sem telst vera persónubundnir þættir sem greiðsluþjónustuveitandinn afhendir notanda greiðsluþjónustu í tilgangi sannvottunar. Auk þess og í samræmi við það markmið frumvarpsins að tryggja öryggi við rafrænar greiðslur, var nauðsynlegt að innleiða hugtakið sterk sannvottun viðskiptavinar (40. tölul. 3. gr.) sem sannvottun á grundvelli notkunar tveggja eða fleiri þátta sem flokkast sem þekking (eitthvað sem notandinn einn veit), umráð (eitthvað sem notandinn einn hefur umráð yfir) og eðlislægni (eitthvað sem notandinn er) sem eru óháðir, þannig að brot á einum þætti hefur ekki áhrif á áreiðanleika hinna þáttanna, og er hönnuð til að vernda trúnað sannvottunargagnanna.

Fáeinum hugtökum ~~eru~~ í frumvarpinu er breytt frá núgildandi lögum þar sem þeim hafði einnig verið breytt í tilskipuninni frá fyrstu greiðsluþjónustutilskipuninni. Á meðal þeirra er hið mikilvæga hugtak *greiðsla* (13. tölul. 3. gr.). Hugtakið greiðsla er nú skilgreint sem aðgerð sem greiðandi eða einhver fyrir hans hönd eða viðtakandi greiðslu fyrir hönd greiðanda á frumkvæði að með því að leggja inn, millifæra eða taka út fjármuni, án tillits til þess hvort einhverjar skuldbindingar milli greiðanda og viðtakanda greiðslu liggja til grundvallar. Breytingin felur í sér að nú er heimilað að þriðji aðili, þ.e.a.s. greiðsluvirkjandi, geti sett af stað greiðslu ~~komið fram~~ fyrir hönd greiðanda ~~og sett af stað greiðslu~~. Þá er hugtakinu *sannvottun* (36. tölul. 3. gr.) breytt en hún er aðferð sem gerir greiðsluþjónustuveitanda kleift að sannreyna deili á notanda greiðsluþjónustu eða notkun tiltekins greiðslumiðils, þ.m.t. notkun á persónubundnum öryggisskilríkjum notandans. Breytingin felur í sér að greiðsluþjónustuveitandinn á hvorutveggja að geta sannreynt deili á notanda greiðsluþjónustu og notkun tiltekins greiðslumiðils en ekki einungis notkun tiltekins greiðslumiðils líkt og í núgildandi lögum.

3.2. Nýir greiðsluþjónustuveitendur

Greiðsluvirkjendur og reikningsupplýsingaþjónustuveitendur falla ekki undir núgildandi lög enda er hér um að ræða þjónustu sem þróaðist, sérstaklega í Evrópu, frá því að fyrsta greiðsluþjónustutilskipunin tók gildi og á allra síðustu árum hér á landi. Greiðsluvirkjun er skilgreind sem þjónusta sem felst í að gefa greiðslufyrirmæli að beiðni og fyrir hönd notanda greiðsluþjónustu að því er varðar greiðslureikning sem vistaður er hjá öðrum greiðsluþjónustuveitanda, sbr. 20. tölul. 3. gr. Sofort og Trustly eru útbreiddir greiðsluvirkjendur í Evrópu sem ekki fyrr en með innleiðingu tilskipunarinnar í Evrópu urðu að sækja um starfsleyfi sem greiðslustofnun og sæta eftirliti. Reikningsupplýsingaþjónusta hefur það að markmiði að veita notanda reikningsupplýsingaþjónustu samanteknar upplýsingar um einn eða fleiri greiðslureikninga sem hann hefur hjá einum eða fleiri greiðsluþjónustuveitendum. Á Íslandi hafa ekki komið fram margir reikningsupplýsingaþjónustuveitendur á undanförnum árum líkt og í Evrópu, s.s. Monzo, sem þurfa nú að verða greiðslustofnun og skráðir aðilar hjá Fjármálaeftirlitinu. Þó er vitað að Meniga býður þá þjónustu að einstaklingar sem gerast viðskiptavinir Meniga geti samstillt reikninga sína til að fá yfirsýn yfir fjármálin sín. Aðrir sem hafa boðið þá þjónustu eru bankar. Búast má við á komandi árum að fleiri þjónustuveitendur hafi áhuga á að bjóða greiðsluvirkjun og reikningsupplýsingaþjónustu í samræmi við aukna sjálfvirknivæðingu og notkun stafrænnar þjónustu. Með frumvarpinu er lagt til að þessir nýju greiðsluþjónustuveitendur skuli verða greiðslustofnanir ~~un~~ og annars vegar sækja um starfsleyfi til Fjármálaeftirlitsins, þ.e.a.s. sem greiðsluvirkjendur, og hins vegar verða skráningarskyldir hjá Fjármálaeftirlitinu, þ.e.a.s. sem reikningsupplýsingaþjónustuveitendur. Með þessu fyrirkomulagi og þeim skilyrðum sem það felur í sér verði neytendavernd, persónuvernd og öryggi og ábyrgð vegna veitingu þessarar þjónustu tryggð, en slíkt þótti ábótavant og er nýjum greiðsluþjónustulögum ætlað að bæta þar úr.

3.2.1 Greiðsluvirkjandi

Þrátt fyrir að greiðsluvirkjandi verði að sækja um starfsleyfi sem greiðslustofnun þá þarf hann eingöngu að uppfylla skilyrði um stofnframlag, sbr. 7. gr. frumvarpsins en er undanþeginn kröfum um útreikning eiginfjárgrunns greiðslustofnunar, sbr. 9. gr. frumvarpsins, sem getur leitt til framlagningar aukins fjármagns. Þess í stað skal greiðsluvirkjandi vera með gilda starfsábyrgðartryggingu sem nær yfir svæðið þar sem hann hyggst bjóða greiðsluþjónustu, eða aðra sambærilega tryggingu til að geta mætt bótaábyrgð sem stofnast getur til í samræmi við

77., 92., 93. og 95. gr. Að öðru leyti eru lagðar á greiðsluvirkjendur sömu kröfur og aðrar greiðslustofnanir, s.s. að heimila notanda greiðsluþjónustu að afturkalla greiðslu, að greiðsluvirkjandi getur þurft að bera bótaábyrgð og hann skal einnig uppfylla kröfur um að veita notanda greiðsluþjónustu upplýsingar við veitingu greiðsluþjónustu og varðveita persónuupplýsingar og önnur gögn tryggilega. Sem dæmi má nefna verður greiðsluvirkjandi að tryggja að persónbundin öryggisskilríki notanda greiðsluþjónustunnar komist ekki í hendur annarra og ekki má hann geyma viðkvæm greiðslugögn. Kröfur um eftirlit með rekstrar- og öryggisáhættu og persónuvernd eru þær sömu og hjá öðrum greiðsluþjónustuveitendum, s.s. bönkum. Þá verður greiðsluvirkjandi að eiga í öruggum samskiptum við greiðsluþjónustuveitandann sem veitir reikningsþjónustu, greiðandann og viðtakanda greiðslunnar.

3.2.2. Reikningsupplýsingaþjónustuveitandi

Reikningsupplýsingaþjónustuveitandi verður líkt og greiðsluvirkjandi að vera greiðslustofnun en hann þarf þó ekki að sækja um starfsleyfi til Fjármálaeftirlitisns heldur er einungis skráningarskyldur. Þá er hann einnig undanþeginn nokkrum~~um~~ af þeim reglum sem aðrar greiðslustofnanir og greiðsluþjónustuveitendur þurfa að uppfylla. Ástæða þess er að hann kemur ekki að framkvæmd greiðslufyrirmæla auk þess sem hann, eins og greiðsluvirkjandi, hefur ekki aðgengi að fjármunum og snertir aldrei á þeim. Greiðslustofnun sem er reikningsupplýsingaþjónustuveitandi er því undanþegin kröfu um stofnframlag í 7. gr. frumvarpsins en þess í stað skal vera með gilda starfsábyrgðartryggingu sem nær yfir svæðið þar sem hann hyggst bjóða greiðsluþjónustu, eða aðra sambærilega tryggingu til að geta mætt bótaábyrgð gagnvart greiðsluþjónustuveitanda sem veitir reikningsþjónustu eða notanda greiðsluþjónustu, sem leiðir af óheimiluðum eða sviksamlegum aðgangi að, eða óheimilaðri eða sviksamlegri notkun á, upplýsingum um greiðslureikninga. Reikningsupplýsingaþjónustuveitandi er undanþeginn 10. gr. um varðveislu fjármuna og lögum um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka. Þá eru ekki sömu kröfur lagðar á reikningsupplýsingaþjónustuveitanda varðandi gagnsæi skilmála og upplýsingagjöf við veitingu greiðsluþjónustu í IV. kafla eða réttindi og skyldur í tengslum við veitingu þjónustunnar í V. kafla. Hins vegar hafi greiðslustofnun sem er reikningsupplýsingaþjónustuveitandi í hyggju að veita þjónustu í öðru ríki innan EES að þá gilda fyrir hana sömu reglur og fyrir aðrar greiðslustofnanir.

3.2.3. Réttindi og skyldur greiðsluvirkjanda og reikningsupplýsingaþjónustuveitanda

Í 64. gr. frumvarpsins er kveðið á um skilyrðislausan rétt neytanda sem á greiðslureikning sem er aðgengilegur á Netinu til að nýta sér greiðsluvirkjun og reikningsupplýsingaþjónustu. Að sama skapi er þar með kominn tilvistarréttur greiðsluvirkjanda og reikningsupplýsingaþjónustuveitanda til að starfa og greiðsluþjónustuveitandi greiðandans sem veitir reikningsupplýsingaþjónustu (oftast banki) getur ekki sett það sem skilyrði að samningssamband sé á milli hans annars vegar og greiðsluvirkjandans eða reikningsupplýsingaþjónustuveitandans hins vegar. Í 65.-70. gr. frumvarpsins er kveðið á um réttindi og skyldur greiðsluvirkjanda og reikningsupplýsingaþjónustuveitanda, s.s. um að þeir verði að afla skýlauss samþykkis frá notanda greiðsluþjónustunnar, að þeir verði að tryggja að persónubundin öryggisskilríki notanda greiðsluþjónustunnar séu ekki aðgengileg öðrum aðilum, að undanskildum notanda og útgefanda persónubundnu öryggisskilríkjanna, að þeir verði að eiga í öruggum samskiptum við greiðsluþjónustuveitendurna sem veita notanda greiðsluþjónustu reikningsþjónustu og að nota hvorki, nálgast né geyma gögn í öðrum tilgangi en að annast hina téðu þjónustu sem notandi greiðsluþjónustu óskar eftir.

3.3 Þátttaka í greiðslukerfum og aðgangur að reikningum hjá lánastofnun.

Í III. kafla eru ákvæði um þátttöku greiðsluþjónustuveitenda í greiðslukerfum. Hér er átt við greiðslukerfi önnur en greiðslukerfi sem viðurkennd hafa verið og hafa verið tilkynnt til Eftirlitsstofnunar EFTA og Evrópsku verðbréfamarkaðsstofnunarinnar í samræmi við lög nr. 90/1999, um öryggi greiðslufyrirmæla í greiðslukerfum og verðbréfauppgjörskerfum og greiðslukerfi þar sem þátttaka einskorðast við greiðsluþjónustuveitendur sem tilheyra tiltekinni samstæðu. Greiðsluþjónustuveitendum skal, hvort heldur sem þeir starfa á grundvelli skráningar hjá Fjármálaeftirlitinu eða sérstaks starfsleyfis sem eftirlitið hefur veitt, vera heimilt að gerast þátttakendur í slíkum greiðslukerfum. Gæta skal að því að jafnfræði ríki milli allra greiðsluþjónustuveitenda til þátttöku og aðgengis að greiðslukerfum með því að reglur um greiðslukerfi séu hlutlægar, án mismununar og í samræmi við meðalhóf (hóflegar). Þær mega ekki hamla aðgangi meira en nauðsynlegt er til að verjast tiltekinni áhættu, svo sem uppgjörsáhættu, rekstraráhættu eða viðskiptaáhættu, og vernda fjárhags- og rekstrarlegan stöðugleika greiðslukerfisins. Það þýðir að ekki má mismuna t.d. greiðslustofnunum á kostnað banka heldur verða þær að geta keppt á samkeppnisgrundvelli vegna þeirrar greiðsluþjónustu sem þær veita. Mismunur í verðlagningu má einungis helgast af mismunandi kostnaði sem hlýst af þátttöku greiðsluþjónustuveitendaur í greiðslukerfistofna til. Gerist þess þörf skal þó setja fram ólík þátttökuskilyrði fyrir greiðslustofnanir með takmarkað starfsleyfi þar sem varfærniskröfur til greiðslustofnana með takmarkað starfsleyfi eru mun minni. Ef þátttakandi í greiðslukerfi leyfir greiðsluþjónustuveitanda sem ekki er þátttakandi í greiðslukerfinu, hvort heldur sem um ræðir skráðan greiðsluþjónustuveitanda eða með starfsleyfi, að gefa greiðslufyrirmæli fyrir milligöngu kerfisins skal þátttakandinn veita öðrum skráðum greiðsluþjónustuveitendum eða þeim sem eru með starfsleyfi sama tækifæri á hlutlægan, hóflegan hátt og án mismununar. Í því tilviki að þátttakandi í greiðslukerfi synjar beiðni greiðsluþjónustuveitanda um að fá að gefa greiðslufyrirmæli fyrir milligöngu kerfisins skal hann upplýsa greiðsluþjónustuveitandann um allar ástæður fyrir synjun. Í sama IV. kafla er lánastofnunum og viðskiptabönkum gert að veita greiðslustofnunum aðgang að þeirra greiðslureikningaþjónustu á hlutlægan hátt, án mismununar. Aðgangur skal vera nógu víðtækur til að gera greiðslustofnunum kleift að veita greiðsluþjónustu á óhindraðan og skilvirkan hátt. ~~Þegar greiðsluþjónustuveitendur annast eina gerð greiðsluþjónustu eða fleiri, ættu þeir ávallt að hafa greiðslureikninga sem notaðir eru einvörðungu vegna greiðslna, sbr.~~

~~10. gr. frumvarpsins. Af þeim sökum er greiðslustofnunum nauðsynlegt að geta opnað greiðslureikninga hjá lánastofnunum og/eða viðskiptabönkum. Skilmálar um slíka reikninga mega ekki fela í sér mismunun gagnvart greiðslustofnunum og skulu veita aðgengi sem er nægjanlegt svo greiðslustofnun geti boði þjónustu sína til sömu viðskiptavina og lánastofnanir og bankar á óhindraðan og skilvirkan hátt.~~ Synji lánastofnun eða viðskiptabanki greiðslustofnun um umbeðinn aðgang skal sá sem synjar tilkynna Fjármálaeftirlitinu og upplýsa um helstur ástæður synjunar.

3.4. Eftirlitsskyld greiðslustofnun.

Í II. kafla frumvarpsins er fjallað um greiðslustofnanir og hvaða skilyrði lögaðili þurfi að uppfylla til þess að geta orðið eftirlitsskyld greiðslustofnun og hvaða upplýsingar þurfi að liggja fyrir í tengslum við umsókn (4. gr.). Greiðslustofnanir urðu ný tegund fyrirtækja á sviði fjármálaþjónustu með gildistöku núverandi laga um greiðsluþjónustu árið 2011. Greiðslustofnanir þá líkt og ~~——~~samkvæmt frumvarpi þessu sinna mun takmarkaðri fjármálaþjónustu og ~~sérhæfðari~~ afmarkaðri starfsemi en viðskiptabankar, sparisjóðir og lánafyrirtæki gera samkvæmt gildandi lögum. Greiðslustofnanir eru allar eftirlitsskyldar hjá Fjármálaeftirlitinu

og allar verða að sækja um starfsleyfi hjá því nema reikningsupplýsingaþjónustuveitandi en hann er einungis skráningaskyldur hjá Fjármálaeftirlitinu. Reikningsupplýsinga-þjónustuveitandi er því annað afbrigði af greiðslustofnun. Í ljósi þess að afmarkaðri áhætta fylgir starfsemi greiðslustofnana eru minni kröfur gerðar til þeirra en áðurgreindra tegunda fjármálafyrirtækja, svo sem að því er varðar kröfur um lágmarksstofnfé. Greiðslustofnanir taka ekki við innlánum og gefa ekki út rafeyri, enda er slík starfsemi leyfisskyld samkvæmt gildandi lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002. Þeim ber að varðveita fjármuni viðskiptavina tryggilega og þær eru til að mynda undirorpnar lögum og reglum um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka líkt og fjármálafyrirtæki. Greiðslustofnunum ber þó að hafa margskonar innviði, sbr. þær kröfur sem gerðar eru til hennar í umsóknarferlinu, skv. 4. gr. og í 12. gr. frumvarpsins. Í 1. mgr. 12. gr. frumvarpsins er talið upp að skipulag í fyrirhuguðum rekstri greiðsluþjónustu þarf að vera skýrt, fullnægjandi verklagsreglur skulu vera til staðar sem þjóni markmiðum um traustan og varfærinn rekstur og að starfsemin hafi á að skipa fullnægjandi innra eftirlitskerfi að því er varðar aðferðir við stjórnun, fyrirkomulag áhættustýringar og reikningsskil. Þar sem greiðslustofnanir veita mismunandi greiðsluþjónustu skulu þær kröfur sem gerðar eru til umsækjenda vera í samræmi við eðli og umfang þeirrar greiðsluþjónustu sem fyrirhugað er að veita en jafnframt verður umsækjandi að uppfylla þær á hverjum tíma, sbr. 2. mgr. 12. gr. frv.

Í þessu frumvarpi eru lagðar til nokkrar breytingar frá núgildandi löggjöf hvað varðar greiðslustofnanir. Í fyrsta lagi er í 2. mgr. 6. gr. frumvarpsins gerð krafa um að ekki einungis skuli greiðslustofnun sem fengið hefur starfsleyfi skv. 12. gr. vera lögaðili og hafa höfuðstöðvar sínar hérlendis, líkt og áskilnaður er nú um í 9. gr. gildandi laga, heldur verður greiðslustofnun að framkvæma a.m.k. hluta af greiðsluþjónustustarfsemi sinni hérlendis. Með þessi eru verið að útiloka að greiðslustofnun geti verið með höfuðstöðvar sínar í aðildarríki en eingöngu veiti greiðsluþjónustu í öðru aðildarríki. Í öðru lagi þá er í 100. gr. frv. gerð krafa um að greiðslustofnun hafi á að skipa eftirlitskerfi rekstrar-og öryggisáhættu. Það þýðir að greiðslustofnun líkt og aðrir greiðsluþjónustuveitendur skal koma á og viðhalda áhættumiðuðum ferlum og eftirlitskerfi til að stýra rekstrar- og öryggisáhættu í tengslum við greiðsluþjónustuna sem hún veitir. Greiðslustofnun verður að viðhafa skilvirka atvikastjórnun, sem m.a. hefur að geyma greiningu og flokkun alvarlegra rekstar-eða öryggisfrávika auk þess að hafa yfir að ráða fullnægjandi öryggisráðstöfunum til að vernda trúnað og heilleika persónubundinna öryggisskilríkja. Árlega ber svo greiðslustofnun líkt og öðrum greiðsluþjónustuveitendum að senda Fjármálaeftirlitinu uppfært og ítarlegt mat á rekstar- og öryggisáhættu í tengslum við þá greiðsluþjónustu sem hún veitir. Í 101. gr. frv. er síðan fjallað um hvaða greiðsluþjónustuveitendur skuli gera í því tilviki að það verður alvarlegt rekstar- eða öryggisfrávik. Fyrir utan að til kynna Fjármálaeftirlitinu um það skal greiðsluþjónustuveitandinn auk þess tafarlaust upplýsa notendur greiðsluþjónustunnar um atvikið, geti það haft áhrif á fjárhagslega hagsmuni þeirra, og allar ráðstafanir sem hafa verið gerðar, og sem þeir sjálfir geta gripið til, til að draga úr skaðlegum áhrifum þess. Í þriðja lagi verða til nýjar tegundir greiðslustofnana, sbr. umfjöllun í köflum 3.2.1. og 3.2.2. hér að framan. Í 22. tölul. 3. gr. frumvarpsins er hugtakið greiðsluþjónusta skilgreint og um er að ræða átta tegundir af greiðsluþjónustu sem eru sumar hverjar ólíkar og hefur hafa í för með sér mismunandi áhættu og leiðir til þess að gerðar eru mismunandi eiginfjárkröfur eftir tegund greiðsluþjónustu. Það kemur sérstaklega í ljós varðandi nýju tegundir greiðsluþjónustuþjónustuveitendanurna, greiðsluvirkjanda og reikningsupplýsingaþjónustuveitanda en þeir hafa ekki aðgengi að fjármunum frá notendum greiðsluþjónstunnar og snerta ekki á þeim. Líkt og greinir í köflum 3.2.1 og 3.2.2 þá þarf greiðsluvirkjandi eingöngu að uppfylla

skilyrði um stofnframlag, sbr. 7. gr. frumvarpsins, en er undanþeginn kröfum um útreikning eiginfjárgrunns greiðslustofnunar, sbr. 9. gr. frumvarpsins, sem getur leitt til framlagningar aukins fjármagns. Reikningsupplýsingaþjónustuveitandi er hvorutveggja undanþeginn kröfu um stofnframlag í 7. g og kröfum um útreikning eiginfjárgrunns greiðslustofnunar, sbr. 9. gr. Þess í stað skulu greiðsluvirkjandi og reikningsupplýsingaþjónustuveitandi vera með gilda starfsábyrgðartryggingu sem nær yfir svæðið þar sem þeir hyggjast bjóða greiðsluþjónustu, eða aðra sambærilega tryggingu til að geta mætt bótaábyrgð sem stofnast getur til vegna veitingu greiðsluþjónustunnar. Í fjórða lagi er ber að nefna að í 14. gr. frumvarpsins er það nýmæli að ekki einungis skal Fjármálaeftirlitið halda opinbera skrá yfir greiðslustofnanir samkvæmt frumvarpi þessu og skrá þar inn helstu upplýsingar um greiðslustofnanir s.s. um starfsheimildir, afturköllun starfsheimilda, útibú og umboðsmenn, heldur skal Fjármálaeftirlitið samhliða veita Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni sömu upplýsingar en stofnunin starfrækir og viðheldur miðlægri skrá um skráningu greiðslustofnana í hverju aðildarríki á Evrópska efnahagssvæðinu sem er aðgengileg öllum. Með þessu móti næst eitt af markmiðum með tilskipuninni að styrkja eftirlit á milli aðildarríkja.

Þriðja afbrigðið af greiðslustofnunum eru eftirlitsskyldar greiðslustofnanir með takmarkað starfsleyfi, skv. g-lið 23. tölul. 3. gr. frumvarpsins. Í frumvarpi þessu líkt og í gildandi lögum eru gerðar minni kröfur til greiðslustofnana með takmarkað starfsleyfi. Sækja þarf um starfsleyfi fyrir greiðslustofnun með takmarkað starfsleyfi til Fjármálaeftirlitsins, sbr. 12. gr. frv. Þær þurfa þó ekki að leggja fram stofnframlag skv. 7. gr. og því undanþegnar kröfum um eiginfjárgrunn í 8. og 9. gr. frv. Þær hafa ekki heimild til að veita lán í tengslum við veitingu greiðsluþjónustu, sbr. 4. mgr. 16. gr. frumvarpsins, og geta ekki veitt greiðsluþjónustu yfir landamæri, sbr. 9. mgr. 12. gr. frumvarpsins. Greiðslustofnun með takmarkað starfsleyfi ber að framfylgja reglum í IV. kafla um gagnsæi skilmála og upplýsingagjöf við veitingu greiðsluþjónustu og V. kafla um réttindi og skyldur í tengslum við veitingu og notkun greiðsluþjónustu. Neytandinn nýtur því sömu réttarverndar óháð því hvort hann er notandi greiðsluþjónustu hjá greiðslustofnun með takmarkað starfsleyfi eður ei. Skyldleiki við þriðja afbrigði greiðslustofnana eru aðilar sem þurfa að tilkynna sig til Fjármálaeftirlitsins. Er hér átt við veitendur fjarskiptaneta sem minnst var á í kafla 3.1. hér að framan. Þrátt fyrir að veitendur fjarskiptaþjónustu eða viðbótarþjónustu við fjarskiptaþjónustu þurfi ekki lengur að sækja um starfsleyfi til Fjármálaeftirlitsins vegna greiðsluþjónustu og sæta eftirliti með vísan til 7. tölul. 4. gr. núgildandi laga um greiðsluþjónustu nr. 120/2011 þá verða þeir eigi að síður að tilkynna Fjármálaeftirlitinu um starfsemi sína, sbr. 39. gr. frumvarpsins (*Veitandi fjarskiptaneta eða þjónusta til viðbótar við fjarskiptaþjónustu*). Hér er því um að ræða breytingu frá núgildandi lögum. Þá verður að geta í þessu samhengi útgefenda greiðslumiðla með takmörkuð afnot. Samkvæmt 2. mgr. 38. gr. frv. hefur þjónustuveitandi sem gefur út greiðslumiðla með takmörkuð afnot, þ.e. greiðslumiðil sem einungis er hægt að nota til kaupa á vörum eða þjónustu á athafnasvæði útgefanda, eða einungis hægt að nota til kaupa á afmörkuðu úrvali vöru og þjónustu, sbr. 11.-12. tölul. 2. gr. frv. ekki skyldu til að tilkynna Fjármálaeftirlitinu um starfsemi sína fyrr en heildarfjárhæð greiðslna, sem hafa verið framkvæmdar á næstliðunum 12 mánuðum, fara yfir 1 milljón evra. Við það tímamark ákvarðar Fjármálaeftirlitið hvort þjónustan falli undir 11. eða 12. tölul. 2. gr., eftir því sem við á, eða bannar frekari starfsemi. Þjónustuveitandinn verður þá að sækja um starfsleyfi sem greiðslustofnun.

3.4.1. Heimildir greiðslustofnunar til að veita þjónustu yfir landamæri.

Líkt og í núgildandi lögum er í frumvarpinu lagt til að greiðslustofnun sem hefur starfsleyfi frá Fjármálaeftirlitinu (að undanskildri greiðslustofnun með takmarkað starfsleyfi) eða hefur sinnt skráningaskyldu til Fjármálaeftirlitsins (reikningsupplýsingaþjónustuveitandi) geti veitt greiðsluþjónustu yfir landamæri með stofnun útibús, fyrir milligöngu umboðsaðila eða án hvorutveggja, sbr. ákvæði 23.-26. gr. frumvarpsins. Með þessu móti gefst íslenskum greiðslustofnunum tækifæri að stækka greiðsluþjónustumarkað sinn og vera í beinni samkeppni við aðra evrópska greiðsluþjónustuveitendur. Að sama skapi geta greiðslustofnanir á Evrópska efnahagssvæðinu veitt greiðsluþjónustu til Íslands með stofnun útibús, fyrir milligöngu umboðsaðila eða án hvorutveggja, sbr. 27.-29. gr. frumvarpsins. Á Íslandi er hvorki til staðar útibú eða umboðsaðili fyrir greiðslustofnun frá Evrópska efnahagssvæðinu en vitað er um nokkra greiðsluþjónustuveitendur sem veita þjónustu yfir landamæri án hvorutveggja, s.s. Nets í Danmörku. Fjármálaeftirlitið hefur ávallt eftirlit með þeim greiðslustofnunum sem það hefur veitt starfsleyfi og breytir veiting greiðsluþjónustu yfir landamæri engu um það, sbr. 22. gr., 23.-26. gr. og 2. mgr. 103. gr. frumvarpsins. Mun svo áfram vera samkvæmt frumvarpinu auk þess sem eftirlit með greiðslustofnunum sem veita þjónustu í öðru aðildarríki í gegnum útibú eða fyrir milligöngu umboðsaðila fer einnig fram af hálfu lögbærra yfirvalda í gistiaðildarríki hvað varðar eftirlit með starfsemi útibúsins og umboðsmannsins og varðandi framfylgd þeirra við ákvæði í landslögum gistiaðildarríkis sem eru sambærileg við ákvæði IV-VII. kafla í frumvarpi þessu og landslög gistiaðildarríkis um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka. Ákvæðin sem um ræðir lúta að neytendavernd og hegðun á markaði og því þykir eðlilegt að lögbær yfirvöld gistaðildarríkis hafi eftirlit með útibúum og umboðsaðilum frá greiðslustofnunum annars aðildarríkis sem veita greiðsluþjónustu á sama markaði og eftirlitsskyldir aðilar fjármálaeftirlits gistiaðildarríkis. Með því er tryggð jöfn neytendavernd og samkeppnisskilyrði á sama markaði. Áður en greiðslustofnun getur veitt þjónustu yfir landamæri verður hún að tilkynna Fjármálaeftirlitinu um áform sín og gefa upp ýmsar upplýsingar s.s. um tegund greiðsluþjónustu sem á að veita í gistiaðildarríki svo Fjármálaeftirlitið getið tekið ákvörðun um hvort það muni heimila veitingu greiðsluþjónustunnar yfir landamæri, sjá 1. mgr. 23. gr.
1. mgr. 24. gr. og 1. mgr. 25. gr. frumvarpsins. Fjármálaeftirlitið tilkynnir lögbærum yfirvöldum í gistiaðildarríki um fyrirhugaða veitingu greiðsluþjónustunnar í þeirra ríki og í því tilviki að íslensk greiðslustofnun hefur í hyggju að veita þjónustu í gegnum útibú eða fyrir milligöngu umboðsaðila leggja lögbær yfirvöld fyrirhugaðs gistiaðildarríkis mat á hvort aukin hætta sé á peningaþvætti eða fjármögnun hryðjuverka vegna veitingu þjónustunnar í gistiaðildarríki, sjá 2.-3. mgr. 23. gr., 2.-3. mgr. 24. gr. og 2.-3. mgr. 25. gr. frv. Sé svo ekki þá uppfærir Fjármálaeftirlitið upplýsingar um greiðslustofnunina í skrá yfir greiðsluþjónustuveitendur, sbr. 14. gr. frv.. og útibúið eða umboðsaðilinn getur hafið starfsemi í viðkomandi gistiaðildarríki. Verði Fjármálaeftirlitið og lögbær yfirvöld ekki sammála er lagt til nýtt úrræði í 4. mgr. 24. gr. og 4. mgr. 25. gr. frv. um atbeina Evrópsku bankaeftirlitsstofnunina eða Eftirlitsstofnun EFTA eftir því sem við á. Er slíkt í samræmi við 3. mgr. 19. gr. reglugerðar nr. 1093/2010/ESB, sem innleidd var með 3. gr. laga um evrópskt eftirlitskerfi nr. 24/2017. Í því tilviki að greiðslustofnun í öðru aðildarríki hefur í hyggju að veita greiðsluþjónustu til Íslands þá gilda sömu reglur og Fjármálaeftirlitið verður í hlutverki lögbærra yfirvalda í gistiaðildarríki líkt og hér er lýst að ofan, sbr. 28. gr., 31. gr. og 3. mgr. 103. gr. frv.

3.5. Upplýsingaskylda

Í III. kafla í núgildandi lögum um greiðsluþjónustu nr. 120/2011 er kveðið á um upplýsingagjöf og gagnsæi við veitingu greiðsluþjónustu. Ekki er um miklar breytingar að ræða í IV. kafla frumvarpsins frá núgildandi lögum. Eftir sem áður er ber greiðsluþjónustuveitanda að veita notanda greiðsluþjónustunnar fjölda upplýsinga um þá greiðsluþjónustuna sem hann hyggst nýta sér. Gerður er greinarmunur á hve víðfem skylda til upplýsingagjafar er eftir því hvort um er að ræða samninga eða upplýsingagjöf vegna stakra greiðslna eða upplýsingagjöf vegna samnings eða tilboðs vegna greiðslna sem falla undir rammasamninga. Í ljósi þess að rammasamningar eru þýðingameiri en samningar um stakar greiðslur~~.~~, sem ekki falla undir rammasamnings~~.s. um greiðslukort og beingreiðslur~~, þá eru gerðar ítarlegri kröfur til veitinga upplýsinga og gegnsæi skilmála í rammasamningum~~þeim tilvikum~~. Þó eru sömu kröfur gerðar í báðum tilvikum hvað varðar að ekki er heimilt að krefja notanda greiðsluþjónustu um gjald fyrir upplýsingar sem veittar eru samkvæmt IV. kafla frumvarpsins og framsetning upplýsinga og skilmála skal vera með skýrum og auðskiljanlegum hætti, á íslensku eða hverju því tungumáli öðru sem aðilar koma sér saman um og skal greiðsluþjónustuveitandi afhenda notanda upplýsingar og skilmála á pappír eða öðrum varanlegum miðli.

Þykir til skýringar að skipta IV. kafla frumvarpsins upp í þrjá hluta:

A. Almenn ákvæði (41.-46. gr.)
B. Stakar greiðslur sem ekki falla undir rammasamninga (47.-52. gr.)
C. Greiðslur sem falla undir rammasamninga (53. gr.-60. gr.)

Helstu nýmæli IV. kafla eru 50. gr. frumvarpsins sem fjallar um upplýsingar fyrir greiðandann, viðtakanda greiðslu og greiðsluþjónustuveitanda sem veitir reikningsþjónustu, eftir að gefin hafa verið greiðslufyrirmæli. Er í ákvæðinu verið að leggja sömu skyldu á greiðsluvirkjanda, sem er nýr greiðsluþjónustuveitandi, og höfðu áður verið á greiðsluþjónustuveitanda sem veitir reikningsþjónustu. Tilefni þykir til að minna á kröfur laga um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga til skýrleika staðlaðra samningsskilmála og þeirrar meginreglu að í vafamálum gildi sú túlkun sem neytandanum kemur best samkvæmt hefðbundnum skýringar- og túlkunarreglum neytendaréttar.

Commented [JBG7]: Það mætti koma skýrt fram í umfjöllun í greinargerð um nýja greiðsluþjónustuveitendur og leyfismál hvernig t.d. bankar, sem eru með víðtæk starfsleyfi, þurfi samt sem áður að sækja um starfsleyfi sem greiðsluvirkjandi eða skrá sig sem reikningsupplýsingaþjónustuveitandi eða hvort það felist í starfsleyfinu að fá að veita þessa þjónustu.

3.6. Réttindi og skyldur í tengslum við veitingu og notkun greiðsluþjónustu.

IV. kafli í núgildandi lögum um greiðsluþjónustu nr. 120/2011 fjallar um réttindi og skyldur greiðsluþjónustuveitanda og notanda greiðsluþjónustu í tengslum við veitingu og notkun greiðsluþjónustu. Lagt er til að V. kafli frumvarpsins beri sama heiti og hafi sambærilega uppbyggingu og í núgildandi lögum. Til skýringar er lagt til að skipta kaflanum upp í fimm hluta:

A. Almenn ákvæði (61.-63. gr.)
B. Heimild fyrir greiðslu (64. gr.)
C. Útgefandi kortatengds greiðslumiðils (65. gr.)
D. Greiðsluvirkjun og reikningsupplýsingaþjónusta (66.-73. gr.)
E. Framkvæmd greiðslu (74.-87. gr.)
F. Framkvæmdatími greiðslu (88.-92. gr.)
G. Bótaábyrgð og meðferð persónuupplýsinga (93.-98. gr.)

Þær helstu breytingar eru gerðar í ákvæðum kaflans að fjárhæð sjálfsábyrgðar í því tilviki að greiðandi skuli bera tap vegna óheimilaðra greiðslna sem rekja má til notkunar á týndum eða stolnum greiðslumiðli eða stafar af óréttmætri nýtingu greiðslumiðils verður allt að jafnvirði 50 evra í íslenskum krónum miðað við opinbert viðmiðunargengi (kaupgengi) eins og það er skráð hverju sinni. Í núgildandi lögum er fjárhæðin 150 evrur, sbr. 1. mgr. 80. gr. frv. Ef greiðsluþjónustuveitandi greiðanda krefst ekki sterkrar sannvottunar viðskiptavinar

skal greiðandinn ekki bera neitt fjárhagstjón nema greiðandinn hafi sýnt af sér sviksamlega háttsemi. Ef viðtakandi greiðslu eða greiðsluþjónustuveitandi viðtakanda greiðslu samþykkir ekki sterka sannvottun skal hann endurgreiða fjárhagslegt tjón sem það veldur greiðsluþjónustuveitanda greiðanda. sbr. 5. mgr. 80. gr. frumvarpsins. Þá er það nýmæli lagt til í 81. gr. frumvarpsins að þegar greiðsla er sett af stað af eða fyrir milligöngu viðtakanda greiðslu í tengslum við kortatengda greiðslu og nákvæm fjárhæð er ekki þekkt á þeirri stundu sem greiðandinn veitir samþykki sitt fyrir framkvæmd greiðslunnar getur greiðsluþjónustuveitandi greiðandans aðeins fryst fjármuni á greiðslureikningi greiðandans ef greiðandinn hefur veitt samþykki fyrir nákvæmlega þeirri fjárhæð sem fyrirhugað er að frysta. Greiðsluþjónustuveitandi greiðandans skal síðan afhenda fjármunina sem frystir hafa verið á greiðslureikningi greiðandans án ótilhlýðilegrar tafar eftir viðtöku upplýsinganna um nákvæma fjárhæð greiðslunnar og eigi síðar en strax eftir viðtöku greiðslufyrirmælanna. Við kaup á bensíni, herbergi og þjónustu á hóteli og leigu á bílaleigubíl er ekki vitað fyrr en við lok þjónustunnar hver endanleg fjárhæð greiðslu skuli vera. Til langs tíma hefur því tíðkast að þessir söluaðilar óski eftir heimild til útgefanda kortsins fyrir áætlaðri fjárhæð sem síðan er lækkuð þegar þjónustan hefur verið afhent og fjárhæðin kunnug. Ákvæðið felur í sér neytendavernd á þann veg að notandi greiðsluþjónustu þarf að samþykkja þá fjárhæð sem söluaðili leggur til að skuli frátekin/fryst af úttektarheimild hans til tryggingar greiðslu. Notandi greiðsluþjónustunnar getur þá sjálfur lagt mat á hvort fjárhæðin sem söluaðili óskar eftir að fá heimild fyrir hjá útgefanda kortsins sé viðeigandi eða ekki. Ef hann telur hana ekki viðeigandi þá getur hann gert athugasemd um slíkt við söluaðila. Líkur á því að söluaðili geri upp sölu- eða þjónustukaup sem eigi að hafa átt sér stað, t.d. kaup á hótelbar eða tjón á bílaleigubíl eru því hverfandi. Tilgangur ákvæðisins er að tryggja að úttektarheimild korthafa sé sem réttust hverju sinni og hann geti því sem mest ótruflaður nýtt kortið til greiðslu á vöru og þjónustu. Nýmæli kaflans beinast þó fyrst og fremst að nýjum greiðsluþjónustuveitendum og þjónustu þeirra, þ.e. greiðsluvirkjendum og reikningsupplýsingaþjónustuveitendum og einnig greiðsluþjónustuveitendum sem veita reikningsþjónustu, sbr. 66. gr. sem fjallar um rétt neytenda til að nýta sér greiðsluvirkjun og reikningsupplýsingaþjónustu, 67. gr. sem fjallar um skyldur greiðsluvirkjanda vegna veitingu greiðsluþjónustu, 68. gr. sem fjallar um hvernig greiðsluvirkjandi skuli meðhöndla upplýsingar og gögn sem hann aflar í tengslum við að veita þjónustu sína, og 69. gr. sem útlistar skyldur greiðsluþjónustuveitanda sem veitir reikningsþjónustu vegna aðgengileika upplýsinga, öruggra samskipta og framkvæmd greiðslufyrirmæla. Samkvæmt 3. mgr. 69. gr. frumvarpsins má þessi greiðsluþjónustuveitandi, sem oftast er banki, ekki mismuna greiðslufyrirmælum, sem send eru fyrir milligöngu greiðsluvirkjanda gagnvart greiðslufyrirmælum sem greiðandinn sendir beint til hans, nema af hlutlægum ástæðum einkum með tilliti til tímasetningar, forgangs eða gjalda. Mismunun getur falist í því að á notanda greiðsluþjónustunnar yrði lagt gjald vegna greiðslufyrirmæla sem framkvæmd væru fyrir hann fyrir milligöngu greiðsluvirkjanda en ekki ef hann myndi framkvæma þau beint hjá greiðsluþjónustuveitanda sínum sem býður reikningsþjónustu. Í 70. gr. eru útlistaðar skyldur reikningsupplýsingaþjónustuveitanda vegna veitingar reikningsupplýsingaþjónustu og um skyldur í tengslum við meðhöndlun þeirra gagna sem hann aflar er fjallað í 71. gr. frumvarpsins. Ákvæði 72. gr. og 73. gr. lúta að greiðsluþjónustuveitanda sem veitir reikningsþjónustu og fjalla um skyldu hans til öruggra samskipta og afgreiðslu beiðna um gögn og hvenær hann getur synjað um upplýsingar um og aðgang að greiðslureikningi. Markmiðið er að allir greiðsluþjónustuveitendur sem veita ekki greiðslureikning geti haft aðgengi að samkeppnismarkaði um greiðsluvirkjun og reikningsupplýsingaþjónustu óháð því að þurfa að vera í samningssambandi við

greiðsluþjónustuveitanda sem veitir reikningsþjónustu, sbr. 2. mgr. 66. gr. frumvarpsins. Þá verða hinir nýju greiðsluþjónustuveitendur að sjá til þess að persónubundin öryggisskilríki notanda greiðsluþjónustunnar séu ekki aðgengileg öðrum aðilum, að undanskildum notanda greiðsluþjónustunnar og útgefanda persónubundnu öryggisskilríkjanna og að greiðsluvirkjandinn sendi þau um öruggar og skilvirkar leiðir, sbr. 67. og 70. gr. frv.

3.7. Upplýsingaöryggi og persónuvernd.

Á undanförnum árum hefur áhætta í tengslum við upplýsingaöryggi aukist samhliða aukinni tæknivæðingu á öllum sviðum og með fjölda stafrænna greiðslulausna sem hafa komið fram á sjónarsviðið í Evrópu og aukin notkun Netsins við greiðsluþjónustu. Af þeim sökum er í tilskipun (ESB) 2015/2366 sem lagt er til að verði innleidd með frumvarpi þessu sérstök áhersla lögð á að tryggja nægjanlega áhættustýringu með þessari ógn, sem felur m.a. í sér aukin svik, auðkennisstuld o. fl.

3.7.1. Persónuvernd.

Samkvæmt 99. gr. frumvarpsins gilda lög um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018, um vinnslu persónuupplýsinga í tengslum við greiðsluþjónustu. Í frumvarpinu finnast auk þess sérreglur. Sú fyrri er í 1. málsl. 1. mgr. 99. gr. en þar er vinnsla og meðferð persónuupplýsinga heimil af hálfu greiðslukerfa og greiðsluþjónustuveitenda þegar það er nauðsynlegt til að koma í veg fyrir, rannsaka og greina greiðslusvik. Sú síðari er sérreglan um að greiðsluþjónustuveitandi þurfi ávallt að afla skýlauss samþykkis frá notanda greiðsluþjónustu, ef greiðsluþjónustuveitandi er að vinna með persónupplýsingar í tengslum við þjónustuna sem hann veitir, sbr. 1.-2. mgr. 65. gr., 1. mgr. 67. gr., 1. mgr. 70. gr. og 2. mgr. 99. gr. frv.

3.7.2. Rekstar- og upplýsingaöryggi.

Hvað varðar áhættustýringu vegna rekstrar- og upplýsingaöryggis, er lagt til í 100. gr. frumvarpsins að greiðsluþjónustuveitandi skuli koma á eftirlitskerfi til að stýra rekstrar- og öryggisáhættu auk þess er gerð krafa um að fullnægjandi öryggisráðstafanir séu fyrir hendi vegna persónubundinna öryggisskilríkja. Til að stuðla að trausti og stöðugleika í fjármálakerfinu er nauðsynlegt að fastsetja reglur um öryggi í tengslum við þegar greiðsluþjónusta er veitt svo að bæði neytendur og lögaðilar geti treyst því að greiðslufyrirmæli sem þeir hafi gefið séu meðhöndluð á öruggan hátt og þar með dregið úr líkum á svikum, eyðileggingu og tæknilegum bilunum þegar greiðsluþjónustuveitandi framkvæmir greiðsluna. Hér er því í fyrsta lagi verið að leggja til að gera kröfur til allra greiðsluþjónustuveitenda þ.m.t. viðskiptabanka. Óháð rekstrarformi og stærð skal greiðsluþjónustuveitandi koma á og viðhalda sérstökum áhættumiðuðum ferlum og eftirlitskerfi til að stýra rekstrar- og öryggisáhættu í tengslum við þá tegund greiðsluþjónustuna sem hann veitir. Ferlar skulu innihalda viðeigandi stýringar og mótvægisaðgerðir til að halda áhættu innan ásættanlegra marka. Til að unnt sé að viðhalda ferlum og eftirlitskerfi sem komið hefur verið á þarf að rýna og uppfæra í samræmi við breytingar og kröfur sem kunna að hafa verið gerðar. Í öðru lagi er verið að leggja til að greiðsluþjónustuveitandi verði að koma á og viðhalda skilvirkri atvikastjórnun, sem m.a. hefur að geyma greiningu og flokkun alvarlegra rekstrar- og öryggisfrávika. Hér getur verið um að ræða rekstrarrof, tæknilegt rof, eyðilegging eða skemmdarverk unnin á öryggisaðgerðum sem getur haft rekstrar- eða fjárhagslegar afleiðingar fyrir notanda greiðsluþjónustunnar. Skráning atvika ætti að taka til allra þátta greiðsluþjónustunnar t.d. innbrot í netbanka, svik eða

eyðileggingu í greiðslukerfi eða kortakerfi sem leiðir til þess að greiðsla verður gölluð eða hún ekki framkvæmd. Þá ber að flokka atvikin og ~~og~~ greina alvarleika þeirra og taka ákvörðun um hvernig skuli brugðist við þeim. Þessi aðferðafræði styður við þær kröfur sem gerðar eru í 101. gr. Í þriðja lagi er lagt til að greiðsluþjónustuveitandi skuli koma á og viðhalda fullnægjandi öryggisráðstöfunum til að vernda trúnað og heilleika persónubundinna öryggisskilríkja notenda greiðsluþjónustunnar í samræmi við reglur Seðlabanka Íslands, sbr.
2. mgr. 117. gr. Persónubundin öryggisskilríki eru skilgreind í 31. tölul. 3. gr. frumvarpsins sem persónubundnir þættir sem greiðsluþjónustuveitandinn afhendir notanda greiðsluþjónustu í tilgangi sannvottunar. Sannvottun er aðferð sem gerir greiðsluþjónustuveitanda kleift að sannreyna deili á notanda greiðsluþjónustu eða notkun tiltekins greiðslumiðils, þ.m.t. notkun á persónubundnum öryggisskilríkjum notandans, sbr. 36. tölul. 3. gr. frumvarpsins. Til að koma í veg fyrir að aðferð sannvottunar á notanda greiðsluþjónustu verði ekki misnotað af þriðja aðila, t.d. að einhver læst vera notandi greiðsluþjónustunnar, þá skiptir sköpum trúnaður og áreiðanleiki þeirra þátta (e. *elements*) sem ferlið reiðir sig á og að þar verði ekki misbrestur. Af þeim sökum verður greiðsluþjónustuveitandi að innleiða viðhlítandi eftirlitsaðgerðir og öryggisráðstafanir, sem skulu tryggja öryggi persónubundinna öryggisskilríkja notanda greiðsluþjónustunnar. Eftirlits- og öryggisráðstafanirnar þurfa því að vera endurskoðaðar reglulegar og uppfærðar í samræmi við uppfært áhættumat. Greiðsluþjónustuveitandi skal a.m.k. árlega veita Fjármálaeftirlitinu uppfært og ítarlegt mat á rekstrar- og öryggisáhættu í tengslum við greiðsluþjónustu þá sem hann veitir og lýsingu á þeim varúðarráðstöfunum og eftirlitsaðgerðum sem hann hefur innleitt til að bregðast við áhættunni.

Í 3. mgr. 100. gr. er lagt til að Seðlabanki Íslands setji nánari reglur um framkvæmd ákvæðisins. Í 3.–4. mgr. 95. gr. tilskipunarinnar er kveðið á um að Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skuli í samstarfi við Seðlabanka Evrópu og að höfðu samráði við alla viðkomandi hagsmunaaðila, þ.m.t. þá sem eru á greiðsluþjónustumarkaði, að teknu tilliti til allra viðeigandi hagsmuna, gefa út viðmiðunarreglur í samræmi við 16. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010 um að koma á, framkvæma og hafa eftirlit með öryggisráðstöfunum, þ.m.t. vottunarferli ef við á. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin hefur gefið út viðmiðunarreglur um öryggisráðstafanir fyrir rekstrar- og öryggisáhættu vegna tilskipunarinnar og tóku þær gildi 13. janúar 2018. Gera má ráð fyrir að Seðlabanki Íslands taki mið af viðmiðunarreglunum við gerð sinna reglna. Ákvæðið er nýmæli.

Í 101. gr. frumvarpsins er lagt til að greiðsluþjónustuveitandi skuli án ástæðulausrar tafar tilkynna Fjármálaeftirlitinu um alvarlegt rekstrar- eða öryggisfrávik. Þau geta verið rekstrarrof, tæknilegt rof, eyðilegging eða skemmdarverk unnin á öryggisaðgerðum sem getur haft rekstrar- eða fjárhagslegar afleiðingar fyrir notanda greiðsluþjónustunnar. Skráning greiðsluþjónustuveitanda á atvikum á að taka til allra þátta greiðsluþjónustunnar t.d. innbrot í netbanka, svik eða eyðileggingu í greiðslukerfi eða kortakerfi sem leiðir til þess að greiðsla verður gölluð eða hún ekki framkvæmd. Þá ber að flokka atvikin og greina alvarleika þeirra og taka ákvörðun um hvernig skuli brugðist við þeim. Hvort atvik teljist alvarlegt rekstrar- eða öryggisfrávik veltur á mati á margskonar aðstæðum, s.s. hvort atvikið geti þróast í að vera stóráfall sem muni gangsetja viðbragðsáætlun greiðsluþjónustuveitandans vegna stóráfalla, hvort atvikið geti haft afleiðingar fyrir fjármálainnviði eða lögreglurannsókn, hvort trúnaður gagna sé í hættu. Greiðsluþjónustuveitandi skal tafarlaust upplýsa um rekstrar-eða öryggisfrávikið og allar ráðstafanir sem gerðar hafi verið til að draga úr skaðlegum áhrifum þess muni frávikið, eða geti frávikið haft áhrif á fjárhagslega hagsmuni notenda greiðsluþjónustunnar.

3.7.3 Sterk sannvottun.

Í 102. gr. frumvarpsins er lagt til að greiðsluþjónustuveitandi skuli krefjast sterkrar sannvottunar í þeim tilvikum þegar stuðst er við rafræna leið til að framkvæma greiðslu og hún getur haft í för með sér hættu á greiðslusvikum eða annars konar misnotkun. Sama skal einnig eiga við þegar greiðsla er sett af stað fyrir milligöngu greiðsluvirkjanda eða þegar óskað er eftir upplýsingum fyrir milligöngu reikningsupplýsingaþjónustuveitanda. Öryggi rafrænna greiðslna er mikilvægt til að tryggja vernd notenda og þróun trausts umhverfis fyrir rafræna verslun. Markmiðið er því að efla öryggisráðstafanir í tilviki rafrænna greiðslna, sbr. 95. gr. formálsorða tilskipunarinnar. Án sterkrar sannvottunar væri hægt að framkvæmda greiðslu með greiðslukorti einungis með því að styðjast við upplýsingar sem eru á greiðslukortinu sjálfu. Með sterkri sannvottun væri hins vegar t.d. krafist samþykkis með SMS-skilaboðum. Það er því augljóslega erfiðara að misnota greiðslukortið þegar krafist er sterkrar sannvottunar. Aukin sviksemisáhætta er fyrir hendi í þeim tilvikum þegar greiðandi og viðtakandi greiðslu eru ekki landfræðilega á sama stað. Af þeim sökum eru lagðar til auknar kröfur í þeim tilvikum með því að greiðsla skal tengd með virkum hætti við tiltekna fjárhæð og tiltekinn viðtakanda.

3.8 Breytingar á lögum um útgáfu og meðferð rafeyris nr. 17/2018.

Í 111. gr. tilskipunarinnar er kveðið á um breytingar sem skuli verða á tilskipun 2009/110/EB um stofnun og rekstur rafeyrisfyrirtækja og varfærniseftirlit með þeim eða svokallaðari EMDII sem innleidd var með lögum um útgáfu og meðferð rafeyris nr. 17/2018. Í a.-t.-lið 1. tölul. 118. gr. frumvarpsins eru því gerðar breytingar á þeim lögum. Breytingarnar lúta að ákvæðum í III. kafla þeirra um rafeyrisfyrirtæki og IV. kafla um eftirlit, réttarúrræði og viðurlög og lúta að því að gera þau ákvæði samræmd sambærilegum ákvæðum í frumvarpi þessu. Ákvæðin voru samræmd sambærilegum ákvæðum í núgildandi lögum um greiðsluþjónustu nr. 120/2011, enda gerður áskilnaður um slíkt í EMDII sem vísaði þá til tiltekinna ákvæða í tilskipun 2007/69/EB eða PSD1 tilskipuninni fyrirrennara PSD2. Ákvæðin sem lagt er til að verði breytt í frumvarpinu eru:

- Rekstrarform og höfuðstöðvar rafeyrisfyrirtækis 9. gr.,
- Skrá yfir rafeyrisfyrirtæki 17. gr.
- Umsókn um starfsleyfi sem rafeyrisfyrirtæki 18. gr.
- Starfsleyfisskilyrði 20. gr.
- Tilkynning um veitingu eða synjun starfsleyfis 21. gr.
- Afturköllun leyfis 22. gr.
- Reikningsskil og lögboðin endurskoðun 27. gr.
- Eftirlit með starfsemi rafeyrisfyrirtækis 28. gr.
- Starfsemi rafeyrisfyrirtækja erlendis án stofnunar útibús 29. gr.
- Starfsemi rafeyrisfyrirtækja erlendis með stofnun útibús 30 gr.
- Veiting þjónustu erlendis í gegnum umboðsaðila 31. gr.
- Þjónusta rafeyrisfyrirtækis með starfsleyfi á EES svæðinu hérlendis án stofnunar útibús 33. gr.

4. Samræmi við stjórnarskrá og alþjóðlegar skuldbindingar.

Frumvarpið felur í sér innleiðingu á Evrópugerð og gefur ekki tilefni til að ætla að það stangist á við stjórnarskrá eða alþjóðlegar skuldbindingar.

5. Samráð.

Frumvarpið snertir fyrst og fremst neytendur, söluaðila, lánastofnanir, greiðslustofnanir og rafeyrisfyrirtæki. Þá leiðir það til nýrra verkefna hjá Fjármálaeftirliti Seðlabanka Íslands. Ráðherra skipaði nefnd 31. október 2017 undir forystu ráðuneytisins skipaða fulltrúum frá Seðlabanka Íslands, Fjármálaeftirlitnu og Samtökum fjármálafyrirtækja til að rýna tilskipunina. Í kjölfarið hefur fjármála- og efnahagsráðuneytið unnið að ritun frumvarpsins.

Áform um frumvarp til nýrra laga um greiðsluþjónustu birtust í samráðsgátt stjórnvalda 16. júlí 2020 og var opið fyrir umsagnir til 31. ágúst 2020. Ein umsögn barst frá Samtökum fjármálafyrirtækja þar sem óskað var eftir því að haghafar fengju góðan tíma til að kynna sér drög að frumvarpinu. Ráðuneytið leggur því til að opið verði fyrir umsagnir við drögin í þrjár vikur í stað tveggja eins og áskilið er að lágmarki. Þá telja Samtök fjármálafyrirtækja að það verði áskorun að ljúka uppsetningu á prófunarkerfi til að prófa samskipti banka og nýrra aðila, þ.e. greiðsluvirkjenda og reikningsupplýsingaþjónustuveitenda, þann 1. júlí 2021. Jafnframt sé æskilegt að Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands styðji við þá vinnu til að auka líkur á að niðurstaðan verði í samræmi við þær kröfur sem gerðar eru í frumvarpinu. Ráðuneytið telur að enn sé nægur tími til að mæta kröfum frumvarpsins í tæka tíð. Að auki hefur frumvarpið í för með sér mikilvæga réttarbót fyrir neytendur og er ætlað að efla nýsköpun og auka samkeppni á sviði greiðsluþjónustu. Ráðuneytið telur því ekki ástæða til að seinka fyrirætlunum um gildistöku reglna Seðlabanka Íslands um sterka sannvottun og örugg samskipti á milli banka og nýrra greiðsluþjónustuveitenda sem Seðlabankanum verður skylt að setja á grundvelli laganna frá því sem kynnt var í áformum ráðuneytisins síðastliðið sumar.

Þá var haft samráð við atvinnu- og nýsköpunarráðuneytið við samningu frumvarpsins.

6. Mat á áhrifum.

Frumvarpið felur í sér að löggjöf um greiðsluþjónustu innan EES svæðisins verður samþætt í þeim tilgangi að skapa jafnari samkeppnisgrundvöll fyrir alla markaðsaðila og koma á eftirliti með nýjum tegundum greiðsluþjónustuveitenda. Jafnframt á frumvarpið að leiða til aukins framboðs og nýjunga í greiðsluþjónustu fyrir neytendur og söluaðila, efla upplýsingaöryggi og neytendavernd.

Úrval greiðsluþjónustuleiða kann að aukast, sérstaklega tengt nýsköpun í kortum og net- og símalausnum sem m.a. geta komið frá nýjum tegundum greiðsluþjónustuveitenda, greiðsluvirkjendum og reikningsupplýsingaþjónustuveitendum. Neytendavernd verður efld þar sem gildissvið nýju laganna verður víðtækara en þeirra eldri. Gildissvið frumvarpsins nær til allra gjaldmiðla ef annar greiðsluþjónustuveitandinn er staðsettur á Evrópska efnahagssvæðinu en ekki einungis til gjaldmiðla aðildarríkja líkt og áður. Nýsköpunaraðilar á sviði greiðsluþjónustu, þ.e.a.s. greiðsluvirkjendur og reikningsupplýsingaþjónustuveitendur, þurfa nú að sæta eftirliti. En á móti kemur að þeir njóta góðs af jafnari samkeppnisgrundvelli við rótgrónari fyrirtæki. Jafnframt verða meiri kröfur gerðar til upplýsingagjafar frá greiðsluþjónustuveitendum og sömu aðilum verður gert að taka meiri ábyrgð á að tryggja örugga greiðslumiðlun m.a. með því að krefja greiðendur um sterka sannvottun við netgreiðslur og draga þannig úr sviksemi við framkvæmd greiðslna.

Tekjur starfandi greiðsluþjónustuveitenda munu líklega dragast saman vegna aukinnar samkeppni frá nýjum tegundum greiðsluþjónustuveitenda á markaði og erlendum greiðsluþjónustuveitendum sem hyggja á veitingu þjónustu yfir landamæri. Bankar munu þurfa að veita nýjum greiðsluþjónustuveitendum, þ.e.a.s. greiðsluvirkjendum og reikningsupplýsingaþjónustuveitendum sem hafa skýlaust samþykki viðskiptavina, aðgang að

upplýsingum í kerfum sínum af greiðslureikningum viðskiptavina án endurgjalds. Gagnasamskipti þeirra í milli skulu vera örugg og í samræmi við reglur sem Seðlabanki Íslands setur og innleiða framselda reglugerð Framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/389 sem kveður á um tæknistaðla fyrir sterka sannvottun og örugga sameiginlega opna samskiptastaðla. Einhver kostnaður mun hljótast af því að uppfylla skilyrði öruggu samskiptanna. Mögulegt er að samræming á reglum og frekari stöðlun, þ.m.t. í tækni, í viðskiptum tengdum greiðsluþjónustu hafi í för með sér sparnað, til lengri tíma litið. Lagabreytingin kann líka að skapa tækifæri fyrir nýjar virðisaukandi þjónustur sem og þjónustu íslenskra greiðsluþjónustuveitenda yfir landamæri.

Helstu áhrif frumvarpsins á söluaðila (smásala) er aukin stærðarhagkvæmni fyrir söluaðila með netverslun. Hún helgast af betra aðgengi að greiðsluþjónustuveitendum, m.a. utan heimalands þar sem koma á í kring samvirkni á milli kerfa. Slíkt á að auka möguleika greiðsluþjónustuveitenda að bjóða upp á greiðslulausn yfir landamæri fyrir debetkort og netgreiðslur og þannig styðja við að söluaðili geti hjá einum greiðsluþjónustuveitanda samið um greiðslulausnir og notið stærðarhagkvæmni í verði og þjónustu. Ný lög munu gera auknar kröfur til allra þeirra sem veita greiðsluþjónustu, að krefjast sterkrar sannvottunar á netgreiðslum og mun það hafa áhrif á söluaðila með því að seinka afgreiðslu í netverslun og valda einhverjum kostnaði í innleiðingu. Leggja þarf séstaka áherslu á öryggismál og upplýsingavernd. Mikilvægt er að opnun greiðsluþjónustumarkaðarins leiði ekki til aukinnar áhættu á þessum sviðum. Tæknileg aðlögun að kröfum laganna hjá viðskiptabönkum, lánastofnunum og öðrum greiðsluþjónustuveitendum, þ.m.t. nýjum tegundum greiðsluþjónustuveitenda, þarf að taka mið af þessu. Sama er að segja um opinbert eftirlit.

Áformuð lagasetning mun fela í sér aukin verkefni fyrir Seðlabanka Íslands. Með lagasetningunni munu greiðsluvirkjandi og reikningsupplýsingaþjónustuveitandi verða nýir greiðsluþjónustuveitendur á greiðslumarkaðnum og lúta eftirliti eða, eftir atvikum, verða skráningarskyldir. Gerðar verða tæknilegar kröfur til upplýsingakerfa þeirra og að þeir komi á og viðhaldi eftirlitskerfi rekstrar- og öryggisáhættu. Þær kröfur, sem Fjármálaeftirlitið mun annast eftirlit með eru að miklu leyti nýmæli. Stofnunin mun jafnframt sinna starfsleyfisumsóknum og umsóknum um skráningar frá þeim sem vilja sinna greiðsluþjónustu. Annast þarf eftirlit með nýjum tegundum greiðsluþjónustuveitenda til frambúðar eftir að umsóknir hafa verið afgreiddar. Þá þarf að uppfæra ýmis innanhússkerfi vegna nýrra eftirlitsskyldra aðila og taka á móti gögnum og upplýsingum. Sinna þarf viðvarandi eftirliti með opnun netskilflata (e. online interface) hjá viðskiptabönkum og lánastofnunum til þriðju aðila sem heimilt verður að fá gögn af greiðslureikningum viðskiptavina þeirra með þeirra samþykki.

Gert er ráð fyrir að ný verkefni vegna áformaðrar lagasetningar feli í sér kostnað fyrir Seðlabanka Íslands sem nemur 25 m.kr. á ársgrundvelli. Hefur þá verið tekið tillit til launa og aðstöðu til uppbyggingar upplýsingakerfa. Þessum viðbótarkostnaði verður mætt með hækkun eftirlitsgjalds. Að öðru leyti er ekki talið að áhrifin af reglusetningu sem slíkri hafi bein áhrif á afkomu ríkissjóðs.

Um einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Lagt er til að gildissvið laganna verði skilgreint í 1. gr. Því er um að ræða innleiðingu á 2. og 82. gr. tilskipunarinnar.

Í 1. mgr. er lagt til að kveðið verði skýrlega á um að lögin skuli ná til greiðsluþjónustu sem veitt er hér á landi, jafnvel þó að aðeins hluti þjónustunnar fari fram hérlendis. Með ákvæðum 2.-4. mgr. er gildissvið skýrt nánar.

Í 2. mgr. er kveðið á um að IV.-VII. kafli skuli gilda um greiðslur í gjaldmiðli aðildarríkis ef bæði greiðsluþjónustuveitandi greiðanda og greiðsluþjónustuveitandi viðtakanda greiðslu eru staðsettir í aðildarríki eða ef einungis einn greiðsluþjónustuveitandi kemur að framkvæmd

greiðslunnar og er staðsettur í aðildarríki. Greiðsluþjónustuveitandi telst staðsettur í aðildarríki ef hann hefur tilskilin leyfi til að veita greiðsluþjónustu í aðildarríki. Með aðildarríki er skv. 1. tölul. 3. gr. átt við ríki sem er aðili að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið.

Í 3. mgr. er kveðið á um að IV. kafli, að undanskildum b-lið 1. mgr. 50. gr., e-lið 2. tölul. 54. gr. og a-lið 58. gr og V.-VII. kafla, að undanskildum 87.-91. gr., gildi um greiðslur sem framkvæmdar eru á Evrópska efnahagssvæðinu og í gjaldmiðli sem er ekki gjaldmiðill aðildarríkis ef bæði greiðsluþjónustuveitandi greiðanda og greiðsluþjónustuveitandi viðtakanda greiðslu eru staðsettir í aðildarríki, eða ef einungis einn greiðsluþjónustuveitandi kemur að framkvæmd greiðslu og er staðsettur staðsettur í aðildarríki.

Í 4. mgr. er kveðið á um að IV. kafla að undanskildum b-lið 1. mgr. 50. gr., e-lið 2. tölul. 54. gr., g-lið 5. tölul. 54. gr. og a-lið 58. gr. og V.-VII. kafla að undaskildum 3. mgr. og 4. mgr. 64. gr., 82. gr., 83. gr.,1. mgr. 89. gr., 94. gr. og 97. gr., gildi um greiðslur í öllum gjaldmiðlum, hvortheldur gjaldmiðli aðildarríkis eða ekki, þar sem annar greiðsluþjónustuveitandinn er staðsettur í aðildarríki og um er að ræða framkvæmdar greiðslur innan Evrópska efnahagssvæðisins. Breytingin á milli núgildandi laga og þessa frumvarps er að gildissvið hefur verið útvíkkað og nær ekki einungis til svokallaðra ,,one-leg“ greiðslna í evrum eða öðrum gjaldmiðlum innan EES svæðisins heldur til allra gjaldmiðla. Með ,,one- leg“ er átt við að einungis annar greiðsluþjónustuveitandinn sem kemur að framkvæmd greiðslu er staðsettur í aðildarríki.

Í 5. mgr. er þrengt að skilyrðum þeim sem koma fram í 4. mgr. vegna tiltekinna greiðslna og um þær gilda sérreglur. Sérreglur eiga við um framkvæmdatíma greiðslu og gildisdag eða eins og kveðið er á um í 88. – 92. gr. í V.-VII. kafla. Sérreglurnar koma fram í F-hluta V. kafla frumvarpsins.

Lagt er til að Ísland nýti ekki heimildina í 5. mgr. 2. gr. tilskipunarinnar sem myndi þá taka til Byggðastofnunar og Lánasjóðs sveitarfélaga. Þær stofnanir stunda nú ekki greiðsluþjónustu en skyldu þær ætla sér það síðar þá er eðlilegt að um hana gildi reglur þessa frumvarps.

Um 2. gr.

Hér er um innleiðingu á 3. gr. tilskipunar (ESB) 2015/2366 að ræða.

Um 1. tölul. Lagt er til að ákvæði laganna eigi ekki við um milliliðalausar greiðslur í reiðufé frá greiðanda til viðtakanda greiðslu. Ákvæðið er óbreytt frá gildandi lögum um greiðsluþjónustu nr. 120/2011. Um er að ræða innleiðingu á a-lið 3. gr. tilskipunarinnar.

Um 2. tölul. Undanþágan nær til umboðsaðila sem hefur umboð frá annaðhvort seljanda eða kaupanda til að selja eða kaupa vöru/þjónustu fyrir hönd greiðanda eða viðtakanda greiðslu. Þar með er annað hvort um að ræða að umboðsaðili tekur við greiðslu frá greiðanda (kaupanda) f.h. viðtakanda greiðslu (seljanda) eða sendir greiðslufyrirmæli um greiðslu til viðtakanda greiðslu (seljanda) f.h. kaupanda. Í báðum tilvikum er litið svo á sem að greiðslan falli einungis undir samning milli seljanda og kaupanda. Hlutverk umboðsaðilans fellur utan gildissviðs laganna og telst hann ekki greiðsluþjónustuveitandi samkvæmt þeim, óháð því hvort hann hafi í umboði sínu haft vörslur fjármunanna um stundarsakir fyrir hönd annað hvort seljanda eða kaupanda eftir því sem á við. Er slíkt í samræmi við þá staðreynd að hann hefur umboð umbjóðanda síns og kemur því fram fyrir hans hönd. Undanþágan nær aukinheldur til tilvika þar sem umboðsaðili kemur fram bæði fyrir hönd greiðanda og viðtakanda greiðslu, t.d. í tengslum við rekstur rafræns verslunarvettvangs (e. e-commerce platform), að því gefnu að umboðsaðili hafi á engum tímapunkti fjármuni viðskiptavinar (e. client funds) í vörslu eða undir sinni stjórn. Hér er komin fram breyting frá 2. tölul. 2. gr. núgildandi laga á þann veg að koma á í veg fyrir að vettvangar (e. platforms) geti bæði móttekið greiðslur f.h. seljanda

vöru/þjónustu og sent greiðslufyrirmæli f.h. kaupanda. Með því er aukin hætta á að neytendavernd sé kastað fyrir róða þar sem greiðslurnar falla þá utan gildissviðs laganna sem er m.a. ætlað að tryggja vernd til handa neytendum. Um er að ræða innleiðingu b-lið 3. gr. tilskipunarinnar.

Um 3. tölul. Lagt er til að ákvæði laganna eigi ekki við um flutning í atvinnuskyni á áþreifanlegum seðlum og mynt. Ákvæðið er efnislega óbreytt frá gildandi lögum um greiðsluþjónustu nr. 120/2011. Um er að ræða innleiðingu á c-lið 3. gr. tilskipunarinnar.

Um 4. tölul. Undantekning þessi á einungis við um greiðslur í reiðufé. Ef söfnun í þessu skyni fer t.d. fram með millifærslum af bankareikningum eða kortagreiðslum á Netinu falla greiðslurnar undir gildissvið laga þessara. Ákvæðið er óbreytt frá gildandi lögum um greiðsluþjónustu nr. 120/2011 og er innleiðing á d-lið 3. gr. tilskipunarinnar.

Um 5. tölul. Undanþágan á við um tilvik þegar viðskiptavinur í tengslum við þjónustu- eða vörukaup, sem ekki er greitt fyrir með reiðufé, greiðir meira en andvirðinu nemur og fær til baka reiðufé (e. cash-back) sem nemur umfram fjárhæðinni sem greidd var. Undanþágunni er ætlað að tryggja að verslunareigandinn sem býður téða þjónustu sé ekki talinn greiðsluþjónustuveitandi. Greiðslan sem viðskiptavinurinn innti af hendi með greiðslumiðli fellur hins vegar undir lögin. Ákvæðið er efnislega óbreytt frá gildandi lögum um greiðsluþjónustu nr. 120/2011. Um er að ræða innleiðingu á e-lið 3. gr. tilskipunarinnar.

Um 6. tölul. Lagt er til að ákvæði laganna eigi ekki við um gjaldeyrisviðskipti í reiðufé þar sem fjármunir eru ekki geymdir á greiðslureikningi. Sem dæmi um slíka starfsemi má nefna gjaldeyrisskiptastöðvar, sbr. 8. tölul. 3. gr., og 35. gr. laga um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka nr. 140/2018. Undantekning þessi á því bæði við um skipti ólíkra gjaldmiðla, í reiðufé, og skipti á t.d. stærri mynt fyrir smærri í sama gjaldmiðli (svo sem fimm hundruð króna seðill í fimm hundraðkrónu peninga). Um er að ræða innleiðingu á f-lið 3. gr. tilskipunarinnar.

Um 7. tölul. Lagt er til að ákvæði laganna eigi ekki við um greiðslur á fjármunum til viðtakanda sem byggjast á tékkum, ferðatékkum, víxlum, úttektarseðlum og póstávísunum á pappír. Greinin er óbreytt frá gildandi lögum um greiðsluþjónustu nr. 120/2011. Um er að ræða innleiðingu á g-lið 3. gr. tilskipunarinnar.

Um 8. tölul. Lagt er til að ákvæði laganna eigi ekki við um greiðslur sem fara fram í greiðslu- eða verðbréfauppgjörskerfi milli uppgjörsaðila (e. settlement agents), miðlægra mótaðila, greiðslujöfnunarstöðva og/eða seðlabanka og annarra aðila að kerfinu og greiðsluþjónustuveitenda, með fyrirvara um 36. gr. Ákvæði þetta hefur því ekki áhrif á ákvæði 36. gr. um þátttöku í greiðslukerfum. Undantekning þessi hefur í för með sér að lögin gilda ekki um greiðslur milli Seðlabanka Íslands annars vegar og reikningseigenda í Seðlabankanum hins vegar, svo og um allar greiðslur milli reikningseigenda í Seðlabankanum.
Efni ákvæðins er óbreytt frá gildandi lögum um greiðsluþjónustu nr. 120/2011. Um er að ræða innleiðingu á h-lið 3. gr. tilskipunarinnar.

Um 9.tölul. Lagt er til að ákvæði laganna eigi ekki við um greiðslur sem tengjast umsýslu verðbréfa, þ.m.t. arðgreiðslur, aðrar tekjur, svo sem vegna innlausnar eða sölu, sem nánar tilgreindir aðilar annast. Töluliðurinn er óbreyttur frá gildandi lögum um greiðsluþjónustu nr. 120/2011. Um er að ræða innleiðingu á i-lið 3. gr. tilskipunarinnar.

Um 10. tölul. Lagt er til að stoðþjónusta tækniþjónustufyrirtækja við greiðsluþjónustuveitendur falli utan gildissviðs laganna, þ.m.t. úrvinnsla og geymsla gagna, þjónusta við verndun trúnaðarupplýsinga, sannvottun gagna, rekstur samskiptanets ásamt afhendingu og viðhaldi á greiðsluposum eða sambærilegu s.s. netposa (e. payment terminal) o.fl., enda hafi tækniþjónustufyrirtækin aldrei eignarhald á þeim fjármunum sem millifæra

skal. Tækniþjónustufyrirtækin sem hér um ræðir eru ekki í beinu samningssambandi við notendur greiðsluþjónustu hvort sem hann er greiðandi eða viðtakandi greiðslu. Sem dæmi um tækniþjónustufyrirtæki er hægt að nefna Reiknistofa bankanna hf. (RB), Verifone á Íslandi ehf., LS Retail ehf. Þau nýmæli eru í ákvæðinu að minnst er á greiðsluvirkjun og reikningsupplýsingaþjónustu og skýrt tekið fram að þær þjónustur falli undir lögin og undanþágan eigi því ekki við um þær þjónustur. Ef tækniþjónustufyrirtæki, sem njóta undanþágunnar, fara að bjóða upp á greiðsluvirkjun eða reikningsupplýsingaþjónustu falla þau þar með undir gildissvið laganna. Um er að ræða innleiðingu á j-lið 3. gr. tilskipunarinnar.

Um 11. tölul. Lagt er til að þjónusta sem byggist á greiðslumiðlum sem aðeins er hægt að nota til kaupa á vöru og þjónustu á athafnasvæði útgefanda eða á athafnasvæði nets þjónustuveitenda samkvæmt viðskiptasamningi hvers þeirra um sig við útgefanda, falli utan gildissviðs laganna. Um er að ræða undanþágu vegna afmarkaðs þjónustukerfis (e. limited network). Greiðslumiðill sem einungis er hægt að nota í tiltekinni verslunarmiðstöð getur talist vera dæmi um afmarkað athafnasvæði. Er þá átt við að allar verslanir og þjónustuaðilar í verslunarmiðstöðinni hafi gert með sér samning um útgáfu greiðslumiðils sem hægt er að nota til að greiða hjá öllum verslunar- og þjónustuaðilum í verslunarmiðstöðinni og einungis er unnt að nota í verslunarmiðstöðinni. Annað dæmi er þegar tiltekin verslunarkeðja gefur út sinn eigin greiðslumiðil til greiðslu á vöru eða þjónustu í verslunum innan verslunarkeðjunnar. Sem dæmi má nefna að Lindex kortið á Íslandi er hægt að nota til að greiða fyrir vörur og þjónustu í Lindex verslunum. Ekki er gerð krafa til þess að allar verslanir í verslunarkeðjunni séu í eigu sama lögaðila einungis að verslanirnar séu bundnar af samskonar samningi um að unnt sé að nota greiðslumiðilinn hjá þeim. Sé á hinn bóginn um að ræða fjölda söluaðila sem heimila notkun tiltekins greiðslumiðils hjá sér og sá hópur er ekki landfræðilega bundin verslunarmiðstöð heldur geti endalaust fjölgað að þá er ekki um að ræða greiðslumiðil sem fellur utan gildissviðs laganna. Greiðslumiðilinn telst þá hafa takmarkað gildissvið þar sem einungis er hægt að nota hann hjá útgefanda kortsins. Undanþága vegna afmarkaðs þjónustukerfis gildir ásamt skyldu greiðsluþjónustuveitanda til að tilkynna um starfsemi sem fellur innan gildissviðs hennar, sbr. 2. mgr. 37. gr. tilskipunarinnar. Um er að ræða innleiðingu á i)-lið k-liðar 3. gr. tilskipunarinnar.

Um 12. tölul. Lagt er til að greiðslumiðlar sem einungis er hægt að nota til kaupa á afmörkuðu úrvali vöru og þjónustu falli utan gildissviðs laganna, sbr. þó 38. gr. og 39. gr. Um er að ræða undanþágu vegna afmarkaðs þjónustukerfis. Skilyrðið er háð því að um sé að ræða afmarkaðan fjölda tengdra vara eða þjónustu án tillits til landfræðilegrar staðsetningar sölustaðarins, þ.e.a.s. ekki skiptir máli hvort mikill fjöldi verslana- og þjónustuaðila taki á móti téðum greiðslumiðli. Greiðslumiðlarnir geta verið eldsneytiskort, aðildarkort fyrir almenningssamgöngur, bílastæðamiðar og matarmiðar. Um er að ræða innleiðingu á ii)-lið k-liðar 3. gr. tilskipunarinnar. Undanþága vegna afmarkaðs þjónustukerfis gildir ásamt skyldu greiðsluþjónustuveitanda til að tilkynna um starfsemi sem fellur innan gildissviðs hennar, sjá 38. og 39. gr.

Um 13. tölul. Lagt er til að greiðslumiðlar sem aðeins eru gjaldgengir í einu aðildarríki, og sem lagðir eru fram að ósk fyrirtækis eða opinbers aðila og falla undir reglur landsbundins eða svæðisbundins opinbers yfirvalds í tilteknum félagslegum eða skattalegum tilgangi í því skyni að kaupa tilteknar vörur eða þjónustu af birgjum sem hafa gert viðskiptasamning við útgefandann, falli utan gildissviðs laganna. Um er að ræða undanþágu vegna afmarkaðs þjónustukerfis. Tilgangurinn er að undanþiggja greiðslumiðla sem hafa félagslegan eða skattalegan tilgang, s.s. tilvísun á matarinnkaup. Engin dæmi eru á Íslandi um notkun þess konar greiðslumiðla. Um er að ræða nýmæli og innleiðingu á iii)-lið k-liðar 3. gr. tilskipunarinnar.

Um 14. tölul. Hér er lögð til sú breyting að greiðsla sem framkvæmd er af veitendum fjarskiptaneta eða veitendum viðbótarþjónustu við fjarskiptaþjónustu fyrir áskrifanda að fjarskiptanetsþjónustunni eða viðbótarþjónustunni fellur utan gildissviðs laganna í ákveðnum tilvikum. Í fyrsta lagi þarf samþykki greiðandans að hafa verið gefið með aðstoð síma-, stafræns- eða upplýsingatæknibúnaðar. Í öðru lagi þarf greiðslan að berast til rekstraraðila fjarskiptakerfisins eða netsins. Í þriðja lagi má rekstraraðili einungis gegna því hlutverki að vera milliliður milli notanda, greiðsluþjónustuveitanda, þess sem afhendir vöruna og þjónustuveitandans sem býður upp á vöruna. Það þýðir jafnframt að þessir þjónustuveitendur þurfa ekki að sæta eftirliti Fjármálalaeftirlitsins. Fjarskiptanet og fjarskiptaþjónusta eru skilgreind í fjarskiptalögum. Þrátt fyrir að þjónustuveitendurnir þurfi ekki að sæta eftirliti Fjármálaeftirlitsins að þá verða þeir eigi að síður að tilkynna Fjármálaeftirlitinu um starfsemi sína. Með því móti getur Fjármálaeftirlitið haft eftirlit með því að þjónustan sem veitt er sé undanþegin samkvæmt þessum lögum. Slíkt tryggir einsleita túlkun á reglunum alls staðar á innri markaðnum. Auk þess er neytendavernd tryggð með því. Stafrænt efni eru vörur eða þjónusta sem er hvorttveggja framleitt og afhent í stafrænu formi auk þess sem notkun efnisins getur einungis átt sér stað með rafrænum hætti. Dæmi um þjónustu af þessum toga eru hringitónar, sérstök smáskilaboð, talþjónusta, afþreying á borð við spjall, niðurhal t.d. á myndböndum, tónlist og leikjum, upplýsingar um s.s. veður, fréttir, íþróttafréttir, hlutabréf, þátttöku í sjónvarps- og útvarpsútsendingum, s.s. með kosningu, þátttöku í keppnum og veitingu beinnar endurgjafar.

Um 15. tölul. Undantekning þessi á við um greiðslur sem ekki tilheyra notendum greiðsluþjónustu, heldur greiðsluþjónustuveitendum sjálfum. Ákvæðið er óbreytt frá gildandi lögum um greiðsluþjónustu nr. 120/2011 og er innleiðing á m-lið 3. gr. tilskipunarinnar.

Um 16. tölul. Lagt er til að greiðslur og tengd þjónusta milli móður- og dótturfélaga, svo og greiðslur og tengd þjónusta milli dótturfyrirtækja sama móðurfélagsins, falli utan gildissviðs laganna, enda séu greiðslur og tengd þjónusta framkvæmdar fyrir milligöngu greiðsluþjónustuveitanda sem tilheyrir sömu samstæðu. Sú breyting hefur verið gerð frá gildandi lögum um greiðsluþjónustu nr. 120/2011 að bætt hefur verið við þjónustu sem er tengd greiðslum. Um er að ræða innleiðingu á n-lið 3. gr. tilskipunarinnar.

Um 17. tölul. Undanþágunni svipar til undanþágu 5. tölul. 3. gr. frumvarpsins. Einungis útgreiðsla fjármuna úr hraðbanka fellur utan gildissviðs laganna að því gefnu að rekstraraðili hraðbankans veitir enga aðra greiðsluþjónustu. Útgreiðslur úr hraðbönkum sem reknir eru af greiðsluþjónustuveitendum sem veita aðra greiðsluþjónustu t.d. bönkum eru innan gildissviðs laganna. Á Íslandi eru Tomato hraðbankar dæmi um hraðbanka þar sem rekstaraðili þjónustu hraðbankanna er ekki aðili að rammasamningi sem gildir um þann viðskiptavin sem tekur út fjármuni af viðeigandi greiðslureikningi. Aðili að þeim rammasamningi eru hins vegar t.d. Arion banki hf., Íslandsbanki hf. eða Landsbankinn hf. Um rammasamning um notkun greiðslumiðils, svo sem greiðslukorts, og greiðslur í samræmi við hann gilda eigi að síður ákvæði laganna. Til að veita nægjanlega neytendavernd er rekstraraðila hraðbankans þó skylt að veita þeim sem tekur út fjármuni úr hraðbankanum upplýsingar um kostnað og annað sem hlýst af veitingu þjónustunnar, sbr. 49. gr. (Upplýsingar og skilmálar um þjónustu í tengslum við stakar greiðslur.), 51. gr. (Upplýsingagjöf gagnvart greiðanda eftir viðtöku greiðslufyrirmæla um staka greiðslu), 52. gr. (Upplýsingagjöf gagnvart viðtakanda greiðslu eftir framkvæmd stakrar greiðslu) og 45. gr (Gjaldmiðill og umreikningur gjaldmiðils). Rétt þykir að hnykkja á því að að rekstraraðilar hraðbanka lúta lögum nr. 78/2014, um greiðslur yfir landamæri í evrum, að því marki sem þau lög taka til þeirra. Lög nr. 78/2014 eru innleiðing á reglugerð nr. 924/2009/EB.

Commented [JBG8]: Það er jákvætt að það er komin góð og þörf umfjöllun um greiðslureikning í greinargerð með 17. tölul. 3. gr. Það mætti að auki taka skýrar fram að verðtryggðir reikningar, sem í eðli sínu eru ekki greiðslureikningar enda ekki hægt að greiða út af þeim á meðan innstæða er bundin, falla ekki undir að vera sparnaðarreikningur. Það er talað um að ef reikningseigandi þarf að þola missi vaxta taki hann út áður en umsaminn tími er kominn þá er ekki um greiðslureikning að ræða. Einnig er tekið fram að framtíðarreikningar barna séu ekki greiðslureikningar. Taka mætti af skarið með hefðbundna verðtryggða reikninga.

Um 3. gr.

Hér er m.a. um að ræða innleiðingu á 4. gr. tilskipunar ESB 2015/2366 að ræða.

Í *1. tölul.* er orðið *aðildarríki* skilgreint. Gert er ráð fyrir að ákvæði frumvarpsins nái til ríkja sem eru aðilar að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið.

Í *2. tölul.* er orðið *beingreiðsla (e. direct debit)* skilgreint. Um ræðir innleiðingu á 23. tölul. 4. gr. tilskipunarinnar. Grundvallaratriðið er að viðtakandi greiðslu á frumkvæði að greiðslu á grundvelli samþykkis greiðanda. Þetta er öfugt við millifærslu fjármuna en þar gefur greiðandinn greiðslufyrirmæli. Þekkt er að fjarskiptafyrirtæki, orkufyrirtæki o.fl. bjóða viðskiptavinum sínum að greiða fyrir áskrift og notkun með beingreiðslu. Skilgreiningin er efnislega óbreytt frá gildandi lögum um greiðsluþjónustu nr. 120/2011.

Í *3. tölul.* er hugtakið *eiginfjárgrunnur (e. own funds)* skilgreint. Um er að ræða innleiðingu á 46. tölul. 4. gr. tilskipunarinnar.

Í *4. tölul.* er orðið *fjargreiðsla (e. remote payment transaction)* skilgreint. Greiðsla sem stofnað er til fyrir milligöngu Netsins eða með búnaði sem mögulegt er að nota til fjarskipta. Við mat á því hvort um sé að ræða fjargreiðslu vegna búnaðarins sem notaður var þá verður fjarsamskiptaþáttur búnaðarins að hafa verið notaður við fjargreiðsluna. Í tilviki farsíma er hægt að framkvæma greiðslu með notkun Netsins í símanum þegar greiðandi er á vefsíðu og gefur upplýsingar til að hægt sé að framkvæma greiðslu (fjarsamskiptaþáttur). Einnig er hægt að framkvæma greiðslu með notkun farsíma þegar notuð er greiðslulausn sem kominn er í hann s.s. Applepay og Androidpay og er þá ekki verið að nýta sér fjarsamskiptaþátt farsímans heldur greiðslulausn sem farsíminn býr orðið yfir. Skilgreiningin er nýmæli.

Í *5. tölul.* er orðið fjarsamskiptamiðill (*e. means of distance communication*) skilgreint. Fjarsamskiptamiðill er aðferð sem nota má til að gera greiðsluþjónustusamning milli greiðsluþjónustuveitanda og notanda greiðsluþjónustu t.d. farsími, armbandsúr eða tölva með netaðgangi sem gerir þeim kleift að koma á samningi um greiðsluþjónustu ~~framkvæmd greiðslu~~ án þess að aðilarnir séu viðstaddir samtímis í eigin persónu. Skilgreiningin er ný og er innleiðing á 34. tölul. 4. gr. tilskipunarinnar. Skilgreiningin á að vera tæknilega hlutlaus og nægjanlega víð til þess að koma í veg fyrir að tómarúm skapist í löggjöf í framtíðinni vegna tækniþróunar. Hún á því að taka til núverandi aðferða og annarra sem eiga eftir að koma fram í framtíðinni.

Í *6. tölul.* er orðið *fjarskiptanet (e. electronic communication network)* skilgreint. Um er að ræða innleiðingu á 41. tölul. 4. gr. tilskipunarinnar.

Í *7. tölul.* eru orðið *fjarskiptaþjónusta* (*e. electronic communication service*) skilgreint. Um er að ræða innleiðingu á 42. tölul. 4. gr. tilskipunarinnar.

Í *8. tölul.* er orðið *fjármunir (e. funds)* skilgreint. Um er að ræða innleiðingu á 25. tölul. 4. gr. tilskipunarinnar. Skilgreiningin er óbreytt frá gildandi lögum um greiðsluþjónustu nr. 120/2011.

Í *9. tölul.* eru orðin *færsluhirðing greiðslna (e. acquiring of payment transactions)* skilgreind. Færsluhirðing greiðslna felur í sér færsluhirðingu greiðslna sem framkvæmdar eru með kredit- eða debitkorti. Greiðandinn notar greiðslukortið til að greiða fyrir vöru eða þjónustu. Færsluhirðirinn greiðir söluaðila andvirði heildarsölu á vöru eða þjónustu sem hefur verið greitt fyrir með greiðslukortum að frádreginni þóknun. Færsluhirðirinn fær greitt frá útgefanda greiðslukortanna. Á Íslandi er vitað um þrjá færsluhirða, Borgun hf., Kortaþjónustan hf. og Valitor hf. Margir íslenskir söluaðilar nýta sér einnig þjónustu

færsluhirða sem hafa tilkynnt um veitingu þjónustu yfir landamæri, sbr. II. kafla frumvarpsins. Skilgreiningin er nýmæli og er innleiðing á 44. tölul. 4. gr. tilskipunarinnar.

Í *10. tölul.* er orðið *gildisdagur (e. value date)* skilgreint. Um ræðir innleiðingu á 26. tölul. 4. gr. tilskipunarinnar. Skilgreiningin er óbreytt frá gildandi lögum um greiðsluþjónustu nr. 120/2011.

Í *11. tölul.* er orðið gistiaðildarríki (*e. host Member State*) skilgreint. Um er að ræða innleiðingu á 2. tölul. 4. gr. tilskipunarinnar.

Í *12. tölul.* er orðið *greiðandi (e. payer)* skilgreint. Um er að ræða innleiðingu á 8. tölul. 4. gr. tilskipunarinnar.

Í *13. tölul.* er orðið *greiðsla (e. payment transaction)* skilgreint. Um ræðir innleiðingu á 5. tölul. 4. gr. tilskipunarinnar. Hugtakið er breytt frá eldri lögum þar sem nú er heimilað að þriðji aðili geti komið fram fyrir hönd greiðanda og sett af stað greiðslu. Slíkur þriðji aðili er leyfisskyldur sem greiðsluvirkjandi hjá eftirlitsstjórnvaldi hérlendis eða annars staðar á Evrópska efnahagssvæðinu.

Í *14. tölul.* er orðið *greiðslufyrirmæli (e. payment order)* skilgreint. Um er að greiða innleiðingu á 13. tölul. 4. gr. tilskipunarinnar. Sem dæmi um greiðslufyrirmæli má nefna millifærslu sem framkvæmd er í netbanka greiðanda. Greiðandi fyllir út í netbanka upplýsingar um fjárhæð og viðtakanda greiðslu. Bankinn í kjölfarið sem greiðsluþjónustuveitandi greiðanda kemur greiðslunni til viðtakanda greiðslu.

Í *15. tölul.* er orðið *greiðslukerfi (e. payment system)* skilgreint. Hugtakið er eins skilgreint í gildandi lögum um greiðsluþjónustu. Um er að ræða innleiðingu á 7. tölul. 4. gr. tilskipunarinnar. Greiðslukerfi geta verið af ýmsum toga en almennt er sú krafa gerð að þau séu í senn skilvirk og örugg. Sem dæmi um greiðslukerfi má nefna eigin greiðslukerfi sem fjármálafyrirtæki~~ja~~ kann að setja upp, kerfi alþjóðlegu kortasamtakanna Visa og Mastercard og millibankakerfi Seðlabanka Íslands (MBK). Síðast nefnda kerfið fellur undir gildissvið laga nr. 90/1999, um öryggi fyrirmæla í greiðslukerfum og verðbréfauppgjörskerfum með síðari breytingum, sem byggjast á tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins nr. 98/26/EB (e. Settlement Finality Directive) og nr. 2009/44/EB. Í þeim lögum er orðið „*kerfi*“ skilgreint með öðrum hætti en hér er gert og sú heimild sem kveðið er á um í 36. gr. þessa frumvarps um þátttöku í greiðslukerfum á ekki við um kerfi sem falla undir gildissvið laga nr. 90/1999.

Í *16. tölul.* er orðið *greiðslumiðill (e. payment instrument)* skilgreint. Hugtakið hefur verið útvíkkað frá því í tíð eldri laga þar sem nú er fallinn brott áskilnaður um að notandi greiðsluþjónustu sé sá sem noti greiðslumiðilinn til að setja af stað greiðslufyrirmæli. Er slíkt í samræmi við aðra breytingu í þessu frumvarpi um að notandi greiðsluþjónustu auk greiðsluvirkjanda fyrir hönd notanda greiðsluþjónustu geti nýtt sér búnaðinn eða aðferðina. Til að nefna dæmi þá til áþreifanlegra greiðslumiðla teljast debet- og kreditkort en símar og óáþreifanlegir greiðslumiðlar geta verið símaveski (e. mobile wallet) og stafrænn gjaldmiðill (e. digital currency). Greiðslufyrirmæli gefin í netbanka t.d. um millifærslu fela í sér aðferðir sem notandi greiðsluþjónustu og greiðsluþjónustuveitandi hafa komið sér saman um og notaðar eru til að gefa greiðslufyrirmæli en þá einungis ef notandinn þarf jafnframt að gefa upp leyninúmer, rafræna auðkenningu eða annað til að geta framkvæmt greiðslufyrirmælin. Netbankinn einn og sér telst því ekki greiðslumiðill heldur auðkennið, íslykill eða leyniorðið sem er notað til að gefa greiðslufyrirmælin. Til að geta talist greiðslumiðill verður hann að veita notanda greiðsluþjónustu möguleika á að staðfesta að greiðslufyrirmælin stafa frá notanda greiðsluþjónustu sem hefur heimild til þess að gefa þau. Greiðslumiðill getur því verið

nafnlaus en í því tilviki verður að vera fyrir hendi aðferð sem greiðsluþjónustuveitandi og notandi greiðsluþjónustunnar hafa komið sér saman um að notandi greiðsluþjónustu fylgi til að gefa greiðslufyrirmæli. Í ljósi þess að ekki er lengur gerður áskilnaður um að notandi greiðsluþjónustunnar sé sá sem noti greiðslumiðilinn þá teljast nafnlaus gjafakort greiðslumiðill að því gefnu að samningur sé í gildi milli handhafa gjafakortsins og greiðsluþjónustuveitandans um hvernig greiðslufyrirmæli skuli gefin t.d. með notkun kóða samhliða notkun kortsins. Greiðslumiðill er notaður til afla vöru og þjónustu, greiða fyrir millifærslu fjármuna og gera kleift að taka út fjármuni. Um ræðir innleiðingu á 14. tölul. 4. gr. tilskipunarinnar.

Í *17. tölul.* er orðið *greiðslureikningur (e. payment account*) skilgreint sem reikningur á nafni eins eða fleiri notenda greiðsluþjónustu sem notaður er við, og ætlaður til, að framkvæma greiðslu (aðgerð sem felst í því að leggja inn, millifæra eða taka út fjármuni, sbr. 3. tölul. sem um er fjallað hér að framan). Slíkur reikningur verður því að vera þess eðlis að hýsa fjármuni eins og þeir eru skilgreindir í þessu frumvarpi, sbr. 8. tölul. 3. gr. Til að reikningur teljist greiðslureikningur verður að hafa verið til hans stofnað með það að markmiði að geta framkvæmt greiðslur. Skilyrði telst uppfyllt ef t.d. greiðslumiðill líkt og debitkort tengist reikningnum, að hægt sé að tengjast reikningnum í gegnum netbanka og þaðan framkvæma greiðslur af reikningnum eða að viðtakandi greiðslu geti sett af stað beingreiðslu af reikningnum. Greiðslureikningur getur verið í nafni fleiri en eins aðila. Hugtakið er óbreytt frá í eldri lögum. Framkvæmdastjórn ESB útskýrði í svörum við spurningum vegna greiðslujónustutilskipunar nr. 1 (Payment Service Directive 1) að skilgreining greiðslureiknings skyldi ná til allra sparnaðarreikninga þar sem eigandi reiknings getur lagt inn eða tekið út fjármuni án frekari íhlutunar síns greiðsluþjónustuveitanda s.s. með hlaupareikningi (e. current accounts) eða þurfa að greiða aukagjöld vegna þess að hann hafi ekki virt tímann sem fjármunirnir skulu vera á reikningnum. Að sama skapi telst innlánsreikningur ekki vera greiðslureikningur sé eiganda hans gert í tilviki staðlaðra skilmála um innlánsreikninginn að greiða aukagjald eða þola missi vaxta ef hann tekur út áður en umsaminn tími hefur runnið upp. (svar bls. 128) Í máli Evrópudómstólsins C-191/17 frá 4. október 2018 var kveðið á um að í tilviki sparnaðarreikninga geti þeir talist greiðslureikningar einungis ef hægt er að greiða út af slíkum reikningi beint á reikning þriðja aðila. Ef greiða þarf fyrst inn á annan hlaupareikning (e. current account) og framkvæma greiðslu af honum til þriðja aðila þá sé ekki um að ræða greiðslureikning. Um ræðir innleiðingu á 12. tölul. 4. gr. tilskipunarinnar. Málið var útkljáð á grundvelli PSD1 en þar sem hugtakið er samhljóða í PSD2 mun það vera fordæmisgefandi innan Evrópusambandsins. Framkvæmdastjórn ESB útskýrði enn fremur í fyrrgreindum svörum við spurningum vegna greiðslujónustutilskipunar nr. 1 (Payment Service Directive 1) að veðlánsreikningar sem stofnað væri til samhliða veðláni fyrir veðskuldara til að greiða inn á afborgun af láninu, væru ekki greiðslureikningar þar sem „holder“ skuldarinnar væri lánveitandinn. Aukinheldur að samtvinnaðir reikningar (e. combined payment accounts) sem hafa t.d. að geyma veðlán (e. mortgage), sparnað og greiðsluaðferðir (e. payment facilities) í þeim tilgangi að lækka heildar veðlánsstöðu (e. overall mortgage balance), skyldi litið á sem greiðslureikning að því marki sem reikningurinn væri notaður til að framkvæma greiðslur (bls. 28 í svörum). Innlánsreikningar í viðskiptabönkum og sparisjóðum eru dæmi um greiðslureikninga. Dæmi um reikninga sem

Commented [JBG9]: Hér mætti visa til heimildar

ekki teljast til greiðslureikninga eru læstir sparnaðarreikningar barna, ábyrgðarreikningar, afsalsreikningur (sem notaður er í íbúðaviðskiptum) og sparnaðarreikningar þar sem innstæða er bundin til tiltekins tíma og greidd er sjálfkrafa til baka inn á annan reikning sama viðskiptavinar. Skilgreining hugtaksins er óbreytt frá eldri lögum.

Í *18. tölul.* er orðið *greiðslustofnun (e. payment institution)* skilgreint. Greiðslustofnun kom inn sem ný tegund fyrirtækja á sviði fjármálaþjónustu með lögum um greiðsluþjónustu nr. 120/2011. Vísast til athugasemda við 22. tölul. 3. gr. *Greiðsluþjónusta* og 23. tölul. 3. gr. *Greiðsluþjónustuveitendur*. Skilgreiningin er efnislega óbreytt frá núgildandi lögum um greiðsluþjónustu.

Í *19. tölul.* er orðið *greiðsluvirkjandi (e. payment initiation service provider)* skilgreint. Vakin er athygli á skýringu á hugtakinu greiðsluvirkjun, sem lagt er til að skilgreint verði í 20. tölul. Einkenni á greiðsluvirkjanda er að hann varðveitir aldrei fjármuni notanda greiðsluþjónustunnar í greiðslukeðjunni. ~~Hins vegar þegar greiðsluvirkjandi veitir greiðsluvirkjun sem felur í sér varðveislu á fjármunum notandans verður hann að fá leyfi fyrir þeirri tegund þjónustu frá Fjármálaeftirlitinu.~~ Í Evrópu eru Sofort og Trustly útbreiddir greiðsluvirkjendur. Um ræðir innleiðingu á 18. tölul. 4. gr. tilskipunarinnar og er nýmæli.

Í *20. tölul.* er orðið *greiðsluvirkjun (e. payment initiation service)* skilgreint. Greiðsluvirkjun byggist á aðgangi greiðsluvirkjanda að reikningi greiðandans. Greiðsluvirkjun er ný tegund greiðsluþjónustu. Hún hefur þróast á undanförnum árum ekki hvað síst á sviði vefverslunar og þá er greiðsluvirkjandinn milliliður milli vefsíðu söluaðila og netbanka greiðsluþjónustuveitanda sem veitir greiðanda reikningsþjónustu og setur af stað netgreiðslu sem millifærir fjármuni. Netverslunin á sér þá stað án notkunar greiðslukorta. Greiðsluvirkjandi veitir viðtakanda greiðslu fullvissu um að greiðslufyrirmæli hafi verið gefin og þannig hvetur viðtakanda greiðslu til að láta af hendi vörur eða veita þjónustu án ástæðulausrar tafar. Greiðsluvirkjandinn varðveitir ekki fjármuni notanda greiðsluþjónustunnar í greiðslukeðjunni. Greiðsluvirkjun gefur möguleika á að versla á Netinu án þess að eiga greiðslukort. Greiðsluvirkjun er nýmæli og mun í fyrsta skipti sæta eftirliti og þurfa að uppfylla skilyrði neytendaverndar, persónuverndar og samkeppnissjónarmiða. Sem dæmi um þessa tegund greiðsluþjónustu í Evrópu má nefna Sofort og Trustly sem eru útbreiddir greiðsluvirkjendur í Evrópu. Um ræðir innleiðingu á 15. tölul. 4. gr. tilskipunarinnar.

Í *21. tölul.* er hugtakið *greiðsluvörumerki (e. payment brand)* skilgreint. Um er að ræða hvers konar efnislegt eða rafrænt nafn, heiti, merki, tákn, eða samsetning þeirra, sem getur tilgreint innan hvaða greiðslukortakerfis kortatengdar greiðslur eru framkvæmdar. Skilgreiningin er sú sama og í 30. tölul. 2. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/751 sem hlaut lagagildi með lögum nr. 31/2019, um milligjöld fyrir kortatengdar greiðslur. Heimsþekkt greiðslukortakerfi (e. payment card scheme) eru Visa, Mastercard og Amex. Í Danmörku er Dankort mjög útbreitt og þekkt. Hér á landi er ekki til innlent greiðslukortakerfi. Korthafi getur séð hvort hann geti notað greiðslukortið með hliðsjón af merkingum sem söluaðili hefur sett upp á sínum sölustað eða vefsíðu. Innan hvers greiðsluvörumerkis geta verið ýmsar tegundir greiðslukorts, s.s. gullkort, silfurkort, ferðakort o.s.frv. Í rammasamningi á milli korthafa (notanda greiðsluþjónustu) og kortaútgefanda (greiðsluþjónustuveitanda) er að jafnaði kveðið á um tegund greiðsluvörumerkis korts. ~~Útgáfa greiðslukorts með tiltekið greiðsluvörumerki er að jafnaði kveðið á um í rammasamningi milli korthafa (notanda greiðsluþjónustu) og kortaútgefanda (greiðsluþjónustuveitanda)~~. Skilgreiningin er nýmæli og er innleiðing á 47. tölul. 4. gr. tilskipunarinnar.

Í *22. tölul.* er lagt til að orðið *greiðsluþjónusta* (*e. payment services*) verði skilgreint í átta liðum. Gera verður ráð fyrir áframhaldandi þróun greiðsluþjónustu og greiðslumiðla líkt og sést hefur í Evrópu og hérlendis. Í a.– d.-lið er um að ræða þjónustu sem er íslenskum notendum greiðsluþjónustu að góðu kunn og þarfnast ekki nánari skýringar, þ.e. einkum hefðbundin greiðslureiknings~~banka~~- og greiðslukortaviðskipti. Í e.-lið er tilgreind útgáfa greiðslumiðla og færsluhirðing greiðslna. Færsluhirðing felst í þeirri þjónustu við söluaðila að veita þeim heimildarþjónustu fyrir að taka við greiðslum með greiðslukortum, taka við greiðslu (oft nefnt kortafærslur) og greiða söluaðilum andvirði greiðslna með greiðslukortum að frádreginni þóknun á umsömdum greiðsludegi. Greiðsludagur getur verið á hverjum virkum degi, einu sinni í viku, mánaðarlega o.s.frv. allt eftir því hvernig semst á milli færsluhirðis og söluaðila. Fram til þessa hefur útgáfa greiðslumiðla á Íslandi einungis verið í höndum banka og sparisjóða en líkt og þróun hefur orðið í Evrópu má gera ráð fyrir að greiðslustofnanir hérlendis hefji slíka útgáfu. Hugtakið færsluhirðir er skilgreint í reglugerð (ESB) 2015/751 um milligjöld fyrir kortatengdar greiðslur sem var lögfest með samnefndum lögum nr. 31/2019 sem greiðsluþjónustuveitandi sem gerir samning við viðtakanda greiðslu um að taka við og vinna úr kortatengdum greiðslum, sem hefur í för með sér yfirfærslu fjármuna til viðtakanda greiðslu. Í f.-lið er peningasending talin upp sem ein tegund greiðsluþjónustu en orðið er skilgreint í 30. tölul. 3. gr. frumvarpsins. Í g.-lið er greiðsluvirkjun talin sem ein tegund greiðsluþjónustu og er ný tegund hennar en orðið er skilgreint í 20. tölul. 3. gr. frumvarpsins. Að endingu er í h-lið reikningsupplýsingaþjónusta talin upp sem ein tegund greiðsluþjónustu en hún er einnig ný tegund hennar. Orðið er skilgreint í 33. tölul. 3. gr. frumvarpsins. 22. tölul. 3. gr. þessa frumvarps er innleiðing á viðauka I. við tilskipunina.

Í *23. tölul.* er orðið *greiðsluþjónustuveitandi (e. payment service provider)* skilgreint. Um ræðir innleiðingu á 1. mgr. 1. gr. og 11. tölul. 4. gr. tilskipunarinnar.

Um a.-lið. Fjármálafyrirtækin sem um ræðir eru viðskiptabankar, sparisjóðir og lánafyrirtæki, sbr. 3. og 4. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, þ.e. fjármálafyrirtæki sem falla undir hugtakið lánastofnun (e. credit institutions) sem er skilgreint í 2. tölul. 1. mgr. 1. gr. a. sömu laga í samræmi við skilgreiningu í 1.lið. 1. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 575/2013/EB um varfærniskröfur vegna starfsemi fjármálafyrirtækja. Eitt hérlent greiðslukortafyrirtæki hefur samkvæmt upplýsingum frá Fjármálaeftirlitinu nú leyfisskylda starfsemi skv. b-lið 1. tölul. (móttaka endurgreiðanlegra fjármuna frá almenningi, þ.e. skuldaviðurkenninga), 2. tölul. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 161/2002 (veiting útlána sem fjármögnuð eru með endurgreiðanlegum fjármunum frá almenningi) og með starfsheimild skv. 4. tölul. 1. mgr. 20. gr. sömu laga (Greiðsluþjónusta samkvæmt lögum um greiðsluþjónustu). Tvö hérlend greiðslukortafyrirtæki eru með starfsleyfi sem greiðslustofnun samkvæmt 15. gr. laga nr. 120/2011, um greiðsluþjónustu. Viðskiptabankar og sparisjóðir skulu skv. 2. málsl. 1. tölul. og 3. málsl. 2. tölul. 1. mgr. 4. gr. lögum um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002 ætíð hafa starfsleyfi og veita þjónustu skv. 1. og 2. tölul. 1. mgr. 3. gr. laganna. Skv. 3. mgr. 20. gr. sömu laga getur starfsemi lánafyrirtækja tekið til útlánastarfsemi, líkt og starfsemi viðskiptabanka og sparisjóða, sbr. 2. tölul. 1. mgr. sömu greinar.

Um b.-lið. Starfsemi rafeyrisfyrirtækja tekur til útgáfu rafeyris. Þá er þeim heimilt að veita greiðsluþjónustu samkvæmt lögum um greiðsluþjónustu, sbr. a.–lið 1. mgr. 24. gr. laga nr. 17/2013, um útgáfu og meðferð rafeyris, veita lán í tengslum við greiðsluþjónustu, sbr. b.-lið 1. mgr. 24. gr., laganna og sinna annarri starfsemi og stoðþjónustu er tengist útgáfu rafeyris eða veitingu greiðsluþjónustu sem um getur í a.-lið 1. mgr. 24. gr., sbr. c.-lið 1. mgr. 24. gr. sömu laga. Þá er rafeyrisfyrirtækjum heimilt að halda greiðslureikninga sem skal einungis nota við framkvæmd greiðslna, sbr. 4. mgr. 24. gr. sömu laga.

Um c.-lið. Í gildandi lögum um póstþjónustu nr. 98/2019 er ekki minnst á póstgíróstofnanir. Engin slík er hér á landi. Hins vegar eru póstgíróstofnanir þekktar í Evrópu s.s. í Þýskalandi og tilskipunin gerir ráð fyrir að þær geti veitt greiðsluþjónustu yfir landamæri, hvort heldur án eða með útibúi eða fyrir milligöngu umboðsaðila.

Um d.-lið. Vísað er til skýringa með 5. tölul. 4. gr. frumvarpsins Nánar er kveðið á um skilyrði fyrir stofnun og starfsemi greiðslustofnana í II. kafla frumvarpsins.

Um e.-lið. Skv. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 92/2019, um Seðlabanka Íslands, skal bankinn stuðla að virku og öruggu fjármálakerfi, þ.m.t. greiðslumiðlun í landinu og við útlönd.

Um f.-lið. Stjórnvöld teljast til greiðsluþjónustuveitenda í skilningi tilskipunarinnar, að því marki sem greiðsluþjónusta tengist ekki hlutverki þeirra sem slíkra. Fjársýsla ríkisins sér um greiðslustýringu fyrir flestar opinberar stofnanir. Hún felur í sér að Fjársýsla ríkisins framkvæmir greiðslur úr ríkissjóði og greiðir til ríkisstofnana þeirra framlag og einnig til birgja þeirra auk þess að greiða launin f.h. stofnunarinnar. Þetta er hlutverk Fjársýslu ríkisins og því er hún ekki greiðsluþjónustuveitandi vegna þessara greiðslna. Hins vegar er Fjársýsla ríkisins einnig innheimtuaðili fyrir ríkissjóð og sendir út kröfur til einstaklinga og gefur þeim tækifæri til að greiða þær með debit- eða kreditkorti. Í framtíðinni er fyrirséð að Fjársýsla ríkisins muni bjóða einstaklingum þá þjónustu að senda greiðslufyrirmæli til viðskiptabanka þeirra til efnda á kröfunni. Þá mun Fjársýsla ríkisins þurfa að sækja um skráningu sem greiðslustofnun vegna greiðsluvirkjunar.

Um g-lið. Um greiðslustofnun með takmarkað starfsleyfi er fjallað um í 34. gr. og er vísað í þá grein ásamt greinargerð. Um er að ræða innleiðingu á 1. mgr. 32. gr. tilskipunarinnar.

Um h-lið. Lögaðili eða einstaklingur sem hefur fengið undanþágu 35. gr.

Í *24. tölul.* eru orðin *greiðsluþjónustuveitandi sem veitir reikningsþjónustu (e. account servicing payment service provider- ASPSP)* skilgreind. Greiðsluþjónustveitandi sem býður reikningsþjónustu er sá sem býður upp á möguleika á stofnun greiðslureiknings t.d. bankar og greiðslustofnanir. Bjóði greiðsluþjónustuveitandi eingöngu upp á stofnun annarskonar reikninga en greiðslureiknings telst hann ekki vera greiðsluþjónustuveitandi sem veitir reikningsþjónustu vegna þeirra reikninga. Greiðsluþjónustuveitandi sem veitir reikningsþjónustu og setur á laggirnar fyrirkomulag sem veitir viðskiptavinum aðgang að reikningum skal einnig heimila greiðsluvirkjendum aðgang að fengnu skýlausu samþykki eiganda greiðslureikningsins. Hugtakið er nýmæli. Um er að ræða innleiðingu á 17. tölul. 4. gr. tilskipunarinnar.

Í *25. tölul.* er orðið *heimaaðildarríki (e. home Member State)* skilgreint. Um er að ræða innleiðingu á 1. tölul. 4. gr. tilskipunarinnar.

Í *26. tölul.* er hugtakið *kortasamstarf* skilgreint *(e. co-bading)* skilgreint sem þegar tvö eða fleiri greiðsluvörumerki eða greiðsluleiðir sama vörumerkis eru á sama greiðslumiðlinum. Þetta þýðir t.d. að sama greiðslukortið er hægt að nota til að greiða með Visa, Mastercard eða UnionPay. Að sama skapi að þá geti persónubundinn búnaður eins og farsími verið notaður til að greiða með mismunandi greiðslukorti.

Í *27. tölul.* eru orðin *millifærsla fjármuna (e. credit transfer)* skilgreind. Skilgreiningin er nýmæli. Um er að ræða innleiðingu á 24. tölul. 4. gr. tilskipunarinnar. ~~Sem dæmi má nefna að greiðandi gefur greiðslufyrirmæli í gegnum netbankann til greiðsluþjónustuveitanda síns sem býður reikningsþjónustu að millifæra fjármuni frá greiðslureikning í hans eigu til viðtakanda greiðslu.~~

Í *28. tölul.* er orðið *neytandi (e. consumer)* skilgreint. Skilgreining þessi er í samræmi við skilgreiningar á sama hugtaki í annarri löggjöf er byggist á Evrópugerðum á sviði

Commented [JBG10]: Þetta dæmi er ekki skýrt. Einnig spurning hvort þörf sé á slíku dæmi.

neytendaréttar. Um ræðir innleiðingu á 20. tölul. 4. gr. tilskipunarinnar. Skilgreiningin er óbreytt frá núgildandi löggjöf um greiðsluþjónustu nr. 120/2011.

Í *29. tölul.* eru orðin *notandi greiðsluþjónustu (e. payment service user)* skilgreind. Um ræðir innleiðingu á 10. tölul. 4. gr. tilskipunarinnar. Notandi greiðsluþjónustu getur því hvort tveggja verið greiðandi og viðtakandi greiðslu. Skilgreiningin er efnislega óbreytt frá gildandi lögum um greiðsluþjónustu nr. 120/2011.

Í *30. tölul.* er orðið *peningasending (e. money remittance)* skilgreint. Í peningasendingum tíðkast að draga þóknun frá þeirri fjárhæð sem er send. Þóknunin á að samsvara kostnaði við flutning peninganna. Líkt og kemur fram í skilgreiningunni þá er það ekki forsenda til að greiðsla teljist peningasending að nákvæmlega sama fjárhæð skili sér til viðtakanda greiðslu. Ekki skiptir heldur máli að greiðandi peningasendingar greiði eina fjárhæð sem afhendist til nokkurra viðtakenda greiðslu. Til þess að greiðsla falli undir peningasendingu má hvorki greiðslureikningur hjá greiðanda eða viðtakanda greiðslu koma við sögu. Sem dæmi um þjónustu sem fellur undir þessa skilgreiningu má nefna hraðsendingarþjónustu WesternUnion sem stendur til boða í gegnum þjónustu Póstsins. Um ræðir innleiðingu á 22. tölul. 4. gr. tilskipunarinnar. Skilgreiningin er óbreytt frá gildandi lögum um greiðsluþjónustu nr. 120/2011.

Í *31. tölul.* eru orðin *persónubundin öryggisskilríki (e. personalised security credentials)* skilgreind. Skilgreiningin er nýmæli og er innleiðing á 31. tölul. 4. gr. tilskipunarinnar. Persónubundin öryggisskilríki samanstanda af einum eða fleiri þáttum sem notandi skal nýta sér til að hann geti sannreynt hjá greiðsluþjónustuveitanda hver hann sé. Dæmi um persónubundin öryggisskilríki eru PIN, leyninúmer og annars konar öryggisnúmer eða aðferð til sannvottunar. Þá teljast m.a. r~~R~~afræn skilríki frá Auðkenni sem falla undir hugtakið rafræn auðkenning í lögum um rafræna auðkenningu og traustþjónustu fyrir rafræn viðskipti nr. 55/2019 teljast til persónubundinna öryggisskilríkja. Í skilgreiningunni er tiltekið að greiðsluþjónustuveitandinn afhendi persónubundnu þættina. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin hefur í 38. tölul. í áliti sínu frá 13. júní 2018 sérstaklega tiltekið að í nokkrum aðildarríkjum sé þegar að finna persónubundin öryggisskilríki sem notandi greiðsluþjónustu geti notað hjá margskonar greiðsluþjónustuveitendum því verður að líta svo á að ekki sé skilyrðislaus áskilnaður um að ávallt sé það greiðsluþjónustuveitandinn sem afhendi persónubundnu þættina heldur að greiðsluþjónustuveitendur geti reitt sig á útgefin rafræn skilríki s.s. frá Auðkenni. Einhverjir greiðsluþjónustuveitendur, t.d. þeir sem eru með starfsleyfi í öðru aðildarríki en veita þjónustu hérlendis, geta kosið aðra leið og munu þá afhenda sjálfir hina persónubundnu þætti til notenda greiðsluþjónustunnar.

Í *32. tölul.* er orðið *rammasamningur (e. framework contract)* skilgreint. Aðilar að rammasamningi geta verið neytandinn og greiðsluþjónustuveitandi notandans, t.d. banki eða greiðslustofnun. Sem dæmi um slíka rammasamninga má nefna samninga um notkun greiðslumiðla, samninga um stofnun og notkun heimabanka, samninga um stofnun debetkortareikninga, samninga um beingreiðslur. Rammasamningur getur verið hluti af almennum viðskiptaskilmálum sem viðskiptavinur banka eða annars greiðsluþjónustuveitanda samþykkir. Samþykki á rammasamningi getur verið rafrænt, t.d. með rafrænni undirskrift eða samþykki með haki á tilgreindu vefsvæði sem notandi greiðsluþjónustu hefur fengið aðgang að. Þá eru rammasamningar gerðir milli færsluhirðis og söluaðila. Greiðsluþjónusta sem felur í sér að bjóða útgáfu greiðslukorts eða greiðslureikning krefst ávallt rammasamnings. Skilgreiningin er óbreytt frá gildandi lögum um greiðsluþjónustu nr. 120/2011. Um er að ræða innleiðingu á 21. tölul. 4. gr. tilskipunarinnar.

Í *33. tölul.* er orðið *reikningsupplýsingaþjónusta (e. account information service)* skilgreint. Notandi reikningsupplýsingaþjónustu fær og getur meðhöndlað samanteknar

Commented [JBG11]: Merkja "persónubundin öryggisskilríki" í PSD2 þar sama og "persónubundnir öryggisþættir" í PSD1?

upplýsingar um einn eða fleiri greiðslureikninga sem hann hefur hjá einum eða fleiri greiðsluþjónustuveitendum. Þjónustan er aðgengileg í gegnum netskilfleti (e. via online interfaces) frá greiðsluþjónustuveitanda sem veitir reikningsþjónustu. Reikningsupplýsingaþjónustuveitanda berast með þessu móti mikið af fjárhagsupplýsingumgögnum sem eru persónugreinanleg og hann getur notað til að veita reikningsupplýsingaþjónustu til notanda. ~~reikningsupplýsingaþjónustunnar en heimilast~~ Reikningsupplýsingaþjónustuveitanda er hins vegar ekki heimilt að nota ~~gögnin~~ upplýsingarnar í neinum öðrum tilgangi, t.d. til að veita notandanum eða öðrum aðra þjónustu eða til að miðla eða selja upplýsingarnar ~~með sölu á sömu gögnum~~ til þriðja aðila. Notandinn getur með þessu móti haft yfirsýn yfir greiðslureikningafjárhagsstöðu sína án tafar hvenær sem er. Ekki er áskilið með orðinu „samsteyptar“ í skilgreiningunni að upplýsingarnar séu settar fram með sérstakri flokkun. Reikningsupplýsingaþjónustuveitandi getur t.d. afhent notanda greiðsluþjónustu hugbúnað sem gerir honum kleift að sækja upplýsingar af greiðslureikningum hjá mismunandi greiðsluþjónustuveitendum. Með því að gera reikningsupplýsingaþjónustuveitanda eftirlitsskylda greiðslustofnun og skráningarskyldan aðila hjá Fjármálaeftirlitinu þá er greiðslu- og reikningsupplýsingum neytenda veitt vernd og neytendum veitt réttarvissa um stöðu reikningsupplýsingaþjónustuveitanda. Síðasta hugtakið er skilgreint í 34. tölul. Hugtakið reikningsupplýsingaþjónusta er nýmæli. Um er að ræða innleiðingu á 16. tölul. 4. gr. tilskipunarinnar.

Í *34. tölul.* er orðið *reikningsupplýsingaþjónustuveitandi (e. account information service provider)* skilgreint. Algengt er að reikningsupplýsingaþjónustuveitandi bjóði upp á lausn sem felur í sér viðmót fyrir að stýra eigin fjármálum svo notandi geti haft betri yfirsýn yfir fjármálin sín og auðveldi honum að gera fjárhagsáætlanir og hefja sparnað. Minnt er á hvað segir í skýringum við hugtakið reikningsupplýsingaþjónusta í 33. tölul. 3. gr. frumvarpsins um að heimil nýting reikningsupplýsingaþjónustuveitanda á mótteknum gögnum er takmörkuð. Til að taka dæmi um reikningsupplýsingaþjónustuveitendur má nefna banka, fyrirtæki sem bjóða lánshæfismat, eins og írska fyrirtækið Experian, íslenska fyrirtækið Meniga hf. og síðan hugbúnaðarfyrirtæki sem sérhæfa sig í hugbúnaði fyrir fjámálageirann eins og skoska fyrirtækið Freeagent. Hugtakið er nýmæli og um er að ræða innleiðingu á 19. tölul. 4. gr. tilskipunarinnar.

Í *35. tölul.* er orðið *samstæða (e. group)* skilgreint. Um er að ræða innleiðingu á 40. tölul. 4. gr. tilskipunarinnar.

Í *36. tölul*. er orðið *sannvottun* (*e. authentication*) skilgreint. Sannvottun er aðferð ~~þar~~ sem gerir greiðsluþjónustuveitanda kleift að sannreyna deili á notanda greiðsluþjónustu eða notkun tiltekins greiðslumiðils, þ.m.t. notkun á persónubundnum öryggisskilríkjum notandans.~~notandi greiðsluþjónustunnar getur sannað á sér deili eða tilkall til að nýta sér tiltekna greiðsluþjónustu~~. ~~Notandinn getur t.d. sannað á sér deili með notendanafni og leyniorði, eða staðfest tilkall til að nýta sér greiðsluþjónustu með því að slá inn PIN kóða.~~ Skilgreiningin er breytt frá núgildandi lögum.

Í *37. tölul.* eru orðin *sérstakt kennimerki (e. unique identifier)* skilgreind. Númer á bankareikningi, þ.m.t. svokölluð IBAN-númer (International Bank Account Number) og BIC-auðkenni (Bank Identifier Code), svo og kortnúmer eru dæmi um sérstök kennimerki í þessum skilningi. Tilgreining sérstakra kennimerkja er nauðsynleg svo framkvæma megi greiðslur. Skilgreiningin er lítillega breytt frá núgildandi lögum og er innleiðing á 33. tölul. 4. gr. tilskipunarinnar.

Í *38. tölul.* er orðið *smágreiðslumiðill (e. low-value payment instrument)* skilgreint. Sérstaklega er fjallað um smágreiðslumiðla í tveimur ákvæðum frumvarpsins, þ.e. í 44. gr. og 63. gr.

Í *39. tölul.* eru orðin *stafrænt efni (e. digital content)* skilgreind. Um er að ræða innleiðingu á 43. tölul. 4. gr. tilskipunarinnar. Skilgreiningin er nýmæli.

Í *40. tölul.* eru orðin *sterk sannvottun viðskiptavinar* (e. *strong customer authentication*) skilgreind. Sterk sannvottun er tegund ~~auðkennis~~ sannvottunar sem á að tryggja að hægt sé að sannreyna með öruggum hætti ~~vera sérlega sterkt og öruggt og á að tryggja~~ deili á notanda greiðsluþjónustu eða notkun tiltekins greiðslumiðils~~að einungis réttur aðili fái að koma fram sem notandi greiðsluþjónustu~~. Sterk sannvottun byggir á sannvottun á grundvelli tveggja eða fleiri þátta sem flokkast í fyrsta lagi sem þekking sem er eitthvað sem notandinn einn veit og það getur verið t.d. PIN ~~kóði~~númer, leyninúmer, öryggisnúmer ~~-~~eða annar auðkenningar~~orða~~kóði, í öðru lagi eitthvað sem notandinn einn hefur umráð yfir og getur verið t.d. rafræn skilríki og örgjörvi í korti, s.s. greiðslukorti eða~~,~~
aðgangskorti og í þriðja lagi eitthvað sem notandinn er t.d. fingraför notandans eða lithimna auga hans. Þessir þrír þættir verða að vera óháðir hver öðrum, þannig að brot á einum þætti hafi ekki áhrif á áreiðanleika hinna þáttanna, og er sterka sannvottunin hönnuð til að vernda trúnað sannvottunargagnanna. Skilgreiningin er nýmæli og um er að ræða innleiðingu á 30. tölul. 4. gr. tilskipunarinnar. Í tilskipuninni er gerð krafa um sterka sannvottun til að auka öryggi í rafrænum greiðslum í Evrópu. Meginreglan á því að vera sú að krafa sé gerð um sterka sannvottun í hvert skipti sem notandi greiðsluþjónustu gefur greiðslufyrirmæli um rafræna greiðslu, sjá nánar í 102. gr. frumvarpsins. Sem dæmi um sterka sannvottun má nefna að þ~~Þ~~egar notandi greiðsluþjónustu nýtir rafrænt skilríki frá Auðkenni verður hann einnig að slá inn PIN númer til að komast í tengsl við netbanka banka og sparisjóða. PIN númer er talið uppfylla einn af þremur þáttum sem sterk sannvottun byggir á og telst til einhvers sem notandinn einn veit (e. knowledge). Persónubundin öryggisskilríki samanstanda af einum eða fleiri þáttum sem notandi skal nýta sér til að ~~hann geti sannreynt hjá~~ greiðsluþjónustuveitandi~~a~~ geti sannreynt hver notandinn~~hann~~ sé. Nánar er fjallað um notkun sterkrar sannvottunar í reglugerð Framkvæmdastjórnar Evrópu (ESB) 2018/389 sem byggir á 98. gr. tilskipunarinnar. Í reglugerðinni er veitt heimild til að víkja frá kröfum um sterka sannvottun að tilteknum skilyrðum uppfylltum. Í 2. mgr. 117. gr. frumvarpsins er Seðlabanka Íslands gert skylt að setja reglur um nánari framkvæmd tilskipunar (ESB) 2015/2366 um sannvottun skv. 97. gr. hennar.~~.~~

Í *41. tölul.* er orðið *umboðsaðili* (*e. agent*) skilgreint. Einstaklingur eða lögaðili sem kemur fram fyrir hönd greiðslustofnunar vegna einhvers annars en greiðsluþjónustu telst ekki umboðsaðili í skilningi laga þessara. Til dæmis einstaklingur sem fer með umboð greiðsluþjónustu í húsfélagi því sem greiðslustofnun tilheyrir. Um er að ræða innleiðingu á 38. tölul. tilskipunarinnar.

Í *42. tölul.* eru orðin *útgáfa greiðslumiðla (e. issuing of payment instruments)* skilgreind. Útgáfa greiðslumiðla er greiðsluþjónusta sem veitt er af greiðsluþjónustuveitanda sem gerir samning um að veita greiðanda greiðslumiðil til að setja af stað og vinna greiðslur greiðandans (e. process payment transactions). Útgefandi greiðslumiðils er því sá sem er tilgreindur í samningnum og lætur greiðanda greiðslumiðil í té og sá sem greiðandi er skuldbundinn gagnvart með samningnum. Það er ekki skilyrði að útgefandi greiðslumiðils sé einnig greiðsluþjónustuveitandi sem veitir reikningsþjónustu. Skilgreiningin er nýmæli og er innleiðing á 45. tölul. 4. gr. tilskipunarinnar.

Í *43. tölul.* eru orðin *útgefandi kortatengds greiðslumiðils (e. card-based payment instrument issuer)* skilgreind. Um er að ræða greiðsluþjónustuveitanda sem gefur út kortatengdan greiðslumiðil sem tengist greiðslureikningi hjá greiðsluþjónustuveitanda sem veitir reikningsþjónustu. Þegar notandi greiðsluþjónustunnar notar greiðslumiðilinn til að setja af stað greiðslu ber útgefanda kortatengda greiðslumiðilsins að óska eftir staðfestingu frá greiðsluþjónustuveitandandum, sem veitir notanda greiðsluþjónustunnar reikningsþjónustu, sem er oftast nær banki, um hvort nægir fjármunir séu á reikningnum. Hugtakið kemur fyrir í 65. gr. frumvarpsins auk reglugerðar ESB 2018/39, um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2366 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla um sterka sannvottun viðskiptavina og almenna og örugga opna staðla vegna samskipta.

Í *44. tölul.* er orðið *útibú (e. branch)* skilgreint. Um ræðir innleiðingu á 39. tölul. tilskipunarinnar. Skilgreiningin er óbreytt frá núgildandi lögum.

Í *45. tölul.* eru orðin *varanlegur miðill (e. durable medium)* skilgreind. Skilgreining er í núgildandi lögum en er í tilskipuninni með smávægilegri orðalagsbreytingu. Skilgreining þessi er sambærileg skilgreiningum á sama hugtaki í annarri löggjöf er byggjast á Evrópugerðum á sviði neytendaréttar. Samkvæmt 57. tölul. í formála tilskipunarinnar uppfylla upplýsingar á pappír, USB lykli, geisladiski CD-ROM, stafrænum mynddiski DVD, hörðum diski þar sem tölvupóstur getur verið geymdur og á vefsíðum séu þær í talsverðan tíma aðgengilegar óbreyttar til að gera sömu upplýsingarnar aðgengilegar. Tölvupóstur sem greiðsluþjónustuveitandi sendir viðskiptavini telst þannig vera varanlegur miðill. Hvað varðar upplýsingar í SMS/MMS skilaboðum þá geta þau talist afhent á varanlegum miðli ef geymslutími þeirra í símanum er töluvert langur. Þá telst netbanki lánastofnunar vera varanlegur miðill, sbr. 8. tl. 3. gr. laga nr. 38/2020. Undir þetta falla t.d. upplýsingar, tilkynningar og rafræn skjöl sem vistuð eru á sérstöku svæði á vefsíðu netbanka undir heitinu „Rafræn skjöl“ eða sem send eru sem skilaboð í netbanka. Við mat á því hvað telst vera varanlegur miðill ber að taka tillit til þróunar í upplýsingatækni og nýrra stafrænna lausna sem greiðsluþjónustuveitendur bjóða til upplýsingamiðlunar.

Í *46. tölul.* eru orðin *viðkvæm greiðslugögn (e. sensitive payment data)* skilgreind. Hvort um sé að ræða viðkvæm greiðslugögn fer eftir þeirri greiðsluþjónustu sem um ræðir hverju sinni, þar sem tegund og magn gagna er misjafnt. Notendanafn, ~~og~~ leyniorð og ~~ásamt~~ PIN númer ~~kóða við greiðslukort~~ eru dæmi um hvað teljast viðkvæm greiðslugögn þar sem komist þau í hendur óprúttins aðila getur sá hinn sami misnotað greiðslumiðilinn, t.d. netbanka eða greiðslukort~~ið~~. Í skilgreiningunni er sérstaklega tekið fram hvað teljist ekki viðkvæm greiðslugögn hjá greiðsluvirkjendum og reikningsupplýsingaþjónustuveitendum en það er nafn reikningseiganda og reikningsnúmer. Um er að ræða innleiðingu á 32. tölul. 4. gr. tilskipunarinnar. Skilgreiningin er nýmæli.

Í *47. tölul.* er orðið *viðmiðunargengi (e. reference exchange rate)* skilgreint. Skilgreiningin er óbreytt frá núgildandi lögum. Um er að ræða innleiðingu á 27. tölul. 4. gr. tilskipunarinnar.

Í *48. tölul.* er orðið *viðmiðunarvextir* (*e. reference interest rate*) skilgreint. ~~Aðilar greiðsluþjónustusamnings þurfa að geta rakið vexti aftur í tímann.~~ Um ræðir innleiðingu á 28. tölul. 4. gr. tilskipunarinnar.

Í *49. tölul.* er orðið *viðskiptadagur (e. business day)* skilgreint, þ.e. dagur þegar greiðsluþjónustuveitandi greiðanda eða viðtakanda greiðslu, sem koma að framkvæmd greiðslu, er opinn (e. open for business) og starfar eftir því sem þörf fyrir framkvæmd greiðslu krefur. Ekki er aðeins um opna starfsstöð að ræða í hefðbundinni merkingu, enda kann greiðsluþjónustuveitandi að veita þjónustu á Netinu og er ekki endilega með opna starfsstöð á sama tíma og hann veitir þjónustuna. Skilgreiningin hefur þýðingu vegna afturköllunar í 64. gr. frumvarpsins, vegna tímans sem gefinn er til að framkvæma greiðslu og til gengisútreiknings. Greiðsluþjónustuveitanda heimilast að setja mismunandi skilmála um hvenær viðskiptadegi vegna tiltekinna tegunda af greiðslum lýkur, t.d. kl. 15. Um er að ræða innleiðingu á 37. tölul. 4. gr. tilskipunarinnar.

Í *50. tölul.* eru orðin *viðtakandi greiðslu (e. payee)* skilgreind. Um er að ræða innleiðingu á 9. tölul. 4. gr. tilskipunarinnar. Skilgreiningin tekur hvorki til til rangs viðtakanda greiðslu né greiðsluþjónustuveitanda sem tekur við greiðslu sem milliliður fyrir greiðsluþjónustuveitanda viðtakanda greiðslu.

Um 4. gr.

Lagt er til að 5. gr. tilskipunarinnar verði innleidd í 4. gr. frumvarpsins. Umsókn skal vera skrifleg og upplýsingar sem koma fram í henni skulu vera ítarlegar. Markmiðið er að umsækjendur geri fyrir fram grein fyrir þeirri starfsemi sem fyrirhugað er að sinna, hvernig henni verði sinnt og sýni fram á að þeir séu hæfir til að sinna henni.

Í *1. tölul. 1. mgr.* er gerð krafa um staðfestingu á að 7. gr. laganna sé uppfyllt. Um er að ræða innleiðingu á p. og q.–lið 1. undirgreinar 1. mgr. 5. gr. tilskipunarinnar.

Í *2. tölul. 1. mgr.* er kveðið á um að umsækjandi tilgreini þá tegund greiðsluþjónustu sem hann hyggst veita og tilgreina ef hann ætlar að vera í annarri starfsemi, skv. 17. gr. frumvarpsins. Um er að ræða innleiðingu á a.-lið 1. undirgreinar 1. mgr. 5. gr. tilskipunarinnar.

Í *3. tölul. 1. mgr.* er lagt á umsækjanda að leggja fram viðskipta- og rekstraráætlun fyrir a.m.k. þrjú fyrstu rekstrarárin og síðasta ársreikning sé honum til að dreifa. Um er að ræða innleiðingu á b.–lið 1. undirgreinar 1. mgr. 5. gr. tilskipunarinnar.

Í *4. tölul. 1. mgr.* er kveðið á um að umsækjandi skuli í umsókn veita upplýsingar um starfsskipulag umsækjanda, þ.m.t. hvort fyrirhugað sé að veita þjónustu, opna útibú eða nota umboðsmenn í starfsemi félagsins, sbr. 18. gr., hvort um útvistun sé að ræða, sbr. 19. gr. og hvort um verði að ræða þátttöku í innlendu eða alþjóðlegu greiðslukerfi. Um er að ræða innleiðingu á l.–lið 1. undirgreinar 1. mgr. 5. gr. tilskipunarinnar.

Í *5. tölul. 1. mgr.* er lagt á umsækjanda að veita upplýsingar um hvort fyrirhugað sé að veita greiðsluþjónustu yfir landamæri með eða án stofnunar útibús eða fyrir milligöngu umboðsaðila, skv. 23. – 26. gr. Vakin er athygli á því að samkvæmt 22.– 24. gr. er ekki hægt að hefja þann feril að tilkynna Fjármálaeftirlitinu um fyrirhugaða starfsemi erlendis fyrr en að starfsleyfi sem greiðslustofnun hefur fengist samþykkt. Um er að ræða innleiðingu á a.- og l.– lið 1. undirgreinar 1. mgr. 5. gr. tilskipunarinnar.

Í *6. tölul. 1. mgr.* er krafist af umsækjanda að leggja fram gögn til staðfestingar á því að hann hafi yfir að ráða því stofnframlagi sem krafist er í 8. gr. Um er að ræða innleiðingu á c.–lið 1. undirgreinar 1. mgr. 5. gr. tilskipunarinnar.

Í *7. tölul. 1. mgr.* er lagt til að umsækjandi leggi fram upplýsingar sem sýni fram á að stjórnarmenn og stjórnendur umsækjanda uppfylli kröfur 12. gr. Um er að ræða innleiðingu á n.–lið 1. undirgreinar 1. mgr. 5. gr. tilskipunarinnar.

Í *8. tölul. 1. mgr.* er farið fram á ~~óskað eftir~~ upplýsing~~um~~ar um deili á einstaklingum sem eiga hlutdeild í umsækjanda í samræmi við kröfur 6. gr. Um er að ræða m.–lið 1. undirgreinar 1. mgr. 5. gr. tilskipunarinnar.

Í *9. tölul. 1. mgr.* er ~~óskað~~ farið fram á~~eftir~~ upplýsing~~um~~ar sem greina frá hvernig varðveislu fjármuna í eigu notenda greiðsluþjónustu verði háttað til að uppfylla 10~~1~~. gr. Um er að ræða innleiðingu á d.–lið 1. undirgreinar 1. mgr. 5. gr. tilskipunarinnar.

Í *10. tölul. 1. mgr.* er farið fram á lýsingu á verkferli sem fylgja skal til að hafa eftirlit með, meðhöndla, fylgja eftir rekstrar- eða öryggisfráviki og kvörtunum viðskiptavina að því er varðar öryggisatriði, þ.m.t. fyrirkomulag tilkynninga sem varðar tilkynningarskyldu greiðslustofnunar til Fjármálaeftirlitsins skv. 101. gr. Um er að ræða innleiðingu á f.–lið 1. undirgreinar 1. mgr. 5. gr. tilskipunarinnar.

Í *11. tölul. 1. mgr.* er óskað eftir lýsingu á innra skipulagi umsækjanda, þ.m.t. innri eftirlitsferlum, aðferðum við stjórnun, áhættustýringu og reikningsskilum, sem sýnir að stjórnarhættir, eftirlitskerfi og verkferlar séu viðeigandi miðað við umfang starfseminnar og séu traustir og fullnægjandi líkt og kveðið er á um í 1. mgr. 12. gr. frumvarpsins. Um er að ræða innleiðingu á e.–lið 1. undirgreinar 1. mgr. 5. gr. tilskipunarinnar.

Í *12. tölul. 1. mgr.* er umsækjand~~i~~a, sem mun meðhöndla~~r~~ fjármuni, gert~~beðinn um~~ að lýsa innra eftirlitskerfi sem komið verður á fót til að farið sé að kröfum laga um aðgerðir gegn
peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka. Um er að ræða innleiðingu á k.–lið 1. undirgreinar 1. mgr. 5. gr. tilskipunarinnar.

Í *13. tölul. 1. mgr.* er gerð krafa um~~óskað eftir~~ að umsækjandi lýsi verklagi/verkferli sem hann hefur til að skrá, vakta, rekja og takmarka aðgang að viðkvæmum greiðslugögnum og hvernig 22. gr.

laganna verði uppfyllt. Viðkvæm greiðslugögn eru skilgreind í 46. tölul. 3. gr. frumvarpsins. Um er að ræða innleiðingu á g.–lið, 1. undirgreinar 1. mgr. 5. gr. tilskipunarinnar.

Í *14. tölul. 1. mgr.* er kveðið á um að umsækjandi skuli lýsa fyrirkomulagi rekstrarsamfellu sem inniheldur skýra tilgreiningu á mikilvægri starfsemi, skilvirka viðbragðsáætlun og ferli til að kanna reglulega og endurskoða hversu fullnægjandi og skilvirkar áætlanirnar eru. Um er að ræða innleiðingu á h.–lið. 1. undirgreinar 1. mgr. 5. gr. tilskipunarinnar.

Í *15. tölul. 1. mgr.* er kallað eftir lýsingu á meginreglum og skilgreiningum sem umsækjandi beitir við söfnun á tölfræðilegum gögnum um árangur, færslur og svik. Um getur verið að ræða upplýsingar um færslufjölda, fjárhæð færslna, fjöldi sviksamlegra færslna. Markmið með söfnun upplýsinganna er m.a. að veita þær til Fjármálaeftirlitsins að beiðni þess, sbr. 21. gr. reglugerðar Framkvæmdastjórnar (ESB) 2018/389 og nýtist því auk þess við almennt eftirlit. Um er að ræða innleiðingu á i-lið 1. undirgreinar 1. mgr. 5. gr. tilskipunarinnar.

Í *16. tölul. 1. mgr.* er kveðið á um að umsækjandinn skuli hafa öryggisstefnu og öryggiskerfi sem hafi að geyma ítarlegt áhættumat í tengslum við greiðsluþjónustu, lýsingu á eftirlitsaðgerðum sem gripið er til í því skyni að vernda notendur greiðsluþjónustu með fullnægjandi hætti. Sérstaklega skal tilgreina hvernig eftirlitsaðgerðir tryggja öflugt tæknilegt öryggi og persónuvernd, þ.m.t. fyrir hugbúnað- og upplýsingatæknikerfi sem umsækjandinn eða útvistunaraðili sem hann útvistar starfsemi sína að öllu leyti eða hluta til, notar. Eftirlitsaðgerðirnar skulu einnig taka til öryggisráðstafana sem mælt er fyrir um í 100. gr. Um er að ræða innleiðingu á j. -lið 1. undirgreinar og 3. undirgrein 1. mgr. 5. gr. tilskipunarinnar.

Í *17. tölul. 1. mgr.* er kveðið á um að greina skuli frá hverjir séu ytri endurskoðendur umsækjandans. Um er að ræða o.–lið 1. undirgrein 1. mgr. 5. gr. tilskipunarinnar.

Í *18. tölul. 1. mgr.* er óskað eftir staðfestingu á því að umsækjandi hafi tryggingu skv. 3. mgr. 12. gr. sé hann að sækja um starfsleyfi fyrir greiðsluvirkjun eða reikningsupplýsingaþjónustu. Um er að ræða innleiðingu á 2. og 3. mgr. 5. gr. tilskipunarinnar.

Í 2. mgr. er lagt til að upplýsingar sem getið er um í 5. tölul. og 10.- 12. tölul. skuli jafnframt fela í sér lýsingu á því fyrirkomulagi sem umsækjandinn hafi innleitt til að geta gert allar þær ráðstafanir sem raunhæfar teljast til að vernda hagsmuni notenda greiðsluþjónustu hans og tryggja samfelldni og áreiðanleika við framkvæmd greiðsluþjónustunnar. Með því er Fjármálaeftirlitinu ennfremur gert kleift að tryggja að nægjanlegar ráðstafanir verði gerðar til að vernda hagsmuni notenda greiðsluþjónustu sem geta hvort heldur verið lögaðilar eða einstaklingar. Um er að ræða innleiðingu á 2. undirgrein 1. mgr. 5. gr. tilskipunarinnar.

Í 3. mgr. er Seðlabanka Íslands veitt heimild til að setja nánari reglur um þau atriði sem greina þarf frá í umsókn og hvaða fylgigögn beri að afhenda svo umsókn teljist fullnægjandi. Hér getur t.d. verið um að ræða vottorð úr fyrirtækjaskrá Skattsins um félagaform, samþykktir umsækjandans ~~o.fl.~~o.fl. sem er þegar tilgreint í núgildandi gátlista Fjármálaeftirlitsins vegna
umsóknar um starfsleyfi sem greiðslustofnun.

Lagt er til að 16. gr. tilskipunarinnar verði innleidd í 4. mgr. Í ákvæðinu felst að greiðslustofnun er skylt að uppfæra tafarlaust allar breytingar sem verða kunna á upplýsingum.

Um 5. gr.

Lagt er til að 6. gr. tilskipunarinnar verði innleidd í 5. gr. frumvarpsins. Í 9. mgr. 15. gr. laga um greiðsluþjónustu, nr. 120/2011, er að finna ákvæði varðandi mat á hæfi aðila sem fara með virkan eignarhlut í greiðslustofnun. Ákvæðið byggir á tilvísun í samskonar ákvæði í lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002. Með frumvarpinu verða ákvæði um tilkynningar vegna virkra eignarhluta í greiðslustofnunun gerð ítarlegri og skýrari í lögum um

greiðsluþjónustu og samræmist sú nálgun bæði 6. gr. tilskipunarinnar auk þess sem hún fylgir þeirri þróun sem átt hefur sér stað í löggjöf á fjármálamarkaði. Ákvæði þessara laga um tilkynningar og mat á hæfi vegna virkra eignarhluta er þannig að miklu leyti samhljóða sams konar ákvæði í 14. gr. laga um útgáfu og meðferð rafeyris, nr. 17/2013. Ákvæðið er nýmæli í lögum um greiðsluþjónustu.

Um 6. gr.

Í 1. mgr. 6. gr. frumvarpsins er lagt til að 1. málsl. 1. mgr. 11. gr. tilskipunarinnar verði innleidd. Lagt er til að aðilar, aðrir en þeir sem taldir eru upp í a-, b-, og c-liðum (fjármálafyrirtæki með starfsleyfi til móttöku innlána), (rafeyrisfyrirtæki) og (póstgíróstofnun) og e.-, f.- og g.-liðum (Seðlabanki Evrópu og seðlabankar á EES svæðinu), (stjórnvöld) og (greiðslustofnun með takmarkað starfsleyfi) 23. tölul. 3. gr., auk 35. gr. (reikningsupplýsingaþjónustuveitendur) er hyggjast veita greiðsluþjónustu skuli afla sér starfsleyfis sem greiðslustofnun. Starfsleyfi skal ná til einnar eða fleiri tegunda greiðsluþjónustu í skilningi 4. tölul. 3. gr. frumvarpsins.

Í 2. mgr. er lagt til að Fjármálaeftirlitið hafi umsjón með veitingu starfsleyfa greiðslustofnana. Greiðslustofnun er heimilt að stunda greiðsluþjónustu þegar hún hefur fengið starfsleyfi Fjármálaeftirlitsins, sbr. 5. gr. frumvarpsins og 29. gr. tilskipunarinnar. Í 2. málsl. 1. mgr. 11. gr. tilskipunarinnar er líkt og í fyrri tilskipun gert ráð fyrir að starfsleyfi sem greiðslustofnun skuli aðeins veitt lögaðilum með staðfestu í aðildarríki, en ekki einstaklingum. Því er lagt til að kveðið skuli á um það í 1. mgr. 6. gr. frumvarpsins. Í 3. mgr. 11. gr. tilskipunarinnar er enn fremur gert ráð fyrir að greiðslustofnun skuli hafa höfuðstöðvar sínar í því ríki þar sem hún er skráð og framkvæma a.m.k. hluta af greiðsluþjónustustarfsemi sinni í því landi. Höfuðstöðvar teljast hérlendis veltur á því hvort raunveruleg stjórnun höfuðstöðva fari fram hérlendis, svo sem hvort ákvörðunartaka fari fram í höfuðstöðvum, hvort aðalfundur fari fram hérlendis, hvort einhverjir viðskiptavinir séu hérlendir. Fjármálaeftirlitið á að hafa eftirlit með því að ekki eigi sér stað misneyting á staðfesturéttinum og getur synjað um starfsleyfi ef eina ástæðan fyrir stofnsetningu greiðslustofnunar hérlendis er til að sneiða framhjá löggjöf í því ríki þar sem aðalstarfsemi þess fer fram. Ákvæðið á sér hliðstæðu í 9. gr. núgildandi laga um greiðsluþjónustu nr. 120/2011.

Um 7. gr.

Lagt er til að 7. gr. tilskipunarinnar verði innleidd í 7. gr. frumvarpsins, um lágmarksstofnframlag greiðslustofnunar á hverjum tíma. Stofnframlag greiðslustofnunar skal á hverjum tíma nema að lágmarki jafnviði 20.000 til 125.000 evra í íslenskum krónum miðað við opinbert viðmiðunargengi (kaupgengi) eins og það er skráð hverju sinni. Ólíkar kröfur eru gerðar um stofnframlag eftir því hvers kyns greiðsluþjónustu greiðslustofnun veitir, en greiðslustofnunum er ávallt skylt að uppfylla þær frá því að starfsleyfi er veitt. Kröfur til stofnframlags greiðslustofnunnar eru vægari en til lánastofnunar skv. lögum um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002 og endurspeglar hve minni áhættan er af starfsemi greiðslustofnunar. Að sama skapi er greiðslustofnun óheimilt að taka við innlánum. Fyrirtæki sem einungis er í þeirri starfsemi að veita reikningsupplýsingaþjónustu er undanþegið kröfu um stofnframlag. Áhættan af rekstri þess konar þjónustu er mun minni þar sem reikningsupplýsingaþjónustuveitandinn varðveitir aldrei fjármuni notanda greiðsluþjónustu í greiðslukeðjunni, sbr. 33. tölul, 3. gr. frumvarpsins. Í 34. gr. formála tilskipunarinnar er tekið fram að greiðsluþjónustuveitendur sem aðeins veita greiðsluvirkjun, ættu að teljast bera miðlungs áhættu að því er varðar stofnframlag.

Ákvæðið er efnislega samhljóða ákvæði 10. gr. gildandi laga um greiðsluþjónustu, nr. 120/2011.

Um 8. gr.

Lagt er til að 8. gr. tilskipunarinnar verði innleidd í 8. gr. frumvarpsins. Í ákvæðinu er gert ráð fyrir að eigið fé greiðslustofnunar megi á hverjum tíma ekki nema lægri fjárhæð en kveðið er á um í 7. gr. eða 9. gr. frumvarpsins, hvor fjárhæðin sem er hærri. Líkt og fram kemur í 35. gr. aðfararorða tilskipunarinnar þá er ótilhlýðilegt að leggja kröfur vegna eiginfjárgrunns á greiðsluvirkjendur eða reikningsupplýsingaþjónustuveitendur séu þeir einungis að veita þá tegund þjónustu. Í 9. og 12. gr. koma fram þær kröfur sem gerðar eru til þessara greiðsluþjónustuveitenda. Ákvæðið er efnislega samhljóða ákvæði 11. gr. gildandi laga um greiðsluþjónustu, nr. 120/2011 að öðru leyti en því að rekstraraðilar sérhæfðra sjóða bætast við upptalningu þeirra aðila sem geta tilheyrt samstæðu og hverra eiginfjárliði er óheimilt að telja tvisvar auk þess að 3. mgr. 8. gr. hefur verið innleidd sem ekki var gert með núgildandi lögum. Þar er lagt til að heimilt verði að undanþiggja greiðslustofnun frá útreikning eigin fjár skv. 9. gr. frumvarpsins þegar hún fellur undir eftirlit á samstæðugrunni með móðurfélagi samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki. Reglugerð (ESB) nr. 575/2013 var innleidd með reglugerð um varfærniskröfur vegna starfsemi fjármálafyrirtækja nr. 233/2017.

Um 9. gr.

Lagt er til að 9. gr. tilskipunarinnar um útreikning eiginfjárgrunns verði innleidd í 9. gr. frumvarpsins. Greinin tekur þó ekki til greiðsluvirkjanda og reikningsupplýsingaþjónustuveitanda í samræmi við 35. gr. aðfararorða tilskipunarinnar. Í 1. mgr. er gert ráð fyrir að það sé ákvörðun Fjármálaeftirlitsins hverju sinni hvaða aðferð (A, B eða C) skuli beitt við útreikning eigin fjár greiðslustofnunar. Hinar ólíku aðferðir, ásamt nauðsynlegum stuðlum, eru nánar skilgreindar í 2.–5. mgr. ákvæðisins. Í 6. mgr. er gert ráð fyrir heimild Fjármálaeftirlitsins til að gera kröfu um aukið eigið fé greiðslustofnunar en leiðir af beitingu þeirrar aðferðar sem valin er í samræmi við 1. mgr. Ennfremur gerir ákvæðið ráð fyrir heimild Fjármálaeftirlitsins til eftirgjafar, þ.e. að fjárhæð eigin fjár greiðslustofnunar sé lægri en leiðir af beitingu þeirrar aðferðar sem valin er í samræmi við 1. mgr. Ákvæðið er efnilega samhljóða 12. gr. gildandi laga um greiðsluþjónustu nr. 120/2011.

Um 10. gr.

Lagt er til að 10. gr. tilskipunarinnar verði innleidd í 10. gr. frumvarpsins og með nánari reglusetningu af Seðlabanka Íslands. Í 10. gr. tilskipunarinnar er fjallað um varðveislu og verndun fjármuna sem mótteknir hafa verið frá notendum greiðsluþjónustu eða frá öðrum greiðsluþjónustuveitanda vegna framkvæmdar greiðslu (e. safeguarding requirements).

Í 1. mgr. eru lagðar skyldur á herðar greiðslustofnunum um tryggilega varðveislu fjármuna sem mótteknir hafa verið vegna framkvæmdar greiðslu.

Greiðsluvirkjandi og reikningsupplýsingaþjónustuveitandi eru undanþegnir kröfunum ~~þegar þeir einungis bjóða þá þjónustu~~ enda kemur ~~þá~~ aldrei til þess að þeir varðveiti fjármuni notanda greiðsluþjónustu í greiðslukeðjunni.

Í 2. mgr. er Seðlabanka Íslands falið að setja nánari reglur um það hvernig tryggilegri varðveislu fjármuna skal háttað, með hagsmuni notenda greiðsluþjónustu að leiðarljósi. Reglurnar skulu byggðar á 10. gr. tilskipunarinnar. Ákvæðið er efnilega samhljóða 18. gr. gildandi laga um greiðsluþjónustu nr. 120/2011.

Hér er lagt til að tekin sé sami valkostur við innleiðingu 10. gr. tilskipunarinnar og gert er í núgildandi lögum þ.e.a.s að fjármunum skuli ekki blandað saman og hafnað að fara þá leið að fjármunir skuli tryggðir með vátryggingarsamningi líkt og aðildarríkjum er gefinn kostur á í b-lið 1. mgr. 10. gr. tilskipunarinnar. Ákvæðið er efnislega samhljóða 18. gr. núgildandi laga um greiðsluþjónustu nr. 120/2011.

Um 11. gr.

Lagt er til að í 1. mgr. 11. gr. verði kveðið á um að 52. gr. og 52. gr. a í lögum um fjármálafyrirtæki, sem fjalla um hæfisskilyrði stjórnar og framkvæmdastjóra og önnur störf stjórnarmanna, skuli gilda að því er varðar stjórnarmenn, framkvæmdastjóra og aðra stjórnendur samkvæmt skipulagi greiðslustofnunar. Tilvísunin gegnir því hlutverki að samræma þær kröfur sem gerðar eru til stjórnarmanna og framkvæmdastjóra greiðslustofanana og fjármálafyrirtækja. Skv. n.-lið 1. undirgreinar 1. mgr. 5. gr. tilskipunarinnar skal sýna fram á það við umsókn um starfsleyfi sem greiðslustofnun að fyrrgreindir aðilar hafi góðan orðstír og búi yfir viðeigandi þekkingu og reynslu til að annast greiðsluþjónustu samkvæmt því sem heimaaðildarríki ákvarðar. Um er að ræða innleiðingu á n.–lið 1. undirgreinar 1. mgr. 5. gr. tilskipunarinnar.

Lagt er til að í 2. mgr. verðið kveðið á um að tilkynna beri Fjármálaeftirlitinu um skipan og síðari breytingar á stjórn og framkvæmdastjórn greiðslustofnunar. Upplýsingar sem nauðsynlegar kunni að teljast til hæfismats hlutaðeigandi einstaklinga skuli fylgja slíkum tilkynningum, ellegar kunni Fjármálaeftirlitið að kalla eftir ítarlegri gögnum við framkvæmd matsins. Um er að ræða innleiðingu á 16. gr. tilskipunarinnar. Ákvæði 11. gr. er breytt frá 20. gr. gildandi laga um greiðsluþjónustu nr. 120/2011 þar sem nú er skýr tilgreining á þeim ákvæðum í lögum um fjármálafyrirtæki sem eiga við um hæfi stjórnarmanna, framkvæmdastjóra og annarra starfsmanna greiðslustofnunar.

Commented [JBG12]: Hér segir að 52. gr. a laga um fjármálafyrirtæki skuli gilda um stjórnarmenn í greiðslustofnunum. Þetta kemur ekki fram í tilskipun (ESB) 2015/2366. Ákvæði 52. gr. a laga um fjármálafyrirtæki er innleiðing á tilskipun 2013/36/ESB sem gildir ekki um greiðslustofnanir að þessu leyti.

Um 12. gr.

Lagt er til að 2. mgr. og 4. – 9. mgr. 11. gr og 12. gr. tilskipunarinnar verði innleidd í 12. gr. frumvarpsins, um skilyrði fyrir veitingu starfsleyfis og tilkynningu um veitingu eða synjun starfsleyfis.

Í 1. mgr. er lagt til að kveðið verði á um að starfsleyfi skuli veitt ef umsækjandi uppfyllir í í umsókn sinni og meðfylgjandi gögnum, skv. 4. gr., að mati Fjármálaeftirlitsins skilyrði 4. gr. og sýnir fram á að stjórnun hans sé skýr, traust, varfærin og undirsett fullnægjandi innra eftirliti. Seðlabanka Íslands er heimilt að setja reglur um um þessi atriði og er rétt að hafa til hliðsjónar ákvæði 17. gr. laga um fjármálafyrirtæki eftir því sem við á. Með því er átt við að reglurnar skuli taka tillit til mismunandi tegunda greiðslustofnana en starfsemi þeirra er ólík t.d. eftir því hvort um sé að ræða reikningsupplýsingaþjónustuveitanda eða greiðsluþjónustuveitanda sem veitir reikningsþjónustu sem oftast er banki. Reglur Seðlabanka Íslands skulu auk þess taka mið af 4. gr. frumvarpsins og lúta að skýrleika stjórnskipulags, traustri og varfærinni stjórnun, skýrum verklagsreglum er lúta að áhættu sem starfsemin er eða kann að vera óvarin fyrir og fullnægjandi innri eftirlitskerfum. Með skýru stjórnskipulagi er varðar rekstur greiðsluþjónustu er átt við að ábyrgð umsækjanda sé vel skilgreind, gagnsæ og samræmd. Um er að ræða innleiðingu á 2. og 4. mgr. 11. gr. tilskipunarinnar.

Í 2. mgr. er tekið fram að þær kröfur sem gerðar séu til umsækjanda um starfsleyfi skuli vera í samræmi við eðli og umfang þeirrar greiðsluþjónustu sem fyrirhugað sé að veita og að umsækjandi verði að uppfylla þær á hverjum tíma með því að aðlaga skipulag, verklagsreglur

og annað skv. 1. mgr. Einsýnt er að rekstur þróast að umfangi og starfsemi og innviðir hans verða að breytast að sama skapi. Um er að ræða innleiðingu á 2. mgr. 11. gr. tilskipunarinnar.

Í 3.- 4. mgr. er lögð sú skylda á greiðsluvirkjanda og reikningsupplýsingaþjónustuveitanda að kaupa sér tryggingu vegna mögulegra skaðabóta sem stofnast getur til í samræmi við 79. gr. (Bótaábyrgð greiðsluþjónustuveitanda þegar um ræðir óheimilaða greiðslu.), 94. gr. (Bótaábyrgð greiðsluþjónustuveitanda þegar framkvæmd greiðslu á sér ekki stað eða er gölluð og greiðslufyrirmæli eru gefin millilíðalaust.), 95. gr. (Bótaábyrgð þegar greiðandi gefur greiðslufyrirmæli fyrir milligöngu greiðsluvirkjanda og framkvæmd greiðslu á sér ekki stað eða er gölluð.), 97. gr. (Endurkröfuréttur).

Greiðsluvirkjandi og reikningsupplýsingaþjónustuveitandi hafa ekki yfir fjármunum viðskiptavina sinna að ráða líkt og greiðsluþjónustuveitandi sem veitir reikningsþjónustu, sbr. 24. tölul. 3. gr. Af þeim sökum er ekki gerð krafa um tiltekið stofnframlag hjá þeim. Eigi að síður þarf að tryggja að þeir geti mætt bótaábyrgð sem á þá geti verið lögð og er tryggingu ætlað að tryggja greiðslu þeirra bóta. Um er að ræða innleiðingu á 2. og 3. mgr. 5. gr. tilskipunarinnar.

Í 5. mgr. er lagt til að Fjármálaeftirlitinu verði heimilt að leita ráðgjafar annarra viðeigandi opinberra yfirvalda við mat á umsókn um starfsleyfi. Ráðgjöf getur til að mynda varðað fyrirhugaða þátttöku umsækjanda í greiðslukerfi. Um er að ræða innleiðingu á 2. mgr. 11. gr. tilskipunarinnar.

Í 6. mgr. er lagt til að Fjármálaeftirlitið geti gert kröfu um stofnun sérstakrar einingar fyrir rekstur greiðsluþjónustu, til aðskilnaðar frá annarri starfsemi sem greiðslustofnun sinnir eða hyggst sinna og sá hluti rekstrarins hefur áhrif á fjárhagslegan styrk greiðslustofnunar eða torveldar eftirlit með henni. Um er að ræða innleiðingu á 5. mgr. 11. gr. tilskipunarinnar.

Í 7. og 8. mgr. er lagt til að kveðið verði á um að synja beri um starfsleyfisveitingu ef Fjármálaeftirlitið metur hluthafa eða eigendur virkra eignarhluta ekki hæfa með tilliti til traustrar og varfærinnar stjórnunar greiðslustofnunar og ef náin tengsl, í skilningi laga um fjármálafyrirtæki, hindra eftirlit með starfsemi greiðslustofnunar. Auk þess er lagt til að synja beri um starfsleyfisveitingu komi lög og stjórnsýslufyrirmæli þriðja lands eða vandkvæði við framkvæmd þeirra í veg fyrir að Fjármálaeftirlitið geti sinnt eftirlitshlutverki sínu. Um er að ræða innleiðingu á 6. mgr., 7. mgr. og 8. mgr. 11. gr. tilskipunarinnar.

Í 9. og 10. mgr. er lagt til að 9. mgr. 11. gr., og 12. gr. tilskipunarinnar verði innleidd, um ákvörðun Fjármálaeftirlitsins um veitingu eða synjun um starfsleyfi og tilkynningu þar um. Auk þess er kveðið á um að starfsleyfið gildi í öllum aðildarríkjum að fullnægðum skilyrðum 23. gr.– 25. gr. laganna. Það er Fjármálaeftirlitsins að meta hvenær umsókn telst fullbúin og hvort skilyrðum laga þessara sé fullnægt.

Ákvæðið er efnislega samhljóða 15. gr. gildandi laga nr. 120/2011, um greiðsluþjónustu.

Um 13. gr.

Lagt er til að 13. gr. tilskipunarinnar verði innleidd í 13. gr. frumvarpsins.

Í 1. mgr. er lagt til að talin verði upp helstu tilvik sem leitt geta til afturköllunar starfsleyfis greiðslustofnunar. Afturköllun starfsleyfis er íþyngjandi stjórnvaldsákvörðun sem veltur á mati. Eðlilegt er að Fjármálaeftirlitið hafi svigrúm til að meta hvort beitt skuli afturköllun eða öðrum vægari úrræðum við nánar tilgreindar aðstæður. Þá felur orðalag 1. mgr. í sér að unnt er að afturkalla starfsleyfi fyrir einstökum þáttum starfsemi (afturköllun að hluta). Fjármálaeftirlitið getur því látið við það sitja að afturkalla heimild greiðslustofnunar til að stunda tiltekna starfsemi ef ástæður afturköllunar snerta ekki hæfi til að sinna öðrum þáttum í starfseminni. Er þetta í samræmi við hina almennu meðalhófsreglu stjórnsýsluréttarins.

Um a.-lið 1. mgr. Í samræmi við a.-lið 13. gr. tilskipunarinnar getur Fjármálaeftirlitið áskilið að starfsleyfi falli sjálfkrafa úr gildi ef þau atriði sem talin eru upp í ákvæðinu eiga við.

Um b.-lið 1. mgr. Hafi starfsleyfi verið veitt á grundvelli rangra eða falsaðra yfirlýsinga, eða á annan óeðlilegan hátt að mati Fjármálaeftirlitsins, má afturkalla það.

Um c.-lið 1. mgr. Uppfylli greiðslustofnun ekki lengur skilyrði fyrir leyfisveitingu samkvæmt frumvarpi þessu eða upplýsir Fjármálaeftirlitið ekki um umfangsmikla þróun hvað það varðar er gert ráð fyrir að afturkalla megi starfsleyfi hennar.

Um d.-lið 1. mgr. Ef áframhaldandi rekstur greiðsluþjónustu af hálfu greiðslustofnunar ógnar stöðugleika eða trausti greiðslukerfisins í heild að mati Fjármálaeftirlitsins má afturkalla starfsleyfi hennar.

Um e.-lið 1. mgr. Kveði önnur ákvæði laga á um slíkt er gert ráð fyrir að afturkalla megi starfsleyfi greiðslustofnunar.

Um f.-lið 1. mgr. Afturköllunarástæður eru ekki tæmandi taldar í 1. mgr., enda er ekki unnt að sjá fyrir öll þau tilvik sem kunna að gera afturköllun nauðsynlega vegna þeirra verndarhagsmuna sem frumvarp þetta byggist á. Því er gert ráð fyrir að alvarleg eða ítrekuð brot gegn lögunum eða reglum settum samkvæmt þeim kunni að varða afturköllun starfsleyfis.

Í 2. mgr. er lagt til að kveðið verði á um að afturköllun starfsleyfis skuli að jafnaði ekki beitt án þess að greiðslustofnun hafi fyrst gefist færi á að færa starfsemi sína í löglegt horf. Slíkur frestur kann þó í einhverjum tilfellum að geta leitt til tjóns t.d. fyrir viðskiptamenn greiðslustofnunar, auk þess sem frestur til úrbóta á ekki við aðstæður samkvæmt sumum stafliðanna í 1. mgr. Því er ekki um fortakslausan rétt greiðslustofnunar til úrbóta að ræða samkvæmt ákvæðinu. Þá athugast að ekki er gert ráð fyrir að 2. mgr. eigi við um a.-lið 1. mgr., enda eðlilegast að líta svo að starfsleyfi teljist niður fallið við þær aðstæður.

Loks er í 4. mgr. gert ráð fyrir að ákvörðun um afturköllun starfsleyfis samkvæmt ákvæði þessu verði tilkynnt stjórn hlutaðeigandi greiðslustofnunar, með skriflegum rökstuðningi, og kynnt opinberlega. Sérstaklega er kveðið á um að tilkynning um afturköllun skuli send lögbærum eftirlitsaðilum í þeim ríkjum þar sem hlutaðeigandi greiðslustofnun starfrækir útibú eða veitir greiðsluþjónustu fyrir milligöngu umboðsmanns.

Ákvæðið byggir á 13. gr. tilskipunarinnar og er nær efnislega samhljóða ákvæði 16. gr. gildandi laga um nr. 120/2011, um greiðsluþjónustu.

Um 14. gr.

Lagt er til að 14. gr. og 1.–3. mgr. 15. gr. tilskipunarinnar verði innleidd í 14. gr. frumvarpsins. Fjármálaeftirlitið skal halda opinbera skrá yfir greiðslustofnanir, umboðsaðila og útibú þeirra, svo og hvers konar greiðsluþjónustu þær veita. Auk þess skal tilgreina þá einstaklinga og lögaðila sem njóta undanþágu í samræmi við 34. gr. (Greiðslustofnun með takmarkað starfsleyfi) og 35. gr. (Reikningsupplýsingaþjónustuveitendur) og, ef við á, útibús og umboðsaðila þeirra. Almenningur skal hafa aðgang að skránni, en í því felst að skrána skal birta á vefsíðu Seðlabanka Íslands og hana skal uppfæra reglulega. Erlendar greiðslustofnanir sem hyggjast veita greiðsluþjónustu hér á landi með stofnun útibús skulu tilkynna það fyrirfram til lögbærs eftirlitsaðila í heimaríki sínu, í samræmi við efni 17. gr. frumvarpsins. Það stendur eftirlitsaðilanum í heimaríki hlutaðeigandi greiðslustofnunar nær að uppfæra upplýsingar um umboðsmenn og útibú erlendis. Yfirlit yfir erlenda aðila sem hafa heimild til að veita þjónustu á Íslandi er að finna á heimasíðu Seðlabanka Íslands á eftirfarandi tengli: https://www.fme.is/eftirlit/erlendir-adilar. Hafi stofnanir í sérlögum um sig heimild til að veita greiðsluþjónustu skulu þær einnig skráðar í téða skrá.

Fjármálaeftirlitinu ber einnig að tilkynna Evrópsku bankaeftirlitsstofnunni um efni skrár sinnar um greiðslustofnanir. Æskilegt er að Fjármálaeftirlitið birti á vefsíðu sinni, og hafi aðgengilegar fyrir almenning á Íslandi, tengil á rafræna skrá Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar yfir greiðslustofnanir á Evrópska efnahagssvæðinu, umboðsmenn þeirra og útibú á erlendri grundu.

Ákvæðið er útvíkkun á 13. gr. a. gildandi laga nr. 120/2011, um greiðsluþjónustu.

Um 15. gr.

Lagt er til að 17. gr. tilskipunarinnar verði innleidd í 15. gr. frumvarpsins, um reikningsskil og lögboðna endurskoðun.

Þar segir að reikningsár greiðslustofnunar sé almanaksárið og að greiðslustofnun skuli leggja fram aðskilin reikningsskil fyrir annars vegar greiðsluþjónustu og hins vegar aðra starfsemi sem hún annast skv. 1. mgr. 16. mgr. frumvarpsins og skal krafist áritunar endurskoðanda á þau. Ákvæði laga um fjármálafyrirtæki gildi að öðru leyti um bókhald, endurskoðun og tilkynningarskyldu endurskoðenda greiðslustofnana til Fjármálaeftirlitsins. Þá er Seðlabanka Íslands fengin heimild til að setja reglur um ársreikninga greiðslustofnana.

Ákvæðið byggir á 17. gr. tilskipunarinnar og er nær efnislega samhljóða ákvæði 20. gr. gildandi laga nr. 120/2011, um greiðsluþjónustu.

Um 16. gr.

Lagt er til að 18. gr. tilskipunarinnar verði innleidd í 16. gr. frumvarpsins. Í 1. mgr. segir að greiðslustofnunum sé heimilt samkvæmt ákvæðinu að stunda tiltekna starfsemi auk greiðsluþjónustu skv. 22. tölul. 3. gr. Í fyrsta lagi er greiðslustofnun heimilt að stunda rekstur nátengdrar stoðþjónustu s.s. að tryggja framkvæmd greiðslna, gjaldeyrisviðskipti, fjárvörslu, geymslu og vinnslu gagna s.s. gagnagreiningar. Útgefandi greiðslukorts býður oftar en ekki upp á viðbótarþjónustu t.d. afsláttarkjör vegna notkunar kortsins og telst slík þjónusta stoðþjónusta. Með gjaldeyrisviðskiptum er átt við gjaldeyrisviðskipti þar sem fjármunir eru geymdir á greiðslureikningi. Slík gjaldeyrisviðskipti eiga sér t.d. stað þegar færsluhirðir móttekur kortatengdar greiðslur í ýmsum gjaldmiðlum fyrir netverslun söluaðila en gerir upp við söluaðilann í einum gjaldmiðli. Í öðru lagi er greiðslustofnun heimilt að starfrækja greiðslukerfi. Greiðslustofnun getur þannig hvort heldur smíðað eða keypt og rekið eigin greiðslukerfi, ellegar greitt fyrir þátttöku í öðrum greiðslukerfum (eða hvorttveggja). Í þriðja lagi er greiðslustofnun heimilt að sinna annarri starfsemi í samræmi við aðra gildandi löggjöf. Í einhverjum tilvikum getur slík starfsemi verið háð eftirliti Fjármálaeftirlitsins t.d. lánastarfsemi sem er ekki í tengslum við greiðsluþjónustu en þarf að uppfylla skilyrði í lögum nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki. Á hinn bóginn getur lánastarfsemi verið undanþegin eftirliti Fjármálaeftirlitsins og þá gilda engu að síður lög nr. 140/2018, um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka og greiðslustofnun þar með háð eftirliti Fjármálaeftirlitsins vegna þess þáttar í lánastarfseminni. Greiðslustofnun er heimilt að stunda aðra starfsemi í dótturfélagi. Eigi að síður eru slíkum heimildum takmörk sett í lögunum.

Í 2. mgr. er heimild greiðslustofnana til að halda greiðslureikninga bundin því skilyrði að slíkir reikningar séu einungis notaðir í tengslum við framkvæmd greiðslna. Orðið greiðslureikningur er skilgreint í 17. tölul. 3. gr. frumvarpsins. Greiðslustofnun má einungis móttaka fjármuni frá neytanda í þeim tilgangi að framkvæma greiðslu, hvort sem er strax eða í framtíðinni á fyrirframgefnum dögum líkt og á við um beingreiðslur. Fjármunirnir mega ekki vera í varðveislu hjá greiðslustofnununni lengur en þörf krefur vegna tæknilegra atriða við að

framkvæma greiðslu. Um tímafrest greiðslna og gildisdag er kveðið á um í 83. gr. tilskipunarinnar.

Í 3. mgr. er sérstaklega tekið fram að fjármunir sem greiðslustofnun móttekur vegna greiðsluþjónustu teljast ekki innlán, endurgreiðanlegir fjármunir frá almenningi eða rafeyrir. Þetta þýðir að greiðslustofnun má ekki gera samning við notanda greiðsluþjónustu um að hann geti farið fram á endurgreiðslu fjármunanna hvenær sem er. Notandi greiðsluþjónustu getur á hinn bóginn farið fram á endurgreiðslu fjármuna úr hendi greiðslustofnunar þegar einhver skilyrða 77. gr. (Tilkynning um óheimilaða eða ranglega framkvæmda greiðslu og leiðréttingu á henni), 78. gr. (Sannvottun vegna framkvæmdar greiðslu), 79. gr. (Ábyrgð greiðsluþjónustuveitanda þegar um ræðir óheimilaða greiðslu.), 80. gr. (Ábyrgð greiðanda þegar um ræðir óheimilaða greiðslu), 81. gr. (Greiðsla þegar fjárhæð greiðslu er ekki þekkt fyrirfram), 82. gr. (Endurgreiðslur á greiðslum sem viðtakandi greiðslu setur af stað/á frumkvæði að eða hefur milligöngu um), 83. gr. (Meðferð beiðna um endurgreiðslu vegna greiðslna sem viðtakandi greiðslu setur af stað/á frumkvæði að eða hefur milligöngu um) eru fyrir hendi. Fjármunir sem greiðslustofnun móttekur frá notanda greiðsluþjónustu þurfa ekki að vera eyrnamerktir tiltekinni greiðslu. Ekki er heldur lagt bann við að greiðslustofnun bjóði vexti eða afsláttarkjör í tengslum við fjármuni sem hún hefur móttekið frá notanda greiðsluþjónustu til að framkvæma greiðslu.

Í 4. mgr. greinir skilyrði heimildar greiðslustofnana til lánveitinga í tengslum við greiðsluþjónustu sem um getur í d.– og e.–lið 22. tölul. 3. gr. frumvarpsins. Það er í fyrsta lagi skilyrði að lánveiting sé hliðarstarfsemi. Hún þarf því að vera boðin notanda greiðsluþjónustu í tengslum við greiðsluþjónustu s.s. að bjóða lánveitingu við útgáfu kreditkorts. Í öðru lagi er regla varðandi lánveitingar yfir landamæri um að endurgreiðslutími slíkra lána skal að hámarki vera 12 mánuðir. Lánveitingin má vera hlaupandi lán með tiltekna lánaheimild svipað og úttektarheimildir kreditkorta en einu sinni á ári þarf lánþeginn að greiða upp lánaheimildina. Í þriðja lagi er óheimilt að fjármagna lánveitingu með fjármunum sem mótteknir eru eða varðveittir vegna greiðslu. Í fjórða lagi verður eiginfjárgrunnur hlutaðeigandi greiðslustofnunar að uppfylla kröfur frumvarpsins og vera, að mati Fjármálaeftirlitsins, fullnægjandi með tilliti til heildarlánveitinga. Það þýðir þó ekki að Fjármálaeftirlitið geti farið fram á frekara eigið fé en heimilt er skv. 8. og 9. gr. Hins vegar skal Fjármálaeftirlitið við ákvörðun á eigin fé greiðslustofnunar skv. 3. mgr. 9. gr. hafa hliðsjón af hversu umfangsmikla lánastarfsemi greiðslustofnunin hyggst stunda, í tengslum við greiðsluþjónustu. Bjóði greiðslustofnun viðskiptvinum lán en þó ekki í tengslum við greiðsluþjónustu er talað um aðra starfsemi í skilningi c.-liðar 1. mgr. 16. gr. frumvarpsins. Árétta skal að um lánveitingar greiðslustofnunar til einstaklinga gilda lög nr. 33/2013, um neytendalán. Jafnframt er Seðlabanka Íslands veitt heimild til að setja nánari reglur um lánveitingar greiðslustofnana.

Í 5. mgr. er lagt til að kveðið verði skýrlega á um að greiðslustofnun sé óheimilt að stunda innlánsstarfsemi eða taka við endurgreiðanlegum fjármunum frá almenningi í skilningi laga um fjármálafyrirtæki enda um starfsemi að ræða sem er leyfisskyld samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki.

Í 7. mgr. er Fjármálaeftirlitinu veitt heimild til að banna greiðslustofnun að stunda að hluta til eða öllu aðra starfsemi samkvæmt 16. gr.

Ákvæðið er nokkuð breytt frá 19. gr. gildandi laga nr. 120/2011, um greiðsluþjónustu.

Um 17. gr.

Í 1. mgr. er lagt til að greiðslustofnun sem hyggst veita greiðsluþjónustu fyrir milligöngu umboðsaðila skuli tilkynna það Fjármálaeftirlitinu fyrirfram. Tilkynningunni skuli fylgja

upplýsingar um nafn og heimilisfang umboðsaðilans og lýsing á innra eftirlitskerfi hans sem m.a. skuli uppfylla kröfur laga um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka og uppfæri án tafar ef verulegar breytingar verða á því frá því upphafleg tilkynning var send. Tilkynningunni skuli einnig fylgja nauðsynlegar upplýsingar og gögn til að sýna fram á deili á stjórnendum umboðsaðilans og í þeim tilvikum að þeir séu ekki greiðsluþjónustuveitendur, gögn um að þeir séu hæfir. Að auki skuli greiðslustofnunin veita upplýsingar um þá greiðsluþjónustu sem umboðsaðilinn hafi umboð til að veita og auðkenni umboðsaðilans, sé því til að dreifa. Umboðsaðili teljist sá sem hafi heimild til að skuldbinda greiðslustofnun. Aðili sem taki þátt í markaðssókn greiðslustofnunar teljist ekki umboðsaðili hafi hann ekki heimild til að skuldbinda greiðslustofnun. Á hinn bóginn aðili sem komi fram í eigin nafni geti ekki gert það sem umboðsaðili heldur skuli hafa sitt eigið leyfi sem greiðslustofnun. Umboðsaðilinn geti verið með umboð fyrir hönd greiðslustofnunar vegna allra tegunda greiðsluþjónustu sem hún bjóði upp á eða einungis hluta af þeim. Ákvæði 1. mgr. 17. gr. frumvarpsins er innleiðing á 1. mgr. 19. gr. tilskipunarinnar.

Í 2. mgr. er lagt er til að Fjármálaeftirlitið skrái umboðsaðila í skrá skv. 14. gr. frumvarpsins, að fengnum upplýsingum skv. 1. mgr. innan tveggja mánaða frá viðtöku upplýsinganna. Tveggja mánaða fresturinn eigi við í því tilviki að Fjármálaeftirlitið hafi fengið fullnægjandi upplýsingar. Telji Fjármálaeftirlitið vafa leika á að upplýsingarnar séu réttar skal það grípa til aðgerða til að sannreyna þær. Fjármálaeftirlitinu ber að senda greiðslustofnun upplýsingar um hvort umboðsaðili hafi verið færður inn á skrána. Fjármálaeftirlitið synjar um skráningu á umboðsaðila í skrá yfir greiðslustofnanir ef það er mat þess að ósannað teljist að upplýsingar skv. 1. mgr. séu réttar. Ef Fjármálaeftirlitið metur upplýsingarnar ófullnægjandi eða rangar er því heimilt að hafna skráningu. Í því tilviki að Fjármálaeftirlitið hafi annað hvort synjað um skráningu eða hafnað skráningu þá skal greiðslustofnun tilkynnt um slíkt án ótilhlýðilegrar tafar og er greiðslustofnun óheimilt að notast við hlutaðeigandi umboðsaðila frá þeim tíma. Ákvæði 2. mgr. 17. gr. frumvarpsins er innleiðing á 2.–4. mgr. 19. gr. tilskipunarinnar.

Í 3. mgr. er lagt til að greiðslustofnun verði heimilt að veita greiðsluþjónustu í gegnum umboðsaðila sem aðhefst fyrir hönd þess eftir að Fjármálaeftirlitið hefur fært hann í skrá skv. 14. gr. Ákvæði 3. mgr. er innleiðing á 2. málsl. 2. mgr. 19. gr. tilskipunarinnar.

Í 4. mgr. er lagt til að greiðslustofnun skuli sjá til þess að umboðsaðilar eða útibú sem veiti greiðsluþjónustu fyrir hennar hönd upplýsi notendur þjónustu um þá staðreynd. Notandi greiðsluþjónustu eigi að vita sé hann að eiga viðskipti við umboðsaðila greiðslustofnunar. Ákvæðið er innleiðing á 7. mgr. 19. gr. tilskipunarinnar.

Í 5. mgr. er lagt til að greiðslustofnun tilkynni til Fjármálaeftirlitsins um breytingar á umboðsmönnum, þar með talið viðbótarumboðsmönnum, og skal við það fylgt málsmeðferð skv. 2.–4. mgr. Ákvæðið er innleiðing á 8. mgr. 19. gr. tilskipunarinnar.

Í 6. mgr. er lagt til að í því tilviki að greiðslustofnun óski eftir því að veita greiðsluþjónustu í öðru aðildarríki í gegnum umboðsaðila fari um slíkt skv. 25. gr. Er hér um að ræða innleiðingu á 5. mgr. 19. gr. tilskipunarinnar.

Um 18. gr.

Lagt er til að 6. og 8. mgr. 19. gr. tilskipunarinnar verði innleidd í 18. gr. frumvarpsins, um útvistun rekstrarþátta greiðsluþjónustu. Í 1. mgr. segir að greiðslustofnun beri að tilkynna um fyrirhugaða útvistun til Fjármálaeftirlitsins fyrirfram. Fjármálaeftirlitið getur þá gengið úr skugga um að útvistun sé í samræmi við þær kröfur sem séu gerðar.

Í 2. mgr. er kveðið á um að það gilda sérstakar reglur um svokallaða mikilvæga rekstrarþætti. Útvistun slíkra þátta, þ.m.t. rekstri upplýsingakerfa, má ekki draga verulega úr gæðum innra eftirlits greiðslustofnunar og getu Fjármálaeftirlitsins til að hafa eftirlit með starfsemi greiðslustofnunar, geri hún það er hún óheimil. Þetta birtist m.a. í því að greiðslustofnunin og endurskoðandi hennar skulu hafa aðgengi að öllum nauðsynlegum upplýsingum hjá útvistunaraðila vegna verkefnisins og að greiðslustofnunin geti fullvissað sig um að útvistunaraðili framfylgi stefnum hennar sem hann hefur lofað í samningi. Ávallt telst um að ræða útvistun á mikilvægum rekstrarþáttum þurfi stjórn greiðslustofnunar að taka ákvörðun um þá í samræmi við stjórnarhætti greiðslustofnunarinnar. Útvistun verkefna sem ekki hafa þýðingu fyrir starfsemi greiðsluþjónustunnar teljast ekki útivistun á mikilvægum rekstrarþáttum þrátt fyrir að þau séu mikilvæg, s.s. lögmannsþjónusta, símenntun starfsmanna, bókhald, þrif og rekstur mötuneytis.

Í 3. mgr. er eru talin upp þau skilyrði sem greiðslustofnun verður að uppfylla til að mega útvista mikilvægum rekstrarþætti. Fyrsta skilyrðið er að útvistun má ekki leiða til þess að ábyrgð stjórnenda verði framseld til útvistunaraðila. Stjórnendur greiðslustofnunar geta m.a. tryggt þetta með því að hafa nægjanlegt eftirlit með útvistunaraðila sem felur m.a. í sér að fylgjast með að hann hafi á hverjum tíma tilhlýðilega þekkingu og styrk til að framkvæma verkefnið og geta gefið um það skýrslu til stjórnenda greiðslustofnunar. Annað skilyrðið er að skyldur og samband greiðslustofnunar gagnvart notendum greiðsluþjónustu hennar samkvæmt lögum þessu breytist ekki. Greiðslustofnun má ekki útvista verkefni til útvistunaraðila sem ekki býr yfir nægum styrk til að tryggja greitt og snurðulaust aðgengi að þeirri greiðsluþjónustu sem greiðslustofnun býður. Þriðja skilyrðið er að geta haldið skilyrðin sem eru forsendan fyrir starfsleyfi hennar sem greiðslustofnun. Greiðslustofnun verður því að tryggja að við samningsgerð við útvistunaraðila skuldbindi hann sig til að fylgja nauðsynlegum stefnum og innra verklagi greiðslustofnunar sem við á s.s. öryggisstefnum, innri reglum um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka og persónuverndarstefnu. Fjórða og síðasta skilyrðið er að hvorki skal breyta eða fella brott einhver þeirra skilyrða sem liggja til grundvallar starfsleyfi greiðslustofnunar. Fjármálaeftirlitið getur hafa gert það að skilyrði að greiðsluþjónusta sem félag hyggst veita skuli fara fram í sérstakri einingu fyrir rekstur greiðslustofnun, sbr. 4. mgr. 12. gr. frumvarpsins.

Í 4. mgr. er Seðlabanki Íslands veitt heimild til að setja nánari reglur um hvernig greiðslustofnun skuli standa að útvistun mikilvægra rekstrarþátta samkvæmt þessu ákvæði, m.a. til að tryggja að reglur þessara laga séu í heiðri hafðar. Ákvæðið á sér hliðstæðu í 24. gr. núgildandi laga um greiðsluþjónustu nr. 120/2011.

Í 5. mgr. er kveðið á um að greiðslustofnun skuli án tafar tilkynna Fjármálaeftirlitinu um allar breytingar varðandi breytingar á því til hvaða aðila hún útvistar starfsemi og skal við það fylgt málsmeðferð skv. 2.– 4. mgr. 17. gr. laganna.

Um 19. gr.

Lagt er til að í 19. gr. verði kveðið á um skyldu greiðslustofnunar til að viðhafa eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti og venjur í starfsemi sinni. Gert er ráð fyrir að Fjármálaeftirlitið hafi eftirlit með starfsemi greiðslustofnana, sbr. 22. gr. frumvarpsins, og að um eftirlitið fari samkvæmt ákvæðum laga nr. 87/1998, um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Samkvæmt þeim lögum skal Fjármálaeftirlitið m.a. fylgjast með því að starfsemi eftirlitsskyldra aðila sé í samræmi við heilbrigða og eðlilega viðskiptahætti. Við skýringu á því hvað felst í hugtökunum eðlilegir og heilbrigðir viðskiptahættir og venjur verður bæði litið til laga,

almennra siðareglna og viðtekinna venja. Þá geta ákvæði reglugerða, reglna og tilmæli Seðlabanka Íslands veitt leiðbeiningu hvað þetta varðar.

Í 2. mgr. er lagt til að stjórnarmenn greiðslustofnunar, framkvæmdastjórar, endurskoðendur, starfsmenn og hverjir þeir sem taka að sér verk í þágu fyrirtækisins verði bundnir þagnarskyldu um allt það sem þeir fá vitneskju um við framkvæmd starfa síns og varðar viðskipta- eða einkamálefni viðskiptamanna þess, nema skylt sé að veita upplýsingar samkvæmt lögum. Um þagnarskylduna fer samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki (58.–60. gr.). Ákvæði 19. gr. er samhljóða 17. gr. gildandi laga um greiðsluþjónustu nr. 120/2011 en er þó ekki innleiðing á tilskipuninni. Gert er gert ráð fyrir að „skýlaust samþykki“ samkvæmt frumvarpi þessu fullnægi kröfum 60. gr. laga um fjármálafyrirtæki til samþykkis viðskiptamanns til miðlunar trúnaðarupplýsinga.

Um 20. gr.

Lagt er til að 20. gr. tilskipunarinnar verði innleidd í 20. gr. frumvarpsins. Ákvæðið mælir fyrir um að greiðslustofnun beri skaðabótaábyrgð vegna tjóns sem rakið verður til starfsmanna hennar, umboðsaðila, útibúa og þeirra aðila sem rekstrarþættir greiðsluþjónustu hafa verið útvistaðir til. Greinin er samhljóða 25. gr. gildandi laga um greiðsluþjónustu nr. 120/2011.

Um 21. gr.

Lagt er til að 21. gr. tilskipunarinnar verði innleidd í 21. gr. frumvarpsins. Ákvæðið kveður á um að greiðslustofnun beri að varðveita öll viðeigandi gögn er varða II. kafla frumvarpsins í a.m.k. fimm ár. Hafa verður í huga að önnur lög kunna að gera ríkari kröfur um varðveislu gagna en þetta ákvæði gerir ráð fyrir. Sem dæmi má nefna lög um bókhald og lög um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka. Ákvæðið er samhljóða 26. gr. gildandi laga um greiðsluþjónustu nr. 120/2011.

Um 22. gr.

Í 1. mgr. er lagt til að Fjármálaeftirlitinu verði falið eftirlit með starfsemi greiðslustofnana sem falla undir ákvæði II. kafla laganna, þ.m.t. umboðsaðila, útibúa og útvistun rekstrarþátta greiðsluþjónustu. Fjármálaeftirlitinu eru gefnar heimildir til að afla upplýsinga, mæta á starfsstöð greiðslustofnunar, umboðsaðila eða útibús hennar auk þess er Fjármálaeftirlitinu fengin heimild til að gera skoðun á starfsstöð útvistunaraðila. Eðli máls samkvæmt verður greiðslustofnun að tryggja slíkt aðgengi í samningi við útvistunaraðila. Þá getur Fjármálaeftirlitið stöðvað eða afturkallað starfsleyfi greiðslustofnunar. Til fyllingar a.-d.-liðar er að lokum e.-liður sem veitir Fjármálaeftirlitinu víðtækar heimildir til eftirlitsaðgerða. Í lögum um opinbert eftirlit er t.d. fjallað um leiðbeinandi tilmæli, athugasemdir og úrbætur. Hér er um innleiðingu á 23. gr. tilskipunarinnar að ræða. Í 1. mgr. 22. gr. núgildandi laga nr. 120/2011 er að finna ákvæði sem er nær efnislega samhljóða 1. mgr. 22. gr. frumvarpsins. Ákvæði 2. og 3. mgr. 22. gr. frumvarpsins eru nýmæli í lögunum.

Um 23. gr.

Greiðslustofnun telst veita þjónustu yfir landamæri án stofnunar útibús eða í gegnum umboðsaðila ef hún veitir þjónustu í öðru aðildarríki innan Evrópska efnahagssvæðisins án þess að hafa þar afgreiðslustöð eða skrifstofu. Þegar greiðsluþjónusta er boðin í gegnum Netið eða með öðrum fjarskiptum telst slík þjónusta falla hér undir. Sama gildir um greiðslustofnun sem býður þjónustu sína í öðrum aðildarríkjum einungis í formi hraðbanka. Greiðsluþjónusta í formi beingreiðslna þar sem viðtakandi greiðslu er í öðru aðildarríki, millifærsla fjármuna til viðtakanda greiðslu sem býr í öðru aðildarríki og notkun greiðslukorts í öðru landi en útgáfulandinu telst ekki greiðsluþjónusta sem greiðslustofnun er að veita yfir landamæri.

Í 1. mgr. er kveðið á um að greiðslustofnun skuli tilkynna Fjármálaeftirlitinu um fyrirhugaða veitingu á þjónustu og hvaða upplýsingar skuli koma fram í tilkynningunni. Innan mánaðar skal Fjármálaeftirlitið áframsenda lögbærum yfirvöldum í hlutaðeigandi aðildarríki upplýsingarnar ásamt því að sú þjónusta sem veita á falli undir starfsleyfi fyrirtækisins. Eins mánaðar fresturinn byrjar að líða þegar greiðslustofnun hefur veitt allar þær upplýsingar sem óskað er eftir. Um er að ræða innleiðingu á 1. mgr. 28. gr. og 1. undirgreinar 2. mgr. 28. gr. tilskipunarinnar.

Í 2. mgr. er kveðið á um að Fjármálaeftirlitið skuli innan þriggja mánaða frá viðtöku upplýsinga sem um getur í 1. mgr. tilkynna greiðslustofnun ákvörðun sína og sé hún jákvæð að samhliða skuli Fjármálaeftirlitið uppfæra upplýsingar um greiðslustofnunina í skrá yfir greiðsluþjónustuveitendur skv. 14. gr. Þriggja mánaða fresturinn er frá því að eins mánaðar fresturinn skv. 1. mgr. byrjar að líða. Lögbær yfirvöld í gistiaðildarríki hafa einn mánuð til að yfirfara upplýsingarnar og gera athugasemdir. Að endingu hefur Fjármálaeftirlitið mánuð til að meta athugasemdir lögbærra yfirvalda í gistiaðildarríki og taka ákvörðun. Við endanlega ákvörðun skal Fjármálaeftirlitið taka mið af afstöðu lögbærra yfirvalda í gistiaðildarríkinu. Rétt er að geta þess til skýringa við þessa grein að Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með veitingu greiðsluþjónustu greiðslustofnunar þegar hún er veitt yfir landamæri t.d. til Danmerkur eða Noregs, sbr. 22. gr. frumvarpsins. Um er að ræða innleiðingu á 1. undirgrein 3. mgr. 28. gr. tilskipunarinnar. Ákvæði 23. gr. frumvarpsins er nær samhljóða 23. gr. núgildandi laga um greiðsluþjónustu nr. 120/2011. Skilyrðum hefur fjölgað s.s. um að tilkynna um hvort fyrirhugað sé að útvista rekstrarþætti.

Um 24. gr.

Í 1. mgr. er kveðið á um að greiðslustofnun sem hyggst veita þjónustu í öðru aðildarríki með stofnun útibús skuli tilkynna Fjármálaeftirlitinu um það og veita því upplýsingar m.a. um í hverju fyrirhuguð greiðsluþjónusta sé fólgin og hvaða aðildarríki á í hlut ásamt upplýsingum um innviði greiðslustofnunar. Innan mánaðar skal Fjármálaeftirlitið áframsenda lögbærum yfirvöldum í hlutaðeigandi aðildarríki upplýsingarnar ásamt staðfestingu á að þjónusta sem veita á falli undir starfsleyfi fyrirtækisins. Eins mánaðar fresturinn byrjar að líða þegar greiðslustofnun hefur veitt allar þær upplýsingar sem óskað er eftir. Um er að ræða innleiðingu á 1. mgr. 28. gr. og 1. undirgreinar 2. mgr. 28. gr. tilskipunarinnar.

Í 2. mgr er kveðið á um að Fjármálaeftirlitið innan þriggja mánaða frá viðtöku upplýsinga sem um getur í 1. mgr. skuli tilkynna greiðslustofnun ákvörðun sína og sé hún jákvæð að samhliða skuli Fjármálaeftirlitið uppfæra upplýsingar um greiðslustofnunina í skrá yfir greiðsluþjónustuveitendur skv. 14. gr. Þriggja mánaða fresturinn er frá því að eins mánaðar fresturinn skv. 1. mgr. byrjar að líða. Lögbær yfirvöld í gistiaðildarríki hafa einn mánuð til að yfirfara upplýsingarnar og gera athugasemdir. Að endingu hefur Fjármálaeftirlitið mánuð til að meta athugasemdir lögbærra yfirvalda í gistiaðildarríki og taka ákvörðun. Við endanlega ákvörðun skal Fjármálaeftirlitið taka mið af afstöðu lögbærra yfirvalda í gistiaðildarríkinu. Um er að ræða innleiðingu á 1. undirgrein 3. mgr. 28. gr. og 14. gr. tilskipunarinnar.

Í 3. mgr. er kveðið á um að berist Fjármálaeftirlitinu tilkynning frá lögbærum yfirvöldum í fyrirhuguðu gistiaðildarríki greiðslustofnunar, sem hafa gilda ástæðu til að ætla að stofnun útibúsins geti aukið hættu á peningaþvætti eða fjármögnun hryðjuverka skuli Fjármálaeftirlitið hafna því að færa upplýsingar um útibúið í skrá skv. 14. gr. eða afturkalla skráningu hafi hún þegar farið fram. Um er að ræða innleiðingu á 2.- 4. undirgrein 2. mgr. 28. gr. tilskipunarinnar.

Í 4. mgr. er gerð grein fyrir því úrræði sem Fjármálaeftirlitinu stendur til boða telji það að lögbært yfirvald í öðru aðildarríki hafi ekki uppfyllt það samstarf sem gert er ráð fyrir í lögum

þessum að sé á milli lögbærra yfirvalda vegna eftirlits með greiðslustofnunum sem neyta staðfesturéttar og nýta frelsi til að veita þjónustu. Á meðan skal Fjármálaeftirlitið fresta ákvörðunum sínum þar til niðurstaða liggur fyrir. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin eða Eftirlitsstofnun EFTA, eftir því sem við á, tekur þá ákvörðun skv. 3. mgr. 19. gr. reglugerðar nr. 1093/2010/ESB, sem innleidd var með 3. gr. laga um evrópskt eftirlitskerfi nr. 24/2017, án ástæðulausrar tafar. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin eða Eftirlitsstofnun EFTA, eftir því sem við á, getur auk þess aðstoðað Fjármálaeftirlitið við að ná samkomulagi að eigin frumkvæði í samræmi við 2. undirgrein 1. mgr. 19. gr. reglugerðar nr. 1093/2010/ESB. Að sama skapi skal Fjármálaeftirlitið fresta ákvörðunum sínum þangað til slíkt samkomulag næst. Um er að ræða innleiðingu á 27. gr. tilskipunarinnar eins og hún var aðlöguð við upptöku í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 165/2019 frá 14. júní 2019.

Í 5. – 7. mgr. er kveðið á um að greiðslustofnun skuli tilkynna Fjármálaeftirlitinu um daginn sem hún hefur starfsemi fyrir milligöngu útibúsins, um allar verulegar breytingar varðandi upplýsingar sem sendar eru skv. 1. mgr. og sjá til þess að útibú sem veitir greiðsluþjónustu fyrir hennar hönd upplýsi notendur um þá staðreynd. Um er að ræða innleiðingu á 3. undirgrein 3. mgr. og 4. mgr. 28. gr. tilskipunarinnar og 7. mgr. 19. gr. tilskipunarinnar. Ákvæði 24. gr. frumvarpsins á sér samsvörun í 23. gr. a. núgildandi laga nr.
120/2011, en er ítarlegra.

Um 25. gr.

Í 1. mgr. er kveðið á um að greiðslustofnun sem hyggst veita þjónustu í öðru aðildarríki fyrir milligöngu umboðsaðila sem staðsettur er í ríkinu skuli tilkynna Fjármálaeftirlitinu um það og veita því upplýsingar m.a. um í hverju fyrirhuguð greiðsluþjónusta sé fólgin og hvaða aðildarríki á í hlut ásamt upplýsingum um innra eftirlitskerfi umboðsaðilans. Innan mánaðar skal Fjármálaeftirlitið áframsenda lögbærum yfirvöldum í hlutaðeigandi aðildarríki upplýsingarnar ásamt því að sú þjónusta sem veita á falli undir starfsleyfi fyrirtækisins. Eins mánaðar fresturinn byrjar að líða þegar greiðslustofnun hefur veitt allar þær upplýsingar sem óskað er eftir. Um er að ræða innleiðingu á 1. mgr. 28. gr. og 1. undirgrein 2. mgr. 28. gr. tilskipunarinnar.

Í 2. mgr er kveðið á um að Fjármálaeftirlitið skuli innan þriggja mánaða frá viðtöku upplýsinga sem um getur í 1. mgr. tilkynna greiðslustofnun ákvörðun sína og sé hún jákvæð að samhliða skuli Fjármálaeftirlitið uppfæra upplýsingar um greiðslustofnunina í skrá yfir greiðsluþjónustuveitendur skv. 14. gr. Þriggja mánaða fresturinn er frá því að eins mánaðar fresturinn skv. 1. mgr. byrjar að líða. Lögbær yfirvöld í gistiaðildarríki hafa einn mánuð til að yfirfara upplýsingarnar og gera athugasemdir. Að endingu hefur Fjármálaeftirlitið mánuð til að meta athugasemdir lögbærra yfirvalda í gistiaðildarríki og taka ákvörðun. Við endanlega ákvörðun skal Fjármálaeftirlitið taka mið af afstöðu lögbærra yfirvalda í gistiaðildarríkinu. Um er að ræða innleiðingu á 1. undirgrein 3. mgr. 28. gr. og 14. gr. tilskipunarinnar.

Í 3. mgr. er kveðið á um að berist Fjármálaeftirlitinu tilkynning frá lögbærum yfirvöldum í fyrirhuguðu gistiaðildarríki greiðslustofnunar, sem hafa gilda ástæðu til að ætla að veiting greiðsluþjónustu fyrir milligöngu umboðsaðila geti aukið hættu á peningaþvætti eða fjármögnun hryðjuverka skuli Fjármálaeftirlitið hafna því að færa upplýsingar um umboðsaðilann í skrá skv. 14. gr. frumvarpsins eða afturkalla skráningu hafi hún þegar farið fram. Um er að ræða innleiðingu á 2.-4. undirgrein 2. mgr. 28. gr. og 14. gr. tilskipunarinnar

Í 4. mgr. er gerð grein fyrir því úrræði sem Fjármálaeftirlitinu stendur til boða telji það að lögbært yfirvald í öðru aðildarríki hafi ekki uppfyllt það samstarf sem gert er ráð fyrir í lögum
þessum að sé á milli lögbærra yfirvalda vegna eftirlits með greiðslustofnunum sem neyta

staðfesturéttar og nýta frelsi til að veita þjónustu. Á meðan skal Fjármálaeftirlitið fresta ákvörðunum sínum þar til niðurstaða liggur fyrir. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin eða Eftirlitsstofnun EFTA, eftir því sem við á, tekur þá ákvörðun skv. 3. mgr. 19. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010, sem innleidd var með 3. gr. laga um evrópskt eftirlitskerfi nr. 24/2017, án ástæðulausrar tafar. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin eða Eftirlitsstofnun EFTA, eftir því sem við á, getur auk þess aðstoðað Fjármálaeftirlitið við að ná samkomulagi að eigin frumkvæði í samræmi við 2. undirgrein 1. mgr. 19. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010. Að sama skapi skal Fjármálaeftirlitið fresta ákvörðunum sínum þangað til slíkt samkomulag næst. Um er að ræða innleiðingu á 27. gr. tilskipunarinnar eins og hún var aðlöguð við upptöku í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 165/2019 frá 14. júní 2019.

Vísað er til skýringa við 4.–6. mgr. 24. gr. vegna 4.– 6. mgr. 25. gr. að breyttu breytanda. Um er að ræða innleiðingu á 3. undirgrein 3. mgr. og 4. mgr. 28. gr. tilskipunar og 7. mgr. 19. gr. tilskipunarinnar. Ákvæði 25. gr. frumvarpsins á sér hliðstæðu í 23. gr. b. núgildandi laga en er þó mun ítarlegra.

Um 26. gr.

Í 26. gr. frumvarpsins er lagt til að Fjármálaeftirlitinu skuli tilkynnt um það fyrirfram ákveði greiðslustofnun að hefja starfsemi utan Evrópska efnahagssvæðisins. Þá skal tilkynna heiti og heimilisfang fyrirtækis, viðkomandi ríki sem á í hlut og í hverju þjónustan sé fólgin, sem og annarra upplýsinga sem eftirlitið telur nauðsynlegar. Ákvæði 26. gr. frumvarpsins er samhljóða 23.gr. d. núgildandi laga nr. 120/2011, um greiðsluþjónustu.

Um 27. gr.

Í 1. mgr. er kveðið á um að greiðslustofnun sem hafi staðfestu og starfsleyfi í öðru ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins sé heimilt að veita greiðsluþjónustu samkvæmt lögum þessum. Um er að ræða innleiðingu á 1. undirgrein 1. mgr. 28. gr. tilskipunarinnar.

Í 2. mgr. er minnst á hlutverk Fjármálaeftirlitsins í tilkynningarferli því sem fram fer í heimaaðildarríki greiðslustofnunar og að frá þeim tíma skráð í sambærilega skrá og í 14. gr. þessara laga og í framhaldinu er greiðslustofnun heimilt að veita greiðsluþjónustu á Íslandi án stofnunar útibús eða fyrir milligöngu umboðsaðila. Um er að ræða innleiðingu á 2. undirgrein 2. mgr. 28. gr. tilskipunarinnar. Ákvæði 27. gr. frumvarpsins er nær efnislega samhljóða 23. gr. c. núgildandi laga nr. 120/2011.

Um 28 .gr.

Í 1. mgr. er kveðið á um að greiðslustofnun, sem hafi staðfestu og starfsleyfi í öðru ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins sé heimilt að veita greiðsluþjónustu samkvæmt lögum þessum með stofnun útibús eða fyrir milligöngu umboðsaðila. Um er að ræða innleiðingu á 1. mgr. 28. gr. tilskipunarinnar.

Í 2. mgr. er minnst á hlutverk Fjármálaeftirlitsins í tilkynningarferli því sem fram fer í heimaaðildarríki greiðslustofnunar og að frá þeim tíma að skrá sambærileg og í 14. gr. þessara laga hefur verið uppfærð af lögbæru yfirvaldi í heimaaðildarríki er greiðslustofnun heimilt að veita greiðsluþjónustu á Íslandi með stofnun útibús eða fyrir milligöngu umboðsaðila. Um er að ræða innleiðingu á 1. og 2. undirgrein 2. mgr. 28. gr. tilskipunarinnar.

Í 3. mgr. er kveðið á um skyldu Fjármálaeftirlitsins til að upplýsa lögbær yfirvöld í heimaaðildarríki telji það að aukin hætta sé á peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka vegna veitingu greiðsluþjónustu með stofnun útibús hér á landi eða fyrir milligöngu umboðsaðila.

Ákveði lögbær yfirvöld heimaaðildarríkis að hafna eða afturkalla skráningu í framhaldi slíkrar tilkynningar er viðkomandi útibúi ekki heimilt að veita greiðsluþjónustu hér á landi frá þeim tíma. Um er að ræða innleiðingu á 2. málsl., 2. undirgreinar 2. mgr. 28. gr. tilskipunarinnar.

Í 4. mgr. er fjallað um úrræði Fjármálaeftirlitsins í því tilviki að lögbær yfirvöld í heimaaðildarríki hafi ekki tekið tillit til athugasemda þess og greiðslustofnun er veitt heimild til stofnunar útibús hérlendis eða veitingu greiðsluþjónustu fyrir milligöngu umboðsaðila. Á meðan skal Fjármálaeftirlitið fresta ákvörðunum sínum þar til niðurstaða liggur fyrir. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin eða Eftirlitsstofnun EFTA, eftir því sem við á, tekur þá ákvörðun skv. 3. mgr. 19. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010, sem innleidd var með 3. gr. laga um evrópskt eftirlitskerfi nr. 24/2017, án ástæðulausrar tafar. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin eða Eftirlitsstofnun EFTA, eftir því sem við á, getur auk þess aðstoðað Fjármálaeftirlitið við að ná samkomulagi að eigin frumkvæði í samræmi við 2. undirgrein 1. mgr. 19. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010. Að sama skapi skal Fjármálaeftirlitið fresta ákvörðunum sínum þangað til slíkt samkomulag næst. Um er að ræða innleiðingu á 27. gr. tilskipunarinnar eins og hún var aðlöguð við upptöku í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 165/2019 frá 14. júní 2019.

Í 5. mgr. er kveðið á um að notendur greiðsluþjónustu skuli hafa vitneskju um að þeir eigi í viðskiptum við útibú eða umboðsaðila greiðslustofnunar en ekki beint við hana sjálfa. Um er að ræða innleiðingu á 7. mgr. 19. gr. tilskipunarinnar. Ákvæði 28. gr. frumvarpsins á sér nokkra hliðstæðu í 23. gr. e. núgildandi laga sem tekur þó einungis til þjónustu greiðslustofnunar innan EES með stofnun útibús en ekki fyrir milligöngu umboðsaðila. Þá eru skilyrðin fleiri í frumvarpinu sem þarf að uppfylla.

Um 29. gr.

Lagt er til að Fjármálaeftirlitinu verði veitt heimild til að veita stofnun í þriðja ríki, sem veitir greiðsluþjónustu, að opna útibú eða veita þjónustu fyrir milligöngu innlends umboðsaðila, hér á landi. Skilyrði fyrir veitingu slíks leyfis er að stofnunin hafi leyfi til að stunda starfsemi í heimaríki sínu hliðstæða þeirri sem það hyggst stunda hér á landi, að sú starfsemi sé háð sambærilegu eftirliti í heimaríkinu og að gerður hafi verið samstarfssamningur á milli Fjármálaeftirlitsins og lögbærra yfirvalda í því ríki. Ákvæði 29. gr. frumvarpsins er samhljóða 23. gr. f. núgildandi laga nr. 120/2011.

Um 30. gr.

Í 1. mgr. er lagt til að innleidd verði 1. mgr. 29. gr. tilskipunarinnar, um samstarf Fjármálaeftirlitsins við systurstofnanir erlendis vegna starfsemi greiðslustofnana yfir landamæri sem fengið hafa starfsleyfi á grundvelli II. kafla.

Í 2. mgr. er lagt til að innleidd verði 2. mgr. 29. gr. tilskipunarinnar um upplýsingagjöf greiðslustofnunar til lögbærs yfirvalds í gistiaðildarríki. Lögbær yfirvöld í gistiaðildarríki skulu samkvæmt tilskipuninni hafa eftirlit með greiðsluþjónustustarfsemi hvað varðar neytendavernd eða samsvarandi ákvæði og í IV.-VII kafla.

Í 3. mgr. er lagt til að 1. og 2. undirgrein 1. mgr. 30. gr. tilskipunarinnar verði innleiddar. Greinin kveður á um hvernig Fjármálaeftirlitið skuli bregðast við þegar lögbær yfirvöld í gistiaðildarríki hafa komist að þeirri niðurstöðu að greiðslustofnun með starfsleyfi frá Fjármálaeftirlitinu sem veitir greiðsluþjónustu í gistiaðildarrríki fer ekki að lögum gistiaðildarríkis vegna veitingu greiðsluþjónustunnar þar í landi. Á Fjármálaeftirlitinu hvílir skylda til að bregðast við með því að greina ástandið og sinna upplýsingagjöf til lögbærs yfirvalds í gistiaðildarríki. Fjármálaeftirlitið skal, eftir að hafa lagt mat á upplýsingarnar sem

það fær samkvæmt þessari grein, án ótilhlýðlegrar tafar, gera allar viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að hlutaðeigandi greiðslustofnun fari að settum reglum.

Í 4. mgr. er lagt til að 3. mgr. 29. gr. tilskipunarinnar verði innleidd, um upplýsingaskipti eftirlitsstofnana. Með mikilvægum upplýsingum er í ákvæði þessu einkum átt við upplýsingar um rekstur og starfsemi greiðslustofnunar sem kunna að hafa áhrif á skilyrði starfsleyfisveitingar hlutaðeigandi stofnunar eða traustleika og heilbrigði rekstrar hennar. Á það skal jafnframt minnt að gert er ráð fyrir að lög um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi gildi um eftirlit með greiðslustofnunum, sbr. 1. mgr., en í IV. kafla þeirra er m.a. fjallað um samskipti við eftirlitsstjórnvöld.

Um 31. gr.

Lagt er til að í 1. mgr. 31. gr. verði 2. mgr. 29. gr. tilskipunarinnar innleidd. Upplýsingagjöfin til Fjármálaeftirlitsins er gerð í því skyni að það geti haft eftirlit með því að ákvæðum IV.-VI. kafla sé fylgt. Þetta geta t.d. verið upplýsingar um fjölda viðskiptavina, heildarvelta greiðslna hjá útibúinu eða umboðsmanninum. Auk afrits af stöðluðum viðskiptaskilmálum og verðskrá til að tryggja að farið sé að ákvæðum í III. kafla. Fjármálaeftirlitið aflar þeirra upplýsinga sem þörf er á til að það geti sinnt eftirliti með neytendavernd, nema annað leiði af sérlögum.

Í 2. – 4. mgr. er fjallað um skyldur sem hvíla á Fjármálaeftirlitinu vegna umboðsaðila og útibúa sem eru hérlendis frá erlendum greiðslustofnunum og fara ekki að ákvæðum II.-VII. kafla og skapist neyðarástand getur Fjármálaeftirlitið gripið til varúðarráðstafana og á það einnig við skapist neyðarástand af völdum greiðslustofnunar með starfsleyfi frá EES svæðinu sem veitir greiðsluþjónustu yfir landamæri án stofnunar útibús eða fyrir milligöngu umboðsaðila. Um er að ræða innleiðingu á 30. gr. tilskipunarinnar eins og hún var aðlöguð við upptöku í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 165/2019 frá 14. júní 2019.

Í 5. mgr. greinir frá því úrræði sem Fjármálaeftirlitinu stendur til boða telji það að lögbært yfirvald í öðru aðildarríki hafi ekki uppfyllt það samstarf sem gert er ráð fyrir í lögum þessum að sé á milli lögbærra yfirvalda í aðildarríki greiðslustofnunar og gistiaðildarríki hennar til að lögum þessum sé framfylgt og öðrum landslögum sem innleiða tilskipun þessa og til að bregðast við neyðarástandi með nauðsynlegum varúðarráðstöfunum. Á meðan skal Fjármálaeftirlitið fresta ákvörðunum sínum þar til niðurstaða liggur fyrir. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin eða Eftirlitsstofnun EFTA, eftir því sem við á, tekur þá ákvörðun skv. 3. mgr. 19. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010, sem innleidd var með 3. gr. laga um evrópskt eftirlitskerfi nr. 24/2017, án ástæðulausrar tafar. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin eða Eftirlitsstofnun EFTA, eftir því sem við á, getur auk þess aðstoðað Fjármálaeftirlitið við að ná samkomulagi að eigin frumkvæði í samræmi við 2. undirgrein 1. mgr. 19. gr. reglugerðar nr. (ESB) 1093/2010. Að sama skapi skal Fjármálaeftirlitið fresta ákvörðunum sínum þangað til slíkt samkomulag næst. Um er að ræða innleiðingu á 27. gr. tilskipunarinnar eins og hún var aðlöguð við upptöku í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 165/2019 frá 14. júní 2019. Ákvæði 31. gr. er nýmæli.

Um 32. gr.

Lagt er til að 26. gr. tilskipunarinnar verði innleidd í 32. gr. frumvarpsins eins og hún var aðlöguð við upptöku í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 165/2019 frá 14. júní 2019. Í 1. mgr. er lagt til að Fjármálaeftirlitið í tengslum við eftirlit með greiðsluþjónustuveitendum eigi, eftir því sem við á, í samstarfi við evrópsk lögbær yfirvöld

og eftirlitsstofnanir innan EES svæðisins, svo sem Seðlabanka Evrópu, Evrópsku bankaeftirlitsstofnunina og Eftirlitsstofnun EFTA. Í 2. mgr. er lagt til að Fjármálaeftirlitinu skuli að ósk eftirlitsstofnana í aðildarríkjum, Seðlabanka Evrópu, seðlabanka aðildarríkja og ef við á, annarra opinberra yfirvalda sem eru ábyrg fyrir eftirliti með greiðslu- og uppgjörskerfum, Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar í hlutverki sínu við að stuðla að samræmdri og samfelldri eftirlitsráðstöfun eins og um getur í lögum um evrópskt eftirlitskerfi á fjármálamarkaði, auk Eftirlitsstofnunar EFTA, veita viðeigandi upplýsingar um greiðsluþjónustuveitendur sem fengið hafa starfsleyfi samkvæmt lögum þessum. Því til viðbótar skal Fjármálaeftirlitið að ósk annarra lögbærra yfirvalda sem tilnefnd eru samkvæmt lögum sem gilda um greiðsluþjónustuveitendur, s.s. lögum um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka veita viðeigandi upplýsingar um greiðslustofnanir sem fengið hafa starfsleyfi samkvæmt lögum þessum. Hér er veitt undanþága frá þagnarskyldu Fjármálaeftirlitsins í þágu skilvirkrar samvinnu og eftirlits milli eftirlitsstofnana og eftirlitsstjórnvalda í mismunandi aðildarríkjum sem er nauðsynlegt í ljósi þess að greiðsluþjónustuveitendur sem eru greiðslustofnanir geta veitt þjónustu til annarra EES ríkja með stofnun útibús, fyrir milligöngu umboðsaðila eða án hvorutveggja. Er ákvæðið í samræmi við 14. gr. laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi nr. 87/1998. Ákvæði 32. gr. frumvarpsins er nýmæli.

Um 33. gr.

Lagt er til að í 33. gr. frumvarpsins verði 4. mgr. 29. gr. tilskipunarinnar innleidd. Tilgangur með því að tilnefna miðlægan tengilið er að tryggja að eftirlit Fjármálaeftirlitsins með erlendri greiðslustofnun sem veitir greiðsluþjónustu hérlendis fyrir milligöngu umboðsaðila sé skilvirkt og nái tilgangi sínum. Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með neytendavernd sem er fléttuð í lögin og birtist í IV.-VII. kafla. Miðlægur tengiliður er ábyrgur fyrir því að Fjármálaeftirlitinu berist þau gögn og upplýsingar sem það óskar eftir í tengslum við eftirlit sitt. Þess ber að geta að kröfur um að tilnefna miðlægan tengilið er einnig að finna í j-lið 57. gr. laga um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka nr. 140/2018. Ákvæði 33. gr. er nýmæli.

Um 34. gr.

Í 33. gr. er lagt til að nýtt verði valkvætt ákvæði 32. gr. tilskipunarinnar og það innleitt. Með því að kveða á um mánaðarlegt meðaltal heildargreiðslna á mánuði líkt og gert er í 2. mgr. er ætlunin að tryggja að heimildin til veitingar greiðsluþjónustu sem fæst með undanþágu frá því sem gildir annars um greiðsluþjónustuveitendur, sbr. 23. tölul. 3. gr. einskorðist við smærri fyrirtæki. Þegar umsvif eru með öðrum orðum slík að mánaðarlegt meðaltal heildarfjárhæðar framkvæmdra greiðslna, ekki skal telja þar á meðal greiðslur með smágreiðslumiðlum, á einum mánuði nemur hærri fjárhæð en tilgreind er í 2. mgr. er talið æskilegra að ríkari kröfur séu gerðar til greiðsluþjónustuveitandans.

Í 3. mgr. er gert ráð fyrir að helstu ákvæði II. kafla frumvarpsins, um greiðslustofnanir, gildi um greiðslustofnanir með takmarkað starfsleyfi sem heimilt er að veita greiðsluþjónustu skv. 1. mgr. Ekki er gert ráð fyrir að eftirfarandi ákvæði gildi: 7. gr. (Stofnframlag), 8. gr. (Eiginfjárgrunnur), 9. gr. (útreikningur eiginfjárgrunns greiðslustofnunar), 9. mgr. 12. gr. (er kveður á um að starfsleyfi skuli gilda í öllum ríkjum á Evrópska efnahagssvæðinu), 4. mgr. 16. gr. (heimild til lánveitinga), 18. gr. (heimild til útvistunar rekstrarþátta), 23. gr.–28. gr. (sem eiga við um veitingu greiðsluþjónustu yfir landamæri og eftirlit með þeirri starfsemi).

Að öðru leyti gerir frumvarpið ráð fyrir að greiðslustofnanir með takmarkað starfsleyfi séu háðar sömu skilyrðum og greiðslustofnanir.

Í 4. mgr. er gert ráð fyrir heimild til handa Seðlabanka Íslands um nánari reglusetningu á grundvelli 34. gr.

Ákvæði 34. gr. er nokkuð sambærileg 27. gr. núgildandi laga um greiðsluþjónustu nr. 120/2011.

Um 35. gr.

Reikningsupplýsingaþjónustuveitandi mun sæta eftirliti á sama hátt og greiðslustofnun þrátt fyrir að reikningsupplýsingaþjónustuveitandi inni hvorki af hendi stofnframlag né beri að hafa tiltekinn eiginfjárgrunn, sbr. 7. gr. (Stofnframlag) og 9. gr. (Útreikningur eiginfjárgrunns greiðslustofnunar) frumvarpsins. Mörg skilyrði laganna eiga ekki við um reikningsupplýsingaþjónustuveitanda en þeir bera þó sömu skyldur til að veita notendum greiðsluþjónustu upplýsingar fyrirfram hvort heldur vegna stakra greiðslna eða samkvæmt rammasamningi, sbr. 43. gr., (Sönnunarbyrði greiðsluþjónustuveitanda) 49. gr. (Upplýsingar og skilmálar um þjónustu í tengslum við stakar greiðslur) og 54. gr. (Upplýsingar og skilmálar um þjónustu í tengslum við greiðslur sem falla undir rammasamninga). Þá eru þeir bundnir af ákvæðum 70.-72. gr. sem fjalla um skyldur reikningsupplýsingaþjónustuveitanda við að veita reikningsupplýsingaþjónustu og um meðhöndlun gagna sem hann aflar og um persónuvernd, stýringu rekstrar- og öryggisáhættu ~~ofl.~~o.fl., sbr. 98.-100. gr. Ákvæði 35. gr. er nýmæli.

Um 36. gr.

Lagt er til að 35. gr. tilskipunarinnar verði innleidd í 36 gr. frumvarpsins en samkvæmt ákvæðinu skal greiðsluþjónustuveitendum, hvort heldur sem þeir starfa á grundvelli skráningar hjá Fjármálaeftirlitinu eða sérstaks starfsleyfis sem eftirlitið hefur veitt vera heimilt að gerast þátttakendur í greiðslukerfum. Skulu aðildarríki tryggja að reglur um þátttöku greiðsluþjónustuveitenda, hvort heldur sem er skráðra eða þeirra sem eru með starfsleyfi, í greiðslukerfum séu með ákveðnum hætti. Gæta skal að því að jafnfræði ríki milli allra greiðsluþjónustuveitenda til þátttöku og aðgengis að greiðslukerfum og ekki má mismuna t.d. greiðslustofnunum heldur verða þær að geta keppt á samkeppnisgrundvelli vegna þeirrar greiðsluþjónustu sem þær veita. Mismunur í verðlagningu má einungis helgast af mismunandi kostnaði sem hlýst af þátttöku greiðsluþjónustuveitenda í greiðslukerfi~~ur stofna til~~. Þá kann að vera viðeigandi að setja önnur~~Gerist þess þörf skal þó setja fram ólík~~ þátttökuskilyrði fyrir greiðslustofnanir með takmarkað starfsleyfi, líkt og segir í 50. aðfararorðum tilskipunarinnar ~~þar sem varfærniskröfur til greiðslustofnana með takmarkað starfsleyfi eru mun minni~~.

Tiltekin greiðslukerfi eru þó undanþegin í 4. mgr., þar á meðal greiðslukerfi sem viðurkennd hafa verið og tilkynnt til Eftirlitsstofnunar EFTA í samræmi við lög nr. 90/1999, um öryggi greiðslufyrirmæla í greiðslukerfum og verðbréfauppgjörskerfum og falla þ.a.l. undir gildissvið þeirra laga.

Orðið greiðslukerfi er skilgreint í 15. tölul. 3. gr. frumvarpsins.

Í 1. mgr. er lagt til að kveðið verði á um þá meginreglu að greiðsluþjónustuveitendum hvort heldur sem þeir starfa á starfa á grundvelli skráningar hjá Fjármálaeftirlitinu eða starfsleyfis sem eftirlitið veitir, skuli vera heimilt að gerast þátttakendur í greiðslukerfum til samræmis við 2. og 3. mgr. greinarinnar. Mikilvægt er enda fyrir greiðsluþjónustuveitendur að hafa aðgang að þjónustu tæknilegra grunnvirkja greiðslukerfa til að geta starfað og veitt þá greiðsluþjónustu sem um ræðir. Að sama skapi er mikilvægt að greiðsluþjónustuveitendur sem sækja um aðild að greiðslukerfi gæti að því að þeir sjálfir bera áhættuna af eigin vali í þessum

efnum. Líkt og sjá má af ákvæðinu er heimild þessi þó ekki einhlít og ákveðin greiðslukerfi undanþegin framangreindri meginreglu, sbr. umfjöllun um 4. mgr.

Í 2. mgr. er fjallað um reglur um þátttöku í greiðslukerfum og kveðið á um að þær skuli vera hlutlægar, án mismununar og hóflegar og ekki hamla aðgangi meira en nauðsynlegt er til að verjast ákveðnum áhættum ásamt því að vernda fjárhags- og rekstrarlegan stöðugleika viðkomandi greiðslukerfis. Kröfur sem gerðar eru til þátttöku í greiðslukerfi skulu almennt miða að því að tryggja öryggi og skilvirkni þess. Það telst t.d. ekki hamla þátttöku í greiðslukerfi að krefja greiðsluþjónustuveitanda sem sækir um aðild að greiðslukerfi um að hann sýni fram á, áður en þátttaka er heimiluð, að innra fyrirkomulag hans sé nægilega vel varið gegn hvers konar áhættum, að þátttaka hans skapi ekki áhættu, t.d. rekstraráhættu, fyrir greiðslukerfið eða aðra þátttakendur og að hann uppfylli allar viðeigandi kröfur laga, ~~og annarra~~ stjórnvaldsfyrirmæla og greiðslukerfisins sjálfs í því sambandi, t.d. er varðar þekkingu, þjálfun, tæknilausnir, upplýsingavernd, viðbúnað og áætlanir um samfelldan rekstur. Samhengisins vegna má nefna að undanfarin ár hefur í auknum mæli verið lögð áhersla á rekstraráhættuþætti, þ.m.t. netöryggismál í ljósi stöðugt vaxandi netógnar.

Í 3. mgr. er fjallað um óheimilar takmarkanir vegna þátttöku í greiðslukerfum.

Í 4. mgr. er í tveimur stafliðum (a.- og b.-lið) kveðið á um að ákvæði 1.–3. mgr. greinarinnar eigi ekki við um ákveðin greiðslukerfi og þau m.ö.o. undanþegin þeirri meginreglu að greiðsluþjónustuveitendur, hvort heldur sem þeir starfa á grundvelli skráningar hjá Fjármálaeftirlitinu eða starfsleyfis sem eftirlitið veitir, skuli vera heimilt að gerast þátttakendur í þeim. Annars vegar eru í a-lið 4. mgr. tilgreind greiðslukerfi sem viðurkennd hafa verið og tilkynnt til Eftirlitsstofnunar EFTA í samræmi við lög nr. 90/1999, um öryggi greiðslufyrirmæla í greiðslukerfum og verðbréfauppgjörskerfum og falla þ.a.l. undir gildissvið þeirra laga. Hér má sem dæmi nefna millibankagreiðslukerfi Seðlabanka Íslands (MBK) en bankinn hefur sett um það sérstakar reglur nr. 1030/2020. Í þeim segir m.a. að Seðlabankinn taki ákvörðun um aðild nýrra þátttakenda að MBK-kerfinu, tilgreint hverjir geti gerst þátttakendur í því og nokkuð ítarlega fjallað um þátttökuskilyrði. Þess má ennfremur geta að fjármálastöðugleikanefnd sem starfar á grundvelli laga nr. 92/2019 hefur staðfest millibankagreiðslukerfi Seðlabanka Íslands sem kerfislega mikilvægan fjármálainnvið. Það felur það m.a. í sér að starfsemi kerfisins er talin geta haft áhrif á fjármálastöðugleika en lögum samkvæmt skal Seðlabankinn m.a. stuðla að fjármálastöðugleika og öruggri fjármálastarfsemi sem og að virku og öruggu fjármálakerfi, þ.m.t. greiðslumiðlun í landinu og við útlönd. Hins vegar er í b–lið 4. mgr. tilgreind greiðslukerfi þar sem þátttaka einskorðast við greiðsluþjónustuveitendur sem tilheyra tiltekinni samstæðu. Slík greiðslukerfi geta fundist í samkeppni við önnur greiðslukerfi en fyrirfinnast þó helst í tilteknum markaðskima sem greiðslukerfi taka ekki fyllilega til. Slík kerfi eru t.d. kortakerfi þriggja aðila, s.s. AMEX, að því marki sem þau starfa aldrei í reynd sem kerfi fjögurra aðila, t.d. með því að treysta á leyfishafa, umboðsaðila eða samtarfsaðila. Að endingu má nefna innri kerfi bankasamstæðu.

Í 5. mgr. er kveðið á um að ef til þess kemur að greiðsluþjónustuveitandi sem uppfyllir skilyrði til aðildar að greiðslukerfi sem hefur verið tilkynnt Eftirlitsstofnunar EFTA í samræmi við lög um öryggi greiðslufyrirmæla í greiðslukerfum og verðbréfauppgjörskerfum nr. 90/1999 og telst þar með vera þátttakandi í því greiðslukerfi, leyfi greiðsluþjónustuveitanda sem ekki er þátttakandi í viðkomandi greiðslukerfi að gefa greiðslufyrirmæli fyrir milligöngu kerfisins þá skuli þátttakandinn einnig veita öðrum skráðum greiðsluþjónustuveitendum eða með starfsleyfi sama tækifæri á hlutlægan, hóflegan hátt og án mismununar. Er þetta gert til að tryggja jafnræði greiðsluþjónustuveitenda í sambærilegri stöðu og sanngjarna samkeppni þeirra á milli. Greiðsluþjónustuveitendur sem fá slíkan aðgang í gegnum þátttakanda teljast þó sjálfir ekki vera þátttakendur í þeim greiðslukerfum í skilningi laga um öryggi í greiðslufyrirmæla í greiðslukerfum og verðbréfauppgjörskerfum nr. 90/1999 og njóta því ekki

verndar samkvæmt þeim lögum. Samkvæmt skilgreiningu í 10. tölul. 2. gr. laga nr. 90/1999 eru þessir aðilar hins vegar skilgreindir sem óbeinir þátttakendur og með sambærilegum hætti í reglum nr. 1030/2020 um millibankagreiðslukerfi (MBK) Seðlabanka Íslands og þar er nánar kveðið á um réttindi og skyldur þeirra.

Í 6. mgr. er kveðið á um að ef þátttakandi í greiðslukerfi sem tilkynnt hefur verið til Eftirlitsstofnunar EFTA í samræmi við lög nr. 90/1999 synjar greiðsluþjónustuveitanda sem ekki er þátttakandi í viðkomandi greiðslukerfi að gefa greiðslufyrirmæli fyrir milligöngu kerfisins, sbr. nánar 5. mgr., þá skuli sá sem það gerir rökstyðja synjunina bæði svo að sá sem synjunin beinist að geti skilið ástæður að baki synjunar og betur gert sér grein fyrir því hvaða kröfur hann þurfi að uppfylla til að geta sent greiðslufyrirmæli fyrir milligöngu greiðslukerfisins á grundvelli aðildar þátttakandans að viðkomandi kerfi. Ákvæði 36. gr. á sér hliðstæðu í 7. gr. núgildandi laga nr. 120/2011, um greiðsluþjónustu.

Um 37. gr.

Lagt er til að 36. gr. tilskipunarinnar sem er nýmæli verði innleidd í 37. gr. frumvarpsins. Þegar greiðsluþjónustuveitendur annast eina gerð greiðsluþjónustu eða fleiri, ættu þeir ávallt að hafa aðgang að greiðslureikningaþjónustu ~~sem notaðir eru einvörðungu vegna greiðslna. Af þeim sökum er greiðslustofnunum nauðsynlegt að geta opnað greiðslureikninga hjá lánastofnunum og/eða viðskiptabönkum~~. Aðgangurinn má ~~Skilmálar um slíka reikninga mega~~ ekki fela í sér mismunun gagnvart greiðslustofnunum og skal~~ulu veita aðgengi sem er~~ vera nægjanlegt svo greiðslustofnun geti boði þjónustu sína til sömu viðskiptavina og lánastofnanir og bankar á óhindraðan og skilvirkan hátt. Í 2. mgr. er lánastofnun eða viðskiptabanka, eftir því hvort þeirra synjaði um að veita aðgengi að greiðslureikningaþjónustu~~reikningi~~, gert skylt að tilkynna þá synjun til Fjármálaeftirlitsins. Fjármálaeftirlitinu ber þá að kanna hvort synjunin feli í sér mismunun. ~~E og e~~f um er að ræða mismunun sem ~~synjunin er ólögmæt~~ekki er hægt að réttlæta á grundvelli hlutlægra forsendna, svo sem öryggis- eða áhættusjónarmiða, geturskal Fjármálaeftirlitið breugðaist við svo sem með því að kveða á um að lánastofnun eða viðskiptabankinn sem um ræðir skuli veita greiðslustofnuninni sem í hlut á, aðgengi að greiðslureikningaþjónustu~~reikningum~~ og fylgtja því eftir með viðurlögum gerist þess þörf.

Um 38. gr.

Tilgangurinn með ákvæðinu er að banna með skýrum hætti öðrum en greiðsluþjónustuveitendum að veita greiðsluþjónustu. Hyggist aðrir veita greiðsluþjónustu verða þeir þá að sækja um starfsleyfi sem greiðslustofnun til Fjármálaeftirlitsins. Þá tryggir ákvæðið Fjármálaeftirlitinu yfirsýn yfir þá aðila sem bjóða þjónustu sem fellur undir undanþágur 11. tölul. 2. gr. (Greiðslumiðlar sem einungis er hægt að nota til kaupa á vörum eða þjónustu á athafnasvæði útgefanda eða nets þjónustuveitenda) og 12. tölul. 2. gr. (Greiðslumiðlar sem einungis er hægt að nota til kaupa á afmörkuðu úrvali vöru og þjónustu) og hafa því upphaflega ekki skyldu til að skrá eða sækja um starfsleyfi til Fjármálaeftirlitsins. Á grundvelli þeirra upplýsinga sem Fjármalaeftirlitið móttekur tekur það ákvörðun um hvort þjónustustarfsemin falli enn undir undanþáguna. Komist Fjármálaeftirlitið að þeirri ákvörðun að þjónustustarfsemin heyri ekki undir undanþáguna er þjónustuveitanda tilkynnt um það með skriflegum rökstuðningi og honum veittar leiðbeiningar um hvað hann skuli gera til að geta haldið starfseminni áfram. Ákvæðið er nýmæli en réttarstaðan er þó óbreytt. Helgast það af því að ákvæðið er innleiðing á 1. og 2. mgr. 37. gr. tilskipunarinnar og 29. gr. tilskipunar 2007/64/EB er samhljóða 1. mgr. 37. gr. tilskipunarinnar en 29. gr. tilskipunar 2007/64/EB var með óbeinum hætti innleidd í 13. gr. núgildandi laga um greiðsluþjónustu nr. 120/2011.

Um 39 .gr.

Commented [JBG13]: Í 10. tölul. 2. gr. laga nr. 90/1999 er gert ráð fyrir samningssambandi. Spurning er ef greiðsluvirkjanda, sem er ekki þátttakandi í MBK, vill hefja starfsemi hér á landi og virkja greiðslufyrirmæli á reikningi viðskiptavinar hjá einum viðskiptabankanum. Greiðslufyrirmælin fara í gegnum MBK. Leiða lög 90/1999 og MBK-reglurnar þá til þess að greiðsluvirkjandinn þarf að gerast óbeinn þátttakandi í MBK með samningi? Ef einn viðskiptabankanna heimilar einum greiðsluvirkjanda að senda greiðslufyrirmæli í gegnum MBK leiðir 36. gr.þá til þess að viðskiptabankinn þarf að hleypa öðrum PISP-um inn í kerfið? Hvernig yrði það framkvæmt gagnvart MBK?

Tilgangurinn með ákvæðinu er að Fjármálaeftirlitið geti haft yfirsýn yfir þá aðila sem bjóða þjónustu sem fellur undir undanþágu 14. tölul. 2. gr. (Greiðslur sem framkvæmdar eru af veitanda fjarskiptanets eða veitanda viðbótarþjónustu til handa áskrifanda að fjarskiptanetinu eða viðbótarþjónustunni) og hafa því upphaflega ekki skyldu til að skrá eða sækja um starfsleyfi til Fjármálaeftirlitsins. Á grundvelli þeirra upplýsinga sem Fjármálaeftirlitið móttekur tekur það ákvörðun um hvort þjónustustarfsemin falli enn undir undanþáguna. Komist Fjármálaeftirlitið að þeirri ákvörðun að þjónustustarfsemin heyri ekki undir undanþáguna er þjónustuveitanda tilkynnt um það með skriflegum rökstuðningi og honum veittar leiðbeiningar um hvað hann skuli gera til að geta haldið starfseminni áfram. Þjónustuveitandi skal samkvæmt 2. mgr. senda Fjármálaeftirlitinu þær upplýsingar sem kveðið er á um í a.- og b.-lið 1. mgr. áður en hann hefur veitingu þjónustunnar hið fyrsta sinn. Ákvæðið er nýmæli og er innleiðing á 1. mgr. og 3. mgr. 37. gr. tilskipunarinnar.

Um 40. gr.

Lagt er til að 25. gr. tilskipunarinnar verði innleidd í 40. gr. frumvarpsins sem kveður á um að aðildarríki skuli sjá til þess að unnt sé að véfengja fyrir dómstólum ákvarðanir sem lögbær yfirvöld taka að því er varðar greiðslustofnanir samkvæmt lögum og stjórnvaldsfyrirmælum. Sama á við um aðgerðaleysi lögbærra yfirvalda, sbr. 2. tl. 25. gr. tilskipunarinnar. Í 18. gr. laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi nr. 87/1998 er öllum aðilum máls hjá Fjármálaeftirlitinu tryggt aðgengi að dómstólum. Samkvæmt 1. mgr. 18 gr. skal mál höfðað innan þriggja mánaða frá því að aðila var tilkynnt um ákvörðun Fjármálaeftirlitsins og málshöfðun frestar ekki réttaráhrifum ákvörðunar né heimild Fjármálaeftirlitsins til aðfarar samkvæmt henni, sbr. þó 2. mgr. 11. gr. þeirra laga. Þá gilda jafnframt almennar reglur réttarfars. Ákvæðið er nýmæli í löggjöfinni.

Um 41. gr.

Lagt er til að gildissvið IV. kafla frumvarpsins verði skilgreint í ákvæði þessu. Skv. 1. mgr. ná ákvæði kaflans til stakra greiðslna, rammasamninga og greiðslna sem falla undir slíka samninga. Svo sem nánar greinir í 3. og 4. mgr. ákvæðisins er gert ráð fyrir sérákvæðum um annars vegar gagnsæi skilmála og upplýsingagjöf við veitingu greiðsluþjónustu þegar um ræðir stakar greiðslur sem ekki falla undir rammasamninga og hins vegar gagnsæi skilmála og upplýsingagjöf við veitingu greiðsluþjónustu þegar um ræðir greiðslur sem falla undir rammasamninga. Ákvæði 3. mgr. og 4. mgr. innleiða 1. mgr. 43. gr. tilskipunarinnar og 50. gr. tilskipunarinnar.

Í 2. mgr. er lagt til að heimilt verði að víkja frá ákvæðum IV. kafla með samningi, hvort heldur í heild eða að hluta, þegar notandi greiðsluþjónustu er ekki neytandi í skilningi 28. tölul. 3. gr. frumvarpsins. Ef um neytanda er að ræða er hins vegar óheimilt að víkja frá ákvæðum IV. kafla.

Í 5. mgr. er minnt á að önnur lög kunna að gera ríkari kröfur til upplýsingagjafar en greinir í frumvarpi þessu. Sem dæmi má nefna að skylda lánveitenda til upplýsingagjafar samkvæmt lögum um neytendalán stendur óhögguð þrátt fyrir að lánasamningar kunni að falla bæði undir þá löggjöf og lög um greiðsluþjónustu. Lánveitanda ber með öðrum orðum að uppfylla skyldur sínar samkvæmt báðum lagabálkum. Um ræðir innleiðingu á 3. mgr. 38. gr. tilskipunarinnar.

Í 6. mgr. er lagt til að innleidd verði 2. mgr. 39. gr. tilskipunarinnar, sem mælir fyrir um að í þeim tilvikum sem ákvæði tilskipunar 2002/65/EB um fjarsölu á fjármálaþjónustu eigi við auk ákvæða laga þessara skuli hluti 1. mgr. 3. gr. tilskipunar 2002/65/EB, um upplýsingaskyldu gagnvart neytanda áður en hann er bundinn af fjarsölusamningi eða tilboði, víkja fyrir 48. gr. (Almenn upplýsingagjöf áður en samningur eða tilboð vegna stakra greiðslna

verður bindandi fyrir notanda greiðsluþjónustu), 49. gr. (Upplýsingar og skilmálar um þjónustu í tengslum við stakar greiðslur), 53. gr. (Almenn upplýsingagjöf áður en samningur eða tilboð vegna stakra greiðslna sem falla undir rammasamninga verður bindandi fyrir notanda greiðsluþjónustu) og 54. gr. (Upplýsingar og skilmálar um þjónustu í tengslum við greiðslur sem falla undir rammasamninga).

Þess ber að geta að Ísland nýtir ekki heimild sem veitt er í 2. mgr. 38. gr. tilskipunarinnar um að ákvæðum IV. kafla verði beitt á örfyrirtæki á sama hátt og neytendur. Fyrirtæki á Íslandi eru smá á mælikvarða Evrópu og skilgreining á örfyrirtæki í tilmælum framkvæmdastjórnarinnar frá 6. maí 2002 (Stjtíð. ESB L 124, 20.5.2003, bls. 36) er fyrirtæki með færri en 10 starfsmenn og árleg velta eða efnahagsreikningur fari ekki yfir 2 milljónir evra.

Ákvæði 41. gr. frumvarpsins er nær samhljóða 28. gr. núgildandi laga um greiðsluþjónustu nr. 120/2011.

Um 42. gr.

Lagt er til að 40. gr. tilskipunarinnar verði innleidd með ákvæði 42. gr. frumvarpsins. Í 1. mgr. er gert ráð fyrir að greiðsluþjónustuveitanda verði skylt að veita notendum greiðsluþjónustu þær lágmarksupplýsingar sem IV. kafli frumvarpsins gerir ráð fyrir gjaldfrjálst.

Í 2. mgr. er hins vegar gert ráð fyrir að semja megi um gjaldtöku fyrir veitingu viðbótarupplýsinga eða tíðari upplýsingagjöf en IV. kafli frumvarpsins gerir ráð fyrir, svo og veitingu upplýsinga með öðrum hætti en tilgreindur er í rammasamningi. Heimilt er að semja um slíka gjaldtöku í sérstökum samningi milli greiðsluþjónustuveitanda og viðskiptavinar, í rammasamningi eða í skilmálum greiðsluþjónustuveitanda um vöru eða þjónustu sem fellur undir lög þessi og viðskiptavinur staðfestir eða samþykkir. Staðfesting eða samþykki getur verið rafrænt, t.d. með rafrænni undirskrift eða samþykki með haki á tilgreindu vefsvæði sem notandi greiðsluþjónustu hefur fengið aðgang að. Það er skilyrði að notandi greiðsluþjónustunnar hafi óskað eftir slíkri aukinni þjónustu og að innheimt gjöld séu viðeigandi og í samræmi við raunkostnað sem aukin þjónusta, þ.e. umfram lágmarkskröfur IV. kafla frumvarpsins, hefur í för með sér fyrir greiðsluþjónustuveitandann. Í 61. tölul. í formála tilskipunarinnar er vikið að mikilvægi gagnsæis við verðlagningu og ólíkum þörfum viðskiptavina, til grundvallar heimild þessari. Jafnframt er í 84. tölul. í formála tilskipunarinnar vikið að nauðsyn þess að notendur greiðsluþjónustu hafi upplýsingar um raunverulegan kostnað og gjöld fyrir greiðsluþjónustu, til samanburðar á þjónustu ólíkra greiðsluþjónustuveitenda. Ákvæði 42. gr. frumvarpsins er samhljóða 31. gr. núgildandi laga um greiðsluþjónustu nr. 120/2011.

Um 43. gr.

Lagt er til að 41. gr. tilskipunarinnar verði innleidd með ákvæði 43. gr. frumvarpsins. Ákvæðið leggur sönnunarbyrði á herðar greiðsluþjónustuveitanda fyrir því að hann hafi uppfyllt þær kröfur sem IV. kafli frumvarpsins gerir um upplýsingagjöf. Það að leggja sönnunarbyrðina á herðar greiðsluþjónustuveitendum, að því er varðar uppfyllingu skyldna sem frumvarp þetta leggur á herðar þeim, er enn fremur í takti við auknar kröfur um upplýsingagjöf á sviði fjármálaþjónustu. Ákvæði 43. gr. frumvarpsins er samhljóða núgildandi 30. gr. núgildandi laga um greiðsluþjónustu nr. 120/2011 en Ísland hafði þá einnig nýtt sér samhljóða valkvætt ákvæði í 33. gr. greiðsluþjónustutilskipunar nr. 2007/64/EB sem þá var valkvætt fyrir aðildarríkin.

Um 44. gr.

Lagt er til að í 44. gr. frumvarpsins verði ákvæði 42. gr. tilskipunarinnar innleidd en þau fjalla um um undanþágur frá kröfum IV. kafla, um upplýsingagjöf greiðsluþjónustuveitanda gagnvart notendum greiðsluþjónustu, þegar smágreiðslumiðill (e. *low-value payment*

instrument) í skilningi frumvarpsins er annars vegar. Orðið smágreiðslumiðill er skilgreint í 38. tölul. 3. gr. frumvarpsins. Einstakar greiðslur með smágreiðslumiðlum mega að hámarki nema jafnvirði 30 evra (þ.e. ca. 4897kr. á núverandi gengi) og/eða smágreiðslumiðill hefur útgjaldaþak/geymir að hámarki jafnvirði 150 evra (þ.e. u.þ.b. 24.485kr. á núverandi gengi).

Ástæður þess að réttlætanlegt þykir að veita undanþágur frá upplýsingagjöf eru taldar upp í 81. tölul. í formála tilskipunarinnar. Samkvæmt þeim tölulið eiga smágreiðslumiðlar að vera ódýr og auðnýtanlegur kostur þegar um er að ræða lágverðsvörur og -þjónustu. Því eigi ekki að íþyngja þeim með óhóflegum kröfum um upplýsingagjöf; kröfurnar eigi að takmarkast við nauðsynlega upplýsingagjöf og tekið skuli tillit til tæknilegra möguleika sem réttlætanlegt sé að vænta af slíkum greiðslumiðlum. Sem dæmi um smágreiðslumiðil eru mötuneytiskort. Þrátt fyrir það eigi notendur smágreiðslumiðla að njóta fullnægjandi verndar, að teknu tilliti til takmarkaðrar áhættu vegna þeirra, einkum að því er varðar fyrirfram greidda greiðslumiðla.

Í 2. mgr. er gerð krafa um að greiðsluþjónustuveitandi veita leiðbeiningar um hvar öðrum upplýsingum og skilmálum, sem tilgreind eru í 54. gr. (Upplýsingar og skilmálar um þjónustu í tengslum við greiðslur sem falla undir rammasamninga) er komið á framfæri á auðveldan og aðgengilegan hátt. Með auðveldum og aðgengilegum hætti er átt við að þær séu gefnar munnlega, eða í auglýsingu eða í bæklingi á starfsstöð eða á heimasíðu greiðsluþjónustuveitandans. Það eru því ekki gerðar sömu kröfur til umfangs og framsetningar upplýsinga og við gerð rammasamninga, sbr. 56. gr. tilskipunarinnar.

Í 3. mgr. er greiðsluþjónustuveitanda veitt heimild til að gera breytingar á skilmálum rammasamnings án þess að uppfylla kröfur 1. mgr. 51. gr. tilskipunarinnar sem þýðir að greiðsluþjónustuveitandi þarf ekki að boða breytingar á rammasamningi á pappír eða öðrum varanlegum miðli og þær þurfa ekki að vera á íslensku. Hafa verður í huga að samkvæmt lögum um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga nr. 7/1936 er heimilt til að víkja til hliðar ósanngjörnum samningsákvæðum.

Í 4. mgr. er lagt til að greiðsluþjónustuveitanda verði heimilt að semja við notanda greiðsluþjónustu um að víkja frá 59. gr. (Upplýsingagjöf gagnvart greiðanda um einstakar greiðslur sem falla undir rannasamning) og 60. gr. (Upplýsingagjöf gagnvart viðtakanda um einstakar greiðslur sem falla undir rammasamning) eftir að greiðsla hefur farið fram. Því takmarkast upplýsingagjöf greiðsluþjónustuveitanda við nauðsynlega upplýsingar, þ.e. tilvísanir sem gera notanda greiðsluþjónustu kleift að bera kennsl á greiðsluna, fjárhæð hennar, gjöld, og/eða þegar um er að ræða nokkrar sams konar greiðslur til sama viðtakana, upplýsingar um heildarfjárhæð og gjöld vegna þessara greiðslna. Hins vegar þarf greiðsluþjónustuveitandi ekki að veita eða koma á framfæri fyrrgreindum upplýsingum ef greiðslumiðill nýtur nafnleyndar eða greiðsluþjónustuveitandinn er að öðru leyti ekki tæknilega í stakk búinn til að koma þeim á framfæri.

Fjöldi smágreiðslumiðla í umferð á Íslandi er lítill, ef nokkur, og þýðing ákvæðisins því takmörkuð, enn sem komið er.

Í gildandi lögum um greiðsluþjónustu nr. 120/2011, hafði ráðherra verið falið að gefa út reglugerð um undanþágur frá kröfum um upplýsingagjöf vegna smágreiðslumiðla. Reglugerðin hefur ekki verið gefin út og þykir því rétt að innleiða ákvæði 42. gr. tilskipunarinnar í frumvarp þetta.

Um 45. gr.

Lagt er til að 59. gr. tilskipunarinnar verði innleidd með ákvæði 45. gr. frumvarpsins. Í 1. mgr. er lagt til að kveðið verði á um að greiðslur skuli vera í þeim gjaldmiðli sem aðilar hafa komið sér saman um. Minnt er á 3. tölul. 54. gr. frumvarpsins í þessu sambandi. Það athugast

að heimild til að semja um gjaldmiðil í greiðslum kann að takmarkast af lögum um gjaldeyrismál nr. 87/1992 eða stjórnvaldsfyrirmælum settum á grundvelli þeirra.

Í 2. mgr. er gert ráð fyrir upplýsingagjöf af hálfu þess aðila sem býður greiðanda gjaldmiðilsumreikning áður en greiðsla á sér stað, hvort sem það er í hraðbanka, á sölustað (þ.e. væntanlega einkum greiðsluþjónustuveitandi greiðanda) eða af hálfu viðtakanda greiðslu. Veittar skulu upplýsingar um gjöld og það gengi sem nota á við umreikning greiðslunnar og skal greiðandi samþykkja þjónustuna við gjaldmiðilsumreikninginn á þeim grundvelli. Gjaldmiðilsumreikningur er þjónusta sem boðin er notendum til að draga úr gengisáhættu þeirra. Í ákvæðinu er lagt til að greiðandinn fái allar upplýsingar um þau gjöld sem leggjast við fjárhæð greiðslunnar (t.d. vöruverðið) vegna gjaldmiðilsumreikningsins áður en hann veitir samþykki fyrir greiðslu. Upplýsingarnar skulu vera aðgengilegar greiðanda áður en greiðsla er samþykkt. Séu upplýsingarnar aðgengilegar þegar greiðsla er samþykkt felur það jafnframt í sér samþykki á þjónustunni við umreikninginn samkvæmt framangreindu. Þannig er ekki gerð krafa um sérstakt (aðskilið) samþykki á þjónustunni. Minnt er á 43. gr. frumvarpsins um að greiðsluþjónustuveitandinn beri sönnunarbyrðina af því að hafa veitt þær upplýsingar sem honum ber skylda til að veita. Í 2. mgr. ákvæðisins er það nýmæli að ákvæðið gildir einnig um þau tilvik þegar þjónusta er boðin í hraðbanka. Að öðru leyti er ákvæðið samhljóða 32. gr. laga um greiðsluþjónustu nr. 120/2011.

Um 46. gr.

Lagt er til að 60. gr. tilskipunarinnar verði innleidd með ákvæði 46. gr. frumvarpsins. Í 1. mgr. er lagt til að lögð skuli tilkynningarskylda á viðtakanda greiðslu gagnvart greiðanda um það, áður en greiðsla er framkvæmd, ef hann býður lækkun vegna notkunar tiltekins greiðslumiðils. Það athugast að í 5. mgr. 62. gr. frumvarpsins er lagt til að viðtakanda greiðslu verði óheimilt að krefjast gjalds (e. surcharge) af greiðanda vegna notkunar tiltekins greiðslumiðils.

Í 2. mgr. er lagt til að lögð verði sambærileg skylda á herðar greiðsluþjónustuveitendum að því er varðar gjaldtöku af hans hálfu eða annars sem er aðili að greiðslunni vegna notkunar tiltekins greiðslumiðils. Það athugast að hér er um að ræða gjaldtöku af hálfu greiðsluþjónustuveitanda, en ekki viðtakanda greiðslu sem bannið í 5. mgr. 62. gr. frumvarpsins snýr einmitt að. Sem dæmi má nefna að færslugjöld vegna debetkorta mundu falla undir 2. mgr. 46. gr.

Ekki eru gerðar sérstakar formkröfur til tilkynningar skv. 1. og 2. mgr. Hægt er að semja um form tilkynningar í t.d. rammasamningi. Tilkynning getur verið send með rafrænum hætti, t.d. í netbanka, í appi eða á vefsíðu greiðsluþjónustuveitanda.

Í 3. mgr. er nýmæli er tryggir að greiðandinn þurfi einungis að greiða gjöldin sem um getur í 1. og 2. mgr. ef upplýst var um heildarfjárhæð þeirra áður en greiðslan var framkvæmd. Hann getur því komist hjá því að greiða gjöldin hafi á skort á upplýsingagjöfina. Upplýsingar um fjárhæð gjalda geta verið veittar t.d. í gjaldskrá greiðsluþjónustuveitanda, á vefsíðu hans eða netbanka. Upplýsingar um heildarfjárhæð þurfa að ná til fjárhæðar allra gjalda en þurfa ekki að vera teknar saman í eina fjárhæð. Ákvæði 1. og 2. mgr. 46. gr. eru nær samhljóða 33. gr. núgildandi laga nr. 120/2011, um greiðsluþjónustu.

Um 47. gr.

Lagt er til að 43. gr. tilskipunarinnar verði innleidd með ákvæði 47. gr. frumvarpsins, þ.e. sérákvæði um greiðslufyrirmæli vegna stakrar greiðslu sem send eru með greiðslumiðli sem fellur undir rammasamning. Í slíkum tilfellum er greiðsluþjónustuveitandi ekki skuldbundinn til að veita eða koma á framfæri upplýsingum sem notandi greiðsluþjónustu hefur þegar fengið á grundvelli rammasamnings við annan greiðsluþjónustuveitanda, eða sem honum verða veittar á grundvelli rammasamningsins. Dæmi um greiðslufyrirmæli vegna stakrar greiðslu sem send eru með greiðslumiðli sem fellur undir rammasamning er úttekt reiðufjár úr hraðbanka á vegum aðila sem ekki er í samningssambandi við greiðanda vegna greiðslumiðilsins. Ákvæði 47. gr. frumvarpsins er samhljóða 34. gr. núgildandi laga um greiðsluþjónustu nr. 120/2011.

Um 48. gr.

Lagt er til að 44. gr. tilskipunarinnar verði innleidd með ákvæði 48. gr. frumvarpsins. Líkt og fram kemur í 41. gr. frumvarpsins gilda ákvæði B-hluta IV. kafla, þ.e. 47. gr.–52. gr. frumvarpsins, um upplýsingagjöf og gagnsæi við veitingu greiðsluþjónustu þegar um ræðir stakar greiðslur sem ekki falla undir rammasamninga.

Í 1.–3. mgr. er lagt til að greiðsluþjónustuveitandi skuli koma ítarlegum upplýsingum og skilmálum um þjónustuna á framfæri við notanda greiðsluþjónustu á aðgengilegan hátt áður en samningur eða tilboð vegna stakra greiðslna verður bindandi fyrir notandann. Greiðsluþjónustuveitandinn getur veitt upplýsingarnar munnlega, með auglýsingum eða bæklingi á starfsstöð eða á heimasíðu sinni. Það eru því ekki gerðar sömu kröfur til umfangs og framsetningar upplýsinga og við gerð rammasamninga, sbr. 58. gr. (Upplýsingagjöf áður en kemur til framkvæmdar einstakra greiðslna sem falla undir rammasamning).

Í 4. mgr. er lagt til að kveðið verði á um að í þeim tilvikum sem greiðsluþjónustuveitanda er ómögulegt að uppfylla upplýsingaskyldu sína í samræmi við 1.–3. mgr. fyrir fram skuli metið fullnægjandi að veita tilskildar upplýsingar þegar í stað eftir að greiðsla hefur verið framkvæmd. Orðið fjarsamskiptamiðill er skilgreint í 5. tölul. 3. gr. frumvarpsins.

Í 5. mgr. er lagt til að skyldu til upplýsingagjafar skv. 1.–3 mgr. ákvæðisins megi uppfylla með því að leggja fram afrit af drögum að þjónustusamningi um stakar greiðslur eða drögum að greiðslufyrirmælum sem geyma upplýsingar og skilmála, sbr. 1.–3. mgr. Ákvæði 48. gr. er samhljóða 35. gr. núgildandi laga um greiðsluþjónustu nr. 120/2011.

Um 49. gr.

Lagt er til að 45. gr. tilskipunarinnar verði innleidd með ákvæði 49. gr. frumvarpsins. Í 1. mgr. eru skilgreindar þær upplýsingar og skilmálar sem greiðsluþjónustuveitanda ber að koma á framfæri við notanda greiðsluþjónustu á aðgengilegan hátt áður en samningur eða tilboð vegna stakra greiðslna verður bindandi fyrir notandann, sbr. 47. gr. frumvarpsins. Með orðunum að gera upplýsingar aðgengilegar er skv. 60. tölul. í formála tilskipunarinnar átt við að móttakandi upplýsinganna kunni að þurfa að eiga frumkvæði að tilteknum aðgerðum til að nálgast upplýsingarnar, svo sem að óska eftir því við greiðsluþjónustuveitanda að fá þær afhentar, skrá sig inn í heimabanka eða framvísa greiðslukorti í kortalesara til að fá reikningsyfirlit eða í hraðbanka til að prenta út kvittun. Greiðsluþjónustuveitandi ætti í því skyni að tryggja að aðgangur að upplýsingunum sé opinn og þeim komið á framfæri við notanda greiðsluþjónustunnar.

Samkvæmt a.-lið er í fyrsta lagi um að ræða nauðsynlegar upplýsingar, eða sérstakt kennimerki, sem notandi greiðsluþjónustu þarf að gefa upp svo að greiðslufyrirmæli verði framkvæmd á réttan hátt. Hugtakið sérstakt kennimerki er skilgreint í 37. tölul. 3. gr. frumvarpsins. Í öðru lagi er skv. b.-lið um að ræða upplýsingar um hámarkstíma framkvæmdar greiðsluþjónustu. Í þriðja lagi er skv. c.-lið um að ræða upplýsingar um gjaldtöku greiðsluþjónustuveitanda vegna veitingar greiðsluþjónustunnar. Í fjórða lagi er skv. d.-lið um að ræða upplýsingar um raunverulegt gengi eða viðmiðunargengi sem gilda skal um greiðslu, ef við á. Orðið viðmiðunargengi er skilgreint í 47. tölul. 3. gr. frumvarpsins. Loks er í e.-lið 1. mgr. kveðið á um að öðrum viðeigandi upplýsingum og skilmálum sem tilgreindir eru í 54. gr. frumvarpsins skuli, eftir því sem við kann að eiga, komið á framfæri (með vísan til 47. gr.). Ákvæði 1. mgr. 49. gr. er samhljóða 36. gr. núgildandi laga um greiðsluþjónustu nr. 120/2011.

Í 2. mgr. er kveðið á um skyldu greiðsluvirkjeanda, sem eru nýir aðilar á greiðsluþjónustumarkaði, til að veita samskiptaupplýsingar um sig og sitt útibú eða umboðsaðila hérlendis ef því er til að dreifa og samskiptaupplýsingar eftirlitsaðila með starfsemi þeirra sem er Fjármálaeftirlitið. Tilgangurinn er að notandi greiðsluþjónustunnar geti

staðreynt hvort greiðsluvirkjandinn hafi starfsleyfi t.d. með því að fletta honum upp á vefsíðu Fjármálaeftirlitsins sem gefur yfirlit yfir aðila sem hlotið hafa starfsleyfi sem greiðsluvirkjandi.

Í 3. mgr. er lagt á greiðsluvirkjanda að leggja mat á hvort frekari upplýsingar sem skylda væri til að veita ef um væri að ræða rammasamning ættu einnig við. Slíkt gæti t.d. átt við þegar um væri að ræða einstaka greiðslu sem skal framkvæmd á tilteknum degi í framtíðinni. Hægt er að afturkalla slík greiðslufyrirmæli fram að tilsettum degi samkvæmt 4. mgr. 86. gr. Þær upplýsingar ætti að veita á auðveldan og aðgengilegan hátt til notanda greiðsluþjónustunnar. Ákvæði 2. mgr. 49. gr. er nýmæli.

Um 50. gr.

Lagt er til að 46. gr. og 47. gr. tilskipunarinnar verði innleiddar í 50. gr. frumvarpsins.

Í 1. mgr. er lögð skylda á greiðsluvirkjanda að afhenda eða gera tiltekin gögn aðgengileg greiðanda og eftir atvikum viðtakanda greiðslu. Auk þess getur greiðsluþjónustuveitanda með reikningsþjónustu verið gert að veita sömu upplýsingar til sama aðila, sbr. 54. gr. frumvarpsins (Upplýsingar og skilmálar um þjónustu í tengslum við greiðslur sem falla undir rammasamninga). Notandi greiðsluþjónustu sem sendir greiðslufyrirmæli fyrir milligöngu greiðsluvirkjanda á að fá tilvísun í greiðslu og upplýsingar um greiðslufjárhæð frá greiðsluvirkjanda og einnig frá greiðsluþjónustuveitanda sem veitir reikningsþjónustuna með vísan til rammasamnings við hann. Í a.–lið 1. mgr. er verið að tryggja að bæði greiðandi og viðtakandi greiðslu séu upplýstir um að greiðslufyrirmælin hafi borist til greiðsluþjónustuveitanda sem veitir reikningsþjónustu og framkvæmd af honum í samræmi við fyrirmælin. Samkvæmt b.–lið 1. mgr. á greiðsluvirkjandi að geta gefið tilvísun í greiðsluna. Tilvísun í greiðslu getur m.a. verið með því að veita færslunúmer greiðslunnar. Að þessu leyti er greiðsluvirkjandi háður upplýsingum frá greiðsluþjónustuveitanda með reikningsþjónustuna. Veiti greiðandinn einungis upplýsingar um þann reikning sem greiðslan skal leggjast inn á þá getur greiðsluvirkjandinn ekki veitt upplýsingar um hver greiðandinn var til viðtakanda greiðslunnar. Í c.–lið 1. mgr. er kveðið á um skyldu greiðsluvirkjanda að upplýsa um fjárhæð greiðslunnar. Skylda hans til að veita þær upplýsingar er aðskilin frá skyldu greiðsluþjónustuveitanda sem veitir reikningsþjónustuna að gera slíkt hið sama til notanda greiðsluþjónustunnar. Samkvæmt d.–lið 1. mgr. verður greiðsluvirkjandi að veita upplýsingar um fjárhæð gjalda sem greiða skal fyrir greiðsluna og sundurliðun þeirra. Greiðsluvirkjandi má innheimta eina heildarþóknun en hann verður samhliða að veita greiðanda og viðtakanda greiðslu upplýsingar um sundurliðun gjalda.

Ákvæði 2. mgr. er í samræmi við 2. mgr. 71. gr. tilskipunarinnar. Upplýsingagjöfin á að tryggja að greiðsluþjónustuveitandi sem veitir reikningsþjónustuna geti auðkennt greiðsluna sem um ræðir og metið hvort leiðrétting sé réttmæt. Ákvæði 50. gr. er nýmæli og fyrirfinnst ekki samhljóða ákvæði í núgildandi lögum um greiðsluþjónustu nr. 120/2011.

Um 51. gr.

Lagt er til að 48. gr. tilskipunarinnar verði innleidd með ákvæði 51. gr. frumvarpsins. Ákvæðið lýtur að upplýsingagjöf af hálfu greiðsluþjónustuveitanda gagnvart greiðanda þegar í stað eftir viðtöku greiðslufyrirmæla, þegar um ræðir stakar greiðslur. Upplýsingarnar skulu afhentar greiðanda, eða gerðar honum aðgengilegar, með þeim hætti sem gert er ráð fyrir í 1.–3. mgr. 48. gr. frumvarpsins. Með orðunum að gera upplýsingar aðgengilegar er skv. 60. tölul. í formála tilskipunarinnar átt við að móttakandi upplýsinganna kunni að þurfa að eiga frumkvæði að tilteknum aðgerðum til að nálgast upplýsingarnar, svo sem að óska eftir því við

greiðsluþjónustuveitanda að fá þær afhentar, skrá sig inn í heimabanka eða framvísa greiðslukorti í prentara eða hraðbanka til að prenta út kvittun.

Hvað varðar skýringu við stafliðina þá er rétt að benda á vegna a.-liðar að hafi greiðandinn einungis gefið upp reikningsnúmer til að greiða inn á þá mun þjónustuveitandi notanda greiðsluþjónustunnar ekki geta gefið upplýsingar um nafnið á viðtakanda greiðslunnar. Vegna b.-liðar er rétt að taka fram að sé óskað eftir að millifæra í evrum með úttekt af krónureikningi þá skal veita upplýsingar um evrufjárhæðina og einnig skal veita upplýsingar um hver hafi verið endanleg fjárhæð í íslenskum krónum skv. d.-lið. Vegna c.-liðar er rétt að taka fram að greiðsluþjónustuveitandi má innheimta eina heildarþóknun en hann verður samhliða að veita greiðanda upplýsingar um sundurliðun þóknunar sé hún samansett úr mismunandi gjöldum. Vegna d.-liðar skal þess getið að óviðráðanlegar ytri aðstæður kunna t.d. að leiða til þess að grípa þurfi til notkunar á öðru gengi en upphaflega var upplýst um að notað yrði við framkvæmd greiðslu. Loks skal getið að vegna e.-liðar að dagsetningin sem átt er við, er dagurinn þegar greiðslufyrirmælanna var raunverulega veitt viðtaka sem þarf ekki að vera sami dagur og greiðslan er sett af stað. Ákvæði 51. gr. frumvarpsins er efnislega samhljóða 37. gr. núgildandi laga um greiðsluþjónustu nr. 120/2011.

Um 52. gr.

Lagt er til að 49. gr. tilskipunarinnar verði innleidd með ákvæði 52. gr. frumvarpsins. Ákvæðið lýtur að upplýsingagjöf af hálfu greiðsluþjónustuveitanda viðtakanda greiðslu gagnvart viðtakandanum þegar í stað eftir að greiðsla hefur verið framkvæmd. Er þá átt við að fjárhæð greiðslu er viðtakanda greiðslu til ráðstöfunar. Upplýsingarnar skulu afhentar viðtakanda greiðslu, eða gerðar honum aðgengilegar, með þeim hætti sem gert er ráð fyrir í 1.–3. mgr. 48. gr. frumvarpsins.

Stafliðirnir þarfnast ekki nánari skýringa og er vísað til umfjöllunar um c.-lið í 51. gr. frumvarpsins varðandi c.-lið í 52. gr. frumvarpsins. Þó skal þess getið að því er varðar e-lið, þ.e. gildisdag eignfærslu (e. credit value date), að orðið gildisdagur er skilgreint í 10. tölul. 3. gr. frumvarpsins og ekki telst vera um eignfærslu að ræða ef greiðsla leiðir ekki til millifærslu fjármuna inn á reikning viðtakanda greiðslu. Ákvæðið er efnislega samhljóða 38. gr. núgildandi laga um greiðsluþjónustu nr. 120/2011.

Um 53. gr.

Líkt og fram kemur í 41. gr. frumvarpsins gilda ákvæði 53. gr.–60. gr. aðeins um upplýsingagjöf og gagnsæi við veitingu greiðsluþjónustu þegar um ræðir greiðslur sem falla undir rammasamninga. Orðið rammasamningur er skilgreint í 32. tölul. 3. gr. frumvarpsins sem samningur um greiðsluþjónustu þar sem kveðið er á um framkvæmd einstakra greiðslna og röð greiðslna í framtíðinni og kann að fela í sér skyldu til stofnunar greiðslureiknings og skilmála þar um. Eins og fram kemur í 57. tölul. formála tilskipunarinnar eru rammasamningar um greiðsluþjónustu og greiðslur sem falla undir slíka samninga mun algengari en stakar greiðslur og skipta meira máli í efnahagslegu tilliti en stakar greiðslur. Rammasamnings er þörf ef greiðslureikningur eða tiltekinn greiðslumiðill er fyrir hendi vegna greiðsluþjónustu. Tilskipunin gerir kröfu um ítarlega upplýsingagjöf fyrir gerð rammasamnings á pappír eða öðrum varanlegum miðli.

Lagt er til að 50. og 51. gr. tilskipunarinnar verði innleiddar með ákvæði 53. gr. frumvarpsins.

Í 1. mgr. er lagt til að kveðið verði á um upplýsingaskyldu greiðsluþjónustuveitanda gagnvart notanda greiðsluþjónustu, áður en rammasamningur eða tilboð um greiðsluþjónustu

verður bindandi fyrir notandann. Vakin er athygli á að strangari kröfur eru gerðar til miðlunar upplýsinga gagnvart notendum greiðsluþjónustu þegar rammasamningur er annars vegar en þegar um ræðir stakar greiðslur, sbr. einkum 48. og 49. gr. frumvarpsins. Í samræmi við það sem kemur fram í 57. tölul. formála tilskipunarinnar skulu upplýsingar veittar á pappír eða öðrum varanlegum miðli, t.d. í netbanka viðskiptabanka eða lánastofnunar, á ~~útprentuðu~~ reikningsyfirliti sem er aðgengilegt á rafrænu formi í netbanka, á minnislyklum, í tölvupóstum sem vistast á hörðum diskum einkatölva ~~þar sem unnt er að varðveita rafrænan póst~~ og sem veittar eru á vefsetrum á Netinu, að því tilskildu að vefsetrin séu aðgengileg til notkunar síðar og svo lengi sem það þjónar tilgangi upplýsinganna og unnt er að afrita upplýsingarnar, sem þar eru geymdar, óbreyttar. Jafnframt~~Þó~~ skulu greiðsluþjónustuveitandi og notandi greiðsluþjónustu geta samið um það í rammasamningnum hvernig upplýsingar um framkvæmdar greiðslur séu veittar síðar meir, t.d. að í netbanka eða í appi séu allar upplýsingar um greiðslureikninginn gerðar aðgengilegar. Ekki er gert ráð fyrir að frumkvæði notanda greiðsluþjónustu þurfi til með þeim hætti sem greinir í 2. mgr. 48. gr. frumvarpsins.

Í 2.–4. mgr. er gert ráð fyrir að sambærilegar reglur eigi við um almenna upplýsingagjöf áður en samningur eða tilboð vegna greiðslna sem falla undir rammasamninga verður bindandi fyrir notanda og kveðið er á um í 48. gr. frumvarpsins, um stakar greiðslur. Vísast því til athugasemda við 48. gr. hér að framan. Ákvæði 53. gr. er samhljóða 39. gr. núgildandi laga um greiðsluþjónustu nr. 120/2011.

Um 54. gr.

Lagt er til að 52. gr. tilskipunarinnar verði innleidd með ákvæði 54. gr. frumvarpsins. Ákvæðið kveður á um að upplýsingar og skilmálar er varða greiðsluþjónustuveitanda, notkun greiðsluþjónustu, gjöld, vexti og gengi, samskipti, ráðstafanir til verndar og úrbóta, breytingar og uppsögn rammasamnings, svo og úrlausn ágreiningsmála, skuli afhentir notendum greiðsluþjónustu. Þær upplýsingar og skilmálar sem um ræðir eru nákvæmlega tíundaðir í sjö töluliðum. Upplýsingar og skilmálar skulu afhentir með þeim hætti sem greinir í 53. gr. frumvarpsins.

1. tölul. snýr að hlutaðeigandi greiðsluþjónustuveitanda. Upplýsa skal notanda greiðsluþjónustu um heiti hans, heimilisfang höfuðstöðva og viðeigandi póstföng, þ.m.t. tölvupóstföng. Enn fremur skal upplýsa notandann um það hvaða lögbær eftirlitsaðili fer með eftirlit með starfseminni (t.d. Fjármálaeftirlitið) og, eftir því sem við á, upplýsingar um opinbera skráningu greiðsluþjónustuveitandans (t.d. skrá yfir greiðslustofnanir skv. II. kafla frumvarpsins eða skrá yfir eftirlitsskylda aðila, sbr. lög um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi nr. 87/1998). Líkt og áður greinir er í 1. mgr. 38. gr. frumvarpsins gert ráð fyrir að þeim einum verði heimilt að veita greiðsluþjónustu hér á landi sem teljast til greiðsluþjónustuveitenda í skilningi frumvarpsins (sbr. 23. tölul. 3. gr.), enda hafi þeir tilskilin leyfi stjórnvalda hér á landi eða í öðru aðildarríki.

2. tölul. snýr að þeirri þjónustu sem um ræðir. Upplýsa skal notanda greiðsluþjónustu um helstu einkenni viðkomandi þjónustu, þ.e. þá grundvallarþætti sem framkvæmd og veiting greiðsluþjónustu felur í sér, s.s. mikilvægustu eiginleika greiðslukorts og hvort það er tengt einhverjum fríðindum o.s.frv. Enn fremur um það sérstaka kennimerki (sbr. orðskýringar í 37. tölul. 3. gr. frumvarpsins) eða upplýsingar sem notandinn skal leggja fram til að greiðslufyrirmæli verði sett af stað eða framkvæmd á réttan hátt (t.d. greiðslureikningsnúmer); hvernig og á hvaða formi samþykki skuli veitt til að gefa greiðslufyrirmæli eða fyrir framkvæmd greiðslu og afturköllun slíks samþykkis í samræmi við tiltekin ákvæði V. kafla frumvarpsins; við hvaða tímamark viðtaka greiðslufyrirmæla miðast og um lokunartíma (e. cut-off time) sem greiðsluþjónustuveitandi fastsetur, ef um hann er að ræða;

hámarksframkvæmdatíma greiðsluþjónustu en notandi greiðsluþjónustu þarf að geta vitað hvenær fjármunirnir eiga að vera til ráðstöfunar fyrir viðtakanda greiðslu; hvort mögulegt sé að ákvarða útgjaldaþak vegna greiðslna sem framkvæmdar eru með greiðslumiðli, eins og þekkist með úttektarheimildir greiðslukorta; og loks veita upplýsingar um réttindi notanda greiðsluþjónustu ef um er að ræða greiðslur sem eru tengdar kortum sem falla undir kortasamtarf, sbr. lög um milligjöld fyrir kortatengdar greiðslur nr. 31/2019. Um er að ræða greiðslukort sem hafa að geyma fleira vörumerki en eitt, líkt og Dankort í Danmörku sem er samstarf Visa eða Mastercard annars vegar og svo Dankortsins hins vegar. Notandi greiðsluþjónustunnar þarf að geta vitað að hann geti valið hvaða kort í kortasamstarfinu hann noti hverju sinni.

3. tölul. snýr að gjaldtöku, vöxtum og gengi. Upplýsa skal notanda greiðsluþjónustu um öll gjöld sem honum ber að greiða greiðsluþjónustuveitanda, þ.m.t. þau sem tengjast því með hvaða hætti og hversu oft upplýsingar eru veittar og gerðar aðgengilegar og skulu fjárhæðir sundurliðaðar, ef við á. Ef við á skal enn fremur upplýsa notandann um þá vexti og gengi sem nota skal við veitingu greiðsluþjónustunnar; eða, ef nota á viðmiðunarvexti og viðmiðunargengi, upplýsingar um þá aðferð sem nota skal við útreikning á vöxtum og viðeigandi dagsetningu og vísitölu eða grunn til að ákvarða viðmiðunarvexti eða -gengi. Hægt er að semja um að vextir og gengi geti byggst á tilteknum viðmiðunarvöxtum og viðmiðunargengi án þess að alger fylgni sé þar á milli, þ.e. á milli þess hvernig vextir og gengi taka mið af viðmiðunarvöxtum og viðmiðunargengi, enda kann að vera málefnalegt að byggja á heildstæðu mati og taka tillit til annarra þátta, t.d. rekstrarkostnaðar, við ákvörðun á vaxtabreytingum. Loks skal, ef um það er samið, upplýsa notandann um að breytingar á viðmiðunarvöxtum eða viðmiðunargengi og tilkynningarskylda í tengslum við slíkar breytingar taki gildi þegar í stað í samræmi við 2. mgr. 56. gr. frumvarpsins. Orðin viðmiðunargengi og viðmiðunarvextir eru skilgreind í 47. og 48. tölul. 3. gr. frumvarpsins.

4. tölul. snýr að boðleiðum og samskiptum notanda greiðsluþjónustu við greiðsluþjónustuveitandann. Upplýsa skal notanda greiðsluþjónustu um það með hvaða hætti samskiptum við greiðsluþjónustuveitandann skuli háttað, þ.e. hvernig nauðsynlegum upplýsingum og tilkynningum skuli miðlað þeirra á milli. Ef við á skal upplýsa notanda um þær tæknilegu kröfur sem kunna að vera gerðar til búnaðar hans, t.d. tölvu og hugbúnaðar. Þá skal kynna fyrir notanda með hvaða hætti og hve títt upplýsingar skuli veittar eða gerðar aðgengilegar honum vegna greiðsluþjónustunnar, á hvaða tungumáli rammasamningur og boðskipti skuli vera; og rétt hans til að fá afhenta skilmála rammasamnings og upplýsingar og skilmála í samræmi við 55. gr. frumvarpsins (Upplýsingar og skilmálar rammasamnings skulu ávallt aðgengilegir notanda greiðsluþjónustu, t.d. á vefsíðu greiðsluþjónustuveitanda).

5. tölul. snýr að varúðarráðstöfunum og bótaábyrgð. Lýsa ber þeim ráðstöfunum sem notandi greiðsluþjónustu skal grípa til í því skyni að tryggja örugga varðveislu greiðslumiðils, t.d. varðveisla PIN númer greiðslukorta. Enn fremur skal upplýsa notanda um öruggt ferli sem greiðsluþjónustuveitandi notar til að tilkynna um grun eða eiginleg svik eða öryggisógn. Auk þess skal upplýsa notanda um það hvernig tilkynningu til greiðsluþjónustuveitanda skuli háttað verði hann var við að greiðsla hafi verið sett af stað með óheimiluðum hætti eða framkvæmd á rangan hátt, þjófnað eða misnotkun á greiðslumiðli eða óheimila notkun hans. Þá skal upplýsa notandann um skilyrði áskilnaðar greiðsluþjónustuveitanda til stöðvunar á notkun greiðslumiðils, ef um það er samið, um bótaábyrgð greiðanda vegna óheimilaðrar færslu og tilheyrandi fjárhæðarmörk, hvernig og innan hvaða tímamarka tilkynna skal greiðsluþjónustuveitanda um óheimilaða greiðslu sem hefur verið sett af stað á rangan hátt sem og ábyrgð greiðsluþjónustuveitanda á óheimiluðum greiðslum. Loks er gert ráð fyrir skyldu til að upplýsa notanda um bótaábyrgð greiðsluþjónustuveitanda á framkvæmd greiðslu skv. 94. gr. frumvarpsins og skilyrði fyrir endurgreiðslu skv. 82. gr. og 83. gr. frumvarpsins.

6. tölul. snýr að breytingum og uppsögn rammasamnings. Upplýsa skal notanda greiðsluþjónustu um að notandi teljist hafa samþykkt breytingar á skilmálum rammasamnings

skv. 56. gr. nema hann tilkynni greiðsluþjónustuveitanda að hann samþykki þær ekki áður en fyrirhugaður gildistími breytinganna hefst, ef um það er samið. Einnig skal upplýsa notanda um gildistíma rammasamnings og rétt notandans til uppsagnar rammasamnings í samræmi við 1. mgr. 56. gr. og 57. gr.

7. tölul. snýr að úrlausn ágreiningsmála. Upplýsa skal notanda greiðsluþjónustu um hvaða lög gilda um rammasamninginn og hvaða kosti notandinn á um úrlausn ágreiningsmála utan dómstóla og meðferð bótamála. Ákvæði 54. gr. frumvarpsins er nær efnislega samhljóða 40. gr. núgildandi laga um greiðsluþjónustu nr. 120/2011.

Um 55. gr.

Lagt er til að 53. gr. tilskipunarinnar verði innleidd með ákvæði 55. gr. frumvarpsins. Ákvæðið mælir fyrir um að skilmálar rammasamnings, svo og upplýsingar og skilmálar skv. 54. gr. skuli hvenær sem er meðan á samningssambandi stendur vera aðgengilegir notanda greiðsluþjónustu, á pappír eða öðrum varanlegum miðli. Þannig geti notandinn borið saman þjónustu ólíkra greiðsluþjónustuveitenda og skilmála þeirra, svo og í ágreiningsmálum gengið úr skugga um réttindi og skyldur samkvæmt samningnum. Ákvæði 55. gr. er samhljóða 41. gr. núgildandi laga um greiðsluþjónustu nr. 120/2011. Jafnframt er kveðið á um að greiðsluþjónustuveitandi geti uppfyllt skyldur sínar samkvæmt framangreindu með því að upplýsa notanda greiðsluþjónustunnar um það hvar gögnin og upplýsingarnar er að finna á vefsíðu sinni.

Um 56. gr.

Lagt er til að 54. gr. tilskipunarinnar verði innleidd með ákvæði 56. gr. frumvarpsins, um breytingar á skilmálum rammasamnings.

Í 1. mgr. er lagt til að tillögur að breytingum á rammasamningi skuli kynntar fyrir notanda greiðsluþjónustu eigi síðar en tveimur mánuðum fyrir fyrirhugaðan gildistíma breytinganna, á pappír eða varanlegum miðli. Breytingartillögurnar skulu vera skýrar og auðskiljanlegar, sbr. 2. mgr. 53. gr. frumvarpsins. Hafi aðilar samið um að notandi greiðsluþjónustu teljist hafa samþykkt slíkar breytingar ef hann tilkynnir ekki um annað áður en fyrirhugaður gildistími hefst skal greiðsluþjónustuveitandi upplýsa notandann um það. Í því tilviki skal greiðsluþjónustuveitandinn jafnframt taka fram að notandinn eigi rétt á að segja rammasamningnum upp þegar í stað án sérstakrar gjaldtöku áður en fyrirhugaðar breytingar öðlast gildi. Breytingar á rammasamningi sem eru til hagsbóta fyrir notanda greiðsluþjónustu og breytingar fela í sér nauðsynlegar leiðréttingar eða uppfærslur af lagalegum eða tæknilegum ástæðum geta tekið gildi þegar þær eru kynntar fyrir notanda greiðsluþjónustu.

Í 2. mgr. er fjallað um breytingar á vöxtum eða gengi. Lagt er til að slíkar breytingar öðlist gildi þegar í stað, án viðvörunar, ef samið hefur verið um slíkt í rammasamningi og breytingarnar byggjast á viðmiðunarvöxtum eða viðmiðunargengi sem samið hefur verið um. Tilkynna skal notanda greiðsluþjónustu um allar breytingar á vöxtum eins fljótt og kostur er, nema aðilar hafi komið sér saman um að slíkar upplýsingar skuli veittar eða gerðar aðgengilegar reglulega eða á tiltekinn annan hátt. Þó má breyta vöxtum eða gengi án tilkynningar ef slíkar breytingar eru notanda greiðsluþjónustu í hag. Orðin viðmiðunarvextir og viðmiðunargengi eru skilgreind í 47. og 48. tölul. 3. gr. frumvarpsins.

Í 3. mgr. er lagt til að kveðið verði á um að breytingar á vöxtum eða gengi sem notað er í greiðslum skuli framkvæmdar og reiknaðar á hlutlausan hátt, þannig að notendum greiðsluþjónustu sé ekki mismunað. Ákvæði 56. gr. er nær samhljóða 42. gr. núgildandi laga um greiðsluþjónustu nr. 120/2011.

Um 57. gr.

Lagt er til að 55. gr. tilskipunarinnar verði innleidd með ákvæði 57. gr. frumvarpsins, um uppsögn rammasamnings.

Í 1. mgr. er lagt til að kveðið verði á um almenna uppsagnarheimild notanda greiðsluþjónustu. Uppsögn taki gildi þegar í stað, nema samið hafi verið um tiltekinn uppsagnarfrest. Ekki er heimilt að semja um lengri uppsagnarfrest en sem nemur einum mánuði.

Í 2. mgr. er lagt til að kveðið verði á um að uppsögn rammasamnings, hvort heldur með föstum samningstíma eða með ótilteknum samningstíma, skuli vera notanda greiðsluþjónustu að kostnaðarlausu. Hér verði því nýtt valkvæð heimild 6. mgr. 55. gr. tilskipunarinnar, sem kveður á um að heimilt sé að gera uppsögn á greiðsluþjónustusamningum hagfelldari fyrir notendur en 55. gr. tilskipunarinnar kveður á um, í þessu tilviki 2. mgr. Samskonar valkvæða heimild var að finna í 6. mgr. 45. gr. 2007/64/EB og var innleidd með 2. mgr. 43. gr. núgildandi laga. Þannig hefur því framkvæmdin verið á Íslandi og sem dæmi má nefna uppsögn greiðslukortaviðskipta. Hér er því jafnframt horft til þess markmiðs tilskipunarinnar að auka neytendavernd. Minnt skal á að skv. 2. mgr. 41. gr. frumvarpsins má víkja frá ákvæðum IV. kafla með samningi þegar notandi greiðsluþjónustu er ekki neytandi. Því á ákvæði 2. mgr. 57. gr. frumvarpsins ekki að koma í veg fyrir að greiðsluþjónustuveitandi geti samið um sérstakt uppsagnargjald þegar notandi greiðsluþjónustu er ekki neytandi.

Í 3. mgr. er sérstaklega vikið að heimild greiðsluþjónustuveitanda til uppsagnar á rammasamningi um greiðsluþjónustu sem er með ótiltekinn samningstíma. Lagt er til að uppsagnarfrestur í slíkum tilvikum verði bundinn við a.m.k. tvo mánuði, í samræmi við 3. mgr. 68. gr. tilskipunarinnar, enda greini þá heimild í hlutaðeigandi rammasamningi. Notanda greiðsluþjónustu skal tilkynnt um uppsögnina með þeim hætti sem 1. og 2. mgr. 53. gr. frumvarpsins gera ráð fyrir, þ.e. á pappír eða öðrum varanlegum miðli, með skýrum og auðskiljanlegum hætti. Jafnframt er lagt til að greiðsluþjónstuveitandi geti í rammasamningi áskilið sér rétt til að segja upp rammasamningi eða tilteknum viðskiptum eða þjónustu á grundvelli rammasamnings, fyrirvaralaust og með einhliða tilkynningu til viðskiptavinar ef rökstuddur grunur er um að viðskiptavinur hafi brotið lög, reglur eða skilmála greiðsluþjónustuveitandans, ef rökstuddur grunur er um að viðskiptavinur eða þriðji aðili honum tengdur hafi misnotað eða muni misnota viðskiptasambandið, ef viðskiptin teljast að mati greiðsluþjónustuveitandans fela í sér hættu á peningaþvætti eða fjármögnun hryðjuverka eða ef viðskiptasambandið getur að mati greiðsluþjónustuveitandans skaðað orðspor hans verulega. Ákvæðinu er ætlað að draga úr rekstraráhættu og koma í veg fyrir sviksamlega starfsemi í greiðsluþjónustu og í fjármálakerfinu.

Í 4. mgr. er fjallað um áhrif uppsagnar rammasamnings á innheimtu greiðslna fyrir greiðsluþjónustu. Lagt er til að kveðið verði á um að notanda greiðsluþjónustu beri aðeins að greiða hlutfallsleg gjöld vegna greiðsluþjónustu, sem krafist er reglubundið á samningstíma, fram að gildistíma uppsagnar rammasamnings. Ef slík gjöld hafa verið greidd fyrirfram skuli þau endurgreidd notanda hlutfallslega. Ákvæði 57. gr. er efnislega samhljóða 43. gr. núgildandi laga um greiðsluþjónustu nr. 120/2011.

Um 58. gr.

Lagt er til að 56. gr. tilskipunarinnar verði innleidd með ákvæði 58. gr. frumvarpsins, um upplýsingagjöf áður en kemur til framkvæmdar einstakra greiðslna sem falla undir rammasamning, þ.e. um hámarksframkvæmdatíma og gjöld vegna framkvæmdar greiðslunnar. Ákvæði 58. gr. er samhljóða 44. gr. núgildandi laga um greiðsluþjónustu nr. 120/2011.

Um 59. gr.

Lagt er til að 57. gr. tilskipunarinnar verði innleidd með ákvæði 59. gr. frumvarpsins, um upplýsingagjöf gagnvart greiðanda eftir að fjárhæð einstakrar greiðslu sem fellur undir rammasamning er skuldfærð af reikningi greiðanda eða, ef greiðandi notar ekki greiðslureikning, eftir viðtöku greiðslufyrirmæla. Í 1. mgr. er kveðið á um að greiðsluþjónustuveitandi skuli tafarlaust veita greiðandanum nánar tilgreindar upplýsingar á pappír eða öðrum varanlegum miðli, með skýrum og auðskiljanlegum hætti. Ef greiðandi notar ekki greiðslureikning þá getur greiðsluþjónustuveitandi ekki vitað hvenær fjármunirnir eru skuldfærðir hjá greiðanda og því ber honum að upplýsa greiðanda strax eftir viðtöku greiðslufyrirmælanna. Þess skal getið vegna a-liðar að gefi greiðandinn einungis upplýsingar

um þann reikning sem greiðslan skal leggjast inn á þá getur greiðsluþjónustuveitandinn ekki veitt upplýsingar um hver greiðandinn var til viðtakanda greiðslunnar. Vegna c.-liðar 1. mgr. skal tekið fram að heimilt er að innheimta eina heildarþóknun en samhliða verður greiðsluþjónustuveitandi að veita greiðanda upplýsingar um sundurliðun gjalda. Vegna d-liðar 1. mgr. skal þess getið að óviðráðanlegar ytri aðstæður kunna t.d. að leiða til þess að grípa þurfi til notkunar á öðru gengi en upphaflega var upplýst um að notað yrði við framkvæmd greiðslu. Orðið gildisdagur er skilgreint í 10. tölul. 3. gr. frumvarpsins.

Í 2. mgr. er kveðið á um skyldu til að setja í rammasamning að upplýsingar skv. 1. mgr. ákvæðisins skuli veittar eða gerðar aðgengilegar reglulega, a.m.k. einu sinni í mánuði, með einhverjum þeim hætti, nánar skilgreindum í rammasamningi, sem gerir greiðanda kleift að geyma eða kalla fram upplýsingarnar óbreyttar án endurgjalds. Upplýsingar geta t.d. verið aðgengilegar í netbanka eða í appi eða í mánaðarlegu~~t~~ reikningsyfirliti á pappír. Ákvæði 59. gr. er nær efnislega samhljóða 45. gr. núgildandi laga um greiðsluþjónustu nr. 120/2011.

Um 60. gr.

Lagt er til að 58. gr. tilskipunarinnar verði innleidd með ákvæði 60. gr. frumvarpsins, um upplýsingagjöf gagnvart viðtakanda greiðslu eftir framkvæmd einstakrar greiðslu sem fellur undir rammasamning. Greiðsluþjónustuveitandi skal tafarlaust veita viðtakandanum nánar tilgreindar upplýsingar á pappír eða öðrum varanlegum miðli, með skýrum og auðskiljanlegum hætti. Þess skal getið vegna a-liðar 1. mgr. að gefi greiðandinn einungis upplýsingar um þann reikning sem greiðslan skal leggjast inn á þá getur greiðsluþjónustuveitandinn ekki veitt upplýsingar um hver greiðandinn var til viðtakanda greiðslunnar. Vegna c.-liðar 1. mgr. skal tekið fram að heimilt er að innheimta eina heildarþóknun en samhliða verður greiðsluþjónustuveitandi að veita viðtakanda greiðslu upplýsingar um sundurliðun gjalda. Vegna d.-liðar 1. mgr. skal þess getið að óviðráðanlegar ytri aðstæður kunna t.d. að leiða til þess að grípa þurfi til notkunar á öðru gengi en upphaflega var upplýst um að notað yrði við framkvæmd greiðslu. Orðið gildisdagur sem kemur fyrir í e.- lið er skilgreint í 10. tölul. 3. gr. frumvarpsins.

Í 2. mgr. er lagt til að heimilt verði að semja um það í rammasamningi að upplýsingar skv. 1. mgr. skuli veittar eða gerðar aðgengilegar reglulega, a.m.k. einu sinni í mánuði, með einhverjum þeim hætti, nánar skilgreindum í rammasamningi, sem gerir viðtakanda greiðslu kleift að geyma eða kalla fram upplýsingarnar óbreyttar, s.s. á pappír eða á öðrum varanlegum miðli án endurgjalds. Ákvæði 60. gr. er nær efnislega samhljóða 46. gr. núgildandi laga um greiðsluþjónustu nr. 120/2011.

Um 61. gr.

Lagt er til að 61. gr. tilskipunarinnar verði innleidd í 61. gr. frumvarpsins. Í 1. mgr. er lagt til að þegar notandi greiðsluþjónustu er ekki neytandi geti hann og greiðsluþjónustuveitandinn komið sér saman um að 1.-2. mgr. 62. gr. (skipting gjalda milli greiðanda og viðtakanda greiðslu), 3. mgr. 64. gr. (afturköllun samþykkis) og 78. gr. (Sannvottun vegna framkvæmdar greiðslu), 80. gr. (Ábyrgð greiðanda þegar um ræðir óheimilaða greiðslu), 82. gr. (endurgreiðslur á greiðslum sem viðtakandi greiðslu á frumkvæði að eða hefur milligöngu um), 83. gr. (Meðferð beiðna um endurgreiðslu vegna greiðslna sem viðtakandi greiðslu á frumkvæði að eða hefur milligöngu um), 86. gr. (Afturköllun greiðslufyrirmæla) og 94. gr. (Bótaábyrgð greiðsluþjónustuveitanda þegar framkvæmd greiðslu á sér ekki stað eða er gölluð og greiðslufyrirmæli eru gefin millilíðalaust) skuli ekki gilda í heild eða að hluta til. Téð ákvæði eru sérstaklega miðuð að neytendavernd og því í tilviki annarra en neytenda má semja

sig frá ákvæðunum. Einnig er lagt til að notandi greiðsluþjónustu og greiðsluþjónustuveitandinn geti komið sér saman um önnur tímamörk en þau sem mælt er fyrir um í 77. gr. Auk þess nýtir Ísland ekki heimild sem veitt er í 3. mgr. 61. gr. tilskipunarinnar um að ákvæðum IV. bálks sem innleidd eru í V.-VII. kafla verði beitt á örfyrirtæki á sama hátt og neytendur. Fyrirtæki á Íslandi eru smá á mælikvarða Evrópu og skilgreining á örfyrirtæki í tilmælum framkvæmdastjórnarinnar frá 6. maí 2002 (Stjtíð. ESB L 124, 20.5.2003, bls. 36) er fyrirtæki með færri en 10 starfsmenn og árleg velta eða efnahagsreikningur fari ekki yfir 2 milljónir evra. Það eru því ekki örfyrirtæki á íslenskan mælikvarða. Í annarri löggjöf á fjármálamarkaði er ekki heldur verið að nýta samskonar heimild. Í 3. mgr. er lagt til að í þeim tilvikum að lög um neytendalán nr. 33/2013 eða önnur löggjöf kveði á um önnur skilyrði fyrir lánveitingu til neytenda en greinir í þessum lögum þá gangi þau framar þessum lögum. Ákvæði 61. gr. er á margan hátt efnislega samhljóða 1. mgr. 47. gr., 3. mgr. 49. gr., 2. mgr. 53. gr., 3. mgr. 54. gr., 6. mgr. 56. gr., 6. mgr. 57. gr., 4. mgr. 58. gr. og 6. mgr. 61. gr. í gildandi lögum um greiðsluþjónustu nr. 120/2011.

Um 62. gr.

Lagt er til að 62. gr. tilskipunarinnar verði innleidd í ákvæði 62. gr. frumvarpsins, um gjaldtöku.

Í 1. mgr. er lagt til að meginreglan verði sú að greiðsluþjónustuveitanda sé ekki heimilt að innheimta gjald af notendum greiðsluþjónustu vegna upplýsinga sem honum er skylt að veita samkvæmt ákvæðum V.-VII. kafla/frumvarpsins, eða vegna leiðréttingarráðstafana og fyrirbyggjandi ráðstafana samkvæmt V.-VII. kafla. Frumvarpið gerir hins vegar ráð fyrir undantekningum frá þeirri meginreglu. Í samræmi við 1. mgr. 61. gr. frumvarpsins er minnt á að 1. mgr. 62. gr. er frávíkjanleg þegar notandi greiðsluþjónustu er ekki neytandi.

Í 2. mgr. er kveðið á um að greiðsluþjónustuveitandi og notandi greiðsluþjónustu skuli semja um gjöldin sín á milli og að þau verði hvorutveggja að vera viðeigandi og megi ekki vera hærri en raunverulegur kostnaður greiðsluþjónustuveitandans.

Í 3. – 4. mgr. er lagt til að kveðið verði á um að viðtakandi greiðslu skuli bera kostnað af gjaldtöku greiðsluþjónustuveitanda hans vegna framkvæmdar greiðslu, og greiðandi sömuleiðis gagnvart sínum greiðsluþjónustuveitanda, ef greiðslan er innan Evrópska efnahagssvæðisins og greiðsluþjónustuveitendur viðtakanda og greiðanda séu það einnig.

Í 5. mgr. er lagt til að nýta valkvætt ákvæði 5. mgr. 62. gr. tilskipunarinnar. Samkvæmt 5. mgr. 62. gr. tilskipunarinnar er aðildarríkjum heimilað að banna eða takmarka rétt viðtakanda greiðslu til að krefjast gjalda að teknu tilliti til nauðsynjar þess að efla samkeppni og notkun skilvirkra greiðslumiðla. Að því sögðu er hér lagt til að viðtakanda greiðslu verði óheimilt að krefjast gjalds af greiðanda vegna notkunar tiltekins greiðslumiðils umfram aðra greiðslumiðla. Sambærileg heimild bauðst aðildarríkjum í 2. málsl. 2. mgr. 52. gr. tilskipunar 2007/64/EB og var hún nýtt í 3. mgr. 47. gr. núgildandi laga um greiðsluþjónustu nr. 120/2011. Í greinargerð með 3. mgr.

47. gr. núgilandi laga um greiðsluþjónustu nr. 120/2011 sagði m.a.,,Málsgrein þessi er því, að mati frumvarpshöfunda, í samræmi við markmið Evrópusambandsins og Evrópska efnahagssvæðisins um rafrænt samfélag. Hafa verður í huga gildandi reglur um verðmerkingar og aðrar verðupplýsingar sem gera seljendum vöru og þjónustu m.a. skylt að birta endanlegt verð þar sem vara eða þjónusta er boðin til sölu. Með öðrum orðum er hætta á að reglur um verðmerkingar og verðupplýsingar yrðu ekki í heiðri hafðar þar sem endanlegt verð til neytanda verður að vera án nokkurra viðbótarálaga. Það þýðir að söluaðili vöru eða þjónustu yrði að greina við verðmerkingu hvert væri hið endanlega verð óháð greiðslumiðli. Með því að nýta ekki hið valkvæða ákvæði tilskipunarinnar yrðu skilyrði sköpuð til samkeppni milli

ólíkra tegunda greiðslumiðla. Líklegast er að samkeppni greiðslumiðla yrði á milli reiðufjár og greiðslukorta. Aukning reiðufjár í umferð hefur í för með sér kostnað við prentun seðla og myntsláttu og kann þar að auki að leiða til frekari skattundandráttar en ella. Vegna þess hve notkun greiðslukorta á Íslandi er víðtæk hafa skattyfirvöld einmitt nýtt sér greiðslukortaveltu rekstraraðila sem sterka vísbendingu við áætlun raunverulegrar veltu. Er um að ræða mikilvægar hagrænar upplýsingar fyrir skattyfirvöld. Kjósi neytendur reiðufé í auknum mæli sem greiðslumiðil er líklegt að erfiðara verði fyrir skattyfirvöld að áætla raunverulega veltu sem getur þá bæði verið of- eða vanáætluð eða jafnvel áætlun veltu ekki talin nægjanlega rökstudd með vísan til greiðslukortaveltu. Rafrænar greiðslur eru enn fremur í samræmi við markmið Evrópusambandsins, sbr. SEPA. Hvað viðvíkur samkeppni á milli greiðslumiðla þá er hætta á að í tilviki greiðslukorta muni neytandinn missa yfirsýn yfir hvaða greiðslukort séu honum hagstæðust í notkun á hverjum sölustað. Þjónustugjöldum vegna móttöku greiðslumiðla hefur nú þegar verið velt í verðlagið til neytenda, af hálfu söluaðila. Verður að teljast ólíklegt að söluaðilar muni við heimild til að innheimta kostnað lækka vöruverð sitt á sama tíma. Er því líklegt að þarna verðir til auknar álögur á neytendur bæði strax í kjölfar þess að heimild fæst og við vörukaup með greiðslumiðlum sem söluaðili vill leggja á viðbótargjald vegna notkunar þess. Frumvarpshöfundar telja það því í anda þeirra neytendahagsmuna sem tilskipun 2007/64/EB sem hér er verið að innleiða að með jákvæðum hætti verði lagt bann við þess konar álögum.“ Í 5. mgr. er auk þess lagt til að viðtakanda greiðslu verði heimilað að bjóða afslátt eða með öðrum hætti stýra greiðanda að notkun tiltekins greiðslumiðils sem þó er ekki með því að innheimta gjald en gæti t.d. verið í formi punktasöfnunar og fríðinda. Ákvæði 62. gr. er efnislega samhljóða 31. gr. og 47. gr. núgildandi laga nr. 120/2011. Ákvæði 2. málsl. 5. mgr. er nýmæli og innleiðing á 1. málsl. 3. mgr. 62. gr. tilskipunarinnar.

Um 63. gr.

Lagt er til að 63. gr. tilskipunarinnar verði innleidd í 63. gr. frumvarpsins.

Í gildandi lögum um greiðsluþjónustu nr. 120/2011, hafði ráðherra verið falið að gefa út reglugerð um undanþágur frá kröfum um upplýsingagjöf vegna smágreiðslumiðla. Reglugerðin hefur ekki verið gefin út og þykir rétt að innleiða ákvæði 63. gr. tilskipunarinnar í frumvarp þetta.

Í 1. mgr. er lagt til að greiðsluþjónustuveitandi geti í rammasamningi um smágreiðslumiðil við notanda greiðsluþjónustu vikið frá 3. mgr. 75. gr. (tilkynna greiðsluþjónustuveitanda tafarlaust um tap, þjófnað), 4. mgr. 76. gr. (tilkynning notanda greiðsluþjónustu) og 6. mgr. 80. gr. (Bótaábyrgð greiðanda vegna óheimilaðra greiðslna) ef ekki er unnt að stöðva notkun greiðslumiðilsins eða koma í veg fyrir frekari notkun hans, 78. gr. (Sannvottun vegna framkvæmdar greiðslu) og 79. gr. (Bótaábyrgð greiðsluþjónustuveitanda þegar um ræðir óheimilaða greiðslu), og 1.-4. mgr. og 6. mgr. 80. gr. (Bótaábyrgð greiðanda þegar um ræðir óheimilaða greiðslu) ef greiðslumiðill er notaður undir nafnleynd eða greiðsluþjónustuveitandinn er ekki í stakk búin, af öðrum ástæðum sem eru órjúfanlegur hluti greiðslumiðilsins, til að sýna fram á að greiðslan hafi verið heimiluð og vikið frá 1.-2. mgr. 85. gr. um tilkynningarskyldu til notanda greiðsluþjónustu um synjun á greiðslufyrirmælum ef greinilegt er af málavöxtum að þau hafi ekki verið framkvæmd.

Í 2. mgr. er lagt til að greiðsluþjónustuveitandi geti einnig í rammasamningi um smágreiðslumiðil við notanda greiðsluþjónustu samið um að greiðandi geti ekki, þrátt fyrir 86. gr. (Afturköllun greiðslufyrirmæla), afturkallað greiðslufyrirmæli eftir að hafa sent greiðslufyrirmæli eða veitt samþykki sitt fyrir framkvæmd greiðslunnar til viðtakanda greiðslu og að þrátt fyrir 89. gr. (Greiðsla á greiðslureikning) og 90. gr. (Aðstæður þegar viðtakandi

greiðslu er ekki með greiðslureikning hjá greiðsluþjónustuveitanda) gildi önnur framkvæmdatímabil sem tilgreind eru þá í rammasamningnum.

Í 3. mgr. er. lagt til að ákvæði 79. gr. (Bótaábyrgð greiðsluþjónustuveitanda þegar um ræðir óheimilaða greiðslu) og 80. gr. (Bótaábyrgð greiðanda þegar um ræðir óheimilaða greiðslu) nái einnig til greiðslna með rafeyri. Frá þessu er þó sú undantekning að í þeim tilvikum að greiðsluþjónustuveitandi greiðanda hafi ekki getu til að frysta greiðslureikninginn sem geymir rafeyrinn eða loka greiðslumiðlinum þá eiga 79. gr. og 80. gr. ekki við. Ákvæðið er nýmæli.

Um 64. gr.

Lagt er til að 64. gr. tilskipunarinnar verði innleidd í 64. gr. frumvarpsins. Samkvæmt ákvæðinu telst greiðsla því aðeins heimiluð að greiðandi hafi veitt samþykki fyrir framkvæmd hennar, sbr. 1. mgr. Þekktar aðferðir þar sem greiðandi gefur til kynna samþykki sitt er innsláttur PIN-númers vegna greiðslukorts í posa, einnig notkun á rafrænu auðkenni. Samþykki skal veitt á því formi sem greiðandi og greiðsluþjónustuveitandi hans koma sér saman um, sbr. 2 mgr. Getur slíkt átt sér stað t.d. með því að slá inn kóða eða rafrænt auðkenni í netbanka. Í 4. mgr. er aukinheldur bætt við að samþykki skuli veitt með þeirri aðferð sem sömu aðilar koma sér saman um. Ef samþykki er ekki fyrir hendi telst greiðsla ekki hafa verið heimiluð. Gert er ráð fyrir að greiðsluþjónustuveitandi geti ákveðið við hvaða aldursmörk skuli miðað til þess að einstaklingur geti gert rammasamning og til þess að veita samþykki fyrir framkvæmd greiðslu.

Í 3. mgr. er fjallað um afturköllun samþykkis. Ákvæði 80. gr. tilskipunarinnar kveður nánar á um það tímamark og aðstæður sem samþykki fyrir framkvæmd greiðslu verður óafturkallanlegt. Þessi málsgrein er frávíkjanleg þegar notandi greiðsluþjónustu er ekki neytandi, líkt og 1. mgr. 61. gr. frumvarpsins gerir ráð fyrir.

Ákvæði 64. gr. er nær efnislega samhljóða 49. gr. núgildandi laga um greiðsluþjónustu nr. 120/2011.

Um 65. gr.

Lagt er til að 65. gr. tilskipunarinnar verði innleidd í 65. gr. frumvarpsins. Ákvæði 65. gr. frumvarpsins er nýmæli.

Í 1. mgr. er lagt til að greiðsluþjónustuveitandi sem veiti reikningsþjónustu skuli þegar í stað eftir að honum hefur borist beiðni frá útgefanda kortatengds greiðslumiðils staðfesta hvort fjárhæðin sem nauðsynleg er til að framkvæma kortatengda greiðslu sé aðgengileg á greiðslureikningi greiðandans, að því tilskildu að þrennskonar skilyrði séu uppfyllt. Fyrsta skilyrðið er að greiðslureikningur greiðandans er aðgengilegur á Netinu þegar beiðnin er sett fram. Aðgengilegur á Netinu þýðir að upplýsingatæknikerfi sem geymi greiðslureikninginn sé beintengt Netinu og geti samstundis séð innstæðu á honum. Ekki er gert að skilyrði að notandi hafi nýtt sér aðgengi að netbanka.

Annað skilyrðið um að fjárhæðin sem samsvarar tiltekinni kortatengdri greiðslu sé aðgengileg á greiðslureikningi greiðandans þýðir að fjárhæðin sé á sama tíma ekki frátekin fyrir aðra greiðslu. Í öðru skilyrði er einnig gerð krafa um skýlaust samþykki og það þýðir að hvorki „þögn er sama og samþykki“ né athafnaleysi er fullnægjandi og óbeint samþykki ekki heldur. Sönnunarbyrði fyrir því að skýlaust samþykki liggi fyrir hvílir á útgefanda kortatengda greiðslumiðilsins. Þess má geta að „skýlaust samþykki“ er í tilskipuninni á ensku „explicit consent“. Sú tegund samþykkis hefur verið þýtt í lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga og evrópsku persónuverndarreglugerðinni (ESB) 2016/679 sem „afdráttarlaust samþykki“ og er það ein möguleg vinnsluheimild fyrir vinnslu viðkvæmra persónuupplýsinga. Evrópska persónuverndarráðið hefur gefið það út að „explicit consent“ sem kemur fyrir í 2. mgr. 94. gr. tilskipunarinnar sé ekki það sama og „explicit consent“ í

Commented [JBG14]: Í greininni er gert ráð fyrir að staðfesting eigi aðeins að vera einfalt „já“ eða „nei“ …“. Hér þarf að huga að samspili við „partial approval“ sem getur verið algengt t.d. þegar greiðslumiðill er notaður við eldsneytiskaup á bensíndælum.

persónuverndarreglugerðinni. Telur Evrópska persónuverndarráðið að skýlaust samþykki í 2. mgr. 94. gr. tilskipunarinnar sé viðbótarskilyrði fyrir vinnsluheimildina „samningur“ þ.e.a.s. 2. tölul. 9. gr. laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga. Þriðja skilyrðið er að samþykki greiðanda hafi verið veitt áður en fyrsta beiðnin um staðfestingu er sett fram.

Í 2. mgr. eru lögð til þau þrjú skilyrði sem útgefandi kortatengds greiðslumiðils þarf að uppfylla til að geta óskað eftir staðfestingunni skv. 1. mgr. Hvað varðar fyrsta skilyrðið í a-lið þá verður samþykki að vera gefið með athöfn, þögult samþykki er ekki tekið gilt og óbeint samþykki ekki heldur, þetta eru sömu kröfur og tiltekið er vegna annars skilyrðis í 1. mgr. Í öðru skilyrði er gerð krafa til þess að það sé útgefandi kortatengda greiðslumiðilsins hafi samband við greiðsluþjónustuveitanda með reikningsþjónustu. Greiðsluþjónustuveitandandi með reikningsþjónustu skal tryggja að skýlaust samþykki stafi frá réttum greiðsluþjónustuveitanda þ.e.a.s. greiðsluþjónustuveitandanum sem gaf út kortatengda greiðslumiðilin en ellegar hafna beiðninni. Þriðja skilyrðið í c.-lið 2. mgr. er að útgefandi kortatengds greiðslumiðils skuli auðkenna sig gagnvart greiðsluþjónustuveitandanum sem veitir reikningsþjónustu fyrir hverja beiðni og með öruggum samskiptum við greiðsluþjónustuveitandann sem veitir reikningsþjónustu í samræmi við reglur Seðlabanka Íslands, sbr. 2. mgr. 117. gr. Hafi t.d. notandi greiðsluþjónustu auðkennt sig til að koma inn í netbanka þá hefur auðkenning gagnvart greiðsluþjónustuveitanda sem veitir reikningsþjónustu átt sér stað. Örugg samskipti eru nauðsynleg til þess að greiðsluþjónustuveitandi sem veitir reikningsþjónustu getur verið þess fullviss að greiðsluþjónustuveitandi sem óskar staðfestingar sé til þess bær og ekki sé um að ræða tilraun til svika. Auðkenning getur t.d. átt sér stað í samræmi við lög um auðkenningu og traustþjónustu fyrir rafræn viðskipti.

Í 3. mgr. er kveðið á um að staðfesting megi einungis vera í formi „já“ eða „nei“ og því má greiðsluþjónustuveitandinn sem veitir reikningsupplýsingaþjónustu ekki veita frekari upplýsingar t.d. um heildarinnstæðu á greiðslureikningi eða síðustu úttektir. Að sama skapi er hann ekki ábyrgur fyrir að nóg sé á greiðslureikningi þegar dregið er á hann ef t.d. stuttu eftir að beiðnin var send hafi notandi greiðsluþjónustunnar tekið út af reikningnum.

Í 4. mgr. er lagt til að greiðandi geti beðið um að honum verði sendar upplýsingar um deili á útgefanda kortatengda greiðslumiðilsins og svarið sem greiðsluþjónustuveitandinn sem veitir reikningsþjónustu gaf. Með þessu móti getur greiðandi verið með eigið eftirlit með umgengni um greiðslureikninginn sinn.

Að endingu er rafeyrir á kortatengdum greiðslumiðlum undanþegin ákvæðum 1.– 4. mgr. þar sem þessi framkvæmd gæti ekki átt við um rafeyri.

Um 66. gr.

Lagt er til að 1. og 5. mgr. 66. gr. ásamt 1. og 4. mgr. 67. gr. tilskipunarinnar verði innleiddar í 66. gr. frumvarpsins sem fjallar um skilyrði fyrir að nýta sér greiðsluvirkjun eða reikningsupplýsingaþjónustu. Í 1. mgr. er lagt til að annars vegar verði greiðslureikningur greiðanda að vera aðgengilegur á Netinu s.s. í gegnum netbanka eða farsímabanka eða með annarri tæknilausn sem á eftir að þróast og þjóna sama tilgangi. Hins vegar má greiðsluþjónustuþjónustuveitandi greiðandans sem veitir reikningsþjónustu ekki gera að skilyrði að fyrirliggjandi sé samningssamband milli hans annars vegar og greiðsluvirkjanda eða reikningsupplýsingaþjónustuveitanda eftir atvikum, hins vegar. Í samræmi við 98. gr. tilskipunarinnar hefur Framkvæmdastjórn Evrópu gefið út reglugerð (ESB) 2018/389 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2366 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla um sterka sannvottun viðskiptavina og örugga opna staðla vegna samskipta (e.

Commented [JBG15]: Skýra þarf betur hverjir geta verið útgefendur kortatengds greiðslumiðils skv 65. gr. frumvarpsins. Það er erfitt að átta sig á hverjir þetta eru og hvaða leyfi þeir þurfa að hafa. Frumvarpið skýrir þetta ekki nægilega vel út. Þetta eru hinir svokölluðu third party providers sem einhvern veginn lítið er rætt um.

Commented [JBG16]: eIDAS skilgreinir og notar hugtökin „auðkenning“ (e. identification) og „sannvottun“ (e. authentication“). PSD2 skilgreininr seinna hugtakið en notar einnig fyrra hugtakið. Sama er að segja með þetta frumvarp. Skilgreiningarnar í eIDAS og PSD2 fara hins vegar ekki að öllu leyti saman. Spurning er hvort hugtakið „auðkenning“ sé skilgreint eða útskýrt í frumvarpinu eða greinargerðinni og hvernig það tengist hugtakinu „sannvottun“.

technical standards for strong customer authentication and common and secure open standards of communication). Þar er lagt til í 1. mgr. 30. gr. að greiðsluþjónustuveitandi sem veitir reikningsupplýsingaþjónustu skuli a.m.k. bjóða eina samskiptaleið til að tryggja aðgang greiðandans að þjónustu greiðsluvirkjanda eða reikningsupplýsingaþjónustuveitanda eftir atvikum. Samskiptaleiðin þarf ekki að vera sú sama og greiðsluþjónustuveitandinn sem veitir reikningsupplýsingaþjónustu býður notanda greiðsluþjónustunnar, sbr. 31. gr. reglugerðarinnar en þarf eigi að síður að uppfylla kröfur hennar. Tilgangur ákvæðisins er að auka samkeppni á markaði greiðsluþjónustu t.d. varðandi útgáfu greiðslukorta og í formi millifærslna frá greiðanda til viðtakanda greiðslu án notkunar greiðslukorts. Í 2. mgr. 117. gr. er Seðlabanki Íslands skyldugur til að setja reglur um nánari framkvæmd tilskipunar (ESB) 2015/2366 um sannvottun skv. 97. gr. hennar.

Bann við því að greiðsluþjónustuveitandi sem veitir reikningsupplýsingaþjónustu megi krefjast samningssambands er til þess að útiloka að slík krafa geti verið hindrun fyrir innkomu nýrra þjónustuaðila inn á greiðsluþjónustumarkað. Ákvæðið er nýmæli. Bannið kemur þó ekki í veg fyrir að aðilar komi sér saman um að gerður sé samningur sem ætlað er að skýra ferla og tæknilegar kröfur og stuðla að öryggi við framkvæmd greiðsluvirkjunar eða reikningsupplýsingaþjónustu. Bannið kemur heldur ekki í veg fyrir að greiðsluþjónustuþjónustuveitandi greiðandans sem veitir reikningsþjónustu setji það skilyrði að greiðsluvirkjendur og reikningsupplýsingaþjónustuveitandur uppfylli á hverjum tíma þær kröfur sem leiða af framangreindum reglum Seðlabanka Íslands.

Um 67. gr.

Lagt er til að 2. mgr. og a.-, b.-, d.- og h.- liður 3. mgr. 66. gr. verði innleiddar í 67. gr. frumvarpsins sem fjallar um skyldur á greiðsluvirkjanda vegna veitingu greiðsluþjónustu.

Í 1. mgr. er lagt til að greiðsluvirkjandi verði að afla skýlauss samþykkis frá greiðanda áður en hann getur sett af stað greiðslu. Hér er verið að gera sömu kröfur og í 1. og 2. mgr. 65. gr. Samþykki má hvorki vera veitt með þögn né athafnaleysi og óbeint samþykki er heldur ekki fullnægjandi sem skýlaust samþykki. Sönnunarbyrði fyrir því að skýlaust samþykki liggi fyrir hvílir á greiðsluvirkjanda. Í 2. mgr. eru lögð á greiðsluvirkjanda skilyrði er lúta að tryggum og öruggum samskiptum milli greiðsluvirkjanda og notanda greiðsluþjónustunnar og hans greiðsluþjónustuveitanda sem veitir reikningsþjónustu. Í a-lið 2. mgr. er vísað í persónubundin öryggisskilríki sem eru skilgreind í 31. tölul. 3. gr. frumvarpsins. Með tilkomu greiðsluvirkjanda er komið fram nýr aðili á milli notanda greiðsluþjónustu og hans greiðsluþjónustuveitanda sem veitir reikningsþjónustu. Greiðsluvirkjandi hefur samband við hinn síðarnefnda fyrir hönd greiðanda í stað þess að hann hafi beint samband sjálfur. Af þeim sökum er nauðsynlegt, til að draga úr líkum á svikum, að greiðsluvirkjandi auðkenni sig ávallt gagnvart greiðsluþjónustuveitanda greiðandans sem veitir reikningsþjónustu. Auðkenning getur t.d. átt sér stað í samræmi við lög um auðkenningu og traustþjónustu fyrir rafræn viðskipti. Í 2. mgr. 117. gr. er lögð skylda á Seðlabanka Íslands að setja reglur vegna framkvæmdar 97. gr. tilskipunarinnar um sannvottun. Í samræmi við 98. gr. tilskipunarinnar hefur Framkvæmdastjórn Evrópu gefið út reglugerð (ESB) 2018/389 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2366 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla um sterka sannvottun viðskiptavina og almenna örugga opna staðla vegna samskipta (e. technical standards for strong customer authentication and common and secure open standards of communication) sem m.a. tilgreina kröfurnar um sterka sannvottun viðskiptavinar sem um getur í 1. og 2. mgr. 97. gr. tilskipunarinnar. Þar er nánar fjallað um þá þætti sem koma fram í a.-c.-lið 1. mgr.

Í 3. mgr. er lagt til að greiðsluvirkjandi megi aldrei geyma fjármuni greiðandans í tengslum við veitingu greiðsluvirkjunar og hvorki breyta fjárhæð, viðtakanda greiðslunnar né öðrum þáttum greiðslunnar. Tilgangurinn með ákvæðinu er að leggja þá skyldu á greiðsluvirkjanda að koma í veg fyrir að misnotkun geti átt sér stað á fjármunum notanda greiðsluþjónustunnar. Hafi greiðsluvirkjandi, sbr. 19. tölul. 3. gr., fengið skýlaust samþykki notanda til að setja af stað greiðslu og eigi sér stað mistök í tengslum við greiðslufyrirmælin getur

greiðsluvirkjandinn ekki gert breytingar á greiðslufyrirmælunum. Notandi verður að byrja upp á nýtt að óska eftir við greiðsluvirkjanda að hann setji af stað greiðslu fyrir hans hönd. Slík framkvæmd kemur einnig fram í 94.-95. gr. og 97. gr. en samkvæmt þeim ber greiðsluvirkjandi hlutlæga ábyrgð á að framkvæma greiðslufyrirmæli í samræmi við upplýsingar notandans. Ákvæðið er nýmæli.

Um 68. gr.

Lagt er til að c.-, e.- og g.- liður 3. mgr. 66. gr verði innleidd í 68. gr. frumvarpsins sem fjallar um meðhöndlun gagna og upplýsinga sem greiðsluvirkjandi aflar.

Í 1. mgr. er lagt til að skýrt verði tekið á því að gögn sem aflað er í þeim tilgangi að veita greiðsluvirkjun megi hvorki nota, nálgast né geyma í öðrum tilgangi. Það þýðir m.a. að ekki má nota þessi gögn til að millifæra fjármuni. Ákvæði 1. mgr. verður að skoðast í samhengi við

99. gr. um persónuvernd. ~~Greiðsluvirkjandinn getur hins vegar gert samning við notanda greiðsluþjónustunnar um notkun gagnanna í öðrum tilgangi sem tengist ekki veitingu greiðsluþjónustunnar t.d. að halda til haga upplýsingum um hvar og hjá hvaða söluaðilum fjármunum var eytt og hve mikið og einnig til að geta boðið upp á vildar- og fríðindakerfi.~~

Í 2. mgr. kemur fyrir hugtakið viðkvæm greiðslugögn en það er skilgreint í 46. tölul. 3. gr. frumvarpsins og þar með talin eru persónbundin öryggisskilríki. Ákvæðið tekur því til annarra tilvika en koma fram í 99. gr. Upplýsingar sem unnt er að beita í sviksamlegum tilgangi eru t.d. þeir þrír þættir sem mynda persónubundin öryggisskilríki, án þess að hver þáttur um sig teljist persónugreinanlegur og því til persónuupplýsinga. Á hinn bóginn eru nafn og reikningsnúmer persónuupplýsingar án þess að teljast viðkvæm greiðslugögn. Ákvæðið skal einnig skoðast í samhengi við a.-lið 2. mgr. 67. gr. Það þýðir að ákvæði 2. mgr. kemur ekki í veg fyrir að greiðsluvirkjandinn meðhöndli viðkvæm greiðslugögn í tengslum við að miðla áfram persónubundnum öryggisskilríkjum en hann má þá ekki geyma þau. Ákvæðið er nýmæli.

Í 3. mgr. er lagt til að aðrar upplýsingar sem fást við veitingu greiðsluvirkjunar megi greiðsluvirkjandi einungis veita viðtakanda greiðslunnar og með því skilyrði að notandi greiðsluþjónustunnar hafi veitt til þess skýlaust samþykki sitt.

Um 69. gr.

Lagt er til að 4. mgr. 66. gr verði innleidd í 69. gr. frumvarpsins sem fjallar um skyldur greiðsluþjónustuveitanda sem veitir reikningsþjónustu er lúta að aðgengileika upplýsinga, öruggra samskipta og framkvæmd greiðslufyrirmæla án mismununar. Ákvæðið er nýmæli.

Í 1. mgr. er lagt til að greiðsluþjónustuveitandi sem veitir reikningsþjónustu skuli þegar í stað eftir viðtöku greiðslufyrirmæla frá greiðsluvirkjanda, veita eða gera aðgengilegar allar upplýsingar um framkvæmd greiðslunnar og allar upplýsingar sem eru aðgengilegar honum að því er varðar framkvæmd greiðslunnar til greiðsluvirkjanda. Ákvæðið er til að tryggja að greiðsluþjónustuveitandi sem veitir reikningsþjónustu, sem langoftast er banki, geti ekki komið í veg fyrir eða gert það verulega erfitt fyrir notanda greiðsluþjónustu að nýta sér þjónustu greiðsluvirkjanda. Hinn síðastnefndi skal vera jafnsettur greiðsluþjónustuveitanda sem veitir reikningsþjónustu þegar kemur að aðgengi að upplýsingum um framkvæmd greiðslunnar og hvenær þær eru honum aðgengilegar. Um er að ræða innleiðingu á b-lið 4. mgr. 66. gr. tilskipunarinnar.

Í 2. mgr. er lagt til að greiðsluþjónustuveitandi sem veitir reikningsþjónustu skuli hafa örugg samskipti við greiðsluvirkjendur í samræmi við reglur Seðlabanka Íslands. Seðlabanki Íslands mun setja reglur um það efni, sbr. 2. mgr. 117. gr. Markmiðið er að tryggja að samskipti milli greiðsluþjónustuveitanda sem veitir reikningsþjónustu og greiðsluvirkjanda eigi sér stað með öruggum hætti. Um er að ræða innleiðingu á a-lið 4. mgr. 66. gr. tilskipunarinnar.

Commented [JBG17]: Lagt er til að þetta fari út. Hvaðan kemur þetta? Ekki innleiðing á c.-, e.- og g.- liður 3. mgr. 66. gr. tilskipunarinnar. Í 99. gr. frumvarpsins kemur fram að greiðsluþjónustuveitendur skuli aðeins afla, vinna og viðhalda nauðsynlegum persónuupplýsingum til að geta veitt greiðsluþjónustu að fengnu skýlausu samþykki notanda greiðsluþjónustunnar.

Í 3. mgr. er lagt til að greiðsluþjónustuveitandi sem veitir reikningsþjónustu megi ekki mismuna greiðslufyrirmælum, sem send eru fyrir milligöngu greiðsluvirkjanda gagnvart greiðslufyrirmælum sem greiðandinn sendir beint, nema af hlutlægum ástæðum einkum með tilliti til tímasetningar, forgangs eða gjalda. Mismunun getur falist í því að á notanda greiðsluþjónustunnar yrði lagt gjald vegna greiðslufyrirmæla sem framkvæmd væru fyrir hann fyrir milligöngu greiðsluvirkjanda en ekki ef hann myndi framkvæma þau beint hjá greiðsluþjónustuveitanda sínum sem býður reikningsþjónustu. Um er að ræða innleiðingu á c-lið 4. mgr. 66. gr. tilskipunarinnar.

Um 70. gr.

Lagt er til að a.-d.-liður 2. mgr. 67. gr. tilskipunarinnar verði innleidd í 70. gr. frumvarpsins. Ákvæðið er nýmæli. Í 1. mgr. er lagt til að reikningsupplýsingaþjónustuveitandi verði að afla skýlauss samþykkis frá notanda greiðsluþjónustunnar áður en hann veitir reikningsupplýsingaþjónustuna. Það þýðir líkt og kemur fram í greinargerð með 65. gr. og 67. gr. frumvarpsins að hvorki „þögn er sama og samþykki“ né athafnaleysi er fullnægjandi og óbeint samþykki ekki heldur. Sönnunarbyrði fyrir því að skýlaust samþykki liggi fyrir hvílir á reikningsupplýsingaþjónustuveitanda. Í samþykkinu þarf skýrlega að koma fram um hvaða reikninga er að ræða og hjá hvaða greiðsluþjónustuveitanda sem býður notanda greiðsluþjónustunnar reikningsþjónustu, t.d. hvaða bankareikningur í hvaða banka. Skoða verður áskilnaðinn með hliðsjón af 102. gr. sem kveður á um að tryggja trúnað og heilleika upplýsinga notanda. Það getur verið nauðsynlegt að reikningsupplýsingaþjónustuveitandi áframsendi samþykkið til greiðsluþjónustuveitanda sem býður notanda greiðsluþjónustu reikningsþjónustu svo hann geti verið viss um að notandi greiðsluþjónustunnar hafi gefið samþykki sitt. Slíkt verður að eiga sér stað í samræmi við reglur Seðlabanka Íslands skv. 2. mgr. 117. gr.

Í 2. mgr. er lagt til að reikningsupplýsingaþjónustuveitandi megi aðeins nálgast upplýsingar frá tilnefndum greiðslureikningnum og tengdum greiðslum. Tilgangurinn er að tryggja að reikningsupplýsingaþjónustuveitandinn fái ekki aðgang að öðrum gögnum en þeim sem nauðsynleg eru til að veita reikningsupplýsingaþjónustuna og að sama skapi notandi greiðsluþjónustunnar hefur gefið samþykki sitt til. Í a-c-lið 3. mgr. eru lagðar til kröfur á reikningsupplýsingaþjónustuveitandann sem lúta að öruggum samskiptum milli hans, notanda greiðsluþjónustunnar, greiðsluþjónustuveitanda notanda greiðsluþjónustunnar sem veita notandanum reikningsþjónustu og annarra. Í a-lið 3. mgr. er vísað í persónubundin öryggisskilríki sem eru skilgreind í 31. tölul. 3. gr. frumvarpsins. Þau geta m.a. verið notendanafn og PIN númer. Vakin er athygli á því að séu persónubundin öryggisskilríki notuð sem sterk sannvottun, sbr. 36. tölul. 3. gr. frumvarpsins, má útgefandi persónubundnu öryggisskilríkjanna heldur ekki hafa aðgang að þeim þegar þau fela í sér vera eitthvað sem notandinn einn veit (þekking) eða notandinn er (eðlislægni). Í b-lið 3. mgr. er lagt til að fyrir hverja boðskiptalotu skuli reikningsupplýsingaþjónustuveitandi staðfesta hver hann sé gagnvart greiðsluþjónustuveitendunum sem veita notanda greiðsluþjónustunnar reikningsþjónustu. Örugg samskipti eru nauðsynleg til þess að greiðsluþjónustuveitandi sem veitir reikningsþjónustu getur verið þess fullviss að reikningsupplýsingaþjónustuveitandi sem óskar staðfestingar sé til þess bær og ekki sé um að ræða tilraun til svika. Auðkenning getur t.d. átt sér stað í samræmi við lög um auðkenningu og traustþjónustu fyrir rafræn viðskipti. Í c-lið 3. mgr. er lagt til að reikningsupplýsingaþjónustuveitandi skuli eiga í öruggum samskiptum við greiðsluþjónustuveitendurna sem veita notanda greiðsluþjónustunnar reikningsþjónustu og notanda greiðsluþjónustunnar. Í 4. mgr. er tiltekið að í reglum sem

Seðlabanki Íslands muni setja skv. 2. mgr. 117. gr. verði nánar kveðið á um framkvæmd a.- c.-liðar 3. mgr.

Um 71. gr.

Lagt er til að e- og f-liður 2. mgr. 67. gr. tilskipunarinnar verði innleiddir í 71. gr. frumvarpsins. Ákvæðið er nýmæli. Í 1. mgr. er lagt til að reikningsupplýsingaþjónustuveitandi megi hvorki nota, nálgast né geyma gögn í öðrum tilgangi en að annast reikningsupplýsingaþjónustu sem notandi greiðsluþjónustunnar óskar sérstaklega eftir, í samræmi við reglur um persónuvernd. Í samræmi við þessar kröfur verður í samningi reikningsupplýsingaþjónustuveitanda við notanda greiðsluþjónustunnar að vera tilgreint hvaða gögn um ræðir. Gögnin má ekki nota í öðrum tilgangi t.d. í greiðsluvirkjunarþjónustu. Ákvæði 1. mgr. verður að skoðast í samhengi við 99. gr. (Meðferð persónuupplýsinga). ~~Reikningsupplýsingaþjónustuveitandinn getur gert samning við notanda greiðsluþjónustunnar um notkun gagnanna í öðrum tilgangi sem tengist ekki veitingu greiðsluþjónustunnar t.d. að halda til haga upplýsingum um hjá hvaða söluaðilum fjármunum var eytt og hve mikið og einnig til að geta boðið upp á vildar- og fríðindakerfi.~~ Í 2. mgr. kemur fyrir hugtakið viðkvæm greiðslugögn en það er skilgreint í 46. tölul. ~~3~~. gr. frumvarpsins og eru þar með talin persónubundin öryggisskilríki. Í þeim tilvikum að reikningsupplýsingaþjónustuveitandi getur fengið afhent gögn sem ekki eru talin viðkvæm greiðslugögn í gegnum aðra samskiptaleið en þá sem miðlar viðkvæmum greiðslugögnum þá getur hann fengið afhent notendanafn að þeim gögnum Ákvæðið er nýmæli.

Commented [JBG18]: Lagt er til að þetta fari út. Hvaðan kemur þetta? Ekki innleiðing á c.-, e.- og g.- liður 3. mgr. 66. gr. tilskipunarinnar. Í 99. gr. frumvarpsins kemur fram að greiðsluþjónustuveitendur skuli aðeins afla, vinna og viðhalda nauðsynlegum persónuupplýsingum til að geta veitt greiðsluþjónustu að fengnu skýlausu samþykki notanda greiðsluþjónustunnar.

Um 72. gr.

Lagt er til að 3. mgr. 67. gr. tilskipunarinnar verði innleidd 72. gr. frumvarpsins. Í 1. mgr. er lagt til að greiðsluþjónustuveitandi sem veiti reikningsþjónustu skuli í tengslum við greiðslureikninga eiga í öruggum samskiptum við reikningsupplýsingaþjónustuveitendurna í samræmi við reglur Seðlabanka Íslands skv. 2. mgr. 117. gr. Í 2. mgr. 117. gr. er lögð skylda á Seðlabanka Íslands að setja reglur vegna framkvæmdar 97. gr. tilskipunarinnar um sannvottun. Í samræmi við 98. gr. tilskipunarinnar hefur Framkvæmdastjórn Evrópu gefið út reglugerð (ESB) 2018/389 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2366 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla um sterka sannvottun viðskiptavina og almenna örugga opna staðla vegna samskipta (e. technical standards for strong customer authentication and common and secure open standards of communication) sem m.a. tilgreina kröfurnar um sterka sannvottun viðskiptavinar sem um getur í 1. og 2. mgr. 97. gr. tilskipunarinnar.

Í 2. mgr. er lagt til að greiðsluþjónustuveitandi sem veiti reikningsþjónustu skuli afgreiða beiðnir um gögn, sem send eru fyrir milligöngu reikningsupplýsingaþjónustuveitanda, án mismununar af öðrum ástæðum en hlutlægum. Ákvæðið er til að tryggja að greiðsluþjónustuveitandi sem veitir reikningsþjónustu, sem langoftast er banki, geti ekki komið í veg fyrir eða gert það verulega erfitt fyrir notanda reikningsupplýsingaþjónustu að nýta sér þjónustu reikningsupplýsingaþjónustuveitanda, að því gefnu að fyrir liggi að reikningsuppýsingaþjónustuveitandi uppfylli allar þær skyldur sem á hann eru lagðar samkvæmt lögum þessum. Þetta felur í sér að upplýsingar sem eru aðgengilegar notanda greiðsluþjónustu, hjá greiðsluþjónustuveitanda hans sem veitir reikningsþjónustu, í gegnum netbanka skuli einnig vera aðgengilegar reikningsupplýsingaþjónustuveitandanum. Að lágmarki er um að ræða upplýsingarnar sem greiðsluþjónustuveitandi sem veitir reikningsþjónustu skal veita greiðanda eftir móttöku greiðslufyrirmæla, sbr. 51. gr. (Upplýsingagjöf gagnvart greiðanda eftir viðtöku greiðslufyrirmæla) og 59. gr. (Upplýsingagjöf gagnvart greiðanda um einstakar greiðslur sem

falla undir rammasamning). Að því marki sem greiðsluþjónustuveitandi sem veitir reikningsþjónustu gefur notanda greiðsluþjónustunnar frekari upplýsingar varðandi greiðslureikninginn skulu þær upplýsingar einnig veittar til reikningsupplýsingaþjónustuveitandans. Ákvæðið er nýmæli.

Um 73. gr.

Lagt er til að 5.-6. mgr. 68. gr. tilskipunarinnar verði innleidd í 73. gr. frumvarpsins. Í 1. mgr. er lagt til að greiðsluþjónustuveitandi sem veitir reikningsþjónustu geti synjað reikningsupplýsingaþjónustuveitanda eða greiðsluvirkjanda um aðgang að greiðslureikningi greiðanda á grundvelli málefnalegra réttlætingarástæðna sem varða óheimilan eða sviksamlegan aðgang að reikningnum, t.d. ef fyrir liggur staðfestur grunur um að greiðsluvirkjun sé framkvæmd með óheimilum eða sviksamlegum hætti, ef vísbendingar eru um að greiðsluvirkjandi eða reikningsupplýsingaþjónustuveitandi uppfylli ekki þær skyldur sem tilgreindar eru í 67. og 70. gr. eða ef líkur eru á að aðgangurinn stefni upplýsingaöryggi eða kerfisvirkni í hættu. Líkt og ráða má af reikningsupplýsingaþjónustu eins og hún er skilgreind í 33. tölul. 3. gr. frumvarpsins hefur reikningsupplýsingaþjónustuveitandi einungis aðgang að greiðslureikningi til að geta veitt upplýsingar um hann en ekki til að setja af stað greiðslufyrirmæli líkt og greiðsluvirkjandi. Greiðsluþjónustuveitandi sem veitir reikningsþjónustu getur ~~hvortheldur~~ t.d. synjað í þeim tilvikum þegar greiðsluvirkjandinn eða reikningsupplýsingaþjónustuveitandi hefur hegðað sér sviksamlega, eða hefur sett af stað í heimildarleysi greiðslufyrirmæli til greiðsluþjónustuveitanda greiðanda sem veitir reikningsþjónustu þar sem skýlaust samþykki vantar og í þeim tilvikum þegar grunur er um að þriðji aðili í heimildarleysi sé að reyna að ná aðgang að greiðslureikningi í gegnum greiðsluvirkjanda eða reikningsupplýsingaþjónustuveitanda. Slíkt gæti gerst þegar þriðji aðili hefur brotist inn í upplýsingakerfi greiðsluvirkjanda. Í 2. mgr. er lagt til að synji greiðsluþjónustuveitandi sem veiti reikningsþjónustu um aðgang að greiðslureikningi skuli hann tilkynna greiðandanum þar um, áður en honum er synjað um aðgang að greiðslureikningi og eigi síðar en í strax kjölfar synjunar auk ástæðna fyrir synjun og það á fyrirframsamþykktu formi. Tilkynningin gefur greiðandanum möguleika á því að bregðast við og hafa samband við sinn reikningsupplýsingaþjónustuveitanda eða greiðsluvirkjanda eftir atvikum. Tilkynningarskyldan fellur þó niður ef hún myndi tefla í tvísýnu metnu öryggi tengt greiðslureikningi eða lög kveði á um annað. Sem dæmi má nefna að í 27. gr. laga um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka nr. 140/2018 er fjallað um hvenær sé bann við uppýsingagjöf. Í 3. mgr. er lagt til að greiðsluþjónustuveitandi sem veitir reikningsþjónustu skuli veita aðgang að greiðslureikningnum þegar ástæðurnar fyrir synjuninni eigi ekki lengur við. Með þessum áskilnaði er verið að tryggja að greiðsluþjónustuveitandi sem veitir reikningsþjónustu sem er að jafnaði samkeppnisaðili reikningsupplýsingaþjónustuveitanda og greiðsluvirkjanda noti ekki tækifærið og loki á aðgang að greiðslureikningi lengur en þörf krefur. Í 4. mgr. er lagt til að þegar greiðsluþjónustuveitandi sem veiti reikningsþjónustu synji um aðgang, sbr. 1. mgr., skuli hann þegar í stað skýra Fjármálaeftirlitinu frá synjuninni og ástæðum hennar. Upplýsingarnar skuli jafnframt innihalda málsatvik og ástæður þess að grípa varð til aðgerða. Fjármálaeftirlitið metur síðan tilvikið og grípur til viðeigandi aðgerða gerist þess þörf. Með þessu móti getur eftirlitsaðilinn greint hvort hlutaðeigandi greiðsluþjónustuveitandi sé í erfiðleikum. Í 5. mgr. er Seðlabanka Íslands veitt heimild til að setja reglur um hvernig tilkynningu vegna 4. mgr. skuli háttað. Ákvæði 73. gr. er nýmæli.

Um 74. gr.

Lagt er til að 1.–4. mgr. 68. gr. tilskipunarinnar verði innleidd í 74. gr. frumvarpsins.

Í 1. mgr. er lagt til að í þeim tilvikum þegar notkun greiðslumiðils felur í sér samþykki, sbr. 64. gr. (Samþykki fyrir greiðanda og afturköllun samþykkis), svo sem notkun greiðslukorta, geti greiðandi og greiðsluþjónustuveitandi komið sér saman um

hámarksúttektarheimild vegna greiðslna sem framkvæmdar eru með greiðslumiðlinum. Í tilviki greiðslukorta væri um að ræða úttektarheimild hjá útgefendum.

Í 2. mgr. er lagt til að greiðsluþjónustuveitandi geti í rammasamningi áskilið sér rétt til að stöðva notkun greiðslumiðils vegna öryggis, sviksamlegrar notkunar eða þegar verulegar líkur eru á að greiðandi kunni að vera ófær um að uppfylla greiðsluskyldu sína. Slíkur áskilnaður er bundinn því skilyrði að beiting stöðvunarréttarins grundvallist á áður greindum ástæðum og að hugsanlegt tilefni stöðvunar sé metið á hlutlægan hátt. Sviksamleg notkun getur bæði átt sér stað hjá þriðja manni og eiganda greiðslumiðilsins t.d. með að brjóta útgjaldahámark. Ef eigandi greiðslukorts óskar eftir endurnýjun fyrir gildistíma þess þá er eðlilegt að útgefandi greiðslukortsins stöðvi notkun þess eldra af öryggisástæðum. Frumvarpið gerir því ráð fyrir að ákvörðun um að stöðva notkun greiðslumiðils megi ekki byggjast á ómálefnalegum ástæðum, sbr. 2. mgr. 68. gr. tilskipunarinnar og ekki hægt að semja um slíkt. Stöðvun getur verið framkvæmd af greiðsluþjónustuveitandanum eða þjónustuveitanda sem hann hefur samið við, t.d. fyrirtæki sem sérhæfir sig í rekstri hugbúnaðar.

Í 3. mgr. er gert ráð fyrir tilkynningarskyldu gagnvart greiðanda um stöðvun á notkun greiðslumiðils og ástæður fyrir henni, svo fremi að þess háttar tilkynning tefli ekki í tvísýnu raunhæft metnu öryggi greiðslumiðilsins eða löggjöf kveði á um annað. Við beitingu þessa ákvæðis kemur löggjöf sem af öryggisástæðum kann að takmarka miðlun upplýsinga helst til álita, t.d. refsilöggjöf og lög um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka. Tilkynna ber um stöðvun fyrirfram ef það er framkvæmanlegt, en ella í síðasta lagi tafarlaust í kjölfar stöðvunar. Gera verður ráð fyrir að notandi greiðsluþjónustu hafi hagsmuni af því að fá sem fyrst upplýsingar um stöðvun á notkun greiðslumiðils, líkt og greiðsluþjónustuveitandi, þegar t.d. grunur leikur á stuldi á greiðslukortanúmerum eða misnotkun greiðslumiðils með öðrum hætti.

Í 4. mgr. er lagt til að greiðsluþjónustuveitanda verði skylt að opna fyrir notkun greiðslumiðils að nýju, sem notkun hefur verið stöðvuð á, eða að afhenda nýjan greiðslumiðil í stað þess fyrri þegar ástæður fyrir stöðvun notkunar eru ekki lengur fyrir hendi. Skyldan á greiðsluþjónustuveitanda er ekki lengur til staðar hafi greiðslureikningi verið sagt upp og samningssambandið því ekki lengur til staðar. Sama á við um uppsögn á samningi um útgáfu greiðslukorts.

Ákvæði 1.–4. mgr. eru efnislega samhljóða 50. gr. núgildandi laga um greiðsluþjónustu nr. 120/2011.

Um 75. gr.

Lagt er til að 69. gr. tilskipunarinnar verði innleidd í 75. gr. frumvarpsins, um skyldur notanda greiðsluþjónustu í tengslum við greiðslumiðil.

Notandanum ber að nota greiðslumiðil í samræmi við skilmála um útgáfu og notkun hans og skulu þeir jafnframt vera hlutlægir, án mismununar og gæta meðalhófs, sbr. 1. mgr. Útgefandi greiðslumiðils getur ekki haldið til streitu samningsskilmálum sem ganga mun lengra en þörf krefur vegna áhættunnar sem tengd er notkun greiðslumiðilsins sem um ræðir. Þá er í 2. mgr. lagt til að sett verði varúðarregla gagnvart notanda greiðsluþjónustu, um að hann geri nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja öryggi persónubundinna öryggisskilríkja greiðslumiðils síns, þ.e. að þeir komist ekki í hendur annarra aðila. Árétta ber að varúðarreglan á við um persónubundin öryggisskilríki greiðslumiðils (e. personalised security credentials), en ekki greiðslumiðilinn sjálfan, þ.e. t.d. PIN-númer á greiðslukortum. Með nauðsynlegum ráðstöfunum er átt við aðgerðir af hálfu notandans sem réttmætt má telja að gera kröfu til af

hans hálfu. Hugtakið persónubundin öryggisskilríki eru skilgreint í 31. tölul. 3. gr. frumvarpsins.

Í því skyni að draga úr áhættu og afleiðingum af óheimiluðum greiðslum er í 3. mgr. gert ráð fyrir að notandi greiðsluþjónustu tilkynni greiðsluþjónustuveitanda, með þeirri aðferð sem kveðið er á um í rammasamningi, án tafar verði hann var við tap eða þjófnað á greiðslumiðli eða misnotkun. Ákvæðið er efnislega samhljóða núgildandi 51. gr. laga um greiðsluþjónustu nr. 120/2011.

Um 76. gr.

Lagt er til að 70. gr. tilskipunarinnar verði innleidd í 76. gr. frumvarpsins, um skyldur greiðsluþjónustuveitanda í tengslum við greiðslumiðil. Ákvæðið þarfnast ekki nánari skýringa. Rétt er að árétta að skv. 3. mgr. er gert ráð fyrir að greiðsluþjónustuveitandi beri alla áhættu af sendingu greiðslumiðils og hvers kyns persónubundinna öryggisskilríkja greiðslumiðils til greiðanda. Þetta þýðir að komist t.d. greiðslukort ásamt PIN númeri ekki til skila bréfleiðis til notanda greiðsluþjónustu og af því hlýst óheimil notkun á greiðslukortinu þá ber greiðsluþjónustuveitandinn að bæta það tjón notanda að fullu án sjálfsábyrgðar notanda sem getið er um í 80. gr. Jafnframt er vakin athygli á skyldu greiðsluþjónustuveitanda til að sjá notanda greiðsluþjónustu fyrir úrræðum til að sanna að sá síðarnefndi hafi komið tilkynningu skv. 3. mgr. 75. gr. frumvarpsins á framfæri í 18 mánuði, sbr. 4. mgr. Ákvæðið er efnislega samhljóða 52. gr. núgildandi laga um greiðsluþjónustu nr. 120/2011.

Um 77. gr.

Lagt er til að 71. gr. tilskipunarinnar verði innleidd í 77. gr. frumvarpsins. Ákvæðið felur í sér að gerð er sú krafa til notanda greiðsluþjónustu að hann tilkynni greiðsluþjónustuveitanda án óþarfa tafar um það verði hann var við óheimilaða eða ranglega framkvæmda greiðslu og eigi síðar en 13 mánuðum eftir dagsetningu skuldfærslu. Þetta á þó ekki við ef greiðsluþjónustuveitandi hefur vanrækt upplýsingaskyldu sína skv. ákvæðum IV. kafla gagnvart notandanum. Ákvæðið tekur ekki til greiðslna sem falla undir 81. gr. (Greiðsla þegar fjárhæð greiðslu er ekki þekkt fyrirfram) þar sem greiðandi í þeim tilvikum heimilaði greiðslu án þess að fjárhæð lægi fyrir. Í tilvikum þegar viðtakandi greiðslu tilkynnir greiðsluþjónustuveitanda þá er viðmiðið dagsetning eignfærslu. Uppfylli notandi ekki tilkynningaskyldu skv. 1. málsl. 1. mgr. kann hann að tapa rétti gagnvart greiðsluþjónustuveitanda vegna óheimilaðra eða rangt framkvæmdra greiðslna. Þó svo að ákvæðið geri ráð fyrir allt að 13 mánaða tilkynningarfresti getur notandi greiðsluþjónustu með tómlæti sínu fyrirgert rétti til leiðréttingar færslu, sbr. að grundvallarkrafan skv. 1. mgr. er að tilkynningaskyldu sé sinnt án óþarfa tafar. Hafi notandi t.d. móttekið greiðsluyfirlit frá greiðsluþjónustuveitanda eða haft aðgang að því í gegnum netbanka kann hann að fyrirgera 13 mánaða frestinum, enda yrði almennt litið svo á að hann hefði ekki tilkynnt um óheimilaða eða ranglega framkvæmda greiðslu án óþarfa tafar, nema hann geti sýnt fram á að greiðsluþjónustuveitandinn hafi ekki veitt honum nauðsynlegar upplýsingar svo að hann gæti uppgötvað hina ranglega framkvæmdu greiðslu. Upplýsingar í netbanka um greiðslu kunna til að mynda að hafa verið rangar. Hafi greiðsluþjónustuveitandi ekki gert samning við notanda greiðsluþjónustunnar, sbr. 2. mgr. 59. gr. (Upplýsingagjöf gagnvart greiðanda um einstakar greiðslur sem falla undir rammasamning), þá reiknast 13 mánaða fresturinn frá dagsetningu þess dags þegar greiðsluþjónustuveitandinn veitti upplýsingarnar. Í 2. mgr. er lagt til að ef greiðsluvirkjandi eigi hlut að máli skuli notandi greiðsluþjónustunnar fá leiðréttingu frá greiðsluþjónustuveitanda sem veitir reikningsþjónustu skv. 1. mgr. þessarar greinar að teknu

tilliti til 2. og 3. mgr. 79. gr. (Bótaábyrgð greiðsluþjónustuveitanda þegar um ræðir óheimilaða greiðslu) og 1. mgr. 94. gr. (Bótaábyrgð greiðsluþjónustuveitanda þegar framkvæmd greiðslu á sér ekki stað eða er gölluð og greiðslufyrirmæli eru gefin millilíðalaust).

Ákvæði 1. mgr. 77. gr. er efnislega samhljóða 1. mgr. 53. gr. núgildandi laga um greiðsluþjónustu nr. 120/2011. Ákvæði 2. mgr. 75. gr. frumvarpsins er nýmæli.

Um 78. gr.

Lagt er til að 72. gr. tilskipunarinnar verði innleidd í 78. gr. frumvarpsins. Ákvæðið snýr að sannvottun vegna framkvæmdar greiðslu eða sönnunarbyrði um notkun greiðslumiðils, í þeim tilvikum þegar notandi greiðsluþjónustu neitar að hann hafi heimilað framkvæmd greiðslu. Í 1. mgr. segir að ef notandi greiðsluþjónustu neitar að hann hafi heimilað greiðslu eða heldur því fram að greiðsla hafi ekki verið réttilega framkvæmd skal greiðsluþjónustuveitandi, eða greiðsluvirkjandi eftir atvikum, hans sanna að framkvæmd greiðslu hafi verið án ágalla og að persónubundin öryggisskilríki hafi verið notuð. Greiðsla er m.a. haldin ágalla í skilningi ákvæðisins ef hún hefur ekki verið nákvæmlega skráð, ekki verið færð í reikningshald eða ef tæknileg bilun hefur haft áhrif á hana. Greiðsluþjónustuveitandanum, eða greiðsluvirkjandanum eftir atvikum, ber að sýna fram á að hann hafi framkvæmt sannvottun í tengslum við framkvæmd greiðslu, en sannvottun er skilgreind í 36. tölul. 3. gr. frumvarpsins, þ.e. aðferð sem gerir greiðsluþjónustuveitandanum kleift að sannreyna notkun tiltekins greiðslumiðils, þ.m.t. persónubundnar öryggisráðstafanir. Sönnunin snýst því að þessu leyti um að ganga t.d. úr skugga um að rétt PIN-númer hafi verið notað í ferlinu við framkvæmd greiðslu, ef við á.

Í 2. mgr. er sérstaklega tiltekið að ef notandi greiðsluþjónustu neitar að hafa heimilað framkvæmd greiðslu er sú staðreynd að greiðslumiðill var notaður ekki endilega fullnægjandi, ein og sér, til sönnunar því að greiðandi hafi annaðhvort heimilað greiðsluna eða af ásetningi eða stórfelldu gáleysi látið ógert að uppfylla skyldur skv. 53. gr. (Almenn upplýsingagjöf áður en samningur eða tilboð vegna stakra greiðslna sem falla undir rammasamninga verður bindandi fyrir notanda greiðsluþjónustu). Af þessu leiðir að við mat á þætti notanda greiðsluþjónustu við framkvæmd greiðslu hverju sinni skal litið til annarra atvika.

Áréttað skal að víkja má frá 1. og 2. mgr. með samningi, sbr. 1. mgr. 61. gr. (Gildissvið kaflans) í heild eða að hluta, þegar notandi greiðsluþjónustu er ekki neytandi. Ákvæðið á sér nokkra hliðstæðu í 54. gr. núgildandi laga um greiðsluþjónustu nr. 120/2011.

Um 79. gr.

Lagt er til að 73. gr. tilskipunarinnar verði innleidd í 79. gr. frumvarpsins. Lagt er til í 1. mgr. að greiðsluþjónustuveitandi skuli endurgreiða greiðanda fjárhæð óheimilaðrar greiðslu og ef við á skal koma greiðslureikningnum sem skuldfærður er í þá stöðu sem hann hefði verið ef óheimilaða greiðslan hefði ekki átt sér stað. Hvort greiðsla teljist óheimil skal m.a. metið með hliðsjón af 64. gr. (Samþykki fyrir greiðanda og afturköllun samþykkis). Þetta skal einnig tryggja að gildisdagur eignfærslunnar að því er varðar greiðslureikning greiðandans sé ekki síðar en dagurinn þegar fjárhæðin var skuldfærð. Hafi greiðsluþjónustuveitandi greiðanda grun um svik getur hann neitað endurgreiðslu og skal tilkynna um grun sinn til Fjármálaeftirlitsins. Tilgangurinn er að Fjármálaeftirlitið fái tækifæri til að meta hvort og í hve miklu magni misnotkun á greiðslumiðlum er að eiga sér stað og hvort einhver greiðsluþjónustuveitandi sé að stunda það að neita um endurgreiðslu. Greiðsluþjónustuveitandi getur ekki neitað endurgreiðslu eftir að ljóst er að svik voru ekki í tafli.

Commented [JBG19]: Í frumvarpinu mætti skýra betur samspil 78. gr. við 102. gr. Sérstaklega er bent á að óskýrleika varðandi netgreiðslur (t.d. notkun á 3D secure).

Í 2. mgr. er lagt til að í því tilviki að greiðslufyrirmæli voru sett af stað fyrir milligöngu greiðsluvirkjanda skuli greiðsluþjónustuveitandinn sem veitti reikningsþjónustu endurgreiða þegar í stað fjárhæð óheimiluðu greiðslunnar. Sé hann hins vegar ábyrgur fyrir óheimiluðu greiðslunni er lagt til í 3. mgr. að hann skuli þegar í stað bæta greiðsluþjónustuveitandanum sem veitti reikningsþjónustu, að beiðni hans, upp tapið sem hann varð fyrir eða fjárhæðirnar sem hann hefur greitt vegna endurgreiðslu til greiðandans, þ.m.t. fjárhæð óheimiluðu greiðslunnar, mögulega vexti og þóknanir. Ákvæðið 3. mgr. 79. gr. er nýmæli og er áréttað að m.a. verður að hafa hliðsjón af 1. mgr. 78. gr. (Sannvottun vegna framkvæmdar greiðslu). Ákvæði 4. mgr. þarfnast ekki skýringar. Í ákvæði 5. mgr. er lagt til að ákvæði 79. gr. (Bótaábyrgð greiðsluþjónustuveitanda þegar um ræðir óheimilaða greiðslu) skuli jafnframt gilda um rafeyri í skilningi laga um útgáfu og meðferð rafeyris, nema greiðsluþjónustuveitandi greiðanda hafi ekki getu til að frysta greiðslureikning eða loka greiðslumiðli. Ef rafeyrir er gefinn út á handhafa t.d. í gjafakortum er sjaldnast mögulegt að frysta greiðslureikninginn sem geymir rafeyrinn. Af þeim sökum er lagt til að undanþiggja slíkan rafeyri. Ákvæði 6. mgr. þarfnast ekki skýringa. Ákvæðið 79. gr. frumvarpsins á nokkra hliðstæðu við 55. gr. núgildandi laga um greiðsluþjónustu nr. 120/2011.

Um 80. gr.

Lagt er til að 74. gr. tilskipunarinnar verði innleidd með 80. gr. frumvarpsins, um ábyrgð greiðanda vegna óheimilaðrar greiðslu. Það athugast að ákvæðið er frávíkjanlegt þegar notandi greiðsluþjónustu er ekki neytandi, sbr. 1. mgr. 61. gr. frumvarpsins.

Í 1. mgr. er lagt til að sjálfsábyrgð greiðanda á tapi vegna óheimilaðra greiðslna sem rekja má til notkunar á týndum eða stolnum greiðslumiðli, eða stafar af óréttmætri nýtingu greiðslumiðils skuli nema allt að jafnvirði 50 evra í íslenskum krónum miðað við opinbert viðmiðunargengi (kaupgengi) eins og það er skráð hverju sinni. Frá þessu eru þó lagðar til tvær undantekningar í 2. mgr. Sú fyrri er í a-lið og felur í sér að hámarkið gildir ekki þegar greiðanda gat ekki orðið ljóst tap á eða þjófnaður greiðslumiðilsins eða óréttmæt nýting hans fyrir greiðslu og hann hefur auk þess ekki sýnt af sér sviksamlega háttsemi. Slíkt gæti t.d. átt sér stað þegar PIN númer kemst í hendur óprúttinna aðila vegna ónógra öryggisráðstafana vefþjónustu eða skýjalausnar. Sú síðari er í b-lið og felur í sér að hámarkið gildir ekki ef tap greiðanda á greiðslumiðlinum stafaði af aðgerðum eða aðgerðaleysi starfsmanns, greiðsluþjónustuveitanda, umboðsaðila eða útvistunaraðila hans.

Í 3. mgr. er lagt til að greiðandi skuli bera allt tap sem rekja má til óheimilaðra greiðslna, hafi hann sjálfur stofnað til þeirra með sviksamlegum hætti eða hann af ásetningi eða stórfelldu gáleysi látið ógert að uppfylla skyldur sínar skv. 75. gr. (Skyldur notanda greiðsluþjónustu í tengslum við greiðslumiðil og persónubundin öryggisskilríki).

Í 4. mgr. er gert ráð fyrir að nýtt verði valkvætt ákvæði 4. undirgreinar 1. mgr. 74. gr. tilskipunarinnar. Gera má ráð fyrir að fordæmi úrskurðarnefndar og dómstóla skapist fljótt um framkvæmd ákvæðisins og þykir heppilegt að svigrúm sé til lækkunar sjálfsábyrgðar greiðanda vegna óheimilaðra greiðslna, gefi kringumstæður tilefni til. Í þessu ákvæði felst mikilvæg neytendavernd. Sambærilegt valkvætt ákvæði var innleitt í 3. mgr. 56. gr. núgildandi laga um greiðsluþjónustu nr. 120/2011.

Í 5. mgr. er lagt til að í þeim tilvikum að greiðsluþjónustuveitandi greiðanda krefst ekki sterkrar sannvottunar viðskiptavinar skuli greiðandinn ekki bera neitt fjárhagstjón nema greiðandinn hafi sýnt af sér sviksamlega háttsemi. Undanskildar eru greiðslur sem ekki krefjast sannvottunar, t.d. á grundvelli undanþágu sem greiðsluþjónustuveitandi hefur fengið frá því að krefjast sannvottunar. Að sama skapi þá ber viðtakanda greiðslu eða greiðsluþjónustuveitanda hans að endurgreiða greiðsluþjónustuveitanda greiðanda

fjárhagstjón hans ef þeir samþykkja ekki sterka sannvottun. Hugtakið sterk sannvottun er skilgreint í 40. tölul. 3. gr. frumvarpsins.

Í 6. mgr. er lagt til að hafi greiðandi fullnægt tilkynningarskyldu sinni skv. 3. mgr. 75. gr (Skyldur notanda greiðsluþjónustu í tengslum við greiðslumiðil og persónubundin öryggisskilríki) skuli hann ekki bera tjón sem til verður vegna notkunar greiðslumiðilsins eftir að slík tilkynning var send greiðsluþjónustuveitanda. Þetta á þó ekki við ef greiðandinn hefur sýnt af sér sviksamlega háttsemi. Að sama skapi er lagt til í 7. mgr. að greiðandi skuli ekki bera tjón sem hlýst af notkun greiðslumiðils ef greiðsluþjónustuveitandi hefur ekki gert viðeigandi ráðstafanir samkvæmt lögum þessum vegna tilkynningarskyldu um greiðslumiðil sem hefur týnst, verið stolið eða notaður með óréttmætum hætti, eins og krafist er skv. 4. mgr.
76. gr. Þetta á þó ekki við ef greiðandi hefur sýnt af sér sviksamlega háttsemi.

Ákvæði þetta gildir um rafeyri í skilningi laga um útgáfu og meðferð rafeyris, nema greiðsluþjónustuveitandi greiðanda hafi ekki getu til að frysta greiðslureikning eða loka greiðslumiðli. Ef rafeyrir er gefinn út á handhafa t.d. í gjafakortum er sjaldnast mögulegt að frysta greiðslureikninginn sem geymir rafeyrinn. Af þeim sökum er lagt til að undanþiggja slíkan rafeyri. Ákvæði 80. gr. frumvarpsins á hliðstæðu í 56. gr. núgildandi laga um greiðsluþjónustu nr. 120/2011.

Um 81. gr.

Lagt er til að 75. gr. tilskipunarinnar verði innleidd í 81. gr. frumvarpsins um greiðslu þegar fjárhæð greiðslu er ekki þekkt fyrirfram. Í 1. mgr. er lagt til að þegar greiðsla er sett af stað af eða fyrir milligöngu viðtakanda greiðslu í tengslum við kortatengda greiðslu og nákvæm fjárhæð er ekki þekkt á þeirri stundu sem greiðandinn veitir samþykki sitt fyrir framkvæmd greiðslunnar getur greiðsluþjónustuveitandi greiðandans aðeins fryst fjármuni á greiðslureikningi greiðandans ef greiðandinn hefur veitt samþykki fyrir nákvæmlega þeirri fjárhæð sem fyrirhugað er að frysta. Þegar kortatengd greiðsla er framkvæmd þá er fyrst send svokölluð heimildarbeiðni (e. authorisation) til útgefanda kortsins til að kanna hvort korthafi eigi næga úttektarheimild fyrir greiðslu á vöru á þjónustu sem hann er að kaupa. Útgefandinn gefur svar og eru þá eftirstöðvar úttektarheimildar lækkaðar samsvarandi. Við kaup á bensíni, herbergi og þjónustu á hóteli og leigu á bílaleigubíl er ekki vitað fyrr en við lok þjónustunnar hver endanleg fjárhæð greiðslu skuli vera. Til langs tíma hefur því tíðkast að þessir söluaðilar óski eftir heimild til útgefanda kortsins fyrir áætlaðri fjárhæð sem síðan er lækkuð þegar þjónustan hefur verið afhent og fjárhæðin kunnug. Ákvæðið felur í sér neytendavernd á þann veg að notandi greiðsluþjónustu þarf að samþykkja þá fjárhæð sem söluaðili leggur til að skuli frátekin/fryst af úttektarheimild hans til tryggingar greiðslu. Notandi greiðsluþjónustunnar getur þá sjálfur lagt mat á hvort fjárhæðin sem söluaðili óskar eftir að fá heimild fyrir hjá útgefanda kortsins sé viðeigandi eða ekki. Ef hann telur hana ekki viðeigandi þá getur hann gert athugasemd um slíkt við söluaðila. Líkur á því að söluaðili geri upp sölu- eða þjónustukaup sem eigi að hafa átt sér stað, t.d. kaup á hótelbar eða tjón á bílaleigubíl eru því hverfandi. Í 2. mgr. er lagt til að greiðsluþjónustuveitandi greiðandans skuli afhenda fjármunina sem frystir hafa verið á greiðslureikningi greiðandans skv. 1. mgr. án ótilhlýðilegrar tafar eftir viðtöku upplýsinganna um nákvæma fjárhæð greiðslunnar og eigi síðar en strax eftir viðtöku greiðslufyrirmælanna. Tilgangur ákvæðisins er að tryggja að úttektarheimild korthafa sé sem réttust hverju sinni og hann geti því sem mest ótruflaður nýtt kortið til greiðslu á vöru og þjónustu. Ákvæðið er nýmæli.

Um 82. gr.

Lagt er til að 76. gr. tilskipunarinnar verði innleidd í 82. gr. frumvarpsins. Ákvæðið lýtur að rétti greiðanda til endurgreiðslu frá greiðsluþjónustuveitanda sínum vegna heimilaðra greiðslna sem viðtakandi hefur sett af stað eða haft milligöngu um. Skilyrði er, í fyrsta lagi, að fjárhæð greiðslunnar hafi ekki verið nákvæmlega tilgreind í heimildinni þegar hún var veitt og, í öðru lagi, að fjárhæð greiðslunnar hafi verið hærri en svo að greiðandi gæti með sanngjörnum hætti gert ráð fyrir þeirri fjárhæð miðað við útgjaldamynstur hans til þessa, skilmála í rammasamningi og málsatvik að öðru leyti. Með fyrra skilyrðinu er átt við að hámarksfjárhæð hafi ekki verið tilgreind í heimild eða að greiðsla sé hærri en tilgreind hámarksfjárhæð.

Hér undir falla því beingreiðslur og greiðslur með greiðslukorti. Hótel og bílaleigur geta dregið á greiðslukort vegna notkunar á minibar á hótelherbergi eða skemmdar á bílaleigubíl. Endurgreiðsla tekur til allrar fjárhæðar greiðslunnar sem var framkvæmd. Vegna b-liðar 1. mgr. er ekki alltaf auðvelt að ákvarða hvort fjárhæðin sé innan þess sem greiðandi gat vænst m.v. útgjaldamynstur hans til þessa, skilmála í rammasamningi og málsatvik að öðru leyti. Ef greiðanda er gert að greiða fyrir notkun á minibar á hóteli sem er umfram það sem mögulegt er að neyta á minibarnum þá er ljóst að skilyrði endurgreiðslu eru til staðar. Sama á við um greiðslu kostnaðar vegna sprautun á bílaleigubíl ef bílaleigan gerði ekki athugasemd við ástand bílalakksins þegar bílnum var skilað. Vafatilvik ber að túlka greiðanda í hag því eðlilegt er að viðtakandi greiðslu beri hallann af því að greiðandinn hefur ekki samþykkt nákvæma fjárhæð greiðslunnar. Ákvæðið leggur tilteknar skyldur á herðar greiðsluþjónustuveitendum, við framkvæmd slíkra greiðslna. Ljóst má vera að vanda þarf til verka við smíði rammasamninga og verklags við framkvæmd greiðsluþjónustu þegar um greiðslur sem viðtakandi hefur sett af stað eða hefur milligöngu um er að ræða.

Vakin er athygli á að orðin beingreiðsla og viðmiðunargengi eru skilgreind í 2. tölul. og 47. tölul. 3. gr. frumvarpsins.

Áréttað er að víkja má frá 1.–4. mgr. með samningi, í heild eða að hluta, þegar notandi greiðsluþjónustu er ekki neytandi, sbr. 1. mgr. 61. gr. frumvarpsins. Hins vegar er gert ráð fyrir að 6. mgr. sé umsemjanleg, hvort sem notandi greiðsluþjónustu er neytandi eður ei, sbr. 3. mgr. 76. gr. tilskipunarinnar.

Ákvæði 82. gr. frumvarpsins er nær efnislega samhljóða 57. gr. núgildandi laga um greiðsluþjónustu nr. 120/2011.

Um 83. gr.

Lagt er til að 77. gr. tilskipunarinnar verði innleidd í 83. gr. frumvarpsins. Ákvæðið geymir reglur um meðferð beiðna um endurgreiðslu skv. 82. gr. (Endurgreiðslur á greiðslum sem viðtakandi greiðslu setur af stað/ eða hefur milligöngu um), þ.m.t. um frest greiðanda til að leggja fram slíka beiðni og afgreiðslufrest greiðsluþjónustuveitanda.

Í 1. mgr. er lagt til að greiðandi fái átta vikna frest frá þeim degi þegar fjármunir voru skuldfærðir til að óska eftir endurgreiðslu í samræmi við 82. gr. á greiðslu sem heimiluð og sett var af stað af viðtakanda greiðslu eða fyrir milligöngu hans.

Í 2. mgr. er lagt til að afgreiðslufrestur beiðna um endurgreiðslu verði tíu viðskiptadagar. Greiðsluþjónustuveitandi annaðhvort framkvæmi endurgreiðslu í samræmi við kröfu greiðanda ellegar rökstyðji synjun á endurgreiðslu. Ef endurgreiðslu er hafnað skal greiðandi sérstaklega upplýstur um mögulegar leiðir til málskots. Orðið viðskiptadagur er skilgreint í 49. tölul. 3. gr. frumvarpsins.

Í 3. mgr. er gert ráð fyrir að synjunarréttur greiðsluþjónustuveitanda skv. 2. mgr. gildi ekki að því er varðar beingreiðslur ef samið hefur verið um það í rammasamningi um greiðsluþjónustu að greiðandi eigi rétt á endurgreiðslu frá greiðsluþjónustuveitanda þrátt fyrir að skilyrði 1. mgr. 82. gr. séu ekki uppfyllt. Hér er um innleiðingu á 2. málsl. 2. mgr. 77. gr. tilskipunarinnar að ræða.

Áréttað er að víkja má frá 1.–3. mgr. með samningi, í heild eða að hluta, þegar notandi greiðsluþjónustu er ekki neytandi, sbr. 1. mgr. 61. gr. frumvarpsins.

Commented [JBG20]: ATH þetta í tengslum við beingreiðslur. Verður ekki áfram gert ráð fyrir að fjárhæð einstakra beingreiðslna geti tekið breytingum frá einum mánuði til annars, t.d. vegna áhrifa verðbóta?

Ákvæði 83. gr. frumvarpsins er efnislega samhljóða 58. gr. núgildandi laga um greiðsluþjónustu nr. 120/2011.

Um 84. gr.

Lagt er til að 78. gr. tilskipunarinnar verði innleidd í 84. gr. frumvarpsins, um viðtöku greiðslufyrirmæla.

Í 1. mgr. er lagt til að viðtökutími greiðslufyrirmæla sé skilgreindur sem sá tími þegar greiðslufyrirmæli berast greiðsluþjónustuveitanda greiðanda. Auk þess er lagt til að ekki skuli skuldfæra af reikningi greiðandans fyrr en tekið hefur verið við greiðslufyrirmælunum. Einnig er mælt fyrir um heimild til handa greiðsluþjónustuveitanda til að fastsetja lokunartíma nálægt lokum viðskiptadags (e. *cut-off time*) og skulu þá greiðslufyrirmæli, sem hann tekur við eftir það, teljast til næsta viðskiptadags á eftir. Orðið viðskiptadagur er skilgreint í 49. tölul. 3. gr. frumvarpsins. Viðtökutími skiptir máli í tengslum við endurgreiðslur, sbr. 82. gr. (Endurgreiðslur á greiðslum sem viðtakandi greiðslu setur af stað/ eða hefur milligöngu um), hvenær greiðsla skuli hafa átt sér stað, sbr. 89. gr. (Greiðsla á greiðslureikning) og 90. gr. (Aðstæður þegar viðtakandi greiðslu er ekki með greiðslureikning hjá greiðsluþjónustuveitanda).

Í 2. mgr. er lagt til að ef fyrir er að fara samningi milli annars vegar notanda greiðsluþjónustu sem gefur greiðslufyrirmæli og hins vegar greiðsluþjónustuveitanda hans um að framkvæmd greiðslufyrirmælanna skuli hefjast við tiltekin atvik telst viðtökutíminn í skilningi 89. gr. (Greiðsla á greiðslureikning), vera dagurinn sem samið var um. Hin tilteknu atvik geta verið tilgreindur dagur, við lok tiltekins tímabils eða þann dag sem greiðandi hefur lagt inn fjármuni til ráðstöfunar fyrir greiðsluþjónustuveitanda hans. Hér er um sérreglu að ræða að því er varðar framkvæmdartíma greiðslufyrirmæla. Þegar sá dagur sem samið hefur verið um er ekki á viðskiptadegi, í skilningi laganna þá skal litið svo á að greiðsluþjónustuveitandi greiðanda hafi tekið við greiðslufyrirmælunum næsta viðskiptadag á eftir. Árétta skal d.-lið 2. tölul. 54. gr. frumvarpsins um tímamark viðtöku greiðslufyrirmæla og skilgreindan lokunartíma greiðsluþjónustuveitanda, ef við á, og 58. gr. frumvarpsins um upplýsingagjöf áður en kemur til framkvæmdar einstakra greiðslna sem falla undir rammasamning. Ákvæði 84. gr. er nær samhljóða 59. gr. núgildandi laga nr. 120/2011.

Um 85. gr.

Lagt er til að 79. gr. tilskipunarinnar verði innleidd í 85. gr. frumvarpsins, um þær kringumstæður þegar greiðsluþjónustuveitandi synjar um framkvæmd greiðslufyrirmæla eða að setja af stað greiðslu, þ.e. hvernig tilkynningu til notanda greiðsluþjónustu um synjunina skal háttað o.fl.

Í 1. mgr. er kveðið á um hvaða skyldur greiðsluþjónustuveitandi hefur sem neitar notanda um framkvæmd greiðslufyrirmæla eða setja af stað greiðslu. Í þeim tilvikum skal greiðsluþjónustuveitandi tilkynna notanda um synjunina og, ef unnt er, ástæður fyrir henni og málsmeðferð við mögulega leiðréttingu á þeim atvikum sem valda neituninni. Sem dæmi má nefna rammasamning þar sem kveðið er á um að næg innstæða á greiðslureikningi sé forsenda fyrir framkvæmd greiðslu. Séu þau skilyrði ekki uppfyllt þá synjar greiðsluþjónustuveitandi um framkvæmd greiðslufyrirmæla eða greiðslu. Á sama hátt greiðsluþjónustuveitanda óheimilt að synja um framkvæmd greiðslufyrirmæla eða að setja af stað greiðslu séu skilyrðin uppfyllt og önnur ákvæði í löggjöf kveði ekki á um annað. Löggjöf sem getur leitt til þess að greiðsluþjónustuveitandi geti synjað um framkvæmd greiðslufyrirmæla eða að setja af stað greiðslu er hægt að nefna að t.d. kunna fjármunir á greiðslureikningi að vera greiðanda

óaðgengilegir vegna dómsúrskurðar, svo sem á grundvelli ákvæða laga nr. 88/2008, um meðferð sakamála, um hald á munum, eða vegna kyrrsetningar samkvæmt lögum nr. 31/1990. Þá kann skylda til að forðast viðskipti skv. 22. gr. laga um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka nr. 140/2018, jafnframt að koma til skoðunar í þessu samhengi. Löggjöfin getur kveðið á um þagnarskyldu greiðsluþjónustuveitanda um hvers vegna sé synjað og hann getur því ekki tilkynnt notanda greiðsluþjónustunnar í þeim tilvikum um ástæður fyrir synjuninni.

Í þeim tilvikum sem lög um greiðsluþjónustu, og eftir atvikum önnur lög, gera ráð fyrir að heimilt sé að neita um framkvæmd greiðslufyrirmæla skal notanda greiðsluþjónustu tilkynnt um synjunina í samræmi við 2. og 3. mgr. Auk þess er lagt til í 2. mgr. að greiðsluþjónustuveitandi geti í rammasamningi kveðið á um að heimilt sé að taka gjald fyrir synjun enda sé synjunin í samræmi við lög og rökstudd á hlutlægan hátt. Samkvæmt þessu verður gjaldið að vera sanngjarnt og einungis að standa straum af raunverulegum kostnaði greiðsluþjónustuveitanda við að þurfa að synja.

Í 4. mgr. er gert ráð fyrir að líta skuli á greiðslufyrirmæli sem synjað hefur verið um framkvæmd á eins og ekki hafið verið tekið við þeim. Því reynir ekki á ákvæði 89. gr. (Greiðsla á greiðslureikning) og 90. gr. (Aðstæður þegar viðtakandi greiðslu er ekki með greiðslureikning hjá greiðsluþjónustuveitanda um hvenær fjárhæð greiðslu skuli vera viðtakanda til ráðstöfunar). Ákvæði 83. gr. frumvarpsins á sér hliðstæðu í 60. gr. núgildandi laga um greiðsluþjónustu nr. 120/2011.

Um 86. gr.

Lagt er til að 80. gr. tilskipunarinnar verði innleidd í 86. gr. frumvarpsins. Notanda verði ekki heimilt að afturkalla greiðslufyrirmæli þegar greiðsluþjónustuveitandi hefur tekið við þeim nema 2.–6. mgr. ákvæðisins eigi við og eru skilyrði afturköllunar skilgreind með ólíkum hætti eftir aðstæðum. Greiðsluþjónustuveitandi hefur tekið við greiðslufyrirmælum þegar greiðandi hefur t.d. undirritað form fyrir greiðslufyrirmæli, staðfest þau í netbanka t.d. með lykilorði eða pin-kóða s.s. þeirri aðferð sem samist hefur um milli greiðsluþjónustuveitanda og notanda greiðsluþjónustunnar.

Ákvæði 2. og 3. mgr. eiga við þegar annað hvort greiðsluvirkjandi með samþykki greiðanda eða viðtakandi greiðslu setur af stað eða hefur milligöngu um greiðslu. Í síðarnefndri málsgrein er að finna sérreglu að því er varðar beingreiðslur, án þess að slíkt hafi áhrif á endurkröfuréttindi, en orðið beingreiðsla er skilgreint í 2. tölul. 3. gr. frumvarpsins. Greiðsluþjónustuveitandi getur samið um í rammasamningi að afturköllun verði að berast fyrir tiltekinn tíma nálægt lokum viðskiptadags ellegar verði greiðslufyrirmælin sett af stað.

Ákvæði 4. mgr. á við í því tilviki sem um getur í 2. mgr. 84. gr., þ.e. þegar samið hefur verið um að framkvæmd greiðslufyrirmæla skuli hefjast á tilgreindum degi, við lok tiltekins tímabils eða þann dag sem fjármunir hafa verið lagðir til ráðstöfunar hjá greiðsluþjónustuveitanda.

Eftir tímamörkin sem skilgreind eru í 1.–4. mgr. er aðeins unnt að afturkalla greiðslufyrirmæli ef aðilar semja um það, sbr. 5. mgr. Í rammasamningi má kveða á um heimild til gjaldtöku vegna afturköllunar greiðslufyrirmæla samkvæmt þessari málsgrein.

Loks athugast að 1.–5. mgr. eru frávíkjanlegar þegar notandi greiðsluþjónustu er ekki neytandi, sbr. 1. mgr. 51. gr. tilskipunarinnar. Ákvæði 86. gr. frumvarpsins er efnislega samhljóða 61. gr. núgildandi laga um greiðsluþjónustu nr. 120/2011.

Um 87. gr.

Lagt er til að 81. gr. tilskipunarinnar verði innleidd í 87. gr. frumvarpsins. Í 1. mgr. er gert ráð fyrir að meginreglan verði sú að greiðslur skuli millifærðar óskertar; gjöld skuli ekki dregin frá millifærðri fjárhæð. Þetta á við um allan feril greiðslu, þ.e. greiðsluþjónustuveitanda greiðanda, greiðsluþjónustuveitanda viðtakanda og mögulega milliliði þeirra.

Þó er í 2. mgr. gert ráð fyrir að viðtakandi greiðslu og greiðsluþjónustuveitandi hans geti samið um að hinn síðarnefndi dragi gjöld sín vegna greiðsluþjónustunnar frá millifærðri fjárhæð áður en hún er eignfærð á viðtakandann. Semji aðilar með fyrrgreindum hætti skal öll fjárhæð greiðslunnar aðskilin frá gjöldunum í þeim upplýsingum sem viðtakanda greiðslu eru veittar skv. IV. kafla, s.s. 52. gr. (Upplýsingagjöf gagnvart viðtakanda greiðslu eftir framkvæmd stakrar greiðslu) og 60. gr. (Upplýsingagjöf gagnvart viðtakanda um einstakar greiðslur sem falla undir rammasamning). Eingöngu er heimilt að draga frá umsamin gjöld vegna greiðsluþjónustunnar en ekki vegna t.d. annarra viðskipta aðila, sbr. 80. tölul. formála tilskipunarinnar.

Í 3. mgr. er lagt til að ef atvik eru með þeim hætti að einhver önnur gjöld en þau sem um getur í 2. mgr. eru dregin frá millifærðri fjárhæð skuli greiðsluþjónustuveitandi greiðanda sjá til þess að viðtakandi greiðslu fái alla fjárhæð greiðslunnar sem greiðandi setur af stað. Í tilvikum þar sem viðtakandi greiðslu setur af stað greiðslu eða hefur milligöngu um hana skal greiðsluþjónustuveitandi hans tryggja að viðtakandinn fái óskerta fjárhæð greiðslunnar. Með ákvæðinu er ábyrgð því lögð á herðar greiðsluþjónustuveitendum um að meginregla 1. mgr. sé virt í framkvæmd. Ákvæðið er efnislega samhljóða 62. gr. núgildandi laga um greiðsluþjónustu nr. 120/2011.

Um 88. gr.

Um gildissvið F-þáttar V. kafla frumvarpsins fer samkvæmt síðari málslið 5. mgr. 1. gr. Rétt þykir, samhengisins vegna, að minna á þessa sérreglu í sérákvæði. Vísast að öðru leyti til 1. og 2. gr. um gildissvið.

Um 89. gr.

Lagt er til að 83. gr. tilskipunarinnar verði innleidd í 89. gr. frumvarpsins, um greiðslu á greiðslureikning.

Í 1. mgr. er lagt til að frá viðtökutíma þeim sem tilgreindur er í 84. gr. (Viðtaka greiðslufyrirmæla) skuli greiðsluþjónustuveitandi tryggja að fjárhæð greiðslu sé eignfærð á reikning greiðsluþjónustuveitanda viðtakanda, í síðasta lagi í lok næsta viðskiptadags. Þegar um ræðir greiðslur sem eru á pappírsgrundvelli (e. *paper initiated payment transactions*) má þó lengja fyrrgreind freststímabil um einn viðskiptadag.

Í 2. mgr. er gert ráð fyrir að greiðsluþjónustuveitanda viðtakanda beri eftir viðtöku fjármuna að setja gildisdag á greiðslu og leggja fjárhæð hennar til ráðstöfunar viðtakanda á greiðslureikning hans í samræmi við 92. gr. (Gildisdagur og fjármunir til ráðstöfunar), nema samningsaðilar tiltaki annan tímafrest.

Ákvæði 3. mgr. er sérákvæði sem gildir um greiðslur sem viðtakandinn hefur milligöngu um (t.d. greiðsla með greiðslukorti á sölustað) og greiðslur sem viðtakandinn á frumkvæði að (t.d. beingreiðslur). Að því er beingreiðslur varðar skulu viðtakandi og greiðsluþjónustuveitandi hans semja um tímafrest sendingar greiðslufyrirmæla til greiðsluþjónustuveitanda greiðanda, til þess að uppgjör eigi sér stað á þeim gjalddaga sem greiðandinn og viðtakandi greiðslu hafa komið sér saman um. Greiðsluþjónustuveitandi viðtakanda verður að treysta á þann gjalddaga sem viðtakandinn ákveður, vegna þess að

gjalddaginn er ákveðinn með samningi milli greiðanda og viðtakanda. Þetta á t.d. við um beingreiðslur vegna orku- og rafmagnskostnaðar. Viðtökudagur greiðslufyrirmæla skv. 84. gr. frumvarpsins verður hinn umsamdi gjalddagi og á þeim degi má í fyrsta lagi skuldfæra reikning greiðanda. Orðin beingreiðsla og viðskiptadagur eru skilgreind í 2. tölul. og 49. tölul. 3. gr. frumvarpsins.

Að því er færsluhirðingu varðar getur hér einungis verið um að ræða samning milli söluaðila og færsluhirðis. Í 82. gr. aðfararorða tilskipunarinnar segir að til að auka skilvirkni í greiðslum innan Evrópska efnahagssvæðisins ætti um öll greiðslufyrirmæli, sem greiðandi á frumkvæði að og eru tilgreind í evrum eða í gjaldmiðli aðildarríkis sem hefur ekki evru sem gjaldmiðil, þ.m.t. millifærslur fjármuna og peningasendingar, að gilda hámarksframkvæmdartími sem er einn dagur. Um allar aðrar greiðslur, s.s. greiðslur, sem viðtakandi greiðslu setur af stað eða hefur milligöngu um, þ.m.t. beingreiðslur og kortagreiðslur, ætti að gilda sami framkvæmdartími, sem er einn dagur, ef ekki liggur fyrir skýrt samkomulag milli greiðsluþjónustuveitanda og greiðanda um lengri framkvæmdartíma. Sama kemur fram í skýringum framkvæmdastjórnar ESB um færsluhirðingu vegna tilskipunar 2007/64/EB þ.e.a.s. að greiðsluþjónustuveitandi og söluaðili skuli semja sín á milli um framkvæmd greiðslu til söluaðila. Um það hvenær greiðsluþjónustuveitandi viðtakanda (færsluhirðir) greiðir viðtakanda (söluaðila) uppgjör inn á greiðslureikning hans er hins vegar fjallað í 2. mgr. þessarar greinar og 92. gr. frumvarpsins (Gildisdagur og fjármunir til ráðstöfunar). Skv. 8. tölul. 2. gr. frumvarpsins fellur færsluvísing (e. *clearing*) og uppgjör (e. *settlement*) milli útgefanda og færsluhirðis utan gildissviðs laga um greiðsluþjónustu. Ákvæðið er efnislega samhljóða 64. gr. núgildandi laga um greiðsluþjónustu nr. 120/2011.

Um 90. gr.

Lagt er til að 84. gr. tilskipunarinnar verði innleidd í 90. gr. frumvarpsins. Ákvæðið á við þegar viðtakandi greiðslu er ekki með greiðslureikning hjá greiðsluþjónustuveitanda og mælir fyrir um að fjármunir skuli hafðir aðgengilegir til ráðstöfunar fyrir viðtakandann innan þess frests sem tilgreindur er í 89. gr. Peningasending, skv. f-lið, 22. tölul. 3. gr. frumvarpsins er dæmi um greiðsluþjónustu þar sem viðtakandi greiðslu á ekki greiðslureikning. Ákvæðið leggur ekki skyldu á greiðsluþjónustuveitanda að samþykkja móttöku greiðslunnar.

Ákvæði 90. gr. er samhljóða 65. gr. núgildandi laga um greiðsluþjónustu nr. 120/2011.

Um 91. gr.

Lagt er til að 85. gr. tilskipunarinnar verði innleidd í 91. gr. frumvarpsins, en þó þannig að valkvætt ákvæði 86. gr. tilskipunarinnar verði nýtt. Ákvæðið á við þegar reiðufé er lagt inn á greiðslureikning. Leggi notandi greiðsluþjónustu, hvort sem hann er neytandi eða ekki, reiðufé inn á greiðslureikning í gjaldmiðli reikningsins skal greiðsluþjónustuveitandi tryggja að fjárhæðin sé til ráðstöfunar og gildisdagsett tafarlaust eftir skráða viðtöku fjármunanna. Samkvæmt 86. gr. tilskipunarinnar er heimilt að kveða á um strangari tímafresti en kveðið er á um í 82. – 87. gr. tilskipunar og er gert ráð fyrir, líkt og í núgildandi lögum, að sú heimild verði nýtt á þann hátt að greiðsla skal gildisdagsett tafarlaust eftir viðtöku fjárins af hálfu greiðsluþjónustuveitanda, enda tæknilegt umhverfi með þeim hætti á Íslandi að slíkt er framkvæmanlegt. Orðin gildisdagur og viðskiptadagur eru skilgreind í 10. tölul. og 49. tölul. 3. gr. frumvarpsins. Ákvæði 91. gr. er samhljóða 66. gr. núgildandi laga um greiðsluþjónustu nr. 120/2011.

Um 92. gr.

Lagt er til að 87. gr. tilskipunarinnar verði innleidd í 92. gr. frumvarpsins. Í 1. málsl. 1. mgr. er gildisdagur eignfærslu á greiðslureikning viðtakanda skilgreindur og telst hann vera eigi síðar en þann viðskiptadag þegar fjárhæð greiðslunnar er eignfærð á reikning greiðsluþjónustuveitanda viðtakanda. Í 2. málsl. 1. mgr. er kveðið á um að greiðsluþjónustuveitandi viðtakanda greiðslu skuli tryggja að fjárhæð greiðslunnar sé viðtakanda til ráðstöfunar þegar í stað eftir að hún hefur verið eignfærð á reikning greiðsluþjónustuveitanda viðtakanda að því tilskildu að hvorki eigi sér stað umreikningur gjaldmiðils né umreikningur gjaldmiðils milli evru og gjaldmiðils aðildarríkis eða milli tveggja aðildarríkja. Skyldan er sú sama í þeim tilvikum þegar um er að ræða greiðslur innan eins greiðsluþjónustuveitanda. Greiðslureikningur er skilgreindur í 17. tölul. 3. gr. frumvarpsins.

Í 2. mgr. er gildisdagur skuldfærslu á greiðslureikning greiðanda skilgreindur og telst hann vera eigi fyrr en sá tímapunktur þegar fjárhæð greiðslunnar er skuldfærð á greiðslureikning greiðanda hjá greiðsluþjónustuveitanda. Hefur hún í för með sér að ekki má hætta að greiða vexti af innstæðu á greiðslureikningi hans fyrr en á þeim tímapunkti sem greiðsla er raunverulega framkvæmd af reikningi hans.

Orðin gildisdagur og viðskiptadagur eru skilgreind í 10. tölul. og 49. tölul. 3. gr. frumvarpsins. Ákvæði 92. gr. er nær efnislega samhljóða 67. gr. núgildandi laga um greiðsluþjónustu nr. 120/2011.

Um 93. gr.

Lagt er til að 88. gr. tilskipunarinnar verði innleidd í 93. gr. frumvarpsins. Ákvæðið á við þegar greiðsluþjónustuveitandi hefur úthlutað notanda greiðsluþjónustu sérstöku kennimerki, sem tilgreina skal vegna framkvæmdar greiðslu, til að unnt sé að bera ótvíræð kennsl á notandann og/eða greiðslureikning hans. Sérstakt kennimerki er samsett úr bókstöfum, tölustöfum og/eða táknum, sbr. orðskýringu í 37. tölul. 3. gr. frumvarpsins.

Samkvæmt 1. mgr. skulu greiðslufyrirmæli teljast hafa verið framkvæmd réttilega að því er varðar þann viðtakanda greiðslu sem tilgreindur er með tilteknu sérstöku kennimerki sem greiðslufyrirmæli eru framkvæmd í samræmi við.

Leggi notandi greiðsluþjónustu fram rangt sérstakt kennimerki og framkvæmd greiðslu á af þeim sökum sér ekki stað eða er gölluð gerir 2. mgr. ekki ráð fyrir ábyrgð greiðsluþjónustuveitanda skv. 94. gr. (Bótaábyrgð greiðsluþjónustuveitanda þegar framkvæmd greiðslu á sér ekki stað eða er gölluð og greiðslufyrirmæli er gefin millilíðalaust). Notandi greiðsluþjónustu ber hallann af því ef hann notar ekki rétt sérstakt kennimerki. Þó ber greiðsluþjónustuveitanda að gera ráðstafanir til aðstoðar greiðanda, eftir því sem mögulegt er, um endurheimtu þeirra fjármuna sem greiðsla fól í sér og í því skyni hafa samband við greiðsluþjónustuveitanda viðtakanda til að fá frekari upplýsingar. Honum ber að sýna samvinnu og afhenda upplýsingarnar sem hann býr yfir. Semja má um gjaldtöku fyrir slíka aðstoð í rammasamningi, ef það er ekki gert, er slík gjaldtaka óheimil.

Í 3. mgr. er lagt til að kveðið verði á um að ef notandi greiðsluþjónustu veitir upplýsingar til viðbótar þeim sem hann þarf samkvæmt frumvarpinu að gefa upp til að greiðslufyrirmæli verði framkvæmd á réttan hátt, skuli greiðsluþjónustuveitandi aðeins vera ábyrgur vegna framkvæmdar greiðslunnar í samræmi við sérstaka kennimerkið sem notandi greiðsluþjónustunnar leggur fram. Markmið ákvæðisins er að skera úr um réttarstöðu greiðsluþjónustuveitanda þegar um mótsagnakenndar upplýsingar er að ræða frá notanda. Ákvæði 93. gr. er nær samhljóða 68. gr. núgildandi laga um greiðsluþjónustu nr. 120/2011.

Um 94. gr.

Lagt er til að 89. gr. tilskipunarinnar verði innleidd í 94. gr. frumvarpsins, um þau tilvik þegar framkvæmd greiðslu á sér ekki stað eða er gölluð. Slíkt getur t.d. átt sér stað þegar röng fjárhæð er dregin af bankareikningi við millifærslu eða röng skráning á sér stað, s.s. rangt reikningsnúmer. Lagt er til að annars vegar greiðandi og hins vegar viðtakandi greiðslu njóti hlutlægrar bótaábyrgðar í tilgreindum tilvikum og séu greiðsluþjónustuveitandi greiðanda eða viðtakanda greiðslu ábyrgir eftir atvikum.

Ákvæði 1.–5. mgr. eiga við þegar greiðandi gefur greiðslufyrirmæli. Ákvæðin gilda þó með fyrirvara um 77. gr. (notandi greiðsluþjónustu hafi fullnægt tilkynningarskyldu sinni um óheimilaða eða ranglega framkvæmda greiðslu), 2.–3. mgr. 93. gr. (ef sérstakt kennimerki sem notandi greiðsluþjónustu leggur fram er rangt er greiðsluþjónustuveitandi ekki ábyrgur) og 98. gr. (Óeðlilegar og ófyrirsjáanlegar aðstæður).

Meginreglan er tilgreind í 1. málsl. 1. mgr., en hún er sú að greiðsluþjónustuveitandi í því tilviki að greiðandi hafi gefið greiðslufyrirmæli milliliðalaust ber ábyrgð gagnvart greiðanda á því að greiðsla verði réttilega framkvæmd. Ef greiðsluþjónustuveitandi greiðandans getur hins vegar sannað að greiðsluþjónustuveitandi viðtakanda hafi tekið við hlutaðeigandi greiðslu í samræmi við 1. mgr. 89. gr. frumvarpsins (Greiðsla á greiðslureikning) verður greiðsluþjónustuveitandi viðtakanda ábyrgur fyrir réttri framkvæmd greiðslunnar í samræmi við 89. gr. Ábyrgð hans á réttri framkvæmd greiðslu er gagnvart viðtakanda greiðslunnar og nær hún einungis til beins tjóns. Hér eiga undir millifærslur á milli bankareikninga og tjónið getur verið tapaðar vaxtatekjur. Meginreglan er því sú í samræmi við sbr. 89. gr. að greiðsluþjónustuveitandi greiðanda ber ábyrgð gagnvart greiðanda á því að greiðsla verði réttilega framkvæmd fram að þeim tímapunkti að greiðsluþjónustuveitandi viðtakanda hefur móttekið greiðsluna þá flyst ábyrgðin yfir á greiðsluþjónustuveitanda viðtakanda vegna beins tjóns sem viðtakandi greiðslu verður fyrir.

Ef greiðsluþjónustuveitandi greiðanda er ábyrgur skv. 1. mgr. skal hann skv. 2. mgr. endurgreiða greiðanda fjárhæð óframkvæmdrar eða gallaðrar greiðslu án óþarfa tafar og, ef við á, færa skuldfærðan greiðslureikning í þá stöðu sem hann hefði verið í ef gallaða greiðslan hefði ekki átt sér stað. Áskilið er að gildisdagur eignfærslunnar að því er varðar greiðslureikning greiðandans skuli vera eigi síðar en daginn þegar fjárhæðin var skuldfærð.

Ef greiðsluþjónustuveitandi viðtakanda greiðslu er ábyrgur skv. 1. mgr. skal hann skv. 3. mgr. þegar í stað setja fjárhæð greiðslunnar til ráðstöfunar viðtakanda greiðslu og, ef við á, eignfæra samsvarandi fjárhæð á greiðslureikning viðtakanda greiðslu. Gildisdagur eignfærslunnar að því er varðar greiðslureikning viðtakanda greiðslu skal ekki vera síðar en dagurinn sem hefði verið gildisdagur ef greiðslan hefði verið framkvæmd rétt í samræmi við 92. gr. (Gildisdagur og fjármunir til ráðstöfunar).

Í 4. mgr. er lagt til að sú skylda verði lögð á greiðsluþjónustuveitanda viðtakanda greiðslu þegar greiðsla hafi verið framkvæmd of seint og að fenginni skriflegri beiðni greiðsluþjónustuveitanda greiðanda að tryggja að gildisdagur eignfærslu á greiðslureikning viðtakanda greiðslu verði sá dagur sem greiðslan hefði átt að vera framkvæmd réttilega.

Í 5. mgr. er lagt til að lögð verði sú skylda á herðar greiðsluþjónustuveitanda greiðanda að gera þegar í stað ráðstafanir til að rekja óframkvæmda greiðslu eða gallaða framkvæmda greiðslu ef greiðandi æskir þess, án tillits til þess hver ber ábyrgð skv. 1. mgr., og skal hann tilkynna greiðanda um niðurstöðuna. Þetta skal vera greiðandanum að kostnaðarlausu. Sem dæmi má nefna að greiðsluþjónustuveitandi greiðanda komist að því hver sé viðtakandi greiðslunnar og greiðsluþjónustuveitandi viðtakanda greiðslu og komi þeim upplýsingum til greiðanda.

Ákvæði 6.–9. mgr. eiga við þegar viðtakandi greiðslu gefur greiðslufyrirmælin eða hefur milligöngu um að þau eru gefin. Hér undir eiga því beingreiðslur og greiðslur með greiðslukortum (milliganga). Skv. 6. mgr. skal greiðsluþjónustuveitandi viðtakanda bera ábyrgð á því gagnvart viðtakandanum að greiðslufyrirmælin sem hann gaf eða hafði milligöngu um verði réttilega send greiðsluþjónustuveitanda greiðanda, sbr. 3. mgr. 89. gr. frumvarpsins. Ábyrgðin nær til beins tjóns. Skulu greiðslufyrirmælin send tafarlaust, eða eftir atvikum endursend. Hafi greiðsluþjónustuveitandi viðtakanda sent greiðslufyrirmælin of seint skal hann þó sjá til þess að gildisdagur fjárhæðarinnar á greiðslureikningi viðtakanda sé hinn sami og hefði greiðslan verið framkvæmd rétt. Skv. 6. mgr. er greiðsluþjónustuveitandi viðtakanda greiðslu jafnframt ábyrgur gagnvart viðtakandanum fyrir að greiðslan sé meðhöndluð í samræmi við 92. gr. frumvarpsins (Gildisdagur og fjármunir til ráðstöfunar). Málsgreinin gildir með fyrirvara um 77. gr. (notandi greiðsluþjónustu hafi fullnægt tilkynningarskyldu sinni um óheimilaða eða ranglega framkvæmda greiðslu), 2. og 3. mgr. 93. gr. (ef sérstakt kennimerki sem notandi greiðsluþjónustu leggur fram er rangt er greiðsluþjónustuveitandi ekki bótaskyldur) og 98. gr. (Óeðlilegar og ófyrirsjáanlegar aðstæður).

Í 7. mgr. er lagt til að áhættan af réttri framkvæmd greiðslu yfirfærist á greiðsluþjónustuveitanda greiðanda í þeim tilvikum sem greiðsluþjónustuveitandi viðtakanda telst ekki ábyrgur skv. 5. og 6. mgr. Hinn fyrrnefndi skal þá án óþarfa tafar endurgreiða greiðanda fjárhæð óframkvæmdrar eða gallaðrar greiðslu og, ef við á, færa skuldfærðan greiðslureikning í þá stöðu sem hann hefði verið ef gallaða greiðslan hefði ekki átt sér stað. Gildisdagur eignfærslunnar á greiðslureikningi greiðandans skal ekki vera síðar en dagurinn sem fjárhæðin var skuldfærð. Þetta á þó ekki við ef greiðsluþjónustuveitandi greiðanda færir sönnur á að greiðsluþjónustuveitandi viðtakanda hafi eigi að síður fengið fjárhæð greiðslunnar. Þá fellur það greiðsluþjónustuveitanda viðtakanda í skaut að setja gildisdag fjárhæðarinnar á greiðslureikning viðtakanda greiðslu eigi síðar en þann dag hefði hún verið framkvæmd rétt.

Ákvæði 8. mgr. er efnislega sambærilegt ákvæði 5. mgr., nema hvað hún snýr að viðtakanda greiðslu og greiðsluþjónustuveitanda hans.

Í 9. mgr. er kveðið á um ábyrgð greiðsluþjónustuveitanda gagnvart notanda greiðsluþjónustu að því er varðar gjöld og vexti sem mögulega falla á notandann sem afleiðing af óframkvæmdri eða gallaðri greiðslu, þ.m.t. þegar greiðsla er framkvæmd of seint. Greiðsluþjónustuveitandi greiðanda ber ábyrgð samkvæmt þessari málsgrein gagnvart greiðanda og greiðsluþjónustuveitandi viðtakanda greiðslu gagnvart viðtakandanum. Notandi greiðsluþjónustu skal með öðrum orðum vera skaðlaus.

Áréttað er að víkja má frá 1.–9. mgr. með samningi, í heild eða að hluta, þegar notandi greiðsluþjónustu er ekki neytandi, sbr. 61. gr. frumvarpsins. Ákvæði 94. gr. er um margt sambærilegt 69. gr. núgildandi laga um greiðsluþjónustu nr. 120/2011.

Um 95. gr.

Lagt er til að 90. gr. tilskipunarinnar verði innleidd í 95. gr. frumvarpsins, um þau tilvik þegar framkvæmd greiðslu á sér ekki stað eða er gölluð en greiðandi gaf greiðslufyrirmæli fyrir milligöngu greiðsluvirkjanda.

Í 1. mgr. er lagt til að greiðsluþjónustuveitandi sem veiti reikningsþjónustu skuli endurgreiða greiðanda fjárhæð óframkvæmdrar eða gallaðrar greiðslu og, eftir atvikum, færa skuldfærðan greiðslureikning í þá stöðu sem hann hefði verið ef gallaða greiðslan hefði ekki farið fram. Þetta gildir með fyrirvara um 77. gr. (notandi greiðsluþjónustu hafi fullnægt

tilkynningarskyldu sinni um óheimilaða eða ranglega framkvæmda greiðslu) og 2. og 3. mgr. 93. gr. (ef sérstakt kennimerki sem notandi greiðsluþjónustu leggur fram er rangt er greiðsluþjónustuveitandi ekki ábyrgur).

Í 2. mgr. er lagt til að greiðsluvirkjandi beri sönnunarbyrðina fyrir því að greiðsluþjónustuveitandinn sem veitir reikningsþjónustu, hafi tekið við greiðslufyrirmælunum í samræmi við 84. gr. (Viðtaka greiðslufyrirmæla) og hvað hans starfsemi varðar (e. within its sphere of competence) að greiðslan hafi verið heimiluð, rétt skráð og að tæknileg bilun eða annar ágalli hafi ekki haft þau áhrif að greiðslan hafi verið gölluð, hún hafi ekki verið framkvæmd eða framkvæmd of seint.

Í 3. mgr. er lagt til að greiðsluvirkjandi skuli bera ábyrgð takist honum ekki að færa sönnur á þau atriði sem nefnd eru í 2. mgr. og þá í framhaldinu bæta greiðsluþjónustuveitanda sem veitir reikningsþjónustu tapið sem hann varð fyrir sem telst a.m.k. fjárhæðin sem hann hefur greitt í endurgreiðslu til greiðandans komi fram beiðni að hans hálfu þar um.

Ákvæði 90. gr. er nýmæli og fyrirfinnst ekki í núgildandi lögum um greiðsluþjónustu nr. 120/2011.

Um 96. gr.

Lagt er til að 91. gr. tilskipunarinnar verði innleidd í 96. gr. frumvarpsins, um frekari fébætur en gert er ráð fyrir í 93.–95. gr. Gert er ráð fyrir að ákvarða megi frekari fébætur, enda sé stoð fyrir slíku í samningi milli notanda greiðsluþjónustu og greiðsluþjónustuveitanda hans.

Rétt þykir í þessu samhengi að minna t.d. á ákvæði 79. gr. (Greiðsla þegar fjárhæð greiðslu er ekki þekkt fyrirfram) um ábyrgð greiðsluþjónustuveitanda þegar um ræðir óheimilaða greiðslu, 80. gr. um ábyrgð greiðanda þegar um ræðir óheimilaða greiðslu og 82. gr. og 83. gr. um endurgreiðslur á greiðslum sem viðtakandi á frumkvæði að eða hefur milligöngu um. Ákvæðið er samhljóða 70. gr. núgildandi laga um greiðsluþjónustu nr. 120/2011.

Um 97. gr.

Lagt er til að 92. gr. tilskipunarinnar verði innleidd í 97. gr. frumvarpsins, um ábyrgð annarra greiðsluþjónustuveitenda eða milliliða gagnvart greiðsluþjónustuveitendum greiðanda eða viðtakanda greiðslu (endurkröfuréttur) sem orðið hafa fyrir tjóni á grundvelli 79. gr. (Bótaábyrgð greiðsluþjónustuveitanda þegar um ræðir óheimilaða greiðslu) og 94. gr. (Bótaábyrgð greiðsluþjónustuveitanda þegar framkvæmd greiðslu á sér ekki stað eða er gölluð og greiðslufyrirmæli eru gefin millilíðalaust.), enda megi rekja tjónið til fyrrgreindra aðila. Milliliðir og aðrir greiðsluþjónustuveitendur geta verið þeir sem taka þátt í greiðslu og eru á milli greiðanda og greiðsluþjónustuveitanda viðtakanda greiðslu en einnig getur milliliður verið viðtakandi greiðslu í því tilviki að greiðsluþjónustuveitandi hans hefur orðið fyrir tjóni af hans sökum. Ákvæði 97. gr. er samhljóða 71. gr. núgildandi laga um greiðsluþjónustu nr. 120/2011.

Um 98. gr.

Lagt er til að 93. gr. tilskipunarinnar verði innleidd í 98. gr. frumvarpsins, um óeðlilegar og ófyrirsjáanlegar aðstæður. Bótaábyrgð skv. 64.–97. gr. laganna nær ekki til tjóns sem rekja má til 1) óeðlilegra eða 2) ófyrirsjáanlegra aðstæðna 3) sem ekki eru á valdi þess aðila sem ber fyrir sig þessar aðstæður og hann hefur engin áhrif á og 4) hefði ekki getað afstýrt þrátt fyrir tilraunir til þess. Öll fjögur skilyrðin þurfa að vera uppfyllt til að unnt sé að losna undan bótaábyrgðinni. Bótaábyrgð samkvæmt fyrrgreindum ákvæðum nær heldur ekki til tjóns sem aðrar lagaskyldur sem greiðsluþjónustuveitandi er undirorpinn kunna að valda. Sem dæmi má

nefna mögulegar þvingandi aðgerðir á grundvelli laga um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka.

Um 99. gr.

Lagt er til að 94. gr. tilskipunarinnar verði innleidd í 99. gr. frumvarpsins, um persónuvernd. Ákvæðið heimilar greiðslukerfum og greiðsluþjónustuveitendum vinnslu og meðferð persónuupplýsinga þegar það er nauðsynlegt til að koma í veg fyrir, rannsaka og
Greina möguleg greiðslusvik. Hugtakið greiðslusvik (e. payment fraud) ber að túlka með víðtækum hætti. Greiðslusvik geta m.a. náð til hvers konar sviksamlegrar, óheimilaðrar eða óeðlilegrar notkunar á upplýsingatæknikerfum, öryggisráðstöfunum eða upplýsingum sem tengjast framkvæmd greiðsluþjónustu. Um meðferð persónuupplýsinga fer samkvæmt lögum nr. 90/2018, um
persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, en með þeim voru innleidd í íslenskan rétt ákvæði reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/679 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga.

Um 100. gr.

Lagt er til að 1. og 2. mgr. 95. gr. og 3. mgr. 97. tilskipunarinnar um að greiðsluþjónustuveitandi skuli koma á eftirlitskerfi til að stýra rekstrar- og öryggisáhættu verði innleiddar í 100. gr. frumvarpsins og að krafa sé gerð um að fullnægjandi öryggisráðstafanir séu fyrir hendi vegna persónubundinna öryggisskilríkja. Til að stuðla að trausti og stöðugleika í fjármálakerfinu er nauðsynlegt að fastsetja reglur um öryggi í tengslum við þegar greiðsluþjónusta er veitt svo að bæði neytendur og lögaðilar geti treyst því að greiðslufyrirmæli sem þeir hafi gefið séu meðhöndluð á öruggan hátt og þar með dregið úr líkum á svikum, eyðileggingu og tæknilegum bilunum þegar greiðsluþjónustuveitandi framkvæmir greiðsluna.

Í 1. mgr. eru tilgreind þrjú atriði í 1.– 3. tölul. sem greiðsluþjónustuveitandi verður að koma á og viðhalda. Ákveðið samhengi er á milli þessara skilyrða og þeirra sem gerð eru til greiðslustofnana, sbr. 1. mgr. 13. gr. (Afturköllun starfsleyfis). Hér er því í fyrsta lagi verið að leggja til að gera kröfur til allra greiðsluþjónustuveitenda þ.m.t. viðskiptabanka. Óháð rekstrarformi og stærð skal greiðsluþjónustuveitandi koma á og viðhalda sérstökum áhættumiðuðum ferlum og eftirlitskerfi til að stýra rekstrar- og öryggisáhættu í tengslum við þá tegund greiðsluþjónustuna sem hann veitir. Ferlar skulu innihalda viðeigandi stýringar og mótvægisaðgerðir til að halda áhættu innan ásættanlegra marka. Til að unnt sé að viðhalda ferlum og eftirlitskerfi sem komið hefur verið á þarf að rýna og uppfæra í samræmi við breytingar og kröfur sem kunna að hafa verið gerðar. Í öðru lagi er verið að leggja til að greiðsluþjónustuveitandi verði að koma á og viðhalda skilvirkri atvikastjórnun, sem m.a. hefur að geyma greiningu og flokkun alvarlegra rekstrar- og öryggisfrávika. Hér getur verið um að ræða rekstrarrof, tæknilegt rof, eyðilegging eða skemmdarverk unnin á öryggisaðgerðum sem getur haft rekstrar- eða fjárhagslegar afleiðingar fyrir notanda greiðsluþjónustunnar. Skráning atvika ætti að taka til allra þátta greiðsluþjónustunnar t.d. innbrot í netbanka, svik eða eyðileggingu í greiðslukerfi eða kortakerfi sem leiðir til þess að greiðsla verður gölluð eða hún ekki framkvæmd. Þá ber að flokka atvikin og greina alvarleika þeirra og taka ákvörðun um hvernig skuli brugðist við þeim. Þessi aðferðafræði styður við þær kröfur sem gerðar eru í 101. gr. Í þriðja lagi er lagt til að greiðsluþjónustuveitandi skuli koma á og viðhalda fullnægjandi öryggisráðstöfunum til að vernda trúnað og heilleika persónubundinna öryggisskilríkja notenda greiðsluþjónustunnar í samræmi við reglur Seðlabanka Íslands, sbr.
2. mgr. 117. gr. Persónubundin öryggisskilríki eru skilgreind í 31. tölul. 3. gr. frumvarpsins sem persónubundnir þættir sem greiðsluþjónustuveitandinn afhendir notanda greiðsluþjónustu í tilgangi sannvottunar. Sannvottun er aðferð sem gerir greiðsluþjónustuveitanda kleift að sannreyna deili á notanda greiðsluþjónustu eða notkun tiltekins greiðslumiðils, þ.m.t. notkun

á persónubundnum öryggisskilríkjum notandans, sbr. 36. tölul. 3. gr. frumvarpsins. Til að koma í veg fyrir að aðferð sannvottunar á notanda greiðsluþjónustu verði ekki misnotuð af þriðja aðila, t.d. að einhver læst vera notandi greiðsluþjónustunnar, þá skiptir sköpum trúnaður og áreiðanleiki þeirra þátta (e. *elements*) sem ferlið reiðir sig á og að þar verði ekki misbrestur. Af þeim sökum verður greiðsluþjónustuveitandi að innleiða viðhlítandi eftirlitsaðgerðir og öryggisráðstafanir, sem skulu tryggja öryggi persónubundinna öryggisskilríkja notanda greiðsluþjónustunnar. Eftirlits- og öryggisráðstafanirnar þurfa því að vera endurskoðaðar reglulegar og uppfærðar í samræmi við uppfært áhættumat.

Í 2. mgr. er lagt til að greiðsluþjónustuveitandi skuli a.m.k. árlega veita Fjármálaeftirlitinu uppfært og ítarlegt mat á rekstrar- og öryggisáhættu í tengslum við greiðsluþjónustu þá sem hann veitir og lýsingu á þeim varúðarráðstöfunum og eftirlitsaðgerðum sem hann hefur innleitt til að bregðast við áhættunni. Hér er því ítrekuð krafan í 1. tölul. 100. gr. (Eftirlitskerfi rekstrar- og öryggisáhættu) um að greiðsluþjónustuveitandinn skuli reglulega gera áhættumat sem taki mið af þeirri tegund greiðsluþjónustu sem hann veitir og í framhaldinu innleiði hann viðeigandi eftirlitsaðgerðir og varúðarráðstafanir til að stýra áhættunni.

Í 3. mgr. er lagt til að Seðlabanki Íslands setji nánari reglur um framkvæmd ákvæðisins. Í 3.– 4. mgr. 95. gr. tilskipunarinnar er kveðið á um að Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skuli í samstarfi við Seðlabanka Evrópu og að höfðu samráði við alla viðkomandi hagsmunaaðila, þ.m.t. þá sem eru á greiðsluþjónustumarkaði, að teknu tilliti til allra viðeigandi hagsmuna, gefa út viðmiðunarreglur í samræmi við 16. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010 um að koma á, framkvæma og hafa eftirlit með öryggisráðstöfunum, þ.m.t. vottunarferli ef við á. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin hefur gefið út viðmiðunarreglur um öryggisráðstafanir fyrir rekstrar- og öryggisáhættu vegna tilskipunarinnar og tóku þær gildi 13. janúar 2018. Gera má ráð fyrir að Seðlabanki Íslands taki mið af viðmiðunarreglunum við gerð sinna reglna. Ákvæðið er nýmæli.

Um 101. gr.

Lagt er til að 1., 2. og 6. mgr. 96. gr. tilskipunarinnar verði innleiddar í 101. gr. frumvarpsins um tilkynningarskyldu greiðsluþjónustuveitanda til Fjármálaeftirlitsins vegna alvarlegra rekstrar – eða öryggisfrávika.

Í 1. málsl. 1. mgr. er lagt til að greiðsluþjónustuveitandi skuli án ástæðulausrar tafar tilkynna Fjármálaeftirlitinu um alvarlegt rekstrar- eða öryggisfrávik. Þau geta verið rekstrarrof, tæknilegt rof, eyðilegging eða skemmdarverk unnin á öryggisaðgerðum sem getur haft rekstrar- eða fjárhagslegar afleiðingar fyrir notanda greiðsluþjónustunnar. Líkt og kemur fram í greinargerð með 2. tölul. 1. mgr. 100. gr. frumvarpsins á skráning atvika að taka til allra þátta greiðsluþjónustunnar t.d. innbrot í netbanka, svik eða eyðileggingu í greiðslukerfi eða kortakerfi sem leiðir til þess að greiðsla verður gölluð eða hún ekki framkvæmd. Þá ber að flokka atvikin og greina alvarleika þeirra og taka ákvörðun um hvernig skuli brugðist við þeim. Hvort atvik teljist alvarlegt rekstrar- eða öryggisfrávik veltur á mati á margskonar aðstæðum, s.s. hvort atvikið geti þróast í að vera stóráfall sem muni gangsetja viðbragðsáætlun greiðsluþjónustuveitandans vegna stóráfalla, hvort atvikið geti haft afleiðingar fyrir fjármálainnviði eða lögreglurannsókn, hvort trúnaður gagna sé í hættu o.s.frv.

Í 2. mgr. er lagt til að greiðsluþjónustuveitandi skuli tafarlaust upplýsa um rekstrar-eða öryggisfrávikið og allar ráðstafanir sem gerðar hafi verið til að draga úr skaðlegum áhrifum þess muni frávikið, eða geti frávikið haft áhrif á fjárhagslega hagsmuni notenda greiðsluþjónustunnar. Gölluð greiðsla eða greiðsla sem ekki var framkvæmd getur t.d. leitt til þess að launþegi fá ekki reglulega launagreiðslu. Það er því eðlilegt að honum sé tilkynnt um

misbrestinn. Einnig er mikilvægt að notandi fái tækifæri til að grípa til þeirra ráðstafana sem hann getur sjálfur gripið til til að lágmarka líkur á tjóni í kjölfar atviks, s.s. að lækka úttektarheimildir o.s.frv.

Í 3.-5. mgr. er lagt til það ferli sem fara skuli í gang eftir að Fjármálaeftirlitið hefur móttekið tilkynningu skv. 1. mgr. Fjármálaeftirlitið er skuldbundið eftir mikilvægi atviksins að veita Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni, Seðlabanka Evrópu og öðrum viðkomandi stjórnvöldum upplýsingar um atvikið. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin og Seðlabanki Evrópu skulu, í samstarfi við Fjármálaeftirlitið, meta mikilvægi atviksins fyrir önnur viðkomandi stjórnvöld innan Evrópska efnahagssvæðisins og tilkynna þeim til samræmis við það. Seðlabanki Evrópu skal jafnframt tilkynna aðilum seðlabankakerfis Evrópu og seðlabönkum EFTA ríkjanna um málefni sem varða greiðslukerfið. Atvik getur átt sér stað í öðru aðildarríki en á Íslandi og er tilkynnt til lögbærra yfirvalda í heimaaðildarríkinu sem er ekki Ísland. Eigi að síður getur Fjármálaeftirlitinu borist tilkynning um rekstrar- eða öryggisfrávikið sem hagsmunaaðila og þá ber því að meta möguleg áhrif á íslenska fjármálakerfið og gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að vernda brýnasta öryggi þess. Um er að ræða innleiðingu á 2. mgr. 96. gr. tilskipunarinnar líkt og hún var aðlöguð við upptöku í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 165/2019 frá 14. júní 2019.

Í 6. mgr. er lagt til að greiðsluþjónustuveitandi skuli a.m.k. árlega veita Fjármálaeftirlitinu tölfræðiupplýsingar um svik í tengslum við þá greiðslumiðla sem greiðsluþjónustuveitandinn meðhöndlar. Upplýsingarnar geta m.a. lotið að greiðslufjölda, heildarfjárhæð greiðslna, uppitíma kerfa, misnotkun í greiðslum með greiðslukortum og í gegnum netbanka. Tölfræðiupplýsingarnar gefa Fjármálaeftirlitinu almennt yfirlit yfir stöðu öryggismála vegna greiðslna og rekstraröryggi þeirra auk þess sem það getur séð hvernig hver og einn greiðsluþjónustuveitandi stendur sig að þessu leyti í samanburði við aðra greiðsluþjónustuveitendur. Fjármálaeftirlitið ber jafnframt að veita Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni og Seðlabanka Evrópu slík gögn á samanteknu formi.

Ákvæði 101. gr. frumvarpsins er nýmæli.

Um 102. gr.

Lagt er til að 1.og 2. mgr. og 4. og 5. mgr. 97. gr. tilskipunarinnar verði innleiddar í 102. gr. frumvarpsins um hvenær sterkrar sannvottunar er krafist.

Í 1. mgr. eru í a.-c. lið fjallað um þau tilvik þegar greiðsluþjónustuveitandi skal krefjast sterkrar sannvottunar. Í þeim tilvikum þegar stuðst er við rafræna leið til að framkvæma greiðslu og hún getur haft í för með sér hættu á greiðslusvikum eða annars konar misnotkun. Oft er talað um sannvottun sem felst í notkun tveggja þátta ~~auðkenningu~~ (e. *two-factor authentication*). Öryggi rafrænna greiðslna er mikilvægt til að tryggja vernd notenda og þróun trausts umhverfis fyrir rafræna verslun. Markmiðið er því að efla öryggisráðstafanir í tilviki rafrænna greiðslna, sbr. 95. gr. formálsorða tilskipunarinnar. Án sterkrar sannvottunar væri hægt að framkvæmda greiðslu með greiðslukorti einungis með því að styðjast við upplýsingar sem eru á greiðslukortinu sjálfu. Með sterkri sannvottun væri hins vegar t.d. krafist samþykkis með SMS-skilaboðum. Það er því augljóslega erfiðara að misnota greiðslukortið þegar krafist er sterkrar sannvottunar.

Í 2. mgr. er lagt til að greiðsluþjónustuveitandi skuli krefjast sterkrar sannvottunar sem felur í sér þætti sem tengja greiðsluna með virkum hætti við tiltekna fjárhæð og tiltekinn viðtakanda greiðslu í tilviki rafrænna fjargreiðslna, í þeim tilvikum þegar greiðandi gefur fyrirmæli um rafræna greiðslu eins og um getur í b-lið 1. mgr. Aukin sviksemisáhætta er fyrir hendi í þeim tilvikum þegar greiðandi og viðtakandi greiðslu eru ekki landfræðilega á sama stað. Af þeim sökum eru hér lagðar til auknar kröfur í þeim tilvikum. Greiðsla skal tengd með

Commented [JBG21]: Það virðist eitthvað vanta í þessa setningu.

virkum hætti við tiltekna fjárhæð og tiltekinn viðtakanda. Hugtakið fjargreiðsla er skilgreint í 4. tölul. 3. gr. frumvarpsins.

Í 3. mgr. er lagt til að ákvæði 2. og 3. tölul. 1. mgr. 100. gr. skuli einnig eiga við þegar greiðsla er sett af stað fyrir milligöngu greiðsluvirkjanda. Að sama skapi skuli ákvæði 1. mgr. 102. gr. og 3. tölul. 1. mgr. 100. gr. eiga við þegar óskað er eftir upplýsingum fyrir milligöngu reikningsupplýsingaþjónustuveitanda. Reikningsupplýsingaþjónusta á sér stað með þeim hætti að reikningsupplýsingaþjónustuveitandinn fær upplýsingar um greiðslureikning notandans frá hans greiðsluþjónustuveitanda sem veitir reikningsþjónustu. Forsendur þess er að persónubundin öryggisskilríki notandans hafa verið notuð. Til að tryggja að óviðkomandi fái ekki aðgang að upplýsingunum af greiðslureikningi notandans er krafist sterkrar sannvottunar þegar greiðsluvirkjandi sækir upplýsingar af greiðslureikningi. Þar að auki er mikilvægt að gera kröfu um öryggisráðstafanir til að vernda trúnað og heilleika persónubundinna öryggisskilríkja notanda greiðsluþjónustunnar. Þegar reikningsupplýsingaþjónustuveitandinn reiðir sig á persónubundin öryggisskilríki sem eru gefin út af greiðsluþjónustuveitanda notanda sem veitir reikningsþjónustu er sérstaklega mikilvægt að reikningsupplýsingaþjónustuveitandinn beiti fullnægjandi öryggisráðstöfunum til að tryggja heilleika og trúnað persónubundnu öryggisskilríkjanna, þ.m.t. að tryggja að allir þrír þættir í persónubundnu öryggisskilríkjunum séu ekki aðgengilegir öðrum en notanda sjálfum.

Í 4. mgr. er lagt til að greiðsluþjónustuveitandi sem veitir reikningsþjónustu skuli gera greiðsluvirkjanda og reikningsupplýsingaþjónustuveitanda kleift að treysta á sannvottunarferlið sem hann veitir notanda greiðsluþjónustu í samræmi við 1. mgr. 102. gr. og 3. tölul. 1. mgr. 100. gr. ef greiðsluvirkjandi á í hlut. Greiðsluþjónustuveitandi sem veitir reikningsþjónustu getur jafnframt gert kröfu um að greiðsluvirkjandi og reikningsupplýsingaþjónustuveitandi skuli nota sannvottunarferlið sem hann notar og býður notanda greiðsluþjónustu. Persónubundin öryggisskilríki sem notuð eru til sterkrar sannvottunar notanda greiðsluþjónustunnar eða af greiðsluvirkjanda eða reikningsupplýsingaþjónustuveitanda eru jafnan gefin út af greiðsluþjónustuveitanda sem veitir reikningsþjónustu. Ekki er gerð krafa um að greiðsluvirkjandi eða reikningsupplýsingaþjónustuveitandi geri samning við greiðsluþjónustuveitanda notandans sem veitir reikningsþjónustu. Hins vegar verður sá síðarnefndi að gera það mögulegt fyrir notanda greiðsluþjónustu sinnar að hann geti nýtt sér þjónustu greiðsluvirkjanda og reikningsupplýsingaþjónustuveitanda með því að hanna sannvottunarferlið á þann hátt að það sé mögulegt fyrir greiðsluvirkjanda og reikningsupplýsingaþjónustuveitanda að nýta sér persónubundin öryggisskilríki sem notanda greiðsluþjónustunnar hefur verið úthlutað til að setja af stað greiðslu fyrir hönd notanda greiðsluþjónustunnar eða til að fá aðgengi að upplýsingum á greiðslureikningi hans. Ákvæði 102. gr. frumvarpsins er nýmæli.

Um 103. gr.

Lagt er til að 100. gr. tilskipunarinnar verði innleidd í 103. gr. frumvarpsins. Lagt er til að Fjármálaeftirlitinu verði falið eftirlit með framkvæmd laga um greiðsluþjónustu líkt og verið hefur. Meginefni tilskipunarinnar snýr að skyldum greiðsluþjónustuveitenda gagnvart notendum greiðsluþjónustu og leggur þeim m.a. skyldur á herðar að því er varðar ítarlega samningsskilmála. Skipan mála hvað varðar eftirlit með núgildandi lögum um greiðsluþjónustu nr. 120/2011 hefur ekki sætt gagnrýni og því má ljóst vera að það samræmist vel þeim venjum sem eru um eftirlit á fjármálamarkaði að fela Fjármálaeftirlitinu í 1. mgr. alfarið eftirlit með lögum um greiðsluþjónustu. Það athugast að Persónuvernd hefur eftirlit með ákvæðum laga sem snerta meðferð persónuupplýsinga, sbr. 99. gr. frumvarpsins. Ákvæði 1. mgr. 103. gr. er samhljóða 1. mgr. 74. gr. núgildandi laga um greiðsluþjónustu nr. 120/2011.

Líkt og greinir í 4. gr. (Umsókn um starfsleyfi sem greiðslustofnun) og 22. gr., 30. gr. og 31. gr. er gert ráð fyrir að Fjármálaeftirlitið veiti greiðslustofnunum starfsleyfi skv. II. kafla og hafi eftirlit með starfsemi þeirra. Í 2. mgr. er lagt til að Fjármálaeftirlitið hafi eftirlit sem lögbært yfirvald í heimaaðildarríki með starfsemi innlendra greiðslustofnana, þ.m.t. umboðsaðilum, útibúum og útvistun rekstrarþátta greiðsluþjónustu hérlendis og erlendis. ákvæði 2. mgr. er efnislega samhljóða 2. mgr. 74. gr. núgildandi laga um greiðsluþjónustu nr. 120/2011. Í 3. mgr. er lagt til að Fjármálaeftirlitið sem lögbært yfirvald í gistiaðildarríki hafi eftirlit með umboðsaðilum og útibúum erlendra greiðslustofnana hérlendis vegna IV.-VII. kafla laganna. Þess má geta að lögbær yfirvöld í gistiaðildarríki hafa að sama skapi eftirlit með umboðsaðilum og útibúum innlendra greiðslustofnana í gistiaðildarríki hvað varðar efnisreglur sambærilegar og eru í IV.-VII. kafla þessara laga. Að endingu er í 3. mgr. lagt til að Fjármálaeftirlitið hafi eftirlit með veitingu greiðsluþjónustu hérlendis í útibúum og fyrir milligöngu hérlends umboðsaðila stofnunar, með staðfestu í ríki utan Evrópska efnahagsvæðisins, skv. 29. gr. vegna stofnana frá þriðju ríki. Ákvæði 3. mgr. 103. gr. er nýmæli. Í 4. mgr. er lagt til að um eftirlit Fjármálaeftirlitsins gildi lög um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Um er að ræða innleiðingu á 1.– 4. mgr. 100. gr. tilskipunarinnar. Ákvæðið á sér nokkra samsvörun í 74. og 75. gr. núgildandi laga nr. 120/2011.

Um 104. gr.

Lagt er til að 101. gr. tilskipunarinnar verði innleidd í 104. gr. frumvarpsins sem varðar meðhöndlun kvartana notenda greiðsluþjónustu hjá greiðsluþjónustuveitanda. Í 1. mgr. er lagt til að á greiðsluþjónustuveitanda verði lögð sú skylda að hann hafi fyrir hendi sérstaka málsmeðferð til að greiða úr kvörtunum notenda greiðsluþjónustu um réttindi og skyldur sem leiða af IV.-VII. kafla laganna. Sama málsmeðferð skal viðhöfð vegna kvartana frá öllum notendum greiðsluþjónustunnar óháð því í hvaða aðildarríki þeir þáðu þjónustuna. Í 2. mgr. er lagt til að Seðlabanki Íslands setji frekari reglur. Til eru reglur Seðlabanka Íslands um eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti fjármálafyrirtækja, greiðslustofnana og rafeyrisfyrirtækja nr. 1001/2018. Þær reglur taka á þeim þáttum sem 1.–4. mgr. 101. gr. tilskipunarinnar kveður á um nema þó að skv. 2. mgr. 101. gr. skal svar greiðsluþjónustuveitanda við kvörtun notanda greiðsluþjónustunnar berast honum innan 15 daga frá viðtöku kvörtunarinnar og að frestur til að taka við lokasvarinu skuli aldrei vera lengri en 35 virkir dagar. Í 2. tölul. 2. mgr. núgildandi reglna er svarfrestur kvörtunar innan fjögurra vikna. Reynist ekki unnt að svara kvörtun innan framangreindra tímamarka skal sá er kom kvörtun á framfæri upplýstur um töfina, ástæður hennar og hvenær svars sé að vænta. Er gert ráð fyrir að reglurnar verði uppfærðar til samræmis. Ákvæði 104. gr. er nýmæli.

Um 105. gr.

Lagt er til að 99. gr. og 102. gr. tilskipunarinnar verði innleidd í 105. gr. frumvarpsins.

Í 1. mgr. 99. gr. tilskipunarinnar er kveðið á um að tekin verði upp málsmeðferð sem geri notendum greiðsluþjónustu og öðrum hagsmunaaðilum, þ.m.t. neytendasamtökum, kleift að leggja fram kvartanir hjá lögbærum yfirvöldum vegna meintra brota greiðsluþjónustuveitenda á ákvæðum tilskipunarinnar. Kvörtunum er hægt að beina til Fjármálaeftirlitsins í samræmi við stjórnsýslulög. Fjármálaeftirlitið eða aðrir opinberir eftirlitsaðilar, svo sem Neytendastofa, skera ekki úr um einkaréttarleg álitaefni eða kröfur um skaðabætur. Eftirlit með framkvæmd laganna skv. 103. gr. er allsherjarréttarlegs eðlis. Því er gert ráð fyrir að notendur greiðsluþjónustu geti skotið ágreiningi vegna réttinda og skyldna sem leiða af IV.-VII. kafla laganna til úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki, sbr. 19. gr. a laga nr.

161/2002, um fjármálafyrirtæki og jafnframt er lagt til að greiðslustofnunum verði áfram gert skylt að eiga aðild að úrskurðarnefndinni. Notendur greiðsluþjónustu geta jafnframt, borið ágreininginn undir dómstóla, en í 102. gr. tilskipunarinnar er gert ráð fyrir að aðildarríki sjái notendum greiðsluþjónustu fyrir þeim möguleika að skjóta slíkum málum til úrskurðaraðila, annars en dómstóla. Sú leið sem útfærð verði skuli vera skilvirk, óháð og hlutlaus og uppfylla skilyrði tilskipunar 2013/11/ESB eða svokallaða ADR-tilskipun sem innleidd var með lögum nr. 81/2019, um úrskurðaraðila á sviði neytendamála. Í samræmi við 9. gr. laga nr. 81/2019, telst úrskurðanefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki lögbundinn úrskurðaraðili og hefur hún verið tilkynnt til Eftirlitsstofnunar EFTA. Á meðfylgjandi hlekk er hægt að sjá skráningu úrskurðanefndarinnar https://ec.europa.eu/consumers/odr/main/?event=main.adr.show2. Í athugasemdum við 9. gr. laga um úrskurðaraðila á sviði neytendamála nr. 81/2019 segir að frumvarpið geri ráð fyrir að tryggt sé með lögum og málsmeðferðarreglum að starfsemi lögbundinna úrskurðaraðila sé í samræmi við vandaða stjórnsýsluhætti og þar með einnig í samræmi við kröfur ADR-tilskipunarinnar. Vegna 2. mgr. 99. gr. tilskipunarinnar þar sem tilgreint er að í svari lögbærra yfirvalda til notenda greiðsluþjónustu skuli upplýsa kæranda um úrlausnarmeðferð um lausn deilumála utan dómstóla í samræmi við 102. gr. tilskipunarinnar ber að árétta að í 7. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993, hvílir slík leiðbeiningarskylda á stjórnvöldum. Beini notandi greiðsluþjónustu formlegri kvörtun til Fjármálaeftirlitsins verður honum leiðbeint um að hvert hann skuli beina kvörtuninni. Ákvæðið er nokkuð breytt frá 76. gr. núgildandi laga um greiðsluþjónustu nr. 120/2011.

Um 106. gr.

Lagt er til að 2. undirgrein 2. mgr. og 3.– 5. mgr. 106. gr. tilskipunarinnar verði innleidd í 106. gr. frumvarpsins. Ákvæðið er nýmæli. Í 1. mgr. 106. gr. tilskipunarinnar er kveðið á um skyldu Framkvæmdastjórnar Evrópu til að útbúa notendavænan rafrænan bækling sem setur með skýrum og auðskiljanlegum hætti fram réttindi neytenda samkvæmt tilskipununni og tengdri löggjöf Evrópusambandsins. Átti Framkvæmdastjórnin eigi síðar en 13. janúar 2018 að hafa lokið við bæklinginn. Í framhaldinu átti Framkvæmdastjórnin að upplýsa aðildarríki, evrópsk samtök greiðsluþjónustuveitenda og evrópsk neytendasamtök um útgáfu bæklingsins.

Í 1. mgr. er því lagt til að Fjármálaeftirlitið skuli gera bæklinginn tiltækan á aðgengilegan hátt á vefsíðu Seðlabanka Íslands sem er jafnframt vefsíða Fjármálaeftirlitsins. Ákvæðið er innleiðing á 2. málsl. 2. mgr. 106. gr. tilskipunarinnar.

Í 2. mgr. er lagt til að greiðsluþjónustuveitendur skuli sjá til þess að bæklingur Framkvæmdastjórnarinnar verði gerður tiltækur á auðveldan hátt á vefsíðum þeirra, séu þær til, og á pappírsformi í útibúum þeirra, hjá umboðsaðilum og hjá einingum sem þeir útvista starfsemi sinni til og að fyrir þessa upplýsingagjöf megi greiðsluþjónustuveitendur ekki innheimta gjald af viðskiptavinum sínum. Ákvæðið er innleiðing á 3. og 4. mgr. 106. gr. tilskipunarinnar.

Í 3. mgr. er lagt til að bæði Fjármálaeftirlitið og greiðsluþjónustuveitendur skuli jafnframt gera einstaklingum með fötlun upplýsingarnar tiltækar á aðgengilegan hátt. Ákvæðið er innleiðing á 5. mgr. 106. gr. tilskipunarinnar.

Um 107. gr.

Með 1. mgr. er lagt til að Fjármálaeftirlitinu verði gert heimilt að leggja á stjórnvaldssektir vegna brota samkvæmt lögunum. Lagt er til að eftirlitinu verði heimilt að leggja á stjórnvaldssektir bæði á einstaklinga og lögaðila sem brjóta gegn þeim ákvæðum frumvarpsins sem koma fram í viðkomandi töluliðum. Um er að ræða innleiðingu á 1. mgr. 103. gr.

tilskipunarinnar. 1. og 2. mgr. eru nær samhljóða 1. og 2. mgr. 77. gr. núgildandi laga um greiðsluþjónustu nr. 120/2011. Ákvæði 3. og 4. mgr. 107. gr. frumvarpsins eru nýmæli og er að fyrirmynd sambærilegra ákvæða í annarri löggjöf á sviði fjármálaþjónustu.

Um 108. gr.

Í ákvæðinu er lagt til að Fjármálaeftirlitinu verði veitt heimild til að ljúka málum með sátt vegna brota á ákvæðum frumvarpsins eða ákvörðunum eftirlitsins á grundvelli þeirra innan ákveðins ramma. Til að unnt sé að ljúka máli með sátt verður samþykki málsaðila að liggja fyrir. Sættir eru því ekki einhliða ákvarðanir stjórnvalds. Því er lagt til að kveðið verði skýrt á um að þær séu bindandi fyrir aðila þegar hann hefur samþykkt sáttina og staðfest efni hennar með undirskrift sinni. Fjármálaeftirlitinu er ekki heimilt að ljúka máli með sátt ef um er að ræða meiri háttar brot sem refsiviðurlög liggja við. Ákvæðið er samhljóða 2.-3. málsl. 3. mgr. 77. gr. núgildandi laga um greiðsluþjónustu nr. 120/2011.

Um 109. gr.

Í ákvæðinu er fjallað um rétt manns til að neita að tjá sig um viðkomandi mál eða afhenda gögn eða muni nema hægt sé að útiloka að það geti haft þýðingu fyrir ákvörðun um brot hans. Þá er kveðið á um að stjórnsýsluviðurlögum verði beitt óháð því hvort lögbrot eru framin af ásetningi eða gáleysi.

Ákvæðið er nær samhljóða 4. mgr. 77. gr. núgildandi laga um greiðsluþjónustu nr. 120/2011 þar sem 2. mgr. var áður í 3. mgr. 77. gr. núgildandi laga.

Um 110. gr.

Í ákvæðinu er fjallað um frest Fjármálaeftirlitsins til að leggja á stjórnvaldssekt. Ákvæðið er samhljóða 5. mgr. 77. gr. núgilandi laga um greiðsluþjónustu nr. 120/2011.

Um 111. gr.

Ákvæðið innleiðir 1. mgr. 103. gr. tilskipunarinnar. Ákvæðið er samhljóða 1.-5. mgr. og 12. mgr. 78. gr. núgildandi laga um greiðsluþjónustu nr. 120/2011 og er að fyrirmynd sambærilegra ákvæða í annarri löggjöf á sviði fjármálaþjónustu.

Um 112. gr.

Í ákvæðinu er kveðið á um að Fjármálaeftirlitið hafi rétt til að vísa málum til saksóknar. Ákvæðið er samhljóða 6.-11. mgr. 78. gr. núgildandi laga um greiðsluþjónustu nr. 120/2011.

Um 113. gr.

Lagt er til að 2. mgr. 103. gr. tilskipunarinnar verði innleidd í 113. gr. grein frumvarpsins og fjallar um opinbera birtingu stjórnsýsluviðurlaga. Birtingu niðurstaðna um beitingu viðurlaga vegna brota er ætlað að tryggja bæði almenn og sérstök varnaðaráhrif þeirra og stuðla að bættri framkvæmd á fjármálamarkaði. Þá er birting mikilvæg leið til að upplýsa markaðsaðila um það hvaða háttsemi er andstæð lögum.

Samkvæmt 9. gr. a laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, nr. 87/1998, er Fjármálaeftirlitinu heimilt að birta opinberlega niðurstöður í athugunum og málum er varða lögin. Birting samkvæmt ákvæðinu er háð því skilyrði að málið varði fjármálamarkaðinn, ógni ekki fjármálastöðugleika og valdi aðila ekki tjóni umfram það sem eðlilegt er.

Í 113. gr. er gengið lengra en í 9. gr. a, því samkvæmt ákvæðinu er Fjármálaeftirlitinu skylt að birta opinberlega niðurstöður sínar um beitingu viðurlaga vegna brota á lögunum. Niðurstaða sem er birt skal að lágmarki innihalda upplýsingar um tegund og eðli brots og nafn hins brotlega. Fjármálaeftirlitinu er heimilt að fresta um tiltekinn tíma birtingu á nafni aðila sem tilgreindur er í ákvörðuninni eða birta niðurstöðuna nafnlaust ef nafnabirting samræmist ekki meðalhófsreglunni, birting geti stofnað stöðugleika fjármálamarkaða í hættu eða skaðað yfirstandandi rannsókn. Þá getur Fjármálaeftirlitið ákveðið að birta ekki niðurstöðu ef birting verði talin stofna stöðugleika fjármálamarkaða í hættu eða að hún geti skaðað yfirstandandi rannsókn. Með öðrum orðum þá geta sjónarmið er varða hlutaðeigandi aðila ekki komið í veg fyrir að niðurstaða verði birt. Mat á birtingu samkvæmt framangreindu er framkvæmt í hverju máli fyrir sig. Ákvæðið er nýmæli.

Um 114. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Um 115. gr.

Lagt er til að lögin öðlist gildi 1. júlí 2021. Í ljósi þess að aðilar sem undir lögin falla, þ.e. einkum greiðsluþjónustuveitendur þurfa að innleiða sterka sannvottun og greiðsluþjónustuveitendur sem veita reikningsþjónustu þurfa jafnframt að setja á laggirnar netskilafleti (e. *online-interface*) fyrir greiðsluvirkjendur, reikningsupplýsingaþjónustuveitendur ásamt útgefendum kortatengdra greiðslumiðla til aðgengis að greiðslureikningum viðskiptavina sinna þykir rétt að fresta gildistöku fram á mitt sumar 2021.

Um 116. gr.

Lagt er til að 109. gr. verði innleidd í 116. gr. frumvarpsins sem fjallar um hvaða aðgerða sé þörf svo greiðslustofnanir með starfsleyfi á grundvelli núgildandi laga um greiðsluþjónustu geti haldið áfram starfsemi eftir gildistöku laga þessara. Í frumvarpi þessu er verið að leggja á ýmsar frekari kröfur á greiðslustofnanir frá núgildandi lögum svo sem að vera með eftirlitskerfi rekstrar- og öryggisáhættu, vera með sterka sannvottun o.fl

Í 1. mgr. er lagt til að greiðslustofnun sem hefur hlotið starfsleyfi á grundvelli laga um greiðsluþjónustu nr. 120/2011 skuli fyrir 1. september 2021 leggja fram viðeigandi upplýsingar til Fjármálaeftirlitsins sem það óskar eftir svo það geti metið hvort greiðslustofnun uppfylli þær kröfur sem mælt er fyrir um í II. og III. kafla. Í kjölfarið skuli Fjármálaeftirlitið leggja mat á hvort greiðslustofnun uppfylli kröfur II. og III. kafla og í framhaldinu greina greiðslustofnun frá hvort það ætli að innkalla starfsleyfið eða til hvaða ráðstafana greiðslustofnun verði að grípa til að tryggt verði að hún fari að ákvæðum þessara laga.

Í 2. mgr. er lagt til að Fjármálaeftirlitið skuli veita greiðslustofnun sem uppfyllir kröfur II. og III. kafla starfsleyfi og færa hana í skrár yfir greiðslustofnanir skv. 14. gr.

Í 3. mgr. er lagt til að í þeim tilvikum að greiðslustofnun uppfylli ekki kröfur II. og III. kafla fyrir 1. desember 2021 eftir að fengið umþóttunartíma til að grípa til viðeigandi ráðstafana skuli Fjármálaeftirlitið banna henni að veita greiðsluþjónustu í samræmi við 1. mgr. 38. gr.

Í 4. mgr. er lagt til að greiðslustofnun með takmarkað starfsleyfi á grundvelli 27. gr. núgildandi laga um greiðsluþjónustu nr. 120/2011, skuli eigi síðar en 1. janúar 2022 hafa sótt um áframhaldandi takmarkað starfsleyfi eða starfsleyfi sem greiðslustofnun til Fjármálaeftirlitsins eigi síðar en 1. janúar 2022. Ef greiðslustofnunin uppfyllir ekki kröfur II.

og III. kafla eða undanþágu 34. gr. fyrir 1. janúar 2022 skal Fjármálaeftirlitið banna henni að veita greiðsluþjónustu. Það skal áréttað að Fjármálaeftirlitið getur, eftir atvikum, með vísan til II. kafla og laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi óskað eftir frekari gögnum eða skýringum til að afla nauðsynlegra gagna.

Í 5. mgr. er lagt til að þjónustuveitandi sem fyrir gildistöku laganna hefur boðið þjónustu sem lýst er í 14. tölul. 2. gr. og mun gera það áfram skuli eigi síðar en 1. október 2021 senda Fjármálaeftirlitinu þær upplýsingar sem áskilið er í a- og b-lið 1. mgr. 39. gr. Ákvæðið nær að samræma aðstöðu þeirra sem eru að hefja veitingu þjónustunnar og þeirra sem munu halda henni áfram. Hér má ætla nærri að fjarskiptafyrirtæki á íslenskum markaði muni falla undir og þurfa að hefja samskipti Fjármálaeftirlitið.

Um 117. gr.

Í greininni er lagt til að ráðherra og Seðlabanka Íslands verði heimilt að setja reglugerðir eða reglur sem innleiða í íslenskan rétt þær reglugerðir ESB sem settar eru með lagastoð í tilskipun (ESB) 2015/2366.

Í 1. mgr. er að finna reglugerðarheimild fyrir ráðherra fyrir afleiddum gerðum tilskipunar (ESB) 2015/2366. Þessar gerðir eru framseld reglugerð Framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/411 um tæknilegar kröfur um þróun, rekstur og viðhald á rafrænu miðlægu skránni skv. 4. mgr. 14. gr. frumvarpsins og framkvæmdarreglugerð Framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/410 um nákvæm efnisatriði og form upplýsinganna sem skal tilkynna inn í miðlæga skrá skv. 4. mgr. 14. gr. frumvarpsins.

Í 2. mgr. er lagt til að Seðlabanka Íslands verði annars vegar gert skylt og hins vegar heimilt að setja reglur sem fela í sér innleiðingu í íslenskan rétt afleiddar gerðir tilskipunar (ESB) 2015/2366. Þetta eru annars vegar framseld reglugerð Framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/389 sem kveður á um tæknistaðla fyrir sterka sannvottun og örugga sameiginlega opna samskiptastaðla. Sú reglugerð byggir á tæknistaðli frá Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni (EBA). Hins vegar er það framseld reglugerð Framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1108 um viðmiðanir sem skal beita við ákvörðun þegar rétt þykir að tilnefna miðlægan tengilið og framselda reglugerð Framkvæmdastjórnarinnar

Um 118. gr.

Um a-lið 1. tölul. 118. gr.

Lagt er til að það verði gert að skilyrði að þau rafeyrisfyrirtæki sem sækja um og öðlast starfsleyfi hér á landi skuli starfa sem lögaðilar með höfuðstöðvar sínar hér á landi, hvort heldur um ræðir fullt eða takmarkað starfsleyfi og framkvæma a.m.k. hluta af rafeyrisþjónustu sinni hérlendis. Hér er um að ræða innleiðingu á a-lið 1. mgr. 111. gr. tilskipunarinnar sem breytir 1. mgr. 3. gr. EMDII (E-Money Directive II eða tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/110/EB um stofnun og rekstur rafeyrisfyrirtækja og varfærniseftrlit með þeim), sbr. 1. mgr. 11. gr. PSD2 (Payment Services Directive II eða tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2366) enn fremur gert ráð fyrir að rafeyrisfyrirtæki skuli hafa höfuðstöðvar sínar í því ríki þar sem það er skráð og framkvæma a.m.k. hluta af þjónustu sinni í því landi. Hvort höfuðstöðvar teljast hérlendis veltur á því hvort raunveruleg stjórnun höfuðstöðva fari fram hérlendis, svo sem hvort ákvörðunartaka fari fram í höfuðstöðvum, hvort aðalfundur fari fram hérlendis, hvort einhverjir viðskiptavinir séu hérlendir. Fjármálaeftirlitið á að hafa eftirlit með því að ekki eigi sér stað misneyting á staðfesturéttinum og getur synjað um starfsleyfi ef eina ástæðan fyrir stofnsetningu rafeyrisfyrirtækis hérlendis er til að sneiða framhjá löggjöf í því ríki þar sem aðalstarfsemi þess fer fram.

Um b-lið 1. tölul. 118. gr.

Lagt er til að Fjármálaeftirlitið skuli halda opinbera skrá yfir rafeyrisfyrirtæki, umboðsaðila og útibú þeirra, svo og hvers konar þjónustu þau veita. Um er að ræða innleiðingu á a-lið 1. mgr. 111. gr. tilskipunarinnar sem breytir 1. mgr. 3. gr. EMDII, sbr. 14. gr. og 1. – 3. mgr. 15. gr. PSD2. Fjármálaeftirlitið skal halda opinbera skrá yfir rafeyrisfyrirtæki, umboðsaðila og útibú þeirra, svo og hvers konar þjónustu þau veita. Auk þess skal tilgreina þá einstaklinga og lögaðila sem njóta undanþágu í samræmi við 16. gr. (Rafeyrisfyrirtæki með takmarkað starfsleyfi á Íslandi) og, ef við á, umboðsaðila þeirra. Almenningur skal hafa aðgang að skránni, en í því felst að skrána skal birta á vefsíðu Seðlabanka Íslands og hana skal uppfæra reglulega. Erlend rafeyrisfyrirtæki sem hyggjast veita þjónustu hér á landi með stofnun útibús skulu tilkynna það fyrirfram til lögbærs eftirlitsaðila í heimaríki sínu. Það stendur eftirlitsaðilanum í heimaríki hlutaðeigandi rafeyrisfyrirtækis nær að uppfæra upplýsingar um umboðsmenn og útibú erlendis. Yfirlit yfir erlenda aðila sem hafa heimild til að veita þjónustu á Íslandi er að finna á heimasíðu Seðlabanka Íslands á eftirfarandi tengli: https://www.fme.is/eftirlit/erlendir-adilar.

Fjármálaeftirlitinu ber einnig að tilkynna Evrópsku bankaeftirlitsstofnunni um efni skrár sinnar um rafeyrisfyrirtæki. Æskilegt er að Fjármálaeftirlitið birti á vefsíðu sinni, og hafi aðgengilegar fyrir almenning á Íslandi, tengil á rafræna skrá Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar yfir rafeyrisfyrirtæki á Evrópska efnahagssvæðinu, umboðsmenn þeirra og útibú á erlendri grundu.

Um c-lið 1. tölul. 118. gr.

Lagt er til að umsókn um starfsleyfi sem rafeyrisfyrirtæki skuli vera skrifleg og upplýsingar sem koma fram í henni skulu vera ítarlegar. Markmiðið er að umsækjendur geri fyrirfram grein fyrir þeirri starfsemi sem fyrirhugað er að sinna, hvernig henni verði sinnt og sýni fram á að þeir séu hæfir til að sinna henni.

Í *1. tölul. 1. mgr.* er gerð krafa um staðfestingu á að 9. gr. laganna sé uppfyllt. Um er að ræða innleiðingu á a-lið 1. mgr. 111. gr. tilskipunarinnar sem breytir 1. mgr. 3. gr. EMDII, sbr. p. og q. – lið 1. undirgreinar 1. mgr. 5. gr. PSD2.

Í *2. tölul. 1. mgr.* er kveðið á um að umsækjandi lýsi núverandi og fyrirhugaðri þjónustu sem hann hyggst veita vegna rafeyris og tilgreina ef hann ætlar að vera í annarri starfsemi, skv. 24. gr. laganna. Um er að ræða innleiðingu á a-lið 1. mgr. 111. gr. tilskipunarinnar sem breytir 1. mgr. 3. gr. EMDII, sbr. a.-lið 1. undirgreinar 1. mgr. 5. gr. PSD2.

Í *3. tölul. 1. mgr.* er lagt á umsækjanda að leggja fram viðskipta- og rekstraráætlun fyrir a.m.k. þrjú fyrstu rekstrarárin og síðasta ársreikning sé honum til að dreifa. Um er að ræða innleiðingu á a-lið 1. mgr. 111. gr. tilskipunarinnar sem breytir 1. mgr. 3. gr. EMDII, sbr. b. – lið 1. undirgreinar 1. mgr. 5. gr. PSD2.

Í *4. tölul. 1. mgr.* er kveðið á um að umsækjandi skuli í umsókn veita upplýsingar um starfsskipulag umsækjanda, þ.m.t. hvort fyrirhugað sé að veita þjónustu, opna útibú eða nota umboðsmenn í starfsemi félagsins, sbr. 36.-37. gr., hvort um útvistun sé að ræða, sbr. 38. gr. og hvort um verði að ræða þátttöku í innlendu eða alþjóðlegu greiðslukerfi. Um er að ræða innleiðingu á a-lið 1. mgr. 111. gr. tilskipunarinnar sem breytir 1. mgr. 3. gr. EMDII, sbr. l. – lið 1. undirgreinar 1. mgr. 5. gr. PSD2.

Í *5. tölul. 1. mgr.* er lagt á umsækjanda að veita upplýsingar um hvort fyrirhugað sé að veita þjónustu yfir landamæri með eða án stofnunar útibús eða fyrir milligöngu umboðsaðila,

skv. 29.–35. gr. Um er að ræða innleiðingu á a-lið 1. mgr. 111. gr. tilskipunarinnar sem breytir 1. mgr. 3. gr. EMDII, sbr. a.- og l.– lið 1. undirgreinar 1. mgr. 5. gr. PSD2.

Í *6. tölul. 1. mgr.* er krafist af umsækjanda að leggja fram gögn til staðfestingar á því að hann hafi yfir að ráða því stofnfé sem krafist er í 11. gr. Um er að ræða innleiðingu á a-lið 1. mgr. 111. gr. tilskipunarinnar sem breytir 1. mgr. 3. gr. EMDII, sbr. c. – lið 1. undirgreinar 1. mgr. 5. gr. PSD2.

Í *7. tölul. 1. mgr.* er lagt til að umsækjandi leggi fram upplýsingar sem sýni fram á að stjórnarmenn og stjórnendur umsækjanda uppfylli kröfur 26. gr. Um er að ræða innleiðingu á á a-lið 1. mgr. 111. gr. tilskipunarinnar sem breytir 1. mgr. 3. gr. EMDII, sbr. n. – lið 1. undirgreinar 1. mgr. 5. gr. PSD2.

Í *8. tölul. 1. mgr.* er óskað eftir upplýsingum sem greina frá hvernig varðveislu fjármuna í eigu handhafa rafeyris verði háttað til að uppfylla 25. gr. Um er að ræða innleiðingu á á a-lið 1. mgr. 111. gr. tilskipunarinnar sem breytir 1. mgr. 3. gr. EMDII, sbr. d.–lið 1. undirgreinar 1. mgr. 5. gr. PSD2.

Í *9. tölul. 1. mgr.* er farið fram á lýsingu á verkferli sem fylgja skal til að hafa eftirlit með, meðhöndla, fylgja eftir rekstrar- eða öryggisfráviki og kvörtunum viðskiptavina að því er varðar öryggisatriði. Um er að ræða innleiðingu á á a-lið 1. mgr. 111. gr. tilskipunarinnar sem breytir 1. mgr. 3. gr. EMDII, sbr. f.–lið 1. undirgreinar 1. mgr. 5. gr. PSD2.

Í *10. tölul. 1. mgr.* er óskað eftir lýsingu á innra skipulagi umsækjanda, þ.m.t. innri eftirlitsferlum, aðferðum við stjórnun, áhættustýringu og reikningsskilum, sem sýnir að stjórnarhættir, eftirlitskerfi og verkferlar séu viðeigandi miðað við umfang starfseminnar og séu traustir og fullnægjandi líkt og kveðið er á um í 1. mgr. 20. gr. laganna. Um er að ræða innleiðingu á a-lið 1. mgr. 111. gr. tilskipunarinnar sem breytir 1. mgr. 3. gr. EMDII, sbr. e. – lið 1. undirgreinar 1. mgr. 5. gr. PSD2.

Í *11. tölul. 1. mgr.* er umsækjandi, sem mun meðhöndla fjármuni, beðinn um að lýsa innra eftirlitskerfi sem komið verður á fót til að farið sé að kröfum laga um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka. Um er að ræða innleiðingu á a-lið 1. mgr. 111. gr. tilskipunarinnar sem breytir 1. mgr. 3. gr. EMDII, sbr. k. – lið 1. undirgreinar 1. mgr. 5. gr. PSD2.

Í *12. tölul. 1. mgr.* er óskað eftir að umsækjandi lýsi verklagi/verkferli til að uppfylla 40. gr. laganna. Um er að ræða innleiðingu á a-lið 1. mgr. 111. gr. tilskipunarinnar sem breytir 1. mgr. 3. gr. EMDII, sbr. g. – lið, 1. undirgreinar 1. mgr. 5. gr. PSD2.

Í *13. tölul. 1. mgr.* er kveðið á um að umsækjandi skuli lýsa fyrirkomulagi rekstrarsamfellu sem inniheldur skýra tilgreiningu á mikilvægri starfsemi, skilvirka viðbragðsáætlun og ferli til að kanna reglulega og endurskoða hversu fullnægjandi og skilvirkar áætlanirnar eru. Um er að ræða innleiðingu á a-lið 1. mgr. 111. gr. tilskipunarinnar sem breytir 1. mgr. 3. gr. EMDII, sbr. h. – lið. 1. undirgreinar 1. mgr. 5. gr. PSD2.

Í *14. tölul. 1. mgr.* er kallað eftir lýsingu á meginreglum og skilgreiningum sem umsækjandi beitir við söfnun á tölfræðilegum gögnum um árangur, færslur og svik. Um getur verið að ræða upplýsingar um færslufjölda, fjárhæð færslna, fjöldi sviksamlegra færslna. Markmið með söfnun upplýsinganna er m.a. að veita þær til Fjármálaeftirlitsins að beiðni þess og nýtist því við almennt eftirlit. Um er að ræða innleiðingu á a-lið 1. mgr. 111. gr. tilskipunarinnar sem breytir 1. mgr. 3. gr. EMDII, sbr. i-lið 1. undirgreinar 1. mgr. 5. gr. PSD2.

Í *15. tölul. 1. mgr.* er kveðið á um að umsækjandinn skuli hafa öryggisstefnu og öryggiskerfi sem hafi að geyma ítarlegt áhættumat í tengslum við þjónustuna, lýsingu á eftirlitsaðgerðum sem gripið er til í því skyni að vernda handhafa rafeyris með fullnægjandi
hætti. Sérstaklega skal tilgreina hvernig eftirlitsaðgerðir tryggja öflugt tæknilegt öryggi og

persónuvernd, þ.m.t. fyrir hugbúnað- og upplýsingatæknikerfi sem umsækjandinn eða útvistunaraðili sem hann útvistar starfsemi sína að öllu leyti eða hluta til, notar. Um er að ræða innleiðingu á a-lið 1. mgr. 111. gr. tilskipunarinnar sem breytir 1. mgr. 3. gr. EMDII, sbr. j. – lið 1. undirgreinar og 3. undirgreinar 1. mgr. 5. gr. PSD2.

Í *16. tölul. 1. mgr.* er kveðið á um að greina skuli frá hverjir séu ytri endurskoðendur umsækjandans. Um er að ræða á innleiðingu á a-lið 1. mgr. 111. gr. tilskipunarinnar sem breytir 1. mgr. 3. gr. EMDII, sbr. o. – lið 1. undirgrein 1. mgr. 5. gr. PSD2.

Í 2. mgr. er lagt til að upplýsingar sem getið er um í 5. tölul. og 10.- 12. tölul. skuli jafnframt fela í sér lýsingu á því fyrirkomulagi sem umsækjandinn hafi innleitt til að geta gert allar þær ráðstafanir sem raunhæfar teljast til að vernda hagsmuni handhafa rafeyris og tryggja samfelldni og áreiðanleika við framkvæmd þjónustunnar. Með því er Fjármálaeftirlitinu ennfremur gert kleift að tryggja að nægjanlegar ráðstafanir verði gerðar til að vernda hagsmuni handhafa rafeyris sem geta hvort heldur verið lögaðilar eða einstaklingar. Um er að ræða innleiðingu á a-lið 1. mgr. 111. gr. tilskipunarinnar sem breytir 1. mgr. 3. gr. EMDII, sbr. 2. undirgrein 1. mgr. 5. gr. PSD2.

Í 3. mgr. er Fjármálaeftirlitinu gefin heimild til að setja nánari reglur um þau atriði sem greina þarf frá í umsókn miðað við ákvæðin hér að framan og hvaða fylgigögn beri að afhenda svo umsókn teljist fullnægjandi. Hér getur t.d. verið um að ræða vottorð úr fyrirtækjaskrá Skattsins um félagaform, samþykktir umsækjandans ~~o.fl.~~o.fl. sem er þegar tilgreint í núgildandi gátlista Fjármálaeftirlitsins vegna umsóknar um starfsleyfi sem rafeyrisfyrirtæki.

Í 4. mgr. er lögð sú krafa á rafeyrisfyrirtæki að uppfæra tafarlaust allar breytingar sem verða kunna á upplýsingum til Fjármálaftirlitins. Hér er um að ræða innleiðingu á a-lið 1. mgr. 111. gr. tilskipunarinnar sem breytir 1. mgr. 3. gr. EMDII, sbr. a-lið 1. mgr. 111. gr. tilskipunarinnar, sbr. 1. mgr. 3. gr. EMDII, sbr. 16. gr. PSD2.

Um d-lið 1. tölul. 118. gr.

Í 1. mgr. er lagt til að kveðið verði á um að starfsleyfi skuli veitt ef umsækjandi uppfyllir í í umsókn sinni og meðfylgjandi gögnum, skv. 18. gr., að mati Fjármálaeftirlitsins skilyrði 18. gr. og sýnir fram á að stjórnun hans sé skýr, traust, varfærin og undirsett fullnægjandi innra eftirliti. Seðlabanka Íslands er heimilt að setja reglur um þessi atriði og er rétt að hafa til hliðsjónar ákvæði 17. gr. laga um fjármálafyrirtæki eftir því sem við á. Með því er átt við að reglurnar skuli taka tillit til mismunandi tegunda greiðslustofnana en starfsemi þeirra er ólík t.d. eftir því hvort um sé að ræða reikningsupplýsingaþjónustuveitanda eða greiðsluþjónustuveitanda sem veitir reikningsþjónustu sem oftast er banki. Reglur Seðlabanka Íslands skulu auk þess taka mið af 18. gr. laganna og lúta að skýrleika stjórnskipulags, traustri og varfærinni stjórnun, skýrum verklagsreglum er lúta að áhættu sem starfsemin er eða kann að vera óvarin fyrir og fullnægjandi innri eftirlitskerfum. Með skýru stjórnskipulagi er varðar rekstur rafeyrisfyrirtækis er átt við að ábyrgð umsækjanda sé vel skilgreind, gagnsæ og samræmd. Um er að ræða innleiðingu á a-lið 1. mgr. 111. gr. tilskipunarinnar sem breytir 1. mgr. 3. gr. EMDII, sbr. 2. og 4. mgr. 11. gr. PSD2.

Í 2. mgr. verði tekið fram að þær kröfur sem gerðar séu til umsækjanda um starfsleyfi skuli vera í samræmi við eðli og umfang þeirrar greiðsluþjónustu sem fyrirhugað sé að veita og að umsækjandi verði að uppfylla þær á hverjum tíma með því að aðlaga skipulag, verklagsreglur og annað skv. 1. mgr. Einsýnt er að rekstur þróast að umfangi og starfsemi og innviðir hans verða að breytast að sama skapi. Um er að ræða innleiðingu á a-lið 1. mgr. 111. gr. tilskipunarinnar sem breytir 1. mgr. 3. gr. EMDII, sbr. 2. mgr. 11. gr. PSD2.

Í 3. mgr. er lagt til að Fjármálaeftirlitinu verði heimilt að leita ráðgjafar annarra viðeigandi opinberra yfirvalda við mat á umsókn um starfsleyfi. Ráðgjöf getur til að mynda varðað fyrirhugaða þátttöku umsækjanda í greiðslukerfi. Um er að ræða innleiðingu á a-lið 1. mgr. 111. gr. tilskipunarinnar sem breytir 1. mgr. 3. gr. EMDII, sbr. 2. mgr. 11. gr. PSD2.

Í 4. mgr. er lagt til að Fjármálaeftirlitið geti gert kröfu um stofnun sérstakrar einingar fyrir rekstur þjónustu vegna útgáfu og meðferð rafeyris, til aðskilnaðar frá annarri starfsemi sem rafeyrisfyrirtækið sinnir eða hyggst sinna og sá hluti rekstrarins hefur áhrif á fjárhagslegan styrk rafeyrisfyrirtækisins eða torveldar eftirlit með því. Um er að ræða innleiðingu á a-lið 1. mgr. 111. gr. tilskipunarinnar sem breytir 1. mgr. 3. gr. EMDII, sbr. 5. mgr. 11. gr. PSD2.

Í 5. og 6. mgr. er lagt til að kveðið verði á um að synja beri um starfsleyfisveitingu ef Fjármálaeftirlitið metur hluthafa eða eigendur virkra eignarhluta ekki hæfa með tilliti til traustrar og varfærinnar stjórnunar rafeyrisfyrirtækis ef náin tengsl, í skilningi laga um fjármálafyrirtæki, hindra eftirlit með starfsemi rafeyrisfyrirtækis. Auk þess er lagt til að synja beri um starfsleyfisveitingu komi lög og stjórnsýslufyrirmæli þriðja lands eða vandkvæði við framkvæmd þeirra í veg fyrir að Fjármálaeftirlitið geti sinnt eftirlitshlutverki sínu. Um er að ræða innleiðingu á a-lið 1. mgr. 111. gr. tilskipunarinnar sem breytir 1. mgr. 3. gr. EMDII, sbr. 6. mgr., 7. mgr. og 8. mgr. 11. gr. PSD2.

Um e-lið 1. tölul. 118. gr.

Hér er um að ræða innleiðingu á a-lið 1. mgr. 111. gr. tilskipunarinnar sem breytir 1. mgr. 3. gr. EMDII, sbr. 9. mgr. 11. gr., og 12. gr. PSD2 verði innleidd, um ákvörðun Fjármálaeftirlitsins um veitingu eða synjun um starfsleyfi og tilkynningu þar um. Það er Fjármálaeftirlitsins að meta hvenær umsókn telst fullbúin og hvort skilyrðum laga þessara sé fullnægt.

Um f-lið 1. tölul. 118. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa. Hér er um að ræða innleiðingu á a-lið 1. mgr. 111. gr. tilskipunarinnar sem breytir 1. mgr. 3. gr. EMDII, sbr. 13. gr. PSD2

Um g-lið 1. tölul. 118. gr.

Lagt er til að reikningsár rafeyrisfyrirtækis sé almanaksárið og að rafeyrisfyrirtæki skuli leggja fram aðskilin reikningsskil fyrir annars vegar þjónustu vegna útgáfu og meðferð rafeyris og hins vegar aðra starfsemi sem það annast skv. 1. mgr. 24. mgr. laganna og skal krafist áritunar endurskoðanda á þau. Ákvæði laga um fjármálafyrirtæki gildi að öðru leyti um bókhald, endurskoðun og tilkynningarskyldu endurskoðenda rafeyrisfyrirtækja til Fjármálaeftirlitsins. Þá er Fjármálaeftirlitinu fengin heimild til að setja reglur um ársreikninga rafeyrisfyrirtækja. Um er að ræða innleiðingu á a-lið 1. mgr. 111. gr. tilskipunarinnar sem breytir 1. mgr. 3. gr. EMDII, sbr. 17. gr. PSD2.

Um h-lið 1. tölul. 118. gr.

Í 1. mgr. er lagt til að Fjármálaeftirlitinu verði falið eftirlit með starfsemi rafeyrisfyrirtækja, þ.m.t. umboðsaðila, útibúa og útvistunaraðila. Fjármálaeftirlitinu eru gefnar heimildir til að afla upplýsinga, mæta á starfsstöð rafeyrisfyrirtækja, umboðsaðila eða útibús þess auk þess er Fjármálaeftirlitinu fengin heimild til að gera skoðun á starfsstöð útvistunaraðila. Eðli máls samkvæmt verður rafeyrisfyrirtæki að tryggja slíkt aðgengi í samningi við útvistunaraðila. Þá getur Fjármálaeftirlitið stöðvað eða afturkallað starfsleyfi rafeyrisfyrirtækis. Til fyllingar a-d-liðar er að lokum e-liður sem veitir Fjármálaeftirlitinu

víðtækar heimildir til eftirlitsaðgerða. Í lögum um opinbert eftirlit er t.d. fjallað um leiðbeinandi tilmæli, athugasemdir og úrbætur. Heimilt er að bera ákvarðanir Fjármálaeftirlitsins undir dómstóla. Hér er um innleiðingu á a-lið 1. mgr. 111. gr. tilskipunarinnar sem breytir 1. mgr. 3. gr. EMDII, sbr. 23. gr. PSD2 að ræða.

Um i-lið 1. tölul. 118. gr.

Í *1. tölul.* er kveðið á um að rafeyrisfyrirtæki skuli tilkynna Fjármálaeftirlitinu um fyrirhugaða veitingu á þjónustu og hvaða upplýsingar skuli koma fram í tilkynningunni. Um er að ræða innleiðingu á a-lið 1. mgr. 111. gr. tilskipunarinnar sem breytir 1. mgr. 3. gr. EMDII, sbr. 1. mgr. 28. gr. PSD2.

2. tölul. þarfnast ekki skýringa. Um er að ræða innleiðingu á a-lið 1. mgr. 111. gr. tilskipunarinnar sem breytir 1. mgr. 3. gr. EMDII, sbr. 2. undirgrein 1. mgr. 28. gr. PSD2.

Í *3. tölul.* er kveðið á um að Fjármálaeftirlitið skuli innan þriggja mánaða frá viðtöku upplýsinga sem um getur í 1. mgr. tilkynna rafeyrisfyrirtæki ákvörðun sína og sé hún jákvæð að samhliða skuli Fjármálaeftirlitið uppfæra upplýsingar um rafeyrisfyrirtækið í skrá yfir rafeyrisfyrirtæki skv. 17. gr. Þriggja mánaða fresturinn er frá því að eins mánaðar fresturinn skv. 1. mgr. byrjar að líða. Lögbær yfirvöld í gistiaðildarríki hafa einn mánuð til að yfirfara upplýsingarnar og gera athugasemdir. Að endingu hefur Fjármálaeftirlitið mánuð til að meta athugasemdir lögbærra yfirvalda í gistiaðildarríki og taka ákvörðun. Við endanlega ákvörðun skal Fjármálaeftirlitið taka mið af afstöðu lögbærra yfirvalda í gistiaðildarríkinu. Um er að ræða innleiðingu á a-lið 1. mgr. 111. gr. tilskipunarinnar, sbr. 1. mgr. 3. gr. EMDII, sbr. 1. undirgrein 3. mgr. 28. gr. PSD2.

Um j-lið 1. tölul. 118. gr.

Í 1. mgr. er kveðið á um að rafeyrisfyrirtæki sem hyggst veita þjónustu í öðru aðildarríki með stofnun útibús skuli tilkynna Fjármálaeftirlitinu um það og veita því upplýsingar m.a. um í hverju fyrirhuguð þjónusta sé fólgin og hvaða aðildarríki eigi í hlut ásamt upplýsingum um innviði rafeyrisfyrirtækisins. Innan mánaðar skal Fjármálaeftirlitið áframsenda lögbærum yfirvöldum í hlutaðeigandi aðildarríki upplýsingarnar ásamt staðfestingu á að þjónusta sem veita á falli undir starfsleyfi fyrirtækisins. Eins mánaðar fresturinn byrjar að líða þegar rafeyrisfyrirtæki hefur veitt allar þær upplýsingar sem óskað er eftir. Um er að ræða innleiðingu á a-lið 1. mgr. 111. gr. tilskipunarinnar sem breytir 1. mgr. 3. gr. EMDII, sbr. 1. mgr. 28. gr. og 1. undirgreinar 2. mgr. 28. gr. PSD2.

Í 2. mgr er kveðið á um að Fjármálaeftirlitið innan þriggja mánaða frá viðtöku upplýsinga sem um getur í 1. mgr. skuli tilkynna rafeyrisfyrirtæki ákvörðun sína og sé hún jákvæð að samhliða skuli Fjármálaeftirlitið uppfæra upplýsingar um rafeyrisfyrirtækið í skrá yfir rafeyrisfyrirtæki skv. 17. gr. Þriggja mánaða fresturinn er frá því að eins mánaðar fresturinn skv. 1. mgr. byrjar að líða. Lögbær yfirvöld í gistiaðildarríki hafa einn mánuð til að yfirfara upplýsingarnar og gera athugasemdir. Að endingu hefur Fjármálaeftirlitið mánuð til að meta athugasemdir lögbærra yfirvalda í gistiaðildarríki og taka ákvörðun. Við endanlega ákvörðun skal Fjármálaeftirlitið taka mið af afstöðu lögbærra yfirvalda í gistiaðildarríkinu. Um er að ræða innleiðingu á a-lið 1. mgr. 111. gr. tilskipunarinnar sem breytir sbr. 1. mgr. 3. gr. EMDII, sbr. 1. undirgrein 3. mgr. 28. gr. og 14. gr. PSD2.

Í 3. mgr. er kveðið á um að berist Fjármálaeftirlitinu tilkynning frá lögbærum yfirvöldum í fyrirhuguðu gistiaðildarríki rafeyrisfyrirtækis, sem hafa gilda ástæðu til að ætla að stofnun útibúsins geti aukið hættu á peningaþvætti eða fjármögnun hryðjuverka skuli Fjármálaeftirlitið hafna því að færa upplýsingar um útibúið í skrá skv. 17. gr. laganna eða afturkalla skráningu

hafi hún þegar farið fram. Um er að ræða innleiðingu á a-lið 1. mgr. 111. gr. tilskipunarinnar, sem breytir 1. mgr. 3. gr. EMDII, sbr. 2.- 4. undirgrein 2. mgr. 28. gr. PSD2.

Í 4. mgr. er gerð grein fyrir því úrræði sem Fjármálaeftirlitinu stendur til boða telji það að lögbært yfirvald í öðru aðildarríki hafi ekki uppfyllt það samstarf sem gert er ráð fyrir í lögum þessum að sé á milli lögbærra yfirvalda vegna eftirlits með greiðslustofnunum sem neyta staðfesturéttar og nýta frelsi til að veita þjónustu. Á meðan skal Fjármálaeftirlitið fresta ákvörðunum sínum þar til niðurstaða liggur fyrir. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin eða Eftirlitsstofnun EFTA, eftir því sem við á, tekur þá ákvörðun skv. 3. mgr. 19. gr. reglugerðar nr. 1093/2010/ESB, sem innleidd var með 3. gr. laga um evrópskt eftirlitskerfi nr. 24/2017, án ástæðulausrar tafar. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin eða Eftirlitsstofnun EFTA, eftir því sem við á, getur auk þess aðstoðað Fjármálaeftirlitið við að ná samkomulagi að eigin frumkvæði í samræmi við 2. undirgrein 1. mgr. 19. gr. reglugerðar nr. 1093/2010/ESB. Að sama skapi skal Fjármálaeftirlitið fresta ákvörðunum sínum þangað til slíkt samkomulag næst. Um er að ræða innleiðingu á 27. gr. tilskipunarinnar eins og hún var aðlöguð við upptöku í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 165/2019 frá 14. júní 2019. Um er að ræða innleiðingu á a-lið 1. mgr. 111. gr. tilskipunarinnar sem breytir 1. mgr. 3. gr. EMDII, sbr. 27. gr. PSD2.

Í 5.– 6. mgr. er kveðið á um að rafeyrisfyrirtæki skuli tilkynna Fjármálaeftirlitinu um daginn sem hún hefur starfsemi fyrir milligöngu útibúsins og um allar verulegar breytingar varðandi upplýsingar sem sendar eru skv. 1. mgr. Um er að ræða innleiðingu á a-lið 1. mgr. 111. gr. tilskipunarinnar sem breytir 1. mgr. 3. gr. EMDII sbr. 3. undirgrein 2. mgr. 28. gr. PSD2.

Í 7. mgr. er kveðið á um skyldu rafeyrisfyrirtækis til að tilkynna notendum þjónustu um það ef þjónustan er veitt fyrir millgöngu útibús. Um er að ræða innleiðingu á a-lið 1. mgr. 111. gr. tilskipunarinnar, sbr. 1. mgr. 3. gr. EMDII sem breytir 3. undirgrein. 3. mgr. og 4. mgr. 28. gr. PSD2.

Um k-lið 1. tölul. 118. gr.

Í 1. mgr. er kveðið á um að rafeyrisfyrirtæki sem hyggst dreifa rafeyri í öðru aðildarríki fyrir milligöngu umboðsaðila skuli tilkynna Fjármálaeftirlitinu um það og veita því upplýsingar m.a. um í hverju fyrirhuguð starfsemi sé fólgin og hvaða aðildarríki á í hlut ásamt upplýsingum um innra eftirlitskerfi umboðsaðilans. Innan mánaðar skal Fjármálaeftirlitið áframsenda lögbærum yfirvöldum í hlutaðeigandi aðildarríki upplýsingarnar ásamt því að sú þjónusta sem veita á falli undir starfsleyfi fyrirtækisins. Eins mánaðar fresturinn byrjar að líða þegar rafeyrisfyrirtæki hefur veitt allar þær upplýsingar sem óskað er eftir. Um er að ræða innleiðingu á b-lið 1. mgr. 111. gr. tilskipunarinnar, sbr. 4. mgr. 3. gr. EMDII, sbr. 1. mgr. 28. gr. og 1. undirgrein 2. mgr. 28. gr. PSD2.

Í 2. mgr er kveðið á um að Fjármálaeftirlitið skuli innan þriggja mánaða frá viðtöku upplýsinga sem um getur í 1. mgr. tilkynna rafeyrisfyrirtæki ákvörðun sína og sé hún jákvæð að samhliða skuli Fjármálaeftirlitið uppfæra upplýsingar um rafeyrisfyrirtækið í skrá yfir rafeyrisfyrirtæki skv. 17. gr. Þriggja mánaða fresturinn er frá því að eins mánaðar fresturinn skv. 1. mgr. byrjar að líða. Lögbær yfirvöld í gistiaðildarríki hafa einn mánuð til að yfirfara upplýsingarnar og gera athugasemdir. Að endingu hefur Fjármálaeftirlitið mánuð til að meta athugasemdir lögbærra yfirvalda í gistiaðildarríki og taka ákvörðun. Við endanlega ákvörðun skal Fjármálaeftirlitið taka mið af afstöðu lögbærra yfirvalda í gistiaðildarríkinu. Um er að ræða innleiðingu á b-lið 1. mgr. 111. gr. tilskipunarinnar, sbr. 4. mgr. 3. gr. EMDII, sbr. 1. undirgrein 3. mgr. 28. gr. og 14. gr. PSD2.

Í 3. mgr. er kveðið á um að berist Fjármálaeftirlitinu tilkynning frá lögbærum yfirvöldum í fyrirhuguðu gistiaðildarríki rafeyrisfyrirtækis, sem hafa gilda ástæðu til að ætla að dreifing rafeyris fyrir milligöngu umboðsaðila geti aukið hættu á peningaþvætti eða fjármögnun hryðjuverka skuli Fjármálaeftirlitið hafna því að færa upplýsingar um umboðsaðilann í skrá skv. 17. gr. laganna eða afturkalla skráningu hafi hún þegar farið fram. Um er að ræða innleiðingu á b-lið 1. mgr. 111. gr. tilskipunarinnar, sbr. 4. mgr. 3. gr. EMDII, sbr. 2.-4. undirgrein 2. mgr. 28. gr. og 14. gr. PSD2.

Í 4. mgr. er gerð grein fyrir því úrræði sem Fjármálaeftirlitinu stendur til boða telji það að lögbært yfirvald í öðru aðildarríki hafi ekki uppfyllt það samstarf sem gert er ráð fyrir í lögum þessum að sé á milli lögbærra yfirvalda vegna eftirlits með greiðslustofnunum sem neyta staðfesturéttar og nýta frelsi til að veita þjónustu. Á meðan skal Fjármálaeftirlitið fresta ákvörðunum sínum þar til niðurstaða liggur fyrir. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin eða Eftirlitsstofnun EFTA, eftir því sem við á, tekur þá ákvörðun skv. 3. mgr. 19. gr. reglugerðar nr. 1093/2010/ESB, sem innleidd var með 3. gr. laga um evrópskt eftirlitskerfi nr. 24/2017, án ástæðulausrar tafar. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin eða Eftirlitsstofnun EFTA, eftir því sem við á, getur auk þess aðstoðað Fjármálaeftirlitið við að ná samkomulagi að eigin frumkvæði í samræmi við 2. undirgrein 1. mgr. 19. gr. reglugerðar nr. 1093/2010/ESB. Að sama skapi skal Fjármálaeftirlitið fresta ákvörðunum sínum þangað til slíkt samkomulag næst. Um er að ræða innleiðingu á 27. gr. tilskipunarinnar eins og hún var aðlöguð við upptöku í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 165/2019 frá 14. júní 2019. Um er að ræða innleiðingu á a-lið 1. mgr. 111. gr. tilskipunarinnar sem breytir 1. mgr. 3. gr. EMDII, sbr. 27. gr. PSD2.

Í 5.–6. mgr. er kveðið á um að rafeyrisfyrirtæki skuli tilkynna Fjármálaeftirlitinu um daginn sem það hefur starfsemi fyrir milligöngu umboðsaðilans og um allar verulegar breytingar varðandi upplýsingar sem sendar eru skv. 1. mgr.

Í 7. mgr. er kveðið á um að rafeyrisfyrirtæki skuli ávallt tryggja að umboðsaðili upplýsi notendur þjónustu um að þjónustan sé veitt fyrir hönd erlends rafeyrisfyrirtækis. Um er að ræða innleiðingu á á b-lið 1. mgr. 111. gr. tilskipunarinnar, sbr. 4. mgr. 3. gr. EMDII, sbr. 3. undirgrein 3. mgr. og 4. mgr. 28. gr. PSD2.

Í 8. mgr. er lagt til að 4. mgr. 29. gr. tilskipunarinnar innleidd. Tilgangur með því að tilnefna miðlægan tengiðlið er að tryggja að eftirlit Fjármálaeftirlitsins með erlendu rafeyrisfyrirtæki sem dreifir rafeyri hérlendis fyrir milligöngu umboðsaðila sé skilvirkt og nái tilgangi sínum. Miðlægur tengiliður er ábyrgur fyrir því að Fjármálaeftirlitinu berist þau gögn og upplýsingar sem það óskar eftir í tengslum við eftirlit sitt. Þess ber að geta að kröfur um að tilnefna miðlægan tengilið er einnig að finna í j-lið 57. gr. laga um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka nr. 140/2018

Um l-lið 1. tölul. 118. gr.

Í 1. mgr. er kveðið á um að rafeyrisfyrirtæki sem hafi staðfestu og starfsleyfi í öðru ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins sé heimilt að veita þjónustu samkvæmt lögum þessum hér á landi án stofnunar útibús. Um er að ræða innleiðingu á a-lið 1. mgr. 111. gr. tilskipunarinnar sem breytir 1. mgr. 3. gr. EMDII, sbr. 1. undirgrein 1. mgr. 28. gr. PSD2.

Í 2. mgr. er minnst á hlutverk Fjármálaeftirlitsins í tilkynningarferli því sem fram fer í heimaaðildarríki rafeyrisfyrirtækis og að frá þeim tíma skráð í sambærilega skrá og í 17. gr. þessara laga og í framhaldinu er rafeyrisfyrirtæki heimilt að veita þjónustu á Íslandi án stofnunar útibús eða fyrir milligöngu umboðsaðila. Um er að ræða innleiðingu á a-lið 1. mgr.

111. gr. tilskipunarinnar sem breytir 1. mgr. 3. gr. EMDII, sbr. 2. undirgrein 2. mgr. 28. gr. PSD2.

Um m-lið 1. tölul. 118. gr.

Í 1. mgr. er kveðið á um að rafeyrisfyrirtæki sem hafi staðfestu og starfsleyfi í öðru ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins sé heimilt að veita þjónustu samkvæmt lögum þessum með stofnun útibús. Um er að ræða innleiðingu á a-lið 1. mgr. 111. gr. tilskipunarinnar sem breytir 1. mgr. 3. gr. EMDII, sbr. 1. mgr. 28. gr. PSD2. Ákvæðið er efnislega samhljóða núgildandi 1. mgr. 33. gr. laga um útgáfu og meðferð rafeyris nr. 17/2013.

Í 2. mgr. er fjallað um hlutverk Fjármálaeftirlitsins í tilkynningarferli því sem fram fer í heimaaðildarríki rafeyrisfyrirtækis og að frá þeim tíma að skrá sambærileg og í 17. gr. þessara laga hefur verið uppfærð af lögbæru yfirvaldi í heimaaðildarríki er rafeyrisfyrirtæki heimilt að veita þjónustu á Íslandi með stofnun útibús eða fyrir milligöngu umboðsaðila. Um er að ræða innleiðingu á a-lið 1. mgr. 111. gr. tilskipunarinnar sem breytir 1. mgr. 3. gr. EMDII, sbr. 1. og 2. undirgrein 2. mgr. 28. gr. PSD2.

Í 3. mgr. er kveðið á um skyldu Fjármálaeftirlitsins til að upplýsa lögbær yfirvöld í heimaaðildarríki telji það að aukin hætta sé á peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka vegna veitingu þjónustu með stofnun útibús hér á landi. Ákveði lögbær yfirvöld heimaaðildarríkis að hafna eða afturkalla skráningu í framhaldi slíkrar tilkynningar er viðkomandi útibúi ekki heimilt að veita þjónustu hér á landi frá þeim tíma. Um er að ræða innleiðingu á a-lið 1. mgr. 111. gr. tilskipunarinnar sem breytir 1. mgr. 3. gr. EMDII, sbr. 2. undirgrein 2. mgr. 28. gr. PSD2.

Í 4. mgr. er fjallað um úrræði Fjármálaeftirlitsins í því tilviki að lögbær yfirvöld í heimaaðildarríki hafi ekki tekið tillit til athugasemda þess og greiðslustofnun er veitt heimild til stofnunar útibús hérlendis eða veitingu greiðsluþjónustu fyrir milligöngu umboðsaðila. Á meðan skal Fjármálaeftirlitið fresta ákvörðunum sínum þar til niðurstaða liggur fyrir. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin eða Eftirlitsstofnun EFTA, eftir því sem við á, tekur þá ákvörðun skv. 3. mgr. 19. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010, sem innleidd var með 3. gr. laga um evrópskt eftirlitskerfi nr. 24/2017, án ástæðulausrar tafar. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin eða Eftirlitsstofnun EFTA, eftir því sem við á, getur auk þess aðstoðað Fjármálaeftirlitið við að ná samkomulagi að eigin frumkvæði í samræmi við 2. undirgrein 1. mgr. 19. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010. Að sama skapi skal Fjármálaeftirlitið fresta ákvörðunum sínum þangað til slíkt samkomulag næst. Um er að ræða innleiðingu á 27. gr. tilskipunarinnar eins og hún var aðlöguð við upptöku í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 165/2019 frá 14. júní 2019. Um er að ræða innleiðingu á a-lið 1. mgr. 111. gr. tilskipunarinnar sem breytir 1. mgr. 3. gr. EMDII, sbr. 27. gr. PSD2.

Í 5. mgr. er kveðið á um skyldu rafeyrisfyrirtækja til að tilkynna notendum þjónustu um það ef þjónusta er veitt fyrir milligöngu útibús. Um er að ræða innleiðingu á a-lið 1. mgr. 111. gr. tilskipunarinnar sem breytir 1. mgr. 3. gr. EMDII, sbr. 1. mgr. 27. gr. PSD2.

Í 6. mgr. er lagt til að ákvæði hlutafélagalaga varðandi útibú erlendra hlutafélaga eigi ekki við um útibú skv. 1. mgr. Greinin þarfnast ekki frekari skýringa.

Um n-lið 1. tölul. 118. gr.

Lagt er til að Fjármálaeftirlitið verði veitt heimild til að veita fyrirtæki í þriðja ríki, sem gefur út rafeyri, að opna útibú eða dreifa rafeyri fyrir milligöngu innlends umboðsaðila hér á landi. Skilyrði fyrir veitingu slíks leyfis er að fyrirtækið hafi leyfi til að stunda starfsemi í heimaríki sínu hliðstæða þeirri sem það hyggst stunda hér á landi, að sú starfsemi sé háð

sambærilegu eftirliti í heimaríkinu og að gerður hafi verið samstarfssamningur á milli Fjármálaeftirlitsins og lögbærra yfirvalda í því ríki. Hér er um sambærilegt ákvæði að ræða og finna má í 29. gr. þessara laga í tilviki greiðslustofnunar.

Um o-lið 1. tölul. 118. gr.

Í 1. mgr. a-liðar (36. gr.) er lagt til að á milli Fjármálaeftirlitsins og systurstofnana erlendis eigi sér stað samstarf og upplýsingaskipti vegna starfsemi rafeyrisfyrirtækja yfir landamæri sem hafa fengið starfsleyfi á grundvelli 15. gr. laganna. Ákvæðið felur í sér innleiðingu á a- lið 1. mgr. 111. gr. tilskipunarinnar sem breytir 1. mgr. 3. gr. EMDII, sbr. 1. mgr. 29. gr. PSD2.

Í 2. mgr. a-liðar (36. gr.) er kveðið á um hvernig Fjármálaeftirlitið skuli bregðast við þegar lögbær yfirvöld í gistiaðildarríki hafa komist að þeirri niðurstöðu að rafeyrisfyrirtæki með starfsleyfi frá Fjármálaeftirlitinu sem veitir þjónustu í gistiaðildarrríki fer ekki að lögum gistiaðildarríkis vegna veitingu þjónustunnar þar í landi. Á Fjármálaeftirlitinu hvílir skylda til að bregðast við með því að greina ástandið og sinna upplýsingagjöf til lögbærs yfirvalds í gistiaðildarríki. Fjármálaeftirlitið skal, eftir að hafa lagt mat á upplýsingarnar sem það fær samkvæmt þessari grein, án ótilhlýðlegrar tafar, gera allar viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að hlutaðeigandi rafeyrisfyrirtæki fari að settum reglum. Ákvæðið felur í sér innleiðingu á a-lið 1. mgr. 111. gr. tilskipunarinnar sem breytir 1. mgr. 3. gr. EMDII, sbr. 1. og 2. undirgrein 1. mgr. 30. gr. PSD2.

Með mikilvægum upplýsingum er í 3. mgr. a-liðar (36. gr.) einkum átt við upplýsingar um rekstur og starfsemi rafeyrisfyrirtækis sem kunna að hafa áhrif á skilyrði starfsleyfisveitingar hlutaðeigandi rafeyrisfyrirtækis eða traustleika og heilbrigði rekstrar þess. Á það skal jafnframt minnt að gert er ráð fyrir að lög um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi gildi um eftirlit með rafeyrisfyrirtækjum, en í IV. kafla þeirra er m.a. fjallað um samskipti við önnur eftirlitsstjórnvöld. Ákvæðið felur í sér innleiðingu á a-lið 1. mgr. 111. gr. tilskipunarinnar sem breytir 1. mgr. 3. gr. EMDII, sbr. 3. mgr. 29. gr. PSD2.

Í 1.–3. mgr. b-liðar (37. gr.) er fjallað um skyldur sem hvíla á Fjármálaeftirlitinu vegna umboðsaðila og útibúa sem eru hérlendis frá erlendum rafeyrisfyrirtækjum og framfylgja ekki III. kafla laganna. Um er að ræða innleiðingu á a-lið 1. mgr. 111. gr. tilskipunarinnar sem breytir 1. mgr. 3. gr. EMDII, sbr. 30. gr. PSD2.

Í 4. mgr. b-liðar (37. gr.) greinir frá því úrræði sem Fjármálaeftirlitinu stendur til boða telji það að lögbært yfirvald í öðru aðildarríki hafi ekki uppfyllt það samstarf sem gert er ráð fyrir í lögum þessum að sé á milli lögbærra yfirvalda í aðildarríki rafeyrisfyrirtækis og gistiaðildarríki þess til að lögum þessum sé framfylgt og öðrum landslögum sem innleiða tilskipun þessa og til að bregðast við neyðarástandi með nauðsynlegum varúðarráðstöfunum. Á meðan skal Fjármálaeftirlitið fresta ákvörðunum sínum þar til niðurstaða liggur fyrir. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin eða Eftirlitsstofnun EFTA, eftir því sem við á, tekur þá ákvörðun skv. 3. mgr. 19. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010, sem innleidd var með 3. gr. laga um evrópskt eftirlitskerfi nr. 24/2017, án ástæðulausrar tafar. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin eða Eftirlitsstofnun EFTA, eftir því sem við á, getur auk þess aðstoðað Fjármálaeftirlitið við að ná samkomulagi að eigin frumkvæði í samræmi við 2. undirgrein 1. mgr. 19. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010. Að sama skapi skal Fjármálaeftirlitið fresta ákvörðunum sínum þangað til slíkt samkomulag næst. Um er að ræða innleiðingu á a-lið 1. mgr. 111. gr. tilskipunarinnar sem breytir 1. mgr. 3. gr. EMDII, sbr. 27. gr. PSD2.

Um p-lið 1. tölul. 118. gr.

Í 1. mgr. er lagt til að rafeyrisfyrirtæki sem hyggst dreifa og innleysa rafeyri fyrir milligöngu umboðsaðila skuli tilkynna það Fjármálaeftirlitinu fyrirfram. Tilkynningunni skuli fylgja upplýsingar um nafn og heimilisfang umboðsaðilans og lýsing á innra eftirlitskerfi hans sem m.a. skuli uppfylla kröfur laga um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka og uppfæri án tafar ef verulegar breytingar verða á því frá því upphafleg tilkynning var send. Tilkynningunni skuli einnig fylgja nauðsynlegar upplýsingar og gögn til að sýna fram á deili á stjórnendum umboðsaðilans og í þeim tilvikum að þeir séu ekki rafeyrisfyrirtæki, gögn um að þeir séu hæfir. Að auki skuli rafeyrisfyrirtækið veita upplýsingar um þá þjónustu sem umboðsaðilinn hafi umboð til að veita og auðkenni umboðsaðilans, sé því til að dreifa. Umboðsaðili teljist sá sem hafi heimild til að skuldbinda rafeyrisfyrirtæki. Aðili sem taki þátt í markaðssókn rafeyrisfyrirtækis teljist ekki umboðsaðili hafi hann ekki heimild til að skuldbinda rafeyrisfyrirtæki. Á hinn bóginn aðili sem komi fram í eigin nafni geti ekki gert það sem umboðsaðili heldur skuli hafa sitt eigið leyfi sem rafeyrisfyrirtæki. Ákvæðið er innleiðing á b-lið 1. mgr. 111. gr. tilskipunarinnar sem breytir 5. mgr. 3. gr. EMDII, sbr. 1. mgr. 19. gr. PSD2.

Í 2. mgr. er lagt er til að Fjármálaeftirlitið skrái umboðsaðila í skrá skv. 17. gr. laganna, að fengnum upplýsingum skv. 1. mgr. innan tveggja mánaða frá viðtöku upplýsinganna. Tveggja mánaða fresturinn eigi við í því tilviki að Fjármálaeftirlitið hafi fengið fullnægjandi upplýsingar. Telji Fjármálaeftirlitið vafa leika á að upplýsingarnar séu réttar skal það grípa til aðgerða til að sannreyna þær. Fjármálaeftirlitinu ber að senda rafeyrisfyrirtæki upplýsingar um hvort umboðsaðili hafi verið færður inn á skrána. Fjármálaeftirlitið synjar um skráningu á umboðsaðila í skrá yfir rafeyrisfyrirtæki ef það er mat þess að ósannað teljist að upplýsingar skv. 1. mgr. séu réttar. Ef Fjármálaeftirlitið metur upplýsingarnar ófullnægjandi eða rangar er því heimilt að hafna skráningu. Í því tilviki að Fjármálaeftirlitið hafi annað hvort synjað um skráningu eða hafnað skráningu þá skal rafeyrisfyrirtæki tilkynnt um slíkt án ótilhlýðilegrar tafar og er rafeyrisfyrirtæki óheimilt að notast við hlutaðeigandi umboðsaðila frá þeim tíma. Ákvæðið er innleiðing á á b-lið 1. mgr. 111. gr. tilskipunarinnar sem breytir 5. mgr. 3. gr. EMDII, sbr. 2. – 4. mgr. 19. gr. PSD2.

Í 3. mgr. er lagt til að rafeyrisfyrirtæki verði heimilt að dreifa og innleysa rafeyri í gegnum umboðsaðila sem aðhefst fyrir hönd þess eftir að Fjármálaeftirlitið hefur fært hann í skrá skv. 17. gr. Ákvæði 3. mgr. er innleiðing á b-lið 1. mgr. 111. gr. tilskipunarinnar sem breytir 5. mgr. 3. gr. EMDII, sbr. 2. málsl. 2. mgr. 19. gr. PSD2.

Í 4. mgr. er lagt til að rafeyrisfyrirtæki skuli sjá til þess að umboðsaðilar sem veiti þjónustu fyrir þess hönd upplýsi handhafa rafeyris um þá staðreynd. Handhafi rafeyris eigi að vita sé hann að eiga viðskipti við umboðsaðila rafeyrisfyrirtækis. Ákvæðið er innleiðing á á b-lið 1. mgr. 111. gr. tilskipunarinnar sem breytir 5. mgr. 3. gr. EMDII, sbr. 7. mgr. 19. gr. PSD2.

Í 5. mgr. er lagt til að rafeyrisfyrirtæki tilkynni til Fjármálaeftirlitsins um breytingar á umboðsmönnum, þar með talið viðbótarumboðsmönnum, og skal við það fylgt málsmeðferð skv. 2.– 4. mgr. Ákvæðið er innleiðing á b-lið 1. mgr. 111. gr. tilskipunarinnar sem breytir 5. mgr. 3. gr. EMDII, sbr. 8. mgr. 19. gr. PSD2.

Í 6. mgr. er lagt til að í því tilviki að rafeyrisfyrirtæki óski eftir því að dreifa rafeyri í öðru aðildarríki í gegnum umboðsaðila fari um slíkt skv. 31. gr. Er hér um að ræða innleiðingu á b-lið 1. mgr. 111. gr. tilskipunarinnar sem breytir sbr. 5. mgr. 3. gr. EMDII, sbr. 5. mgr. 19. gr. PSD2.

Um q-lið 1. tölul. 118. gr.

Starfsleyfi rafeyrisfyrirtækis getur falið í sér heimild til veitingar greiðsluþjónustu í skilningi laga um greiðsluþjónustu, sbr. a-lið 1. mgr. 24. gr. laganna. Í þeim tilfellum hefur rafeyrisfyrirtæki sömu heimildir og greiðslustofnun til veitingar þjónustu fyrir tilstilli umboðsaðila. Hefur tilvísun úr þessum lögum til ákvæða laga um greiðsluþjónustu verið breytt til samræmis við sambærileg ákvæði í nýjum greiðsluþjónustulögum. Ákvæðið felur í sér innleiðingu á b-lið 1. mgr. 111. gr. tilskipunarinnar sem breytir 5. mgr. 3. gr. EMDII, sbr. 1.–5. mgr. og 7.-8. mgr. 19. gr. PSD2.

Um r-lið 1. tölul. 118. gr.

Lagt er til í 1. mgr. að rafeyrisfyrirtæki beri að tilkynna um fyrirhugaða útvistun til Fjármálaeftirlitsins fyrirfram. Fjármálaeftirlitið getur þá gengið úr skugga um að útvistun sé í samræmi við þær kröfur sem eru gerðar.

Í 2. mgr. er kveðið á um að það gilda sérstakar reglur um svokallaða mikilvæga rekstrarþætti. Útvistun slíkra þátta, þ.m.t. rekstri upplýsingakerfa, má ekki draga verulega úr gæðum innra eftirlits rafeyrisfyrirtækis og getu Fjármálaeftirlitsins til að hafa eftirlit með starfsemi þess, geri hún það er hún óheimil. Þetta birtist m.a. í því að rafeyrisfyrirtæki og endurskoðandi þess skulu hafa aðgengi að öllum nauðsynlegum upplýsingum hjá útvistunaraðila vegna verkefnisins og að rafeyrisfyrirtæki geti fullvissað sig um að útvistunaraðili framfylgi stefnum þess sem hann hefur lofað í samningi. Ávallt telst um að ræða útvistun á mikilvægum rekstrarþáttum þurfi stjórn rafeyrisfyrirtækis að taka ákvörðun um þá í samræmi við stjórnarhætti rafeyrisfyrirtækisins. Útvistun verkefna sem ekki hafa þýðingu fyrir starfsemi rafeyrisfyrirtækis teljast ekki útivistun á mikilvægum rekstrarþáttum þrátt fyrir að þau séu mikilvæg, s.s. lögmannsþjónusta, símenntun starfsmanna, bókhald, þrif og rekstur mötuneytis.

Í 3. mgr. er eru talin upp þau skilyrði sem rafeyrisfyrirtæki verður að uppfylla til að mega útvista mikilvægum rekstrarþætti. Fyrsta skilyrðið er að útvistun má ekki leiða til þess að ábyrgð stjórnenda verði framseld til útvistunaraðila. Stjórnendur rafeyrisfyrirtækis geta m.a. tryggt þetta með því að hafa nægjanlegt eftirlit með útvistunaraðila sem felur m.a. í sér að fylgjast með að hann hafi á hverjum tíma tilhlýðilega þekkingu og styrk til að framkvæma verkefnið og geta gefið um það skýrslu til stjórnenda rafeyrisfyrirtækisins. Annað skilyrðið er að skyldur og samband rafeyrisfyrirtækis gagnvart handhöfum rafeyris þess samkvæmt lögum þessu breytist ekki. Rafeyrisfyrirtæki má ekki útvista verkefni til útvistunaraðila sem ekki býr yfir nægum styrk til að tryggja greitt og snurðulaust aðgengi að þeirri þjónustu sem rafeyrisfyrirtækið býður. Þriðja skilyrðið er að geta haldið skilyrðin sem eru forsendan fyrir starfsleyfi þess sem rafeyrisfyrirtæki. Rafeyrisfyrirtækið verður því að tryggja að við samningsgerð við útvistunaraðila skuldbindi það sig til að fylgja nauðsynlegum stefnum og innra verklagi rafeyrisfyrirtækisins sem við á s.s. öryggisstefnum, innri reglum um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka og persónuverndarstefnu. Fjórða og síðasta skilyrðið er að hvorki skal breyta eða fella brott einhver þeirra skilyrða sem liggja til grundvallar starfsleyfi rafeyrisfyrirtækis.

Í 4. mgr. er Seðlabanki Íslands fengin heimild til að setja nánari reglur um hvernig rafeyrisfyrirtæki skuli standa að útvistun mikilvægra rekstrarþátta samkvæmt þessu ákvæði, m.a. til að tryggja að reglur þessara laga séu í heiðri hafðar.

Ákvæðið felur í sér innleiðingu á a-lið 1. mgr. 111. gr. tilskipunarinnar sem breytir sbr. 1. mgr. 3. gr. EMDII, 6. mgr. 19. gr. PSD2.

Um s-lið 1. tölul. 118. gr.

Lagt er til að ákvæði a-liðar 1. mgr. 111. gr. tilskipunarinnar sem breytir 1. mgr. 3. gr. EMDII, 6. mgr. 19. gr. PSD2 verði innleitt í q-lið 1. tölul. 111. gr. frumvarpsins. Í 1. tölul. q-liðar er lögð til breyting í þá veru að lagt er til að Fjármálaeftirlitið hafi eftirlit sem lögbært yfirvald í heimaaðildarríki með starfsemi rafeyrisfyrirtækja, þ.m.t. umboðsaðilum, útibúum og útvistun rekstrarþátta þjónustunnar hérlendis og erlendis. Í 2. tölul. q-liðar er lagt til að Fjármálaeftirlitið hafi eftirlit sem lögbært yfirvald í heimaaðildarríki með starfsemi innlendra rafeyrisfyrirtækja, þ.m.t. umboðsaðilum, útibúum og útvistun rekstrarþátta þjónustunnar hérlendis og erlendis. Í 3. mgr. er lagt til að Fjármálaeftirlitið sem lögbært yfirvald í gistiaðildarríki hafi eftirlit með umboðsaðilum og útibúum erlendra rafeyrisfyrirtækja hérlendis, sbr. 34. gr. (Þjónusta rafeyrisfyrirtækis með starfsleyfi á EES svæðinu hérlendis með stofnun útibús) og 28. gr. (Eftirlit með starfsemi rafeyrisfyrirtækis) laganna. Að endingu er í 3. mgr. lagt til að Fjármálaeftirlitið hafi eftirlit með veitingu þjónustu hérlendis í útibúum og fyrir milligöngu hérlends umboðsaðila fyrirtækis, með staðfestu í ríki utan Evrópska efnahagsvæðisins, skv. 35. gr. vegna stofnana frá þriðju ríki.

Um t-lið 1. tölul. 118. gr.

Í núgildandi 17.-19. tölul. 1. mgr. 43. gr. laga útgáfu og meðferð rafeyris nr. 17/2013 er vísað til efnisákvæða laganna sem brot gegn getur leitt til stjórnvaldssektar. Þar sem að í frumvarpi þessu hafa verið gerðar breytingar á téðum efnisákvæðum þá er gerð breyting hér til samræmis við það.

Um 2. tölul. 118. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa. Ákvæðið innleiðir 112. gr. tilskipunarinnar.